

Milli mála

Milli mála

Tímarit um erlend
tungumál og menningu

14. ÁRGANGUR

Ritstjórar
Geir Þórarinn Þórarinsson
Þórhildur Oddsdóttir



STOFNUN
VIGDÍÐSAR FINNBOGADÓTTUR
Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM

*Styrktarsjóði SVF er þakkaður
stuðningur við útgáfu tímaritsins*

*Milli mála er ritrýnt tímarit
og er ritrýnum þakkað þeirra framlag*

Háskólaútgáfan
Reykjavík 2022

© Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum
og höfundar/þýðendur efnis.

Umbrot: Valgerður Jónasdóttir
Hönnun kápu: Ragnar Helgi Ólafsson

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

U201404
ISBN 978-9935-23-026-3

Efni

Frá ritstjórum	7
--------------------------	---

GREINAR

<i>Erla Erlendsdóttir, Hólmfríður Garðarsdóttir, Núria Frías Jiménez</i> Drög að kortlagningu spænsku á Íslandi	10
<i>Erla Erlendsdóttir, Oddný G. Sverrisdóttir</i> Hönd í hönd, mano a mano, Hand in Hand – Enn og aftur af orðapörum	38
<i>Guðrún Björk Guðsteinsdóttir</i> Enskuglettur Káins	61
<i>Ingibjörg Ágústsdóttir</i> „Tillaga að lífi“: Um örlögin í Norðrinu og endursköpun Agnesar í Náðarstund eftir Hönnuh Kent	86
<i>Arnór Ingi Hjartarson</i> Laumast út um bakdyrnar: Höfundur og sköpulag konunnar í A hora da estrela eftir Clarice Lispector . . .	115
<i>Rúnar Helgi Vignisson</i> Pegar þýtt er úr millimáli – Neyðarbrauð eða nauðsyn . .	145

ÓRITRÝNT EFNI

<i>Hélène Merlin-Kajman</i> Molière	170
--	-----

ÞÝÐINGAR

<i>Geir Þ. Þórarinsson</i>	
Blíður leitar Amor ljúfra söngva: Um Mímnermos	183
<i>Mímnermos</i>	
Þýdd brot	185
<i>Rebekka Þráinsdóttir</i>	
Um Ísaak Babel	187
<i>Ísaak Babel</i>	
Pan Apolek	191
Höfundar, þýðendur og ritstjórar	198

Frá ritstjórum

Tímamót eru í útgáfu ritsins *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu á árinu 2022*, en frá árinu 2009 hefur Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum gefið út eitt hefti af ritinu á ári. Að þessu sinni koma út tvö hefti á árinu, en fyrra hefti 14. árgangs er sérhefti sem ber yfirskriftina *Nýjar rannsóknir í annarsmálsfræðum og fjölyngi á Íslandi*. Gestaritstjóri var Birna Arnbjörnsdóttir. Framvegis munu koma út tvö hefti á ári. Verður fyrra heftið sérhefti tileinkað afmörkuðu viðfangsefni, en almennt hefti mun koma út fyrir lok hvers árs. Á árinu 2023 mun sérhefti *Milli mála* bera yfirskriftina *Skáldið, taúið og dulspekin* og fjalla um áhrif daoisma og dulspeki í verkum Halldórs Laxness og túlkun hans á þeim. Gestaritstjóri verður Geir Sigurðsson.

Heftið sem hér birtist er því annað hefti 14. árgangs. Að þessu sinni birtum við sex ritrýndar greinar um málvísindi, bókmenntir og þýðingafræði, auk einnar óritrýndrar greinar og tveggja þýðinga.

Í greininni „Drög að kortlagningu spænsku á Íslandi“ fjalla þær Erla Erlendsdóttir, Hólmsfríður Gardarsdóttir og Núria Frías Jiménez um samevrópskt samvinnuverkefni sem hefur það markmið að fá skýrari mynd af stöðu spænsku í Evrópu og notkun spænsku utan spænskumælandi landa. Byggt er á lýðfræðilegum upplýsingum til þess að meta fjölda málhafa, auk þess sem þeir eru flokkaðir eftir færnistigum. Höfundar beita síðan sömu aðferðum til þess að meta stöðu spænsku á Íslandi. Hér er því lagður grunnur að beitingu lýðfræðimálvísinda og félagsmálvísinda til þess að fá skýrari mynd af kunnáttu í erlendum tungumálum hérlendis.

Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir fylgja eftir grein sinni „Kurz und bündig, raso y corto eða stutt og laggott: Um orðapör í þýsku, spænsku og íslensku“, sem birtist í 13. Árg. *Milli mála* árið 2021, með annarri grein um orðapör sem heitir „Hönd í hönd, mano a mano, Hand in Hand: Enn og aftur af orðapörum“. Hér

ræða þær nánar um ákveðna gerð orðapara þar sem sama orðið er endurtekið og ýmist tengt með forsetningu eða samtengingu, eða jafnvel einungis með kommu.

Þrjár greinar fjalla um bókmenntir, hver með sínum hætti. Guðrún Björk Guðsteinsdóttir fjallar um málnotkun vesturíslenska skáldsins Kristjáns Níels Jónssonar, eða Káins, og hvernig hann beitir enskum og vesturíslenskum orðum í textum sínum til að ná fram ákveðnum áhrifum, svo sem gamansemi og margræðni. Ingibjörg Ágústsdóttir skrifar um þau djúpstæðu áhrif sem saga Agnesar Magnúsdóttur og morðanna á Illugastöðum árið 1828 hafði á áströlsku skáldkonuna Hönnuh Kent. Í sögulegri skáldsögu sinni, *Náðarstund*, tekur Hannah Kent sögu Agnesar til endurskoðunar frá femínísku sjónarhorni. Femínískt sjónarhorn er einnig í forgrunni í grein Arnórs Inga Hjartarsonar sem fjallar um verkið *Stund stjörnunna* (*A hora da estrela*) eftir brasilíska rithöfundinn Clarice Lispector. Verkinu lýsir Arnór sem sjálflysandi skáldsögu eða sjálfsögu en í því er söguhetjan karlkyns rithöfundur sem semur verk um konu og skapar þar með kvenpersónu. Rýnir Arnór í karlinn innan sögunnar og það ferli að skapa konuna.

Að lokum fjallar grein Rúnars Helga Vignissonar um þýðingar úr millimálum, þ.e.a.s. þegar þýðing á texta úr einu máli á annað er lögð til grundvallar nýrri þýðingu á þriðja mál. Veltir Rúnar fyrir sér kostum og göllum þess að þýða úr millimálum.

Auk ritrýndra greina birtum við einnig óritrýnda grein um Molière eftir Héléne Merlin-Kajman. Merlin-Kajman er prófessor emerita við Sorbonne Nouvelle-háskólann í París og er sérfræðingur í frönskum bókmenntum 17. aldar. Greinin byggir á erindi sem hún flutti 12. október 2022 á málþinginu „Molière í 400 ár“ sem haldið var í tilefni þess að 400 ár voru liðin frá fæðingu franska leikskáldsins Molière (1622–1673). Málþingið var skipulagt í samvinnu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Þjóðleikhússins og franska sendiráðsins á Íslandi. Guðrún Kristinsdóttir þýddi erindið fyrir þetta rit.

Að venju birtum við einnig stuttar þýðingar, að þessu sinni tvær. Annars vegar birtist hér þýðing Geirs Þ. Þórarinssonar á þremur þeirra brota sem varðveitt eru eftir forngríska skáldið Mímnemos.

Hins vegar hefur Rebekka Þráinsdóttir þýtt smásögu Ísaaks Babel um Pan Apolek.

Ritstjórar þakka höfundum, þýðendum og ritrýnum fyrir ánægjulegt samstarf. Einnig færum við prófarkalesara, Þórgunni Skúladóttur, og umbrotsmanni, Valgerði Jónasdóttur, bestu þakkir. Minnt er á skilafrest greina og þýðinga í næstu hefti – sem er 13. janúar 2023 fyrir sérheftið, *Skáldið, taóíð og dulspekin*, en 1. apríl 2023 fyrir almenna heftið. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu tímaritsins: millimala.hi.is.

*Geir Þórarinn Þórarinsson
Þórhildur Oddsdóttir*

ERLA ERLENDSDÓTTIR
HÓLMFRÍÐUR GARÐARSDÓTTIR
NÚRIA FRÍAS JIMÉNEZ
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Drög að kortlagningu spænsku á Íslandi¹

Inngangur

Frá alda öðli hefur fólk notað móðurmál sitt utan heimalandsins. Fyrir því eru margar ástæður og mætti nefna sem dæmi komu innflytjenda og afkomendur þeirra, þ.e. innflytjendur af annarri og þriðju kynslóð, og svo einstaklinga með erlendan bakgrunn (Loureda Lamas og fleiri 2021, 65).² Ef sjónum er beint að spænskri tungu þá er óhætt að fullyrða að málið hafi náð hvað mestri útbreiðslu í kjölfar komu Spánverja til Ameríku í lok 15. aldar og með fólksflutningum þangað frá Spáni næstu aldir á eftir. Hátt hlutfall spænskumælandi fólks í Bandaríkjum Norður-Ameríku endurspeglar þann fjölda innflytjenda sunnan úr álfunni sem hefur komið og sest að í landinu á undanförunum áratugum (Herrera Lima 2012, án bls.; Berglund 2016, án bls.). Margir innflytjendur eru ólöglegir og fyrir vikið hefur reynst örðugt að henda reiður á fjölda þeirra sem hafa spænsku að móðurmáli í Bandaríkjunum og þeirra sem búa að hæfni og/eða

1 Til rannsóknarverkefnisins fengust styrkir frá rektor Háskóla Íslands, dr. Jóni Atla Benediktssyni, og frá kjöræðismanni Spánar á Íslandi, Ingu Lind Karlsdóttur. Þessir styrkir gerðu höfundum kleift að taka þátt í evrópska rannsóknarverkefninu sem hér er greint frá með samantekt gagna til að kortleggja spænskukunnáttu á Íslandi. eru styrktaraðilunum færðar hugheilar þakkir fyrir stuðninginn.

2 Benda má á að örtungumál eins og íslenska á sér málsamfélag utan landamæra. Með íslensku vesturförunum barst íslensk tunga til Norður-Ameríku og þar finnst afbrigði hennar sem kallast vesturíslenska (Birna Arnbjörnsdóttir, Þráinn Höskuldsson og Úlfar Bragason 2018).

færni í málinu og tilheyra annarri eða þriðju kynslóð innflytjenda (Belpoliti og Bermejo 2019, 8–24).³

Tileinkun spænsku sem erlends máls hefur vaxið fiskur um hrygg á Íslandi á undanförunum áratugum og fyrir bragðið má gera ráð fyrir að einhver hluti þjóðarinnar hafi vald á spænsku, allt frá því að hafa grunnþekkingu í málinu upp í að hafa tiltölulega góð tök á því. Þá hefur innflytjendum frá Spáni og öðrum spænskumælandi löndum farið fjölgandi, einkum í kjölfar efnahagshrunsins og kreppunnar árið 2008. Einnig má í þessu samhengi nefna aukinn fjölda innflytjenda frá löndum eins og t.d. Kólumbíu og Venesúela sem hafa leitað hælís á Íslandi vegna stjórn málaástandsins í heimalandinu.⁴ Með aukinn straum innflytjenda frá spænskumælandi löndum í huga og vinsældir spænsku sem erlends máls í framhaldsskólum er eðlilegt að velta því fyrir sér hversu margir geti tjáð sig á spænsku á Íslandi. Að sama skapi má spyrja hver staða spænsku sé í hópi þeirra tungumála sem eru töluð á Íslandi og hvort hlutfall spænskumælandi fólks sé álíka og gengur og gerist á hinum Norðurlöndunum eða í öðrum löndum Evrópu.

Hér í greininni er fjallað um samevrópskt rannsóknarverkefni sem hverfist um kortlagningu spænsku í Evrópu, þar á meðal á Íslandi. Markmið verkefnisins er að grafast fyrir um stöðu tungunnar í álfunni og freista þess að draga upp heildstæða mynd af notkun hennar utan Spánar. Forgöngumenn rannsóknarverkefnisins eru fræðimennirnir Francisco Moreno Fernández, Óscar Loureda Lamas og Johannes Kabatek og tilheyra þeir Rannsóknarstofu í íberamerískum fræðum (sp. *Centro de Estudios Iberomericanos*) við Háskólann í Heidelberg, Þýskalandi, og Háskólanum í Zürich í Sviss. Menningarmálastofnun Spánar, Cervantes-stofnunin, kemur að útgáfu og dreifingu niðurstaðna rannsóknarhópanna í hinum ýmsu löndum. Verkefnið sprettur af þeirri tilgátu að spænskt mál hafi haslað sér völl vegna þátta eins og menningarlegs mikilvægis þess á heimsvísu og vinsælda spænsku

3 Til frekari upplýsinga má benda á samantekt GMDAC (Global Migration Data Analysis Centre) frá 2021 um innflytjendur í Bandaríkjunum. Sjá: <https://www.migrationdataportal.org/es/regional-data-overview/datos-migratorios-en-america-del-norte>

4 Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun komu rúmlega 60 manns, aðallega konur og börn, frá Kólumbíu á árunum 2005–2007 og mörg hundruð manns hafa komið frá Venesúela frá árinu 2020. Til frekari upplýsinga sjá: <https://utl.is/index.php/um-utlendingastofnun/toelfraedhi/toelfraedhi-verndarsvidhs>. Sjá enn fremur upplýsingar á heimasíðu stjórnarráðsins: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utlendingar/flottafolk/fjoldi-flottamanna/>

sem erlends tungumáls á undanförunum áratugum. Hafa ber í huga að spænska er töluð sem opinbert tungumál í þremur heimsálfum og er talið að málhafar séu hátt í 500 milljónir nú á dögum (Loureda Lamas og fleiri 2020, 14). Tilgangurinn með þessari viðamiklu rannsókn er, eins og áður sagði, að bregða upp mynd af stöðu spænsku í Evrópu um þessar mundir og grafast fyrir um ástæðu þeirrar stöðu. Vonast er til að verklag og aðferð sú sem allir rannsóknarhóparnir fylgja, ásamt skipulegri úrvinnslu gagna, geri kleift að kortleggja spænskukunnáttu í álfunni og á Íslandi og bera saman niðurstöður á milli Norðurlanda annars vegar og einstakra landa Evrópu hins vegar.

Gagnaöflunin og greining gagnanna er í höndum rúmlega 30 sérfræðinga og fræðimanna. Þeim er skipt í nokkra verkefnahópa og mynda þar með stórt samstarfsnet. Sumir þessara hópa einbeita sér að einu tilteknu landi eins og franskir rannsóknarhópurinn,⁵ sá ítalski,⁶ sá portúgalski og svissneski. Aðrir hópar beina sjónum að nokkrum löndum sem tengjast menningarsögulega, til að mynda Benelux-löndunum sem og Bretlandi og Írlandi. Og þá eru hópar sem hafa á hendi Mið-Evrópu,⁷ Suðaustur-Evrópu⁸ og Austur-Evrópu.⁹ Íslensku þátttakendurnir mynda hóp með fræðimönnum frá hinum Norðurlöndunum en fyrir hópnum fer Linda Flores Ohlson, Háskólanum í Gautaborg. Í hópnum eru fræðimenn frá Osló, Stokkhólmi, Árósum, Kaupmannahöfn, Reykjavík og Tampere.

Gögn og niðurstöður rannsóknarverkefnisins verða gefin út á bók í ritröðinni Kortlagning spænsku í Evrópu. Fyrsta bindið í ritröðinni hefur þegar komið út með titlinum Kortlagning spænsku í Þýskalandi (sp. *Demolingüística del español en Alemania*, 2020) og áður en langt um líður mun annað hefti ritraðarinnar koma út en það ber titilinn Kortlagning spænsku í Sviss (sp. *Demolingüística del español en Suiza*, 2022). Í árslok 2022 er svo gert ráð fyrir að rit um kort-

5 Hópurinn rannsakar spænskuna í Frakklandi, Andorra og Mónakó.

6 Rannsóknin nær til Ítalíu, San Marínó og Vatíkansins.

7 Austurríki, Slóvakía, Ungverjaland, Pólland og Tékkland.

8 Albanía, Bosnía og Hersegóvína, Búlgaría, Kýpur, Króatía, Slóvenía, Grikkland, Norður-Makedónía, Malta, Moldavía, Svartfjallaland, Rúmenía, Serbía og Tyrkland.

9 Rússland, Armenía, Aserbaídsjan, Hvíta-Rússland, Eistland, Georgía, Kasakstan, Lettland, Litháen og Úkraína. Sökum stríðsátaka í Úkraínu liggja rannsóknir þar á þessu sviði niðri um þessar mundir og má gera ráð fyrir að niðurstöður rannsókna frá þessu svæði verði með þeim síðustu sem verða gefnar út.

lagningu spænsku í Portúgal líti dagsins ljós. Í öllum þessum ritum er fjallað um rannsóknarverkefnið, niðurstöður þess, greiningu gagna og túlkun á stöðu spænskunnar á viðkomandi svæði. Textunum fylgja kort, töflur og myndir.¹⁰

Bygging þessarar greinar er með eftirfarandi hætti: Í fyrsta lagi er gerð grein fyrir fræðasviðinu sem myndar umgjörð um rannsóknarverkefnið, þ.e. *demolingüística* (sp.) sem við kjósum að kalla *lýðfræðimálvísindi* og *lýðfræðileg málvísindi* á íslensku. Fjallað er um upphaf rannsókna á þessu sviði og tengsl þeirra við önnur fræðasvið. Því næst er meginrannsóknin kynnt og aðferðinni sem allir rannsóknarhóparnir fylgja gerð skil í stuttu máli. Þá eru valdir þættir sem lúta að rannsóknarverkefninu á Íslandi reifaðir. Í lokaorðum er stutt samantekt.

1. Lýðfræðimálvísindi: afmörkun, markmið og fagorðaforði

Eins og áður var vikið að er Moreno Fernández einn þeirra fræðimanna sem fer fyrir rannsóknarverkefninu um kortlagningu spænsku í Evrópu. Hann hefur um langt árabíl haft forystu um rannsóknir í lýðfræðilegum málvísindum í spænskumælandi löndum heims, einkum á Spáni. Moreno Fernández bendir á að rannsóknir á þessu sviði falli alla jafna undir meginindlegar rannsóknir þar sem byggt er á lýðfræðilegum upplýsingum með það fyrir augum að fá yfirlit yfir stöðu tungumála og í þessu rannsóknarverkefni yfir stöðu spænsku í Evrópu (2014, 19–20), það er að segja hversu margir tala spænsku að einhverju marki utan spænskumælandi málsamfélaga, hver er bakgrunnur þessa fólks, m.a. aldur, kyn o.fl. Einnig er leitað svara við því hvar, hvernig og hvers vegna þessir einstaklingar tala og læra spænsku. Fræðasviðið sem myndar umgjörð um rannsóknarverk-

10 Í júlí 2021 var fyrsta málþingið um rannsóknina haldið rafrænt í því skyni að kynna fyrstu niðurstöður hennar meðal þátttakenda og ræða ýmsar hliðar verkefnisins. Samanburður á fyrstu niðurstöðum hinna mismunandi verkefnahópa bentu til þess að útbreiðsla spænsku ætti sér ekki stað með sama hætti milli landa og landsvæða. Athygli vakti framlag rannsóknarhópsins frá Bretlandi og Írlandi þar sem honum varð tíðrætt um útgöngu Bretlands úr ESB, sem mun væntanlega hafa áhrif á búferlaflutninga og skipulag í menntamálum til lengri tíma litið og kann þá að breyta sviðsmyndinni töluvert. Norræni rannsóknarhópurinn stefnir að því að kynna helstu niðurstöður frá Norðurlöndunum á málþingi árið 2023.

efnið er ekki sjálfstætt að því leyti að það má telja sem undirsvið annars vegar lýðfræði og hins vegar félagslegra málvísinda og félagsmálvísinda. Lýðfræði, eða manntalsfræði, telur fjölda einstaklinga á afmörkuðum svæðum; lýðfræðileg málvísindi hverfast um að telja fjölda málhafa ákveðins tungumáls á tilteknu svæði.

Fyrstu rannsóknir á sviði lýðfræðimálvísinda voru gerðar í frönsku-mælandi Kanada á sjöunda áratug síðustu aldar. Markmið rannsóknarinnar var að kanna stöðu frönsku í landinu og hvort einhverjar breytingar eða þróun hefði orðið í hópi tvítyngdra í Quebec-héraði (Torres i Pla 2011, 184). Í rauninni er hægt að kortleggja tungumál á hvaða landsvæði sem er en það er þó einkum á tvítyngdum eða fjöltyngdum svæðum sem slíkar rannsóknir og gagnasöfnun fer fram sökum þess að þar ríkir áhugi á að kanna stöðu minnihlutamála í málsamfélaginu. Þannig hafa rannsóknir á stöðu frumbyggjamála í Rómönsku-Ameríku¹¹ aukist á síðustu árum og rannsóknir af þessu tagi hafa jafnframt verið gerðar á þeim svæðum Spánar þar sem töluð eru tvö tungumál.¹² Í Katalóníu, til dæmis, þótti mönnum brýnt að kanna stöðu katalónsku og hversu víðtæk notkun hennar væri í sjálfstjórnarhéraðinu, einkum í ljósi þess að í fyrsta lagi var bannað að nota málið í skólakerfinu um langt skeið á tímum einræðis í landinu (1939–1975) og í öðru lagi vegna straums innflytjenda frá öðrum héraðum Spánar (Torres i Pla 2011, 185). Á Spáni var fyrsta vísindalega rannsóknin af þessu tagi gerð árið 1998 og í kjölfarið birt Cervantesstofnunin niðurstöðurnar í fyrsta ársriti sínu, *Español en el mundo* (Spænska í heiminum). Í þessum ársritum eru birtar samantektir sem lýsa stöðu tungunnar í ýmsum geirum atvinnulífsins og samfélagsins, svo sem á sviði tækni og vísinda, í alþjóðlegum stofnunum og í fjölmiðlum, ásamt því að fylgjast með þróun tungunnar á ákveðnum landsvæðum og löndum, t.d. í Bandaríkjunum og í Brasilíu.¹³

11 Helstu frumbyggjamál í Suður- og Mið-Ameríku eru quechua, aymara, guaraní og mapudungun. Í Mexíkó, sem telst landfræðilega til Norður-Ameríku, eru helstu frumbyggjamálin náhuatl og maya-mál. Sjá: <https://www.statista.com/statistics/1058273/latin-america-share-indigenous-language-speakers-country/> og kortlagningu Crevels og Muysken um fjölda málhafa hinna mýmörgu frumbyggjamála sem töluð eru í Bólívíu.

12 Sem dæmi má nefna að rannsóknarstofan Centre de Recerca en Sociolingüística i Comunicació (CUSC), sem starfar við Háskólann í Barcelona, helgaði ársrit sitt (15) stórrí rannsókn á þessu sviði: *LSC-Llengua, Societat i Comunicació*. Í Baskalandi er það í höndum rannsóknarstofunnar *Soziolingüística Klusterna* að rannsaka og kynna niðurstöður á kortlagningu basknesku sem um þessar mundir er verið að efla og breiða út.

13 Í umræddu riti birtust úttektir á stöðu spænsku á Íslandi árin 2004, 2007 og 2017.

Hvað varðar hugtakanotkun í rannsóknarverkefningu og í gögnum útgefnum af forsvarsmönnum þess hefur heitið *demolingüística* orðið fyrir valinu. Í þessu samhengi má benda á að á þessu sviði eru einnig notuð hugtökin *demografía lingüística*, 'lýðfræðileg málvísindi', og *demografía de la lengua*, 'lýðfræði tungumálsins'. Í ensku, t.d. í Kanada, er heitið *demolinguistics* almennt notað,¹⁴ í Ástralíu, Suður-Afríku og á Indlandi hefur *language demography* orðið fyrir valinu, og þriðja útgáfan *demography of language* kemur fyrir í skrifum belgíska sérfræðingsins Verdoodt (1998). Ekki er um auðugan garð að gresja þegar kemur að því að leita í hugtakasmíðju þessara fræða á Íslandi. Í íslensku rannsókninni kom til greina að nota heitið *málvísindaleg lýðfræði* og fylgja orðsmíði eins og *félagsleg lýðfræði* (Halldóra Lena Christians 2022) eða *félagslýðfræði* (Erla S. Kristjánsdóttir, Inga Mínelgaite og Thora Christiansen 2019). Einnig kom til álita að nota *lýðfræðimálvísindi* að fyrirmynd hugtaka eins og *félagsmálvísindi* þar sem nálgunin í rannsókninni er á málvísindalegum nótum og varð sú nafngift fyrir valinu.

Lýðfræðimálvísindi nýta sér tölfræðilegar upplýsingar lýðfræðinnar. Hins vegar er það svo að manntöl og aðrar skráningar innihalda alla jafna ekki upplýsingar um þau tungumál sem skráðir einstaklingar tala, en slíka vitneskju er helst að fá með sérsniðnum könnunum og spurningalistum sem lagðir eru fyrir fólk. Það er í rauninni æskilegasta aðferðin þar sem ekki er hægt að reida sig á að viðunandi niðurstöður fáiast ef einungis er miðað við íbúatölu ákveðins landsvæðis. Þetta er hins vegar afar kostnaðarsöm aðferð og tímafrek þar sem nauðsynlegt er að fá hátt hlutfall íbúa til að taka þátt í könnuninni eigi hún að vera marktæk.

Eins og á öðrum sviðum vísinda þá þurfa lýðfræðimálvísindi að takast á við ýmsa kenningarlega og tæknilega annmarka ásamt því að glíma við takmarkanir aðferðafræðilegs eðlis og við greiningu gagna (Moreno Fernández 2014). Ef styðjast á við manntöl þegar afmarka á íbúafjölda ákveðins svæðis vakna ýmsar spurningar, eins og t.d. hvort gert sé ráð fyrir því að eldri borgarar dvelji á einu svæði hluta ársins og öðru svæði hinn hluta þess, það er hvort þeir séu tvítaldir. Á að telja þá einstaklinga sem dvelja til lengri tíma á ákveðnu svæði án

14 Í Quebec hafa hugtökin *demolinguistique*, *démographie de la langue* og *démographie linguistique* verið notuð (Torres í Pla 2011, 184).

dvalarleyfis (Spánverjar á Íslandi, Íslendingar á Spáni)? Aðrir þættir sem geta valdið vandkvæðum eru skilgreiningar á því hvað sé *tungumál* og hvað *mállýska*, *margtyngi* einstaklings, o.s.frv. Hörgull á manntali í sumum löndum torveldar einnig rannsóknir (Sorolla Vidal 2012, 14). Einnig má nefna að ónákvæm skráning í Þjóðskrá getur skekkt myndina og standa margir verkefnahópar frammi fyrir því að þurfa að leita á önnur mið til að afla upplýsinga. Fyrir vikið má gera ráð fyrir að niðurstöður rannsóknarinnar verði ekki eins nákvæmar og æskilegt væri. Þetta á meðal annars við um skráningar á Íslandi og væri óskandi að Þjóðskrá og Hagstofa Íslands geri í framtíðinni bragarbót á því og skrái móðurmál innflytjenda sem og móðurmál foreldra þeirra.

Eins og áður sagði eru það einkum tvítýngd eða margtýngd samfélög sem hafa sérstakan áhuga á upplýsingum af því tagi sem lýðfræðimálvísindi draga fram. Fræðimenn eins og t.d. Sorolla Vidal (2012, 9) telur að það gæti reynst athyglisvert að skoða samfélög þar sem samsetning íbúa er einsleit með það í huga að þar er tjáskiptahæfnin með ólíkum hætti, hugmyndafræðin öðruvísi og staða málafríðgæða önnur. Í litlu málsamfélagi eins og því íslenska væri áhugavert að leggja fyrir kannanir með það að markmiði að grafast fyrir um móðurmál þeirra sem mynda fjölbreytt tungumálasamfélag landsins og kanna málfærni þeirra íbúa sem hafa annað móðurmál en íslensku.¹⁵

2. Aðferðafræði

Eins og þegar hefur komið fram nær rannsóknarverkefnið sem hér er fjallað um til margra landa. Hvert og eitt þeirra hefur sína þjóðfélagskipan og sín sérkenni, fyrir vikið er brýnt að fylgja sömu viðmiðum í öflun gagna og nota sömu aðferðir við úrvinnslu þeirra svo að tryggja megi samræmi og samanburðarhæfni á milli landa og landsvæða í Evrópu. Í rannsókninni er aðferðum Moreno Fernández og Otero Roth fylgt en þeir reifuðu þær fyrst í riti árið 1998 og síðar í fræðigreinum í upphafi 21. aldar (2006, 2007; Moreno Fernández

15 Það er að segja erfðamál málfarfanna.

2014). Áður en lengra er haldið er rétt að gera stuttlega grein fyrir helstu hugtökum og heitum sem lýsa nálguninni sem býr að baki rannsóknaraðferðinni. Ljóst má vera að mikilvægt er að samræmi sé í merkingu og notkun hugtaka og heita sem stuðst er við hjá hinum ýmsu verkefnahópum í rannsóknarnetinu svo að unnt sé að greina gögn og túlka þau á vísindalegan hátt þvert á landamæri þjóða.

Málbafi er lykilhugtak í lýðfræðimálvísindum. Málhafinn sem er í brennidepli í þessari rannsókn útleggst sem *íslenskur málbafi sem talar spænsku*. Hér er annars vegar átt við þann sem kann eða notar spænsku á Íslandi (= spænskumælandi á Íslandi) og hins vegar þann sem hefur íslenskt ríkisfang og býr í spænskumælandi landi (= Íslendingur sem talar spænsku). Rétt er að benda á að skiptar skoðanir eru um hvernig beri að skilja hugtakið „spænska“ eða „spænsk tunga“. Moreno Fernández og Otero Roth (1988, 2006) telja að setja megi öll svæðisbundin afbrigði spænsku undir sama hatt, hvort sem málið er talað í Evrópu, Ameríku eða Afríku,¹⁶ eða hvort um ræðir kreólamál, sem byggir á spænskum grunni,¹⁷ eða gyðingaspænsku (sp. *judeoespañol*) sem fyrirfinnst í ýmsum afbrigðum víða um veröld.¹⁸ Helstu rök þeirra eru sú að spænska, ólíkt ýmsum öðrum tungumálum, sé með svipuðu formi í hinum víðfeðma spænskumælandi heimi, einkum þegar lítið er til staðalmálsins, og hafi öll helstu einkenni *koinemáls* eða mállýskusamfellu. Í rannsókninni er þessi skilgreining þeirra höfð til hliðsjónar.¹⁹

Annað lykilhugtak í fræðunum sem lýtur að flokkun málhafa er *hæfnisvið*. Hér er átt við færni málhafa, þ.e. þá hæfni að nota tungumálið á réttan og vídeigandi hátt í tjáskiptum almennt. Móðurmálshafar hafa alla jafna fullkomið vald á móðurmálinu. Öðrum sem ekki hafa fullt vald á spænsku er skipað á ýmis færnistig. Rétt er að nefna einnig hugtakið *móðurmálshafi* en í þessari rannsókn er stuðst við útskýringu Swann og fleiri (2004, sjá *native speaker, language*) þar

16 Í Miðbaugs-Gíneu og Marokkó.

17 Til dæmis papiamento á eyjunum Arúba, Bonaire og Curaçao í Karíbahafi, palenquero í Kólumbíu og chabacano á Filippseyjum.


18 Spænskum gyðingum (sp. *sefardíes*) var gert að taka kristna trú eða yfirgefa Spán árið 1492. Þeir sem fóru úr landi settust m.a. að í Marokkó og í Tyrkjaveldi. Enn þann dag í dag fyrirfinnst samfélög spænskra eða sefardískra gyðinga, t.d. í Grikklandi og Tyrklandi, sem tala og skrifa afbrigði spænsku sem kallast m.a. *judeoespañol* eða *lengua sefardí*.

19 Bravo García notar hugtakið *español internacional*, eða alþjóðleg spænska (2008).

sem heitið er skilgreint sem sá einstaklingur sem tileinkar sér ákveðið tungumál, eða afbrigði þess, með eðlilegum hætti á máltökuskeiðinu, innan veggia heimilisins, í málsamfélaginu eða með skólagöngu.

Hvað snertir stöðu spænsku sem „alþjóðlegs tungumáls“ þá ein-skorðast gagnaöflunin ekki einungis við málhafa sem hafa spænsku að móðurmáli, fyrsta máli, aðalmáli eða ríkjandi máli, heldur nær hún einnig til þeirra sem eru að tileinka sér málið, eru að týna niður málinu,²⁰ eru tvítyngdir og hafa spænsku sem sitt annað móðurmál, nota málið atvinnu sinnar vegna eða við ákveðnar kringumstæður (Moreno Fernández 2020, 92).

Hvað varðar *lýðfræðileg málvísindi*, þ.e. hvernig málhafar eru taldir og flokkaðir, þá er í rannsóknarverkefningunni unnið með þeim hætti að málhafar eru flokkaðir eftir færnistigum sem myndrænt má setja upp í hringrit þar sem koma saman þrjú hjámiðja hringir: Innstur er kjarninn, þá er innri hringur sem umlykur innsta hringinn og síðan sá þriðji og ysti sem umlykur báða hringina að hluta (mynd 1).



Mynd 1: Skipting málhafa.

Samkvæmt Moreno Fernández og Otero Roth (2006, 16) vísar hver hringur til stöðu málhafa í menginu spænskumælandi málhafar. Í innsta hring falla móðurmálshafar, eða MMH. Undir miðring heyrja málhafar með takmarkaða málfærni, eða MTM. Í ysta hring eru þeir sem hafa tileinkað sér eða eru að tileinka sér málið, eða AMM. Þannig samanstendur þetta málamengi fyrst og fremst af virkum

²⁰ Þ.e. fyrning málakunnáttu.

málnotendum, eða VMN, úr hópi MMH og þar við bætast þeir málnotendur sem falla í MTM og AMM, samkvæmt formúlunni: $VMN = MMH + (MTM + AMM)$.


Tafla 1: Flokkar málhafa í samfélagi.

Skammstafanir	Merking skammstafana
MMH	Móðurmálshafar
MTM	Málhafar með takmarkaða málfærni
AMM	Annars máls málhafar (tileinkun spænsku sem annars máls)
VMN	Virkir málnotendur


Niðurstöður gagnagreiningarinnar má nálgast frá tveimur sjónarhornum: annars vegar gefa þær vissa heildarmynd og hins vegar ákveðna deildarmynd (Moreno Fernández 2020; Loureda Lamas og fleiri 2020). Skýringarmyndin með hringjunum gefur tiltekna heildarmynd og gerir kleift að bera saman niðurstöður á alþjóðavísu og án sértæks samhengis. Sem dæmi má benda á niðurstöður frá annars vegar Þýskalandi²¹ (mynd 2) og hins vegar frá Sviss²² (mynd 3). Athyglisvert er að sjá hlutfall hvers hóps fyrir sig á báðum svæðum því í Sviss eru málhafar með móðurmálsfærni hlutfallslega fleiri en í Þýskalandi. Þessi niðurstaða gefur vísbendingu um hvað koma muni, þ.e. að samsetning hringritsins verði með mismunandi hætti milli landa þegar fram líða stundir.

21 Árið 2020 var íbúatalan í Þýskalandi 83.019.213 (Loureda Lamas og fleiri 2020, 13).

22 Í Sviss var íbúatalan 8.670.300 þann 31. desember 2020 (Schweizerische Eidgenossenschaft).



Mynd 2: Þýskaland.



Mynd 3: Sviss.

Á hinn bóginn gerir deildarmyndin okkur mögulegt að greina ýmsa þætti sem lúta að einkennum málfæra, svo sem einstaklinga eða hópa með móðurmálsfærni eða erfðamálsfærni, annarsmálsnema á ýmsum færnistigum og hópa sem af ýmsum ástæðum búa yfir takmarkaðri málfærni (Moreno Fernández og Otero Roth 2006).

Þess ber að geta að helsta heimild verkefnahópanna eru hagstofur viðkomandi landa. Í tilfalli rannsóknarinnar á Íslandi er Hagstofa Íslands (hagstofa.is) mikilvægasti upplýsingabrunnurinn.²³ Allir verkefnahóparnir á Norðurlöndunum miða við dagsetninguna 31. desember 2019, eða 1. janúar 2020, þ.e. rannsóknin nær einungis til ársins 2019, en það er gert til þess að hægt sé að draga upp mynd af fjölda spænskumælandi íbúa á Norðurlöndunum á sama tímabili. Þess ber þó að geta að skoðaðar eru upplýsingar frá fyrri árum

23 Þess ber að geta að hjá Hagstofu Íslands koma ekki fram nákvæmar upplýsingar um móðurmál innflytjenda. Það verður að teljast afar bagalegt því það getur skekkst myndina þegar sambærilegar rannsóknir eiga í hlut. Æskilegt er að sú bragarbót verði gerð á skráningu að móðurmál innflytjenda sem og móðurmál foreldra þeirra verði skráð.

í þeim tilgangi að geta rýnt í sögulega þróun valdra málhópa, ef svo ber undir.

Í næsta kafla verður sjónum beint að fyrstu niðurstöðum rannsóknarinnar á Íslandi og stakir þættir skýrðir nánar. Ekki er loku fyrir það skotið að heimsfaraldurinn setji strik í reikninginn hjá sumum verkefnahópum, m.a. þeim norræna, því ekki er ólíklegt að ýmislegt hafi breyst hvað varðar búferlaflutninga og fjölda innflytjenda sem síðar á eftir að endurspeglast í tölfræðilegum rannsóknum á mannfjölda og hafa áhrif á þessa rannsókn í lýðfræðimálvísindum. Það verður tíminn hins vegar að leiða í ljós.

3. Kortlagning spænsku á Íslandi: Nokkur dæmi

Tengsl annars vegar Íslands og hins vegar Spánar og spænskumælandi landa Ameríku hafa verið af ýmsum toga í tímans rás. Má hér einkum nefna menningarleg og pólitísk tengsl en mikilvægust eru tengslin á sviði verslunar og viðskipta, einkum hvað varðar útflutning á tæknibúnaði til fiskvinnslu, veiðarfærum og fiski, og innflutning á matvöru, víni og ávöxtum. Spánn hefur um áraraddir verið vinsæll áfangastaður meðal Íslendinga allan ársins hring en þangað leita þeir gjarnan í fríum sínum til að spila golf, ganga á fjöll og um pílagrímsvegi, og njóta veðurbliðu og gestrisni Spánverja (Erla Erlendsdóttir og Karl Jóhannsson 2020). Ferðalög Íslendinga til landa í Mið- og Suður-Ameríku eru til marks um áhuga á menningu, mannlífi og sögu álfunnar, en tengsl við lönd hennar má rekja allt til fyrri hluta 20. aldar. Um það vitnar 90 ára stjórn málasamband við Chile, sem fagnað er í ár, og viðskiptatengsl við lönd eins og Argentínu, Brasilíu og Mexíkó frá því um miðja 20. öld.

3.1 Málnotendur sem hafa spænsku að móðurmáli (MMH)

Eins og vikið var að hér í upphafi greinarinnar þá stendur rannsóknin ennþá yfir og endanlegar niðurstöður hennar liggja ekki fyrir. Fyrir þær sakir er ekki unnt að draga endanlegar ályktanir af henni heldur

verður hér gerð grein fyrir þáttum hennar og leitast við að útskýra helstu viðfangsefni sem íslenski rannsóknarhópurinn þarf að kljást við.

Fyrsti hópurinn sem sjónir beinast að eru einstaklingar sem hafa spænsku alfarið á valdi sínu. Þeir deilast í eftirfarandi hópa eftir uppruna og bakgrunni:

MMH1 – Spænskumælandi innflytjendur sem ekki hafa íslenskt ríkisfang.

MMH2 – Erfðamálmálhafar af annarri innflytjendakynslóð sem eru í tengslum við umhverfi sem hefur stuðlað að til-einkun og viðhaldi spænsku.

MMH3 – Spænskumælandi innflytjendur með íslenskt ríkisfang.

MMH4 – Spænskunemendur sem hafa náð færnistigi C1 samkvæmt Evrópurammanum (mjög færir málfarar í öðru máli).

Fyrsti hópurinn (MMH1) eru einstaklingar með móðurmálsfærni. Hér undir falla allir spænskumælandi innflytjendur sem eru skráðir í landinu en hafa ekki íslenskt ríkisfang. Einstaklingar frá spænskumælandi landi eru ekki endilega móðurmálshafar en hafa spænsku fullkomlega á valdi sínu þar sem þeir hafa tileinkað sér málið frá blautu barnsbeini og innan veggja heimilisins, í samskiptum við aðra meðlimi málsamfélagsins, eða í skóla (Swann og fleiri 2004).

Hinn 1. janúar 2020 bjuggu 1.676 spænskumælandi innflytjendur á Íslandi sem ekki voru með íslenskt ríkisfang (hagstofa.is), um 0,04% þjóðarinnar, en íbúatala landsins var þá 364.134 (hagstofa.is). Flestir þessara innflytjenda voru frá Spáni, eða 1.136, þ.e. um 0,03% þjóðarinnar. Eins og fram kemur hjá Loureda Lamas og félögum (2021, 69) er ástæðan fyrir flutningum Spánverja innan Evrópu ekki einungis landfræðileg nálægð, sem dregur úr kostnaði við búferlaflutninga, heldur einnig ýmsar ytri aðstæður sem auðvelda flutninga ásamt ýmsum borgaralegum réttindum sem draga úr áhættunni við það að flytja sig um set, t.d. ákvæði um frjálst flæði fólks/vinnuafls milli landa innan evrópska efnahagssvæðisins þar sem innflytjendum eru tryggð ákveðin réttindi. Þess má geta að Hagstofa Íslands notar í gögnum sínum tvær breytur: önnur er ríkisfangið og hin er upp-


runaland/fæðingarland. Gera má ráð fyrir að fyrrnefnda breytan sé nákvæmari og ábyggilegri fyrir rannsóknarverkefnið sem hér er unnið að vegna þess að einstaklingur getur af ýmsum ástæðum hafa fæðst í öðru landi þar sem hið opinbera mál getur verið það sama og móðurmál hans eða ekki. Þegar kemur að því að draga saman upplýsingar um þennan hóp þá reynist auðvelt að fá vitneskju um aldur og kyn innflytjenda hjá Hagstofu Íslands en stofnunin gefur aftur á móti engar upplýsingar um hjúskaparstöðu, ástæður fyrir búferlaflutningum, menntun, atvinnu og lengd dvalar eða búsetu. Þá vantar einnig allar upplýsingar um móðurmál innflytjenda og foreldra þeirra, eins og áður var vikið að. Til gamans má geta þess að í eldri lýðfræðimálvísindarannsókn Morenos Fernández og Oteros Roth (2006) voru sýndar niðurstöður úr greiningu gagna frá ýmsum löndum, m.a. Íslandi. Í þá tíð voru 657 spænskumælandi innflytjendur í landinu, bæði frá Spáni og spænskumælandi Ameríku. Hér blasir við að veruleg breyting hefur orðið á fjölda innflytjenda frá spænskumælandi löndum undanfarinn rúman áratug, hann hefur tvöfaldast miðað við nýlegar tölulegar upplýsingar frá Hagstofu Íslands.

Þá skal nefna hóp annarrar kynslóðar innflytjenda sem hefur tekist að varðveita móðurmál sitt (MMH2). Þessa einstaklinga má flokka í efsta færnistig, a.m.k. þegar kemur að munnlegri tjáningu. Í gögnum Hagstofu Íslands er að finna upplýsingar um börn í leikskóla sem hafa annað móðurmál en íslensku. Ef gluggað er í þessar tölur og tvö ár tekin sem dæmi þá voru árið 1998 30 börn skráð með spænsku að móðurmáli en árið 2020 voru þau orðin 127. Rétt er að hafa í huga að það er erfitt að fullyrða nokkuð um færni þessara einstaklinga, og gagnstætt því sem gengur og gerist í Svíþjóð er móðurmálskennsla ekki skylda í íslenska skólakerfinu (Emilsson Peskova og Hanna Ragnarsdóttir 2018, 13). Samtökin Móðurmál, samtök um tvítýngi, sem voru stofnuð árið 1994, bjóða upp á spænskukennslu en ekki öll börn sem tala spænsku heima hjá sér sækja tíma hjá samtökunum (Emilsson Peskova 2022).

Undir þriðja hópinn (MMH3) falla þeir spænskumælandi innflytjendur sem hafa íslenskt ríkisfang. Samkvæmt Hagstofu Íslands trónir Spánn ekki efst á lista yfir upprunaland innflytjenda frá

hinum spænskumælandi heimi heldur Kólumbía.²⁴ Má vera að skýringin sé sú að innan evrópska efnahagssvæðisins er kveðið á um frjálst flæði fólks á milli landa sem gerir ókleift að fylgjast náið með flutningum og hreyfingum Spánverja. Ef þróun mála er skoðuð þá hefur innflytjendum frá spænskumælandi löndum sem hafa fengið ríkisborgararétt fjölgað, t.d. Kólumbíumönnum á árunum frá 2011 til 2013, og Chilebúum árið 2007 (Hagstofa Íslands).

Tafla 2. Veiting íslensks ríkisborgararéttar 1991–2020 (Hagstofa Íslands 2022).²⁵



24 Í ársskýrslum Útlendingastofnunar er sett fram ítarleg tölfræðileg greining á umsóknum, leyfisveitingum, forsendum leyfa, hlutfalli umsókna, samþykktu eða synjana, o.s.frv. Sjá: <https://utl.is/um-utlendingastofnun/arsskyrslur>. Á heimasíðu Hagstofu Íslands er áhugaverðar upplýsingar um búferlaflutninga til og frá Íslandi. Þar kemur m.a. fram að árið 2020 fluttu 7.711 manns með erlent ríkisfang til landsins. Sjá: <https://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/buferlaflutningar/millilanda/>

25 Vegna fjölgunar umsækjenda um alþjóðlega vernd frá Venesúela á síðustu árum er fyrirsjáanleg breyting á íbúasamsetningu spænskumælandi hér á landi í náginni framtíð. Sjá nýlega grein eftir Arnar Þór Ingólfsson í *Kjarnanum* <https://kjarninn.is/frettir/flottamenn-fra-venesuela-fa-vernd-i-hronnum-efrir-urskurd-kaerunefndar-utlendingamala/> Sjá: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur_Rikisfbr/MAN04119.px

Til fjórða hópsins (MMH4) teljast þeir málhafar sem gera má ráð fyrir að hafi mjög gott vald á spænsku. Hér eru á ferðinni löggiltir þýðendur og túlkar, eða nemendur sem hafa útskrifast með háskóla-gráðu í spænskum fræðum.²⁶ Á Íslandi eru löggiltir þýðendur fámennur hópur og þeir sem útskrifast með BA-próf í spænsku frá Háskóla Íslands ná alla jafna ekki efstu færnistigum, ekki frekar en á hinum Norðurlöndunum. Til þessa hóps teljast þar af leiðandi einungis þeir sem hafa lokið MA-prófi frá Háskóla Íslands (Spænska, Spænskukennsla) eða frá erlendum háskóla.

3.2 Málnotendur með takmarkaða færni í spænsku

Þeir einstaklingar sem heyra undir þennan hóp hafa takmarkað vald á málinu en ráða við að beita því við ákveðnar kringumstæður þegar afmarkað efni ber á góma (Moreno Fernández og Otero Roth 2006, 17). Það getur reynst þrautin þyngri að draga fram einkenni þessa hóps sem gerir það að verkum að grípa þarf til frekari skýringa, þ.e. málhafar í þessum hópi hafa annars vegar ekki sömu færni og móðurmálshafar og hins vegar sækja þeir ekki skipulegt málánám. Þetta er frekar sundurleitur hópur en helstu undirhópar eru eftirfarandi:

MTM1 – Erfðamálsmálhafar af spænsku eða spænskamerísku bergi brotnir, alla jafna af annarri eða þriðju kynslóð innflytjenda, sem hafa ekki lifað og hrærst í umhverfi sem styður við tileinkun móðurmáls foreldra.

MTM2 – Íslendingar sem eru búsettir í spænskumælandi landi.

MTM3 – Innflytjendur frá Suður- og Mið-Ameríku og frá Íberíuskaganum af öðrum uppruna.

MTM4 – Nemendur sem hafa tileinkað sér spænsku og útskrifast úr framhaldsskóla og eru með takmarkaða færni í málinu.

MTM5 – Nemendur sem hafa lært spænsku og útskrifast úr málaskóla og eru með takmarkaða færni í málinu.

26 Í öðrum löndum eru nemendur menningarmálastofnunar Spánar, Cervantes-stofnunarinnar, á færnistigi C1 til C2 samkvæmt Evrópuráttmánum, taldir með. Það á ekki við hér á landi þar sem ekkert Cervantes-setur er starfandi.

Eins og fram kom í kaflanum hér að framan voru málhafar spænsku sem erfðamáls af fyrstu kynslóð flokkaðir sem móðurmálshafar (MMH2). Slíkir málhafar af annarri og þriðju kynslóð flokkast hins vegar hér undir málnotendur með takmarkaða færni í spænsku (MTM1) sökum þess að dregið hefur úr hvötinni til að viðhalda erfðamálinu, og fyrir vikið minnkar færnin nema til staðar sé hvatning til að viðhalda málinu og skipulögð kennsla í boði (Loureda Lamas og fleiri 2021, 70). Eins og áður sagði er framlag Móðurmáls, samtaka um tvítýngi, mikilvægt en stendur ekki öllum málhöfum með spænsku sem erfðamál til boða því að starfsemin fer fram á höfuðborgarsvæðinu. Annað væri upp á teningnum ef málið yrði hluti af námsefni í íslenska skólakerfinu.

Ef athyglinni er beint að hópi tvö (MTM2), þ.e. Íslendingum sem eru búsettir í spænskumælandi landi, þá er hér um að ræða málnotendur sem tileinka sér spænsku í gegnum skólagöngu, félagsleg tengsl í búsetulandinu og félagslega aðlögun (Moreno Fernández 2009). Engar aðgengilegar tölfræðilegar upplýsingar eru til um málfærni þessa hóps. Til að fá einhverja hugmynd um stöðuna var brugðið á það ráð að skoða gögn um lengd búsetu, þ.e. hvort um tímabundna eða varanlega búsetu væri að ræða í hinu spænskumælandi landi. Gögn þessa efnis eða bráðabirgðatölur finnast í gagnasafni Sameinuðu þjóðanna. Þar kemur fram að 1.234 Íslendingar búi í spænskumælandi landi, þar af 1.162 á Spáni.²⁷

Í MTM3-hópnum eru innflytjendur á Íslandi sem koma frá löndum beggja vegna Atlantshafsins en eru með annan bakgrunn, eru t.d. frá Brasilíu eða Portúgal. Þótt ekki sé um fjölmennan hóp að ræða er hann látinn fylgja með hér í rannsókninni þar sem um 2,9% Brasilíumanna og 0,9% Portúgala hafa spænsku á valdi sínu samkvæmt skýrslu Cervantes-stofnunarinnar (*El español en el mundo* 2020). Skortur á frekari gögnum varðandi málfærni þessa hóps veldur því að hann flokkast með þeim sem hafa takmarkaða kunnáttu í málinu.

Hvað varðar tvo síðustu flokkana sem minnst er á að ofan má segja að nokkuð góðar upplýsingar sé að fá hjá Hagstofu Íslands um nemendur sem hafa útskrifast úr framhaldsskólum landsins

27 Erfitt hefur reynt að fá upplýsingar um fjölda þeirra Íslendinga sem búa til lengri eða skemmri tíma á Spáni. Ekki er ólíklegt að talan sé ívið hærri og trúlegt er að á bilinu 4–5.000 Íslendingar dvelji hluta ársins í landinu.

(MTM4). Einnig eru tölur um nemendur sem hafa verið í skiptinámi í spænskumælandi landi (t.d. Erasmus) nokkuð aðgengilegar, en þar sem Cervantes-stofnunin er ekki með aðsetur á Íslandi og býður þar af leiðandi ekki upp á námskeið í spænsku, líkt og Alliance Française gerir á frönsku, eru litlar sem engar upplýsingar aðgengilegar um þennan markhóp (MTM5).

3.3 Tileinkun spænsku sem annars máls á Íslandi (AMM)

Þegar verkefninu var hrundið af stað á Íslandi kom fljótt í ljós að upplýsingar um þá sem stunda formlegt nám í spænsku voru nokkuð góðar og vel aðgengilegar. Vinsældir spænsku á Íslandi hafa verið miklar eins og tölfræðilegar upplýsingar Hagstofunnar gefa ljóslega til kynna, en þar er hægt að nálgast upplýsingar um hvert skólastig fyrir sig. Hér eru helstu undirhóparnir:

AMM1 – Grunnskólanemendur.


AMM2 – Framhaldsskólanemendur.

AMM3 – Háskólanemar.

AMM4 – Málaskólanemendur.


Í tölum Hagstofu Íslands má sjá að spænskukennsla í grunnskólum landsins hefur verið með óreglulegum hætti, þ.e. kennsla í málinu hefur verið í boði ef kennari hefur fengist í starfið (sjá töflu 3). Það er fyrst á árunum 1999/2000 sem Hagstofan skráir nemendur á þessu skólastigi í spænsku og þá á síðasta ári grunnskóla, þ.e. í 10. bekk. Það er svo frá og með skólaárinu 2014–2015 sem skráðir eru nemendur í spænsku á öllum stigum grunnskólans, þ.e.a.s. frá sex ára aldri, í nokkrum grunnskólum landsins.

DRÖG AÐ KORTLAGNINGU SPÆNSKU Á ÍSLANDI



Tafla 3. Fjöldi grunnskólanema sem lærir spænsku 1999–2020 (Hagstofa Íslands).²⁸

Hvað varðar tileinkun spænsku sem annars máls í framhaldsskólum á Íslandi sést glögglega á tölum frá Hagstofu Íslands að nemendum í spænsku fjölgar jafnt og þétt frá árinu 2002 og að á árunum 2012 til 2013 hefur hún skotið bæði frönsku og þýsku aftur fyrir sig.




Tafla 4. Framhaldsskólanemar sem læra erlend tungumál (þýska, franska og spænska) 1999–2019 (Hagstofa Íslands).²⁹

²⁸ Sjá: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__2_grunnskolestig__0_gsNemendur/ SKO02110.px

²⁹ Sjá: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__3_framhaldsskolestig__0_fsNemendur/ SKO03111.px

Samkvæmt Hagstofu Íslands hefur fjöldi nemenda í spænsku á háskólastigi sveiflast töluvert eftir árum eins og tafla 5 sýnir berlega. Á árunum 2012 til 2018 fækkar nemendum töluvert en hefur farið fjölgandi á síðustu árum.



Tafla 5. Fjöldi nemenda í háskólanámi í spænsku (Diplóma, BA og MA). (Hagstofa Íslands 2022.)³⁰

Útan opinbera skólakerfisins er víða hægt að læra erlend tungumál (AMM4), hvort sem er í fjarnámi við framhaldsskóla eða í endurmenntunardeildum háskóla, málaskólum eða á vegum stofnana sem hafa það hlutverk að stuðla að útbreiðslu viðkomandi tungumáls (Instituto Cervantes, Goethe-Institut, Alliance Française), þ.e.a.s. ef slíkar stofnanir eru með aðstöðu í landinu sem um ræðir hverju sinni. Það getur reynst erfitt að komast að fjölda þeirra sem hafa sótt málanám til þessara aðila þar sem í mörgum tilfellum er um einkafyrirtæki að ræða (málaskólar). Þó má á það benda að á Íslandi er tiltölulega auðvelt að nálgast upplýsingar af þessu tagi miðað við það sem gengur og gerist víða annars staðar. Um þessar mundir er unnið að því að afla gagna.

Vaxandi áhugi á spænsku máli undanfarna áratugi hefur alloft orðið að umfjöllunarefni í fjölmiðlum landsins (sbr. *Morgunblaðið* 2016, *Fréttablaðið* 2021), auk þess sem fjallað hefur verið um vinsældir spænsku á Íslandi í ýmsum samantektum (Erla Erlendsdóttir 2004; Almansa 2004; Hólmfríður Gardarsdóttir og Juan Tomás 2007; Concheiro 2017), og núna nýverið kom út bók þar sem stiklað

30 Sjá: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__4_haskolastig_0_hsNemendur/SKO04105b.px

er á stóru í sögu spænskukennslu á Íslandi á 20. og 21. öld (Sigrún Ástríður Eiríksdóttir 2020, 271–284).

Þegar kemur að því að bera niðurstöður verkefnisins á Íslandi saman við þær norrænu er sá vandi fyrir höndum að skólakerfið er ekki með sama sniði í löndunum sem um ræðir (Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð). Þetta á reyndar við um allan samanburð við önnur lönd í Evrópu. Sem dæmi má nefna að í grunnskóla á Íslandi eru börn á aldrinum 6 til 16 ára en á hinn bóginn eru börn í grunnskóla í Þýskalandi til 10 ára aldurs (Eurydice 2019). Fyrir vikið er nauðsynlegt, þegar kemur að því að bera saman menntakerfi á milli landa, að beina ekki augum að eðli og einkenni hvers skólakerfis fyrir sig heldur leitast við að svara eftirfarandi spurningum: (1) Hvenær og hvernig hefst tungumálanám í landinu? (2) Hversu mörg tungumál læra nemendur í skóla? (3) Hversu gamlir eru einstaklingarnir þegar þeir byrja að læra annað mál og hvenær það þriðja? (4) Hversu mörg tungumál læra nemendur? (5) Hvenær geta nemendur valið tungumál? (6) Í samkeppni við hvaða tungumál er spænka? (7) Hvaða getustig eru í boði (A1, A2, o.s.frv.)? (8) Hvaða getustigi eiga nemendur að hafa náð að námi loknu?

Lokaorð

Í þessari umfjöllun var sagt frá samevrópsku rannsóknarverkefni sem fræðimenn innan námsleiðar í spænsku við Háskóla Íslands taka þátt í og lýtur að því að draga upp mynd af stöðu spænskrar tungu í Evrópu. Þá var gerð var grein fyrir framgangi verkefnisins á Íslandi og fyrstu niðurstöður kynntar.

Í upphafi greinarinnar var fjallað um þann kenningalega grunn sem rannsóknin byggir á. Hér var heitið *lýðfræðimálvísindi* eða *lýðfræðileg málvísindi* notað fyrir það sem í erlendum málum kallast *demolinguística* (sp.), *demolinguistics* (e.) og *Demolinguistik* (þ.). Í stuttu máli var gerð grein fyrir upphafi rannsókna á þessu sviði og tengsl sviðsins við fræðasvið eins og lýðfræði og félagsmálvísindi. Því næst var hugað að aðferðafræðinni sem liggur rannsókninni til grundvallar og allir verkefnahóparnir vítt og breitt í Evrópu fylgja. Að lokum var vikið að rannsóknarverkefninu á Íslandi og valdir þættir reifaðir.

Eins og fram kemur í greininni smíðuðu fræðimennirnir Moreno Fernández og Otero Roth (1998, 2006, 2007) líkönin sem verkefnahóparnir styðjast við í rannsókninni. Þeir flokka spænskumælandi fólk í þrjá meginhópa og síðan í nokkra undirhópa í samræmi við færnistig hvers og eins. Mengið sem á í hlut samanstendur í kjarna af móðurmálshöfum (MMH), í ytri hring eru málhafar með takmarkaða málfærni (MTM) og í ysta hring eru hópar sem tileinka sér spænsku sem annað mál (AMM). Undirhópar eru fjórir í fyrsta floknum: MMH1, spænskumælandi innflytjendur sem ekki hafa ríkisfang í búsetulandinu; MMH2, erfðamálsmálhafar af annarri kynslóð innflytjenda sem hafa sterk tengsl við spænskumælandi bakgrunn sinn; MMH3, spænskumælandi innflytjendur með ríkisfang í búsetulandinu; MMH4, spænskunemar sem hafa náð færnistigi C1 samkvæmt samevrópska tungumálarammanum. Í flokki tvö eru fimm undirhópar: MTM1, erfðamálsmálhafar af spænsku eða spænskamerísku bergi brotnir, yfirleitt af annarri eða þriðju kynslóð innflytjenda; MTM2, Evrópubúar búsettir í spænskumælandi landi; MTM3, innflytjendur frá Ameríku og frá Íberíuskaganum af öðrum uppruna (Brasilíumenn og Portúgalir); MTM4, spænskunemar úr framhaldsskólum með takmarkaða færni í málinu; MTM5, spænskunemar sem hafa útskrifast úr málaskóla. Í þriðja flokk falla undirhópar eins og spænskunemendur í grunnskóla (AMM1), í framhaldsskóla (AMM2) og spænskunemar í háskóla (AMM3). Á Íslandi koma allir hópar fyrir, eins og fram kemur í greininni, þótt misvel hafi gengið að afla gagna og upplýsinga um suma undirhópa, en allir norrænu verkefnahóparnir hafa staðið frammi fyrir ýmsum vafaatriðum sem reynt hefur verið að leysa í sameiningu. Og þegar þar að kemur munu helstu niðurstöður íslenska rannsóknarverkefnisins verða bornar saman við niðurstöður hinna norrænu verkefnahópanna (frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð) og heildarniðurstöður munu birtast í sérriti, undir titlinum Kortlagning spænsku á Norðurlöndum, í ritröðinni Kortlagning spænsku í Evrópu. Þegar heildarniðurstöður liggja fyrir er ætlunin að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið í þessari grein og kynna það sem helst gæti vakið áhuga á kortlagningu spænsku á Norðurlöndunum annars vegar og í Evrópu hins vegar í samanburði við niðurstöður frá Íslandi.

Fyrir utan að kynna þessa rannsókn sem hér kemur fyrir augu lesenda þá hefur einnig verið fjallað um svið sem sjaldan ber á góma í umræðunni á Íslandi: lýðfræðileg málvísindi, eða lýðfræðimálvísindi. Ætla má að það gæti reynst áhugavert að nýta sér ýmsar af þeim aðferðum sem eru notaðar í rannsókninni til að kortleggja önnur tungumál á Íslandi. Fleiri rannsóknir af þessu tagi gætu gefið at-
hyglisverða mynd af þeim tungumálum sem innflytjendur hafa haft með sér í farteskinu þegar þeir komu til landsins og sem mynda hluta af tungumálalandslagi Íslands nú á dögum.

HEIMILDIR

- Almansa Monguilot, A. 2004. „El español en Dinamarca, Noruega e Islandia“. *El español en el mundo. Anuario del Instituto Cervantes 2004*, 277–337. Madrid: Instituto Cervantes.
- Alvord S. M. og G. L. Thomson. 2020. *Spanish in the United States. Attitudes and Variation*. London: Routledge.
- Arnar Þór Ingólfsson. 2022. „Flóttamenn frá Venesúela fá vernd í hrönnum eftir úrskurð kærunefndar útlendingamála“. *Kjarninn*, 22. ágúst 2022. Sótt í ágúst 2022 af: <https://kjarninn.is/frettir/flottamenn-fra-venesuela-fa-vernd-i-hronnum-um-eftir-urskurd-kaerunefndar-utlendingamala/>
- Belpolity F. og E. Bermejo. 2019. „Heritage Languages sand Spanish Speaking Heritage Language Speakers in the United States“. *Spanish Heritage Learners' Emerging Literacy Empirical Research and Classroom Practice*, 8–24. London: Routledge.
- Berglund, Susana. 2016. „Los indocumentados: Dos caras de la política en los Estados Unidos. Unauthorized immigrants: Divided political views in the United States“. *Tiempo y Espacio* 26/65. Sótt í apríl 2022 af: http://ve.scielo.org/scielo.php?script=sci_arttext&pid=S1315-94962016000100003
- Birna Arnbjörnsdóttir, Þráinn Höskuldsson og Úlfar Bragason. 2018. *Sigurtunga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Bravo García, E. 2008. *Español internacional. Conceptos, contextos y aplicaciones*. Madrid: ArcoLibros.
- Concheiro, P. 2017. „ELE/EL2 en Islandia: crecimiento y consolidación del español como lengua extranjera“. *Boletín ASELE* 56: 21–23.
- Crevels, M. og P. Muysken. 2015. *Lenguas de Bolivia: Temas nacionales*. La Paz, Bolivia: Plural Editors.
- Emilsson Pescova, R. 2022. „Móðurmál – The association on bilingualism: Enriching language education in Iceland“. *The Nordic-Baltic Region Electronic Newsletter*. Sótt í apríl 2022 af: <http://stil-is.weebly.com/>
- Emilsson Pescova, R. og Hanna Ragnarsdóttir. 2018. „Strengthening linguistic bridges between home and school: experiences of immigrant children and parents in Iceland“. *International Handbook on Research and Practice in Heritage Language Education*. Doi:10.1007/9783-319-44694-3_29
- Erla Erlendsdóttir. 2004. „El español en Islandia“. *Boletín de ASELE* 31: 31–33.
- Erla Erlendsdóttir og Karl Jóhannsson. 2020. „Undir suðrænni sól. Spánarferðir Íslendinga“. *Á fjarlægum ströndum. Tengsl Spánar og Íslands í tímans rás*. Ritstj. Erla Erlendsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.
- European Commission/EACEA/Eurydice. 2019. *The Structure of the European Education Systems 2019/20: Schematic Diagrams*. Eurydice Facts and Figures. Luxembourg: Publications Office of the European Union.
- GMDAC = *Global Migration Data Analysis Centre*. 2021. Datos migratorios en América del Norte. Sótt í apríl 2022 af: <https://www.migrationdataportal.org/>

- es/regional-data-overview/datos-migratorios-en-america-del-norte
Hagstofa Íslands. <https://www.hagstofa.is/>
- Herrera Lima, F. 2012. „La migración a Estados Unidos: una visión del primer decenio del siglo XXI“. *Norteamérica* 7/2. Sótt í apríl 2022 af: http://www.scielo.org.mx/scielo.php?script=sci_arttext&pid=S1870-35502012000200006
- Hólmfríður Garðarsdóttir og I. Juan Tomás. 2007. „El español en Islandia“ [rafræn útgáfa]. *Enciclopedia del español en el mundo. Anuario del Instituto Cervantes 2006-2007*, 255–257. Madríd: Instituto Cervantes.
- Instituto Cervantes. 2020. „El español en el mundo 2020“. *El español en el mundo 2020. Anuario del Instituto Cervantes*. Ritstýrt af Instituto Cervantes, 17–114. Madríd: Bala Perdida.
- Loureda Lamas, Ó., F. Moreno Fernández, H. Álvarez Mella og D. Scheffler. 2020. „Alemania y sus hablantes de español“. *El español en el mundo 2020. Anuario del Instituto Cervantes* 321–354. Madríd: Instituto Cervantes og Bala Perdida Editorial S. L.
- Loureda Lamas, Ó., F. Moreno Fernández, H. Álvarez Mella og David Scheffler. 2020. *Demolingüística del español en Alemania*. Instituto Cervantes, Universidad de Heidelberg y Universidad de Zúrich.
- Loureda Lamas, Ó., H. Álvarez Mella, C. Blattner. 2021. „La Europa hispanohablante: una mirada demolingüística“. Í *El español, lengua internacional: proyección y economía*, 65–83. Ritstj. José Luis García Delgado. Pamplona: Civitas / Thomson Reuters.
- Menntamálaráðuneytið. 1997. *Um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi. Álit nefndar um málefni útlendinga*. Reykjavík. Sótt í apríl 2022 af: https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneytimedia/media/mrnpdf_upplysing-ar-utgefid/utlending-skyrsla.pdf
- Moreno Fernández, F. og J. Otero Roth. 1998. „Demografía de la lengua española“. *El español en el mundo. Anuario del Instituto Cervantes 1998*. Madríd: Instituto Cervantes Arco/Libros, 59–86.
- Moreno Fernández, F. og J. Otero Roth. 2006. *Demografía de la lengua española*. Madríd: Instituto Complutense de Estudios Internacionales.
- Moreno Fernández, F. og J. Otero Roth. 2007b. „El español en su dimensión demolingüística“. *Circunstancia* 13: 1–9.
- Moreno Fernández, F. 2009. „Integración sociolingüística en contextos de inmigración: marco epistemológico para su estudio en España“. *Lengua y migración*, 1: 121–156.
- Moreno Fernández, F. 2014. „Fundamentos de demografía lingüística a propósito de la lengua española“. *Revista Internacional de Lingüística Iberoamericana* 12 (2), 19–38.
- Moreno Fernández, F. 2020. „La internacionalización del español y su análisis“. *La proyección internacional del español y el portugués: el potencial de la proximidad lingüística / A projeção internacional do português e do espanhol: o potencial da proximidade lingüística*. Instituto Cervantes og Instituto Camões. Lissabon: INCM.
- Schweizerische Eidgenossenschaft. 2020. *Demografisches Porträt der Schweiz. Bestand,*

- Struktur und Entwicklung der Bevölkerung im Jahr 2020*. <https://www.bfs.admin.ch/asset/de/479-2000>
- Sigrún Á. Eiríksdóttir. 2020. „Um upphaf spænskukennslu á Íslandi: Stiklað á stóru“. *Á fjarlægum ströndum. Tengsl Spánnar og Íslands í tímans rás*, 271–283. Ritstj. Erla Erlendsdóttir og Kristín G. Jónsdóttir. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sorolla Vidal, N. 2017. „La recerca demolingüística: estat de la qüestió i futur“. *Llengua, Societat i Comunicació* 15: 1–5.
- Sorolla Vidal, N. 2012. „Demolingüística“. *Sociolingüística catalana*. Ritstj. Emili Boix-Fuster o.fl. Universitat Oberta de Catalunya. Sótt í apríl 2022 af: <http://hdl.handle.net/10609/50921>
- Statista. „Share of indigenous or native language speakers in Latin America by country“. 2018. Sótt í apríl 2022 af: <https://www.statista.com/statistics/1058273/latin-america-share-indigenous-language-speakers-country/>
- Stjórnarráð Íslands. 2022. „Fjöldi flóttamanna“. Sótt í apríl 2022 af: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utlendingar/flottafoolk/fjoldi-flottamanna/>
- Swann, J., A. Deumert, T. Lillis og R. Mesthrie. 2004. *Dictionary of Sociolinguistics*. Tuscaloosa: The University of Alabama Press.
- Torres i Pla, J. 2011. „La demolingüística en els territoris de llengua catalana“. *Treballs de Sociolingüística Catalana* 21: 183–192.
- Útlendingastofnun. 2022. „Tölfræði verndarsviðs“. Sótt í apríl 2022 af: <https://utl.is/index.php/um-utlendingastofnun/toelfraedhi/toelfraedhi-verndarsvidhs>
- Útlendingastofnun. 2021. „Tölfræði leyfasviðs“. Sótt í apríl 2022 á: <https://utl.is/index.php/um-utlendingastofnun/toelfraedhi/toelfraedhi-leyfasvidhs>
- Verdoodt, A. F. 1998. „The Demography of Language“. Í *The Handbook of Sociolinguistics*, 33–44. Ritstýrt af Florian Coulmas. Oxford: Blackwell.
- La demolingüística. „Comptar llengües, usos i persones“. 2017. *Llengua, Societat i Comunicació*, 15.

Dagblöð, tímarit

- mbl.is*. 2016. „Flestir vilja læra spænsku“, *Morgunblaðið* 23. nóvember 2016.
- Fréttablaðið*. 2021. „109 tungumál töluð í íslenskum skólum“, *Fréttablaðið* 22. febrúar 2021.

ÚTDRÁTTUR

Drög að kortlagningu spænsku á Íslandi

Í greininni er sagt frá samevrópsku rannsóknarverkefni sem hverfist um kortlagningu spænsku í Evrópu. Markmið verkefnisins er að grafast fyrir um stöðu spænskrar tungu í álfunni og freista þess að draga upp heildstæða mynd af notkun hennar utan hins spænskumælandi heims. Forgöngumenn rannsóknarverkefnisins eru fræðimenn frá háskólum á Spáni, Þýskalandi og Sviss. Einnig tekur Cervantes-stofnunin þátt í verkefninu. Að verkefninu koma um 30 sérfræðingar og fræðimenn frá ýmsum löndum í Evrópu. Hver verkefnishópur hefur á sinni könnu eitt eða fleiri lönd. Íslensku þátttakendurnir eru í hópi með fræðimönnum frá öðrum Norðurlöndum en í hópnum eru sérfræðingar frá Árósum, Kaupmannahöfn, Osló, Reykjavík, Stokkhólmi og Tampere. Niðurstöður rannsóknarverkefnisins í hinum ýmsu löndum verða gefnar út á bók í ritröðinni Kortlagning spænsku í Evrópu. Fyrsta heftið í ritröðinni kom út árið 2020 og fjallar um kortlagningu spænsku í Þýskalandi. Á næstunni er von á niðurstöðum rannsóknarhópa í Sviss og Portúgal.

Verkefnishóparnir fylgja sama verklagi og aðferð í öflun og greiningu gagna sem gerir kleift að bera saman niðurstöðu á milli Norðurlanda annars vegar og einstakra landa Evrópu hins vegar. Í rannsóknarverkefninu er aðferðum Moreno Fernández og Otero Roth fylgt en þeir hafa um langt árabil haft forystu um rannsóknir á þessu sviði í spænskumælandi löndum heims, einkum Spáni. Í rannsókninni er byggt á lýðfræðilegum upplýsingum og fellur nálgunin undir það sem kallast lýðfræðimálvísindi, nálgun sem beitir einnig aðferðum félagsmálvísinda. Málhafar eru taldir og flokkaðir eftir færnistigum. Þar ber fyrst að nefna móðurmálshafa, í annan stað málfaha með takmarkaða málfærni og í þriðja lagi þá einstaklinga sem hafa tileinkað sér spænsku sem annað mál og búa yfir mismunandi og jafnvel takmarkaðri málfærni.

Lýkilord: lýðfræðimálvísindi, spænska í Evrópu, spænska á Ísland

ABSTRACT

Mapping Spanish in Iceland

In this article the preliminary results on Spanish language competence in Iceland are presented, as part of an ongoing interdisciplinary research project called Spanish in Europe (s. El español en Europa), directed by scholars at the Heidelberg Center for Iberic-American Studies and the University of Zurich. The project brings together over 30 scholars from across Europe, where the Icelandic participants join forces and collaborate with colleagues from Denmark, Finland, Norway and Sweden. The aim of the project is to map proficiency levels and the use of Spanish in Europe by focusing on the dynamics of migration, demography and education. The Cervantes Institute in Madrid is responsible for the publication of the results in a series of reports, initiated in 2020 with a volume on Spanish language in Germany. The volumes on Switzerland and Portugal are scheduled to be published later this year. The results from the Nordic countries will be published together in a special volume the following year.

The project falls within the field of demolinguistics, an approach that combines both quantitative and qualitative data, applying methods used in sociolinguistics and demography. The article describes a methodology (Moreno Fernandez & Otero Roth 1998, 2006, 2007; Moreno Fernandez 2014) by which speakers are counted and categorized according to their level of competence into three groups: the first includes native speakers of the subject language, the second comprises those individuals with limited competence due to several factors (e.g., second- or third-generation heritage language speakers) and the third group is composed by learners of Spanish in different educational stages. Examples and data from those specific groups in Iceland are provided. Such methodology shared by all research teams enable the comparison of results between the Nordic countries and the rest of the European continent.

Keywords: Demolinguistics, Spanish in Europe, Spanish in Iceland

ERLA ERLENSDÓTTIR
ODDNÝ G. SVERRISDÓTTIR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hönd í bönd, mano a mano,
Hand in Hand
Enn og aftur af orðapörum

Inngangur

Í framhaldi af umfjöllun um orðapör í íslensku, spænsku og þýsku (Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir 2021) lá beint við að fjalla nánar um fyrirbrigðið og ræða nákvæmar um þau orðapör sem einungis var vikið stuttlega að í fyrri skrifum. Hér er átt við orðapör þar sem sama orðið er endurtekið og orðin tengd saman með forsetningu eða samtengingu, og jafnvel einungis með kommu. Einnig kemur fyrir að orðin tvö séu allsendis ótengd. Þetta er gert í því skyni að draga upp heildarmynd af þessu sviði orðasambandafræðinnar og reka þar með smiðshöggvið á fyrstu umfjallanir um orðapör á þessum vettvangi.

Orðapör heyrast gjarnan í mæltu máli og ekki er óalgennt að þau komi einnig fyrir sjónir lesenda í ritmáli. Notkun orðapara auðga tunguna og gera hana blæbrigðaríka og kjarnmikla. Þá skjóta margir málhafar orðapörum inn í mál sitt til að gefa orðum sínum aukinn þunga eins og dæmin hér á eftir sýna. Í *Fiskifréttum* mátti nýverið lesa frétt þess efnis að skipin „landa fullfermi *trekk í trekk*“ (*Fiskifréttir* 2022), þá segir í *Fréttablaðinu* frá því að „íbúum í Bláskógabyggð *fjölgi og fjölgi*“ (*Fréttablaðið* 2022) og Þorvaldur Gylfason fjallar um meðalaldur Íslendinga í grein með fyrirsögninni „Að lifa *lengur og*

lengur“ (*Fréttablaðið* 2019).¹ Hér koma fyrir orðapör þar sem sama orðið er endurtekið og orðin tvö tengd saman með tengiorði. Orðapör af þessu tagi koma fyrir í mörgum tungumálum heims og eiga sér jafnvel langa sögu í málunum, eins og til dæmis í íslensku, þýsku og spænsku.

Uppbygging þessarar greinar er með eftirfarandi hætti: Í fyrstu er fjallað almennt um orðapör, hlutverk þeirra, eðli og einkenni. Þá er í næsta kafla freistast til að flokka þau orðapör sem athyglin beinist sérstaklega að, þ.e. þau sem er smíðuð úr kjarnaorði X + tengiorði + kjarnaorði X (X + X). Nefna má orðaparið *lið fyrir lið* í íslensku sem dæmi um slík orðapör, *página tras página* (‘blaðsíða eftir blaðsíðu’) í spænsku og *Tag nach Tag* (‘dag eftir dag’) í þýsku. Síðan er augum beint að orðapörum sem víkja frá þessari byggingu á þann veg að ekkert tengiorð kemur fyrir í þarinu heldur greinarmerki eins og komma (X, X) eða þá að orðin standa hlið við hlið án tengingar af nokkru tagi (X X). Kjarnaorðið er hið sama í orðaparinu: *lengi lengi* eða sitt hvort orðið: *naudugur, viljugur*. Dæmi um slík orðapör í spænsku er *todo todo* (‘bókstaflega allt’) og í þýsku má nefna *schnell, schnell* (‘fljótt, með hraði’²). Í lok greinarinnar eru reifuð orðapör, eða orðarunur, sem víkja á einhvern hátt frá sígildri byggingu orðasambandanna sem eru til umfjöllunar, og sem eru frekar sjaldgæf í málunum þremur. Greininni lýkur með samantekt í lokaorðum.

1. Orðapör: hlutverk, eðli, einkenni


Harald Burger flokkar föst orðasambönd í þrjá meginflokkka: tilvísandi, formgerðarleg og samskiptabundin. Orðapör sem tilheyra flokki fastra orðasambanda falla undir það sem Burger kallar formgerðarleg föst orðasambönd (Burger 2015, 55). Hér er átt við að bygging og gerð þeirra sé með ákveðnu fastmótuðu sniði. Orðapör samstanda af tveimur kjarnaorðum sem yfirleitt eru tengd með tengiorði. Hjá þessari tegund orðasambanda er sjónum fyrst og fremst beint að gerð þeirra þegar kemur að því að flokka þau og gera grein fyrir þeim. Hvað varðar hina flokkana þá má benda á að tilvísandi föstu

1 Skáletrunin er höfundu.

2 Þess má geta að mörkin á milli orðapara og klifunar geta verið óljós.

orðasamböndin eru ígildi setningarliða (orðtök, hlutorðtök og orðastæður) eða ígildi setninga og þau samskiptabundnu eru samskiptaformúlur, notaðar við ákveðnar aðstæður.

Í skemanu hér að neðan sést hvar í flokkun Burgers orðapörin falla:



Í fyrri skrifum hafa höfundar skilgreint orðapör með eftirfarandi hætti:

Þau [Orðapörin] eru yfirleitt samsett úr tveimur liðum, eru *tvíliða* (þ. *doppelgliedrig*, sp. *estructura binaria*), þ.e. samanstanda af tveimur mismunandi orðum, kjarnaorðum, úr sama orðflokki sem mynda einskonar par tengt með tengiorðum (*Fügewörter*, *nexos*). Ef um orðapör sem mynduð eru með sama orðinu er að ræða eru þau stundum nefnd *eineggja orðapör* (*eineiige Wortpaare*, *palabras siamesas*) og er þá tengiorðið oftast forsetning (Erlendsdóttir og Sverrisdóttir 2021. Sjá einnig Burger 2015; García-Page 1997, 1998, 2008; Corpas Pastor 1997, 2003; Almela Pérez 2006; Luque Nadal 2017).

Ýmsir vísindamenn á fræðasviðinu gera greinarmun á annars vegar orðapörum þar sem koma fyrir mismunandi orð í orðliðunum og kalla slík orðasambönd *Wortpaar* á þýsku og *binomio* á spænsku, þ.e. *orðapör*. Þar sem sama orðið er hins vegar endurtekið í fyrri og seinni lið kallast fyrirbrigðið einnig *Paarformel* á þýsku og *reduplicación* á spænsku. Hér er heitið *orðapar* hins vegar notað um báðar þessar gerðir. Undir fyrrnefnda flokkinn falla orðapör sem endurspegla formúluna $X + Z$, til að mynda orðaparið *hátt og lágt*. Til síðarnefnda flokksins heyra orðapör þar sem sama orðið er endurtekið eftir formúlunni $X + X$. Orðin tvö eru tengd saman með forsetningu (*dag eftir dag*) eða samtengingu (*aftur og aftur*).

Hvað varðar orðtakseðli orðasambanda þá bendir Burger á að merkingarlegt orðtakseðli er stigbundinn eiginleiki fastra orðasambanda (Burger 2015; García-Page 1997, 1998, 2007; Corpas Pastor 1997; Almela Pérez 2006; Sverrisdóttir 2009, 157). Orðapör sem slík búa hins vegar yfir litlu orðtakseðli. Hér er átt við það að yfirfærð merking þeirra sé yfirleitt lítil sem engin. Dæmi um fast orðasamband með orðtakseðli er *Jóna er flutt á mölina* sem merkir ‚flutt í höfuðstaðinn‘. Sú merking fæst ekki ef merking orðanna einhver + vera + flytja + mól er lögð saman heldur er merkingin yfirfærð. Þessu er ekki þannig farið í setningunni *Jóna er flutt í Hveragerði*; hér er engin yfirfærð merking og ekkert orðtakseðli til staðar, enda er setningin ekki dæmi um fast orðasamband.

Festa í orðapörum er hins vegar mjög mikil. Með festu er átt við þann eiginleika fastra orðasambanda að þau eru geymd í tungumálinu sem eitt orð sem gripið er til (Burger 2015; García-Page 1997, 1998, 2008; Corpas Pastor 1997; Balzer 2008). Orðasambandið *lesa yfir hausamótunum á einhverjum þýðir* ‚skamma‘ og eru orðin lesa + yfir + hausamótin fasttengd og koma fyrir í málinu í þessari óhagganlegu röð og með áðurnefndri merkingu (Sverrisdóttir 2009, 153). Þegar um orðapör er að ræða þar sem mismunandi orð koma fyrir er röð orðanna yfirleitt lítt breytileg, þ.e.a.s. að orðapörin búa yfir mikilli festu, auk þess er auðvelt að þekkja gerð þeirra og oft koma fyrir stuðlun eða rím (Burger 2015, 55; Almela Pérez 2006; Luque Nadal 2017).

Orðapör eru alla jafna styttri en önnur föst orðasambönd. Þessi einkenni ásamt mikilli festu gefa orðapörum ákvedna sérstöðu og skýra að hluta hversu almenn notkun þeirra er. Fyrir kemur að föstum orðasamböndum sé ruglað saman þar sem merking þeirra er ekki alveg skýr, gerð þeirra er keimlók og þau eru e.t.v. notuð án mikillar umhugsunar. Dæmi um þetta mátti heyra í fréttum RÚV 4. apríl 2022. Þar notaði þulur fasta orðasambandið *að leggja árar í bát* í merkingunni ‚hjálpa einhverjum‘. Í lok fréttatímans var þetta leiðrétt og jafnframt bent á að þarna hefði þuli orðið á messunni þar sem ætlunin hefði verið að nota fasta orðasambandið *leggjast á árarnar með e-m* sem merkir ‚aðstoða, hjálpa‘. Eins og gefur að skilja sköpuðust líflegar umræður um þetta atvik á facebook-hópnum Skemmtileg íslensk orð. Þá er oft erfitt fyrir málnotendur að átta sig á því hvaða

orð koma fyrir í föstum orðasamböndum, sérstaklega ef þau eru sjaldgæf í tungumálinu, t.d. er algengt að rekast á *mata krókinn* í stað *maka krókinn*. Einnig kemur fyrir að föstum orðasamböndum sé blandað saman og er það nefnt samsláttur (Sverrisdóttir 2009, 154). Dæmi um samslátt væri til dæmis *að kalt vatn renni á milli stafs og hurðar*. Þarna hefur slegið saman föstu orðasamböndunum *kalt vatn rennur milli skinnis og hörunds* og *lenda á milli stafs og hurðar* (Gísli Jónsson 1996). Samsláttur og ámóta ruglingur kemur sjaldan fyrir í orðapörum og má segja að merking orðapara sé oftast gagnsærri en annarra fastra orðasambanda.

Þeir eiginleikar orðapara, þ.e. hversu stutt þau eru alla jafna, að búa yfir litlu orðtakseðli og innihalda sjaldan stakyrði eru e.t.v. ástæða þess að þau eru algeng og vinsæl í talmáli. Þau eru því mjög ákjósanleg í kennslu erlendra tungumála þar sem nemendur geta auðveldlega náð tökum á notkun þeirra og merkingu.

Orðapör eru litrík, krydda málið og koma oft í stað eins orðs. Dæmi þar um er eftirfarandi:

- (1) Harpa *hjálpaði* bróður sínum mikið þegar hann lenti í erfiðleikunum.

Hér mætti notað orðið *stoð* eða orðaparið *stoð og stytta* í þessari sömu merkingu.

- (2) Harpa var bróður sínum *stoð* þegar hann lenti í erfiðleikunum.
- (3) Harpa var bróður sínum *stoð og stytta* þegar hann lenti í erfiðleikunum.

Með því að nota *stoð og stytta* í stað *hjálpaði* eða *vera e-m stoð* er lögð áhersla á merkinguna og setningin verður áhrifaríkari þar sem notuð er myndlíking, einnig er stuðlasetning til staðar í orðaparinu. Þá má nefna að í orðapörum eru kjarnaorðin oft samheiti, skyld orð eða andheiti, endurtekningar sem ætlað er að undirstrika merkinguna eða skírskota til víðara samhengis. Dæmi um þetta er að finna í orðapörunum *upp á æru og trú* og *undur og stórmerki* þar sem koma fyrir orð sem eru merkingarlega skyld. Í orðapörum þar sem kjarnaorðið er ekki endurtekið heldur er um tvö mismunandi kjarnaorð að ræða er

enn fremur oft unnt að greina einhvers konar rökrétta röð: tímaröð, röð fyrirbæra eða atvika, samanber orðapörin *frá hvirfli til ilja, frá toppi til táar, frá morgni til kvölds, frá vöggu til grafar*. Orðapör af þessu tagi spanna vítt merkingarsvið þar sem þau eru samsett úr tveimur kjarnaorðum sem tilheyra sitthvorum enda ássins, þ.e. upphafi og endi. Dæmi um andheiti í orðapörum eru eftirfarandi: *háir og lágir, súrt og sætt, ríkir og fátækir, í gleði og sorg, milli himins og jarðar, í blíðu og stríðu*. Þessi dæmi lýsa hlutverki og eiginleikum orðapara þar sem sitthvort kjarnaorðið kemur fyrir í þarinu. Þessu er á annan veg farið hjá orðapörum þar sem sama kjarnaorðið kemur fyrir í báðum liðum, þ.e. er endurtekið. Hlutverk þessara orðapara er nokkuð frábrugðið hlutverki þeirra sem eru með tvö mismunandi kjarnaorð að því leyti að hin fyrrnefndu eru notuð til að leggja áherslu á mál sitt, endurtaka og undirstrika það sem verið er að tjá, þannig gegna þau stílfraðilegu hlutverki. Eftirfarandi dæmi skýrir þetta hlutverk:

(4) Það var mikill *mannfjöldi* á torginu.

(5) Það var *maður við mann* á torginu.

Merking setninga (4) og (5) er að margt hafi verið um manninn á torginu en setning (5) lýsir á áhrifameiri og myndrænni hátt að fjöldi manns hafi verið samankominn á torginu.

Eins og áður sagði eru orðapör notuð sem eitt orð í tungumálinu. Komi þau fyrir sem frumlag, sem gerist sjaldan, er notuð eintölu-mynd sagnarinnar (Müller 2009). Til skýringar má nefna eftirfarandi dæmi úr þýsku: *Haus und Hof ist* en ekki *Haus und Hof sind*. Sögnin ‚sein‘ er notuð í eintölu. Müller bendir einnig á að þegar forsetning sé hluti af orðapari komi hún aðeins einu sinni fyrir, samanber: *gegnum þykkt og þunnt*, ekki **gegnum þykkt og gegnum þunnt*, og það undirstriki eðli orðapara sem ígildi orða (sjá einnig Almela Pérez 2006; Luque Nadal 2017).

Müller hefur fjallað sérstaklega um orðapör og notkun þeirra í þýsku. Hann bendir á þá staðreynd að ekki sé til neinn tæmandi listi yfir öll orðapör þýskrar tungu³. Ástæðan sé sú að þau komi fyrir á mismunandi stöðum, bókmenntatextum og textum af ýmsu tagi,

3 Þess má geta að vísir að lista yfir orðapör er til hjá Hofmeister (2010). Hann er hins vegar ekki tæmandi.

fjölmiðlum og talmáli svo nokkur dæmi séu nefnd. Enn fremur séu orðapör mynduð „ad hoc“. Müller bendir einnig á þá staðreynd að sum orðapör og notkun þeirra sé á gráu svæði þar sem ekki sé alltaf unnt að henda reiður á hvort um „eiginlegt“ orðapar eða upptalningu eða endurtekningu sé að ræða (Müller 2009, 16). Það er engum blöðum um það að fletta að *stutt og laggott* eða *fír og flamme* eru orðapör. Þetta er ekki eins augskýlegt hjá *gamall og brumur*. Eðli orðapara er einnig þannig að erfitt, jafnvel ógerlegt, getur verið að segja fyrir um hvernig þau mynduðust upprunalega, eða hvaða orð verða fyrir valinu þegar orðapör eru smíðuð.


Eins og áður var vikið að gegna orðapör stílfræðilegu hlutverki og koma oft fyrir í bókmenntatextum, ekki síst í þjóðsögum og ævintýrum eins og sést í eftirfarandi tilvitnun: „Nú riðu þeir *lengi, lengi* þangað til þeir sáu eina hind með gullhring um hornin.“ (Jón Árnason 1854, 2. bd. bls. 360.) „Und ging fort *lange, lange* Wege, bis sie endlich zu dem Schloß kam, wo beide zusammen lebten.“ (Grimm 1991, 436.) „Og Mjallhvít hvíldi síðan *lengi, lengi* í kistunni ...“ segir í spænskri þýðingu ævintýrisins: „Blancanieves estuvo *mucho, mucho* tiempo en el féretro ...“ (Hermanos Grimm 1812.)

Í umfjöllun um orðapör þar sem fyrir koma mismunandi kjarnaorð í orðapörum (Erlendsdóttir og Sverrisdóttir 2021) var einungis lítilliga vikið að orðapörum þar sem kjarnaorðið er endurtekið. Nú verður athyglinni beint að síðarnefndu gerðinni með það fyrir augum að gera þessu sviði innan orðasambandsfræðinnar þannig skil að unnt sé að öðlast yfirlit yfir þennan flokk fastra orðasambanda. Skemað hér að neðan endurspeglar helstu einkenni orðapara og fjórar helstu gerðir þeirra ásamt dæmum:

ORÐAPÖR

Lítt breytanleg orðaröð

Orðtakseðli / að hluta til með orðtakseðli / ekkert orðtakseðli



Skema 2. Helstu flokkar og einkenni orðapara

2. Flokkun orðapara þar sem kjarnaorð er endurtekið

Í tungumálunum sem hér er fjallað um fyrirfinnast orðapör þar sem sama kjarnaorðið kemur fyrir í báðum liðum. Kjarnaorðin í þessum orðapörum eru alla jafna nafnorð (*lið fyrir lið, punto þor punto, Jahr für Jahr*), en einnig geta þau verið lýsingarorð (*ríkari og ríkari, mejor que mejor, häufiger und häufiger*), sagnir (*blauða og blauða, correr y correr, laufen und laufen*) og atviksorðs (*betur og betur, mejor y mejor, besser und besser*).

Hér á eftir fylgir flokkun þessarar tegundar orðapara og er flokkað eftir tengiorðinu sem kemur fyrir í orðaparinu. Annars vegar getur tengiorðið verið forsetning og hins vegar samtenging. Eins og áður sagði er kjarnaorðið endurtekið, þó má geta þess að ef um stig-

breytingu orðsins er að ræða er ekki litið svo á að hér sé annað orð á ferðinni þar sem stigbreytta formið kemur yfirleitt ekki fyrir sem fletta í orðabók, dæmi þar um væri *noch und nöcher* í þýsku. Svipað er uppi á teningnum í nokkrum íslenskum orðapörum þar sem kjarnaorðið kemur fyrir í sitthvoru falli, t.d. *orð af orði*.

2.1. Flokkun eftir tengiorðum⁴

Eins og áður hefur komið fram þá tengjast kjarnaorð með tengiorðum. Þau geta verið samtengingar eða forsetningar. Hér í kaflanum beinast sjónir í fyrstu að orðapörum þar sem tengiorðið er forsetning en kjarnaorðið það sama í fyrri og seinni lið (*skref fyrir skref, paso por paso, Schritt für Schritt*) og síðan að orðapörum sem tengjast með samtengingu og kjarnaorðin eru endurtekin eins og áður (*smátt og smátt, vueltas y vueltas, dann und dann*). Þá er vikið að orðapörum þar sem bæði forsetningar og samtengingar koma fyrir, eins og *frá manni til manns* í íslensku, *de bueno a bueno* (‘góðlátlega’) í spænsku og *von Dorf zu Dorf* (‘úr einu þorpi í annað’) í þýsku.

2.1.1. Forsetningar sem tengiorð í orðapörum: *kjarnaorð+forsetning+kjarnaorð* {*ko+fs+ko*}

Í tungumálunum sem hér eru í brennidepli, íslensku, spænsku og þýsku, finnast dæmi um orðapör þar sem tengiorðið er forsetning. Helstu forsetningar í íslensku í þessari gerð orðapara eru *af, eftir, fyrir, í, úr* og *við*. Í spænsku eru það forsetningar eins og *a, con, por, sobre* og *tras* sem tengja saman kjarnaorðin, og í þýsku má nefna forsetningar eins og *an, auf, für, gegen, in, nach, von/zu, um* og *über*.

Rétt er að hafa orð á því að í sumum íslenskum orðapörum er

4 Rétt er að taka fram að ekki er alls staðar sami fjöldi af orðapörum þegar gefin eru dæmi um þau í tungumálunum þremur. Höfundar vilja undirstrika að með umfjöllunum um orðapör er verið að leggja drög að gagnagrunnum um orðapör í tungumálunum þremur þar sem slíkir gagnagrunnar eru ekki til. Mörg orðaparanna sem koma fyrir í gagnagrunninum *Íslenskt orðanet* falla ekki í flokk fraseólógískra orðapara eins og þau eru skilgreind hér í greininni. Sem dæmi má nefna að höfundar þessarar greinar telja „þak og gólf“ (*Íslenskt orðanet*) ekki vera orðapar. Það er hins vegar *húlf og gólf*, orðapar sem við fyrstu athugun kemur ekki fyrir í fyrrnefndu máltæknitóli. *Trekk í trekk* telst ekki vera orðapar samkvæmt *Íslensku orðaneti* en er það samkvæmt orðaparafræðinni og í fraseólógískum skilningi (sjá Burger 2015; García-Page 1997, 1998, 2008; Almela Pérez 2006; Luque Nadal 2017).

orðið sem myndar seinni kjarnaliðinn í þágufalli en það kemur til af því að forsetningin sem tengir kjarnaorðin stýrir þágufalli, t.d. *mann af manni og hús úr húsi*.

Hér að neðan eru dæmi um orðapör þar sem tengiorðið er forsetning. Fyrst koma dæmi um íslensk orðapör, þá spænsk og síðan þýsk.

2.1.1.1. Íslenska

Með forsetningunni á [kjarnaorð+á+kjarnaorð]

maður á mann.

Með forsetningunni af [kjarnaorð+af+kjarnaorð]

ár af ári, bæ af bæ, dag af degi, mann af manni, mold af moldu, orð af orði.

Með forsetningunni eftir [kjarnaorð+eftir+kjarnaorð]

ár eftir ár, bók eftir bók, dag eftir dag, bring eftir bring, maður eftir mann, mánuð eftir mánuð, skipti eftir skipti, tíð eftir tíð, vers eftir vers.

Með forsetningunni frá [kjarnaorð+frá+kjarnaorð]

ár frá ári, bæ frá bæ, dag frá degi, mann frá manni.

Með forsetningunni fyrir [kjarnaorð+fyrir+kjarnaorð]

atkvæði fyrir atkvæði, auga fyrir auga, blaðsíðu fyrir blaðsíðu, króna fyrir krónu, lið fyrir lið, mann fyrir mann, orð fyrir orð, skref fyrir skref.

Með forsetningunni í [kjarnaorð+í+kjarnaorð]

allt í öllu, arm í arm, hönd í hönd, trekk í trekk.

Með forsetningunni yfir [kjarnaorð+yfir+kjarnaorð]

steinn yfir steini.

Með forsetningunni við [kjarnaorð+við+kjarnaorð]

bíll við bíl, blið við blið, kinn við kinn, maður við mann, tré við tré.

Með forsetningunni úr [kjarnaorð+úr+kjarnaorð]

borg úr borg, hús úr húsi, land úr landi.

2.1.1.2. *Spænska***Með forsetningunni *a* [kjarnaorð+a+kjarnaorð]**

boca a boca (,munn við munn' [lífgunartilraunir]), *bien a bien* (,með glöðu geði'), *cara a cara* (,augliti til auglitis'), *codo a codo* (,hlið við hlið'), *día a día* (,dags daglega'), *frente a frente* (,augliti til auglitis'), *gota a gota* (,smátt og smátt'), *hombro a hombro* (,olnboga sig áfram'), *mano a mano* (,vinna saman að e-u'), *paso a paso* (,skref fyrir skref'), *peseta a peseta* (,krónu eftir krónu'), *poco a poco* (,hægt og rólega'), *sorbito a sorbito* (,sopa eftir sopa'), [dar] *tiempo al tiempo* (,bíða eftir réttu augnabliki'), *verso a verso* (,vers eftir vers').

Með forsetningunni *con* [kjarnaorð+con+kjarnaorð]

Boca con boca (,vera mjög nálægt e-um'), *casa con casa* (,hús við hús'), *codo con codo* (,öxl við öxl'), *hombre con hombre* (,enginn'), *mejilla con mejilla* (,kinn við kinn'), *pie con pie* (,hlið við hlið'), *puerta con puerta* (,hlið við hlið').

Með forsetningunni *en* [kjarnaorð+en+kjarnaorð]

día en día (,dags daglega').

Með forsetningunni *por* [kjarnaorð+por+kjarnaorð]

Boca por boca (,nálægt e-um'), *cien por cien* (,hundrað prósent'), *decir por decir* (,orðin tóm'), *día por día* (,dags daglega'), *hablar por hablar* (,tala markleysu'), *hoja por hoja* (,blaðsíðu fyrir blaðsíðu'), *hombre por hombre* (,maður á mann'), *partida por partida* (,lið fyrir lið'), *punto por punto* (,lið fyrir lið'; ,í smáatriðum'), *tanto por tanto* (,sama verð').

Með forsetningunni *sobre* [kjarnaorð+sobre+kjarnaorð]

mano sobre mano (,með hendur í skauti'; ,án þess að gera nokkuð').

Með forsetningunni *tras* [kjarnaorð+tras+kjarnaorð]

año tras año (,ár eftir ár'), *día tras día* (,dag eftir dag'), *verso tras verso* (,vers eftir vers'), *vez tras vez* (,skipti eftir skipti').

2.1.1.3. Þýska

Með forsetningunni *an* [kjarnaorð+an+kjarnaorð]

Brust an Brust (þétt saman, hlið við hlið), *dicht an dicht* (þétt saman), *Kopf an Kopf* (hnífjafn), *Schulter an Schulter* (hlið við hlið), *Seite an Seite* (hlið við hlið), *Tür an Tür* (dyr við dyr), *Wange an Wange* (kinn við kinn).

Með forsetningunni *auf* [kjarnaorð+auf+kjarnaorð]

Enttäuschung auf Enttäuschung (vonbrigði á vonbrigði ofan), *Hart auf Hart kommen* (versnar), *Schlag auf Schlag* (trekk í trekk), *Stein auf Stein* (stein eftir stein), *Tropfen auf Tropfen* (dropi eftir dropa).

Með forsetningunni *für* [kjarnaorð+für+kjarnaorð]

Auge für Auge (auga fyrir auga), *Buchstabe für Buchstabe* (staf fyrir staf), *Jahr für Jahr* (ár eftir ár), *Mal für Mal* (skipti eftir skipti), *Mann für Mann* (mann eftir mann), *Pass für Pass* (fjallveg eftir fjallveg), *Punkt für Punkt* (punkt eftir punkt), *Satz für Satz* (setning eftir setningu), *Schluck für Schluck* (sopa eftir sopa), *Schritt für Schritt* (skref fyrir skref), *Schublade für Schublade* (skúffu eftir skúffu), *Seite für Seite* (síða eftir síðu), *Stück für Stück* (stykki eftir stykki), *Tag für Tag* (dag eftir dag), *Wort für Wort* (orð fyrir orð), *Zeile für Zeile* (línu fyrir línu), *Zoll für Zoll* (þumlung fyrir þumlung).

Með forsetningunni *gegen* [kjarnaorð+gegen+kjarnaorð]

Mann gegen Mann (maður á mann).

Með forsetningunni *in* [kjarnaorð+in+kjarnaorð]

alles im Allem (þegar öllu er á botninn hvolft), *Auge in Auge* (horfast í augu), *Arm in Arm* (arm í arm), *grau in grau* (ömurlegt), *Hand in Hand* (hönd í hönd), *Ton in Ton* (í stíl).

Með forsetningunni *nach* [kjarnaorð+nach+kjarnaorð]

Tag nach Tag (dag eftir dag).

Með forsetningunni *zu* [kjarnaorð+zu+kjarnaorð]

Gleiches zu Gleichem (líkur sækir líkan heim).

Með forsetningunni *um* [kjarnaorð+*um*+kjarnaorð]

Auge um Auge (,auga fyrir auga'), *Flasche um Flasche* (,flösku eftir flösku'), *Glas um Glas* (,glas eftir glas'), *Kilo um Kilo* (,kíló eftir kíló'), *Mann um Mann* (,mann eftir mann'), *Runde um Runde* (,hring eftir hring'), *Seite um Seite* (,síðu eftir síðu'), *Stein um Stein* (,steinn fyrir steinn'), *Stimme um Stimme* (,atkvæði eftir atkvæði'), *Zahn um Zahn* (,tönn fyrir tönn'), *Zug um Zug* (,lið fyrir lið').

Með forsetningunni *über* [kjarnaorð+*über*+kjarnaorð]

Fehler über Fehler (,villa eftir villu'), *Fragen über Fragen* (,ekkert nema spurningar'), *Schulden über Schulden* (,skuldum vafinn'), *Wunder über Wunder* (,hver hefði trúað þessu').

Með forsetningunni *zu* [kjarnaorð+*zu*+kjarnaorð]

Erde zu Erde, *Asche zu Asche*, *Staub zu Staub* (,Af jörðu ertu kominn. Að jörðu skaltu aftur verða. Af jörðu skaltu aftur upp rísa').

2.1.1.4. Orðapör með tveimur forsetningum {forsetning+kjarnaorð+forsetning+kjarnaorð}

Að lokum má geta orðapara þar sem koma fyrir jafnt forsetningar sem samtengingar eða tvær mismunandi forsetningar. Orðapör með slíka byggingu fyrirfinnst í málunum þremur sem er fjallað um eins og dæmin hér að neðan sýna.

Íslenska

frá barni til barns, *frá manni til manns*, *frá bæ til bæjar*, *frá þorpi til þorps*.

Spænska

a tú por tú (,dónalegur'), *de boca en boca* (,fréttir, orðrómur sem fer frá manni til manns'), *de bote en la bote* (,troðfullur um stað), *de bueno a bueno* (,góðlátlega'), *de cabo a cabo* (,frá upphafi til enda'), *de cuando en cuando* (,öðru hvoru'), *de extremo a extremo* (,frá einum enda til annars'), *de grado en grado* (,stigvaxandi'), *de hito en hito* (,beina sjónum að'), *de medio a medio* (,í miðju'; ,fullkomlega'), *de punta a punta* (,frá einum enda til annars'), *de rato en rato* (,öðru hverju'), *de sol a sol* (,frá sólar-

upprás til sólseturs'), *de tanto en tanto* (,stundum, öðru hvoru'), *de tarde en tarde* (,stundum'), *de tiempo en tiempo* (,stundum, öðru hvoru'), *de tú a tú* (,þúa'), *de tú por tú* (,þúast'), *de vez en vez* (,öðru hvoru').

Þýska

von Dorf zu Dorf (,þorp úr þorpi'), *von Fall zu Fall* (,frá skipti til skiptis'), *von Frau zu Frau* (,frá konu til konu'), *von Haus zu Haus* (,hús úr húsi'), *von Mal zu Mal* (,frá skipti til skiptis, milli skipta'), *von Mensch zu Mensch* (,frá manni til manns'), *von Ort zu Ort* (,frá stað til staðar'), *von Stadt zu Stadt* (,bæ úr bæ'), *von Tag zu Tag* (,frá degi til dags'), *von Woche zu Woche* (,frá viku til viku').

2.2. Samtenging sem tengiorð í orðapörum

kjarnaorð+samtenging+kjarnaorð [ko+st+ko]

Í mörgum orðapörum í tungumálunum sem athyglin beinist að koma samtengingar fyrir sem tengiorð. Kjarnaliðirnir eru eitt og sama orðið og getur það verið nafnorð, sagnorð, lýsingarorð eða atviksorð eins og sést í dæmunum hér að neðan. Algengust eru orðapör þar sem samtengingin og (*smátt og smátt*), í spænsku y (*más y más*) og í þýsku und (*halb und halb*), kemur fyrir. Rétt er að geta þess að sum orðapör eru notuð til að undirstrika aukið magn eða gæði þess sem ber á góma hjá málnotanda. Dæmi um hið fyrrnefnda er orðaparið *fjölgar og fjölgar*, í spænsku *crecer y crecer* (,aukast og aukast') og í þýsku má nefna sem dæmi *laufen und laufen* (,hlaupa og hlaupa'). Í þessum orðapörum tengjast kjarnaorðin alla jafna með samtengingunni og, y, und.

Íslenska

Með samtengingunni og [kjarnaorð+og+kjarnaorð]

aftur og aftur, *aukast og aukast*, *betra og betra*, *dag og dag*, *fjölgar og fjölgar*, *gráta og gráta*, *hlaupa og hlaupa*, *braðar og braðar*, *hærra og hærra*, *lengur og lengur*, *meira og meira*, *smátt og smátt*, *tala og tala*, *tveir og tveir*.

Spænska

Með samtengingunni y (e) [kjarnaorð+y+kjarnaorð] / [kjarnaorð+e+kjarnaorð]

crecer y crecer (,aukast og aukast'), *hablar y hablar* (,tala og tala'), *lavar*

y lavar (,þvo og þvo'), *libros y libros* (,bækur á bækur ofan'), *más y más* (,meir og meir'), *vueltas y vueltas* (,hring eftir hring').

Með samtengingunni *o* (*u*) [kjarnaorð+*o*+kjarnaorð] / [kjarnaorð+*u*+kjarnaorð]

sí o sí (,já eða já').

Þýska

Með samtengingunni *und* [kjarnaorð+*und*+kjarnaorð]

auf du und du (,þúast'), *dann und dann* (,stundum'), *durch und durch* (,í gegn') *dumm und dümmer* (,nautheimskur'), *für und für* (,enn og aftur'), *größer und größer* (,stærri og stærri'), *halb und halb* (,til helminga'), *jetzt und jetzt* (,nú'), *laufen und laufen* (,hlaupa og hlaupa'), *mehr und mehr* (,meira og meira'), *Meter und Meter* (,meter fyrir meter'), *nach und nach* (,smám saman'), *noch und noch* (,aftur og aftur'), *noch und nächer* (,enn og aftur'), *um und um* (,hring eftir hring'), *wachsen und wachsen* (,vaxa og vaxa'), *über und über* (,aftur og aftur').

Með samtengingunni *oder* [kjarnaorð+*oder*+kjarnaorð]

So oder so (,hvernig sem fer, þegar upp er staðið').

3. Orðapör án tengiorðs

Orðapör án tengiorðs eru ekki algeng í tungumálunum sem hér eru til umræðu. Þó má rekast á slíka byggingu þar sem komma kemur í stað tengiorðs eða jafnvel ekkert er á milli kjarnaorðanna. Kjarnaorðin geta verið þau sömu eða ekki. Hér að neðan eru nokkur dæmi um þessa tegund orðapara.

Íslenska – sama kjarnaorð

fljótt, fljótt, bratt bratt, koma koma, lengi lengi.

Íslenska – mismunandi kjarnaorð

nauðugur, viljugur.

Spænska – sama kjarnaorð

así así (,miðlungs-'), *café café* (,almennilegt kaffi'), *de bóbilis, bóbilis* (,ókeypis'), *de todas todas* (,pottþétt'), *guapa guapa* (,gullfalleg'), *todo todo* (,bókstaflega allt').

Spænska – mismunandi kjarnaorð

Durmiendo velando (,með andvara á sér'), *patatín, patatán* (,afsakanir á afsakanir ofan'), *pichín, pichán* (,hvorki né'), *pim pam* (,skyndilega'), *regulín regulán* (,hvorki né').

Þýska – sama kjarnaorð

gemach gemach (,rólega nú'), *mal so, mal so* (,stundum svona, stundum hinsegin'), *schnell, schnell* (,fljótt, með hraði'), *webe, webe* (,æ æ').

Þýska – mismunandi kjarnaorð

gesagt, getan (,koma einhverju strax í verk'), *mitgefangen, mitgehangen* (,vera samábyrgur').

4. Tvítekningar og orðarunur

Að lokum er rétt að nefna fyrirbærin tvítekningar og orðarunur. Tvítekning eða óparfa endurtekning (sp. *tautología*, þ. *Tautologie*) er orðapar þar sem kjarnaorð eru tengd með sögn. „Tátólógísk“ orðapör hafa ekki merkingu sem slík en skipta máli þegar þau eru notuð í samskiptum. Nokkur dæmi úr tungumálunum þremur eru: *asni er og verður asni* í íslensku; í spænsku *un día es un día* (,gera sér dagamun'), *imbécil es imbécil* (,asni er asni'), *mejor que mejor* (,miklu betra') og úr þýsku *besser ist besser* (,betra er betra'), *doof bleibt doof* (asni er og verður asni), *gelernt ist gelernt* (,lært er lært'), *Geschäft ist Geschäft* (,viðskipti eru viðskipti'), *geschenkt ist geschenkt* (,gjöf er gjöf'), *Kinder sind Kinder* (,börn eru börn') (Burger, 2015; Müller 2009; García-Page 1997; Luque Nadal 2017).

Orðarunur, eða upptalningar, eru föst orðasambönd mynduð úr þremur eða fjórum kjarnaorðum, jafnvel fleiri.⁵ Hér má nefna sem

5 Runur þar sem þrjú kjarnaorð koma fyrir kallast á spænsku *trinomio* og *tetranomio* þegar kjarnaorðin eru fjögur. Ef kjarnaorðin eru fleiri kallast runan *multinomio* (García-Page 1997; Luque Nadal

dæmi í íslensku: *kom, sá og sigraði, trú, von og kærleikur, blóð, sviti og tár*. Á spænsku falla eftirfarandi upptalningar undir þessa tegund orðarunu: *Jesús, María y José* (‘hamingjan sanna’), *por tierra, mar y aire* (‘í lofti, láði og legi’), *copa, café y cigarro* (‘staup, kaffi og vindill’). Slíkar samsetningar koma einnig fyrir í þýsku eins og eftirfarandi dæmi sýna: *heimlich, still und leise* (‘laumulega, hægt og hljóðlega’), *kam, sah und siegte* (‘kom, sá og sigraði’), *Jesus Maria Joseph* (‘Jesús, María og Jósef’), *Glaube, Liebe, Hoffnung* (‘trú, kærleikur, von’), *Friede, Freude, Eierkuchen* (‘allt í himnalagi’), *und und und* (‘og og og’).

Orðarunur þar sem fjögur kjarnaorð koma fyrir eru ekki algengar en koma þó stöku sinnum fyrir í textum af ákveðnu tagi, eins og vísindatextum, trúartextum og í gamanmáli. Í spænsku kemur rím fyrir í þessum orðarunum í þeim tilgangi að auðvelt sé að leggja ákveðin heiti á minnið. Dæmi um þessa tegund runu í spænsku er *norte, sur, este y oeste* (‘norður, suður, austur og vestur’) og *prudencia, justicia, fortaleza y templanza* (‘skynsemi, réttlæti, styrkur og hófsemi’). Dæmi um orðarunu í spænsku þar sem fimm kjarnaorð koma fyrir eru eftirfarandi: *ver, oír, oler, gustar y tocar* (‘sjá, heyra, lykta, bragða og snerta’) og *Jesús, María, José y todos los santos* (‘Jesús, María, Jósef og allir dýrtingarnir’). *Frisch, fromm, fröhlich, frei* (‘frískur, frómur, kátur, frjáls’) er dæmi um þýska orðarunu með fjórum kjarnaorðum og loks er *Kaiser, König, Edelmann, Bürger, Bauer, Bettelmann* (‘keisari, konungur, aðalsmaður, borgari, bóndi, betlari’) orðaruna sem inniheldur fimm kjarnaorð. Slíkar upptalningar eða orðarunur koma mjög sjaldan fyrir í tungumálunum þremur en eru hafðar hér með eins og hefð er fyrir í verkum ýmissa erlendra fræðimanna (sjá Burger 2015; Müller 2009; García-Page 1997; García Bravo 2005; Luque Nadal 2017; Balzer 2017).

2017; Balzer 2017). Á þýsku er talað um *Drillingsformeln* eða *Dreierformeln* og *Viererformeln* eða *Vierlingsformeln* og *Mehrlingsformeln* (García Bravo 2005; Müller 2009).

Lokaorð

Hér í greininni hefur þráðurinn verið tekinn upp þar sem frá var horfið í fyrri umfjöllun um orðapör þar sem mismunandi kjarnaorð koma fyrir í orðapari. Tilgangurinn með áframhaldandi umfjöllun um orðapör var sá að varpa ljósi á þann flokk fastra orðasambanda sem flokkast sem orðapör svo að unnt sé að fá yfirsýn yfir það svið fastra orðasambanda sem orðapör mynda. Því var hér fjallað um orðapör þar sem kjarnaorðið er endurtekið og orðin tengd með tengiorði. Enn fremur var fjallað um ótengd orð í orðapörum, þ.e.a.s. þar sem ekki er tengiorð í orðaparinu. Þar getur annars vegar verið um að ræða endurtekningu á kjarnaorði eða mismunandi kjarnaorð. Sett var upp skema sem sýnir hvar orðapörin flokkast í yfirliti Burgers og hvernig greina má fjóra meginflokka orðapara. Þannig má fá yfirsýn yfir þennan hluta fastra orðasambanda. Fjallað var um eðli og einkenni orðapara, fleiryrdiseðli, festu og orðtakseðli. Orðapör í tungumálunum þremur, íslensku, spænsku og þýsku, þar sem sama kjarnaorð kemur fyrir voru flokkuð eftir gerð og tengiorðum og gefin dæmi um þau. Einnig voru orðapör án tengiorðs flokkuð. Þar með, og ásamt fyrri umfjöllun um orðapör þar sem um mismunandi kjarnaorð er að ræða, myndast nokkurs konar gagnagrunnur um orðapör í tungumálunum þremur. Slíkir gagnagrunnar hafa ekki verið fyrir hendi en nýtast m.a. í tungumálanámi og þýðingum svo dæmi séu nefnd. Loks var og vikið að orðarunum þar sem koma fyrir þrjú, fjögur eða fleiri kjarnaorð í runu.

Orðapör skipa e.t.v. ekki háan sess innan umfjöllunar um föst orðasambönd þar sem þau hafa ekki vakið ýkja mikla athygli fræðimanna enn sem komið er. Umfjöllun þessi um orðapör sýnir og sannar hversu lifandi þau eru í tungumálunum þremur sem hér eru til umfjöllunar og hvernig þau gera málhöfum kleift að tjá sig á fjölbreyttan og blæbrigðaríkan hátt.

HEIMILDIR

- Almela Pérez, Ramón. 2006. „Binomios (irreversibles) en español“. Í *LEA* 28/2, 135–160.
- Almela Pérez, Ramón, Gerd Wotjak og Estanislao Ramón Trives. 2005. *Fraseología contrastiva con ejemplos tomados del alemán, español, francés e italiano*. Murcia: Universidad de Murcia, Servicio de Publicaciones.
- Balzer, Berit. 2008. „Tag nach Tag‘. Modifizierte Zwillingformeln in Beim Häuten der Zwiebel von Günter Grass. Erzähltechnischer Kunstgriff und traduktologische Lösung“. *Quaderns de Filologia. Estudis literaris* XIII, 185–204.
- . 2017. „Erre que erre / Hart auf Hart: Análisis tipológico de la reduplicación léxica en español y en alemán“. Í *Discurso repetido y fraseología textual (español y español-alemán)*. Ritstýrt af Carmen Mellado Blanco, Katrin Berty og Inés Olza, 231–247. Madrid/Frankfurt am Main: Iberoamericana/Vervuert.
- Burger, Harald. 2007. *Phraseologie. Eine Einführung am Beispiel des Deutschen*. Berlín: Erich Schmidt Verlag, 3. útg.
- . 2015. *Phraseologie. Eine Einführung am Beispiel des Deutschen*. Berlín: Erich Schmidt Verlag, 5. útg.
- Corpas Pastor, Gloria. 1997. *Manual de fraseología española*. Madrid: Gredos.
- . 2003. *Diez años de investigación en fraseología: análisis sintáctico-semánticos, contrastivos y traductológicos*. Madrid/Frankfurt am Main: Iberoamericana/Vervuert.
- Donalies, Elke. 2009. *Basiswissen Deutsche Phraseologie*. Tübingen/Basel: A. Francke Verlag.
- . 2015. „Kurz und bündig – über Mehrlingsformeln“. *IDS Sprachreport* 3, 28–33.
- Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir. 2021. „Kurz und bündig, raso y corto eða stutt og laggott. Um orðapör í þýsku, spænsku og íslensku“. *Milli mála* 13, 115–140.
- Escandell Vidal, M. Victoria. 1991. „Sobre las reduplicaciones léxicas“. Í *Linguística española actual* XIII, 71–84.
- Fleischer, Wolfgang. 1988. *Phraseologie der deutschen Gegenwartssprache*. Leipzig: Bibliographisches Institut.
- García Bravo, Paloma. 2005. „La reproducción de Zwillingformeln en español: ejemplo de multiculturalidad y traducción“. *CVC. Hieronymus* 12, 25–34.
- García-Page Sánchez, Mario. 1990. „Léxico y sintaxis locucionales: algunas consideraciones sobre las palabras ‘idiomáticas’“. *Estudios Humanísticos Filología*, 370–390.
- . 1997. „Formas de superlación en español: la repetición“. Í *VERBA* 24, 133–157.
- . 1998. „Binomios fraseológicos antitéticos“. Í *Estudios de fraseología y fraseografía del español actual*. Ritstýrt af Gerd Wotjak, 195–202. Madrid/Frankfurt am Main: Iberoamericana/Vervuert.
- . 2008. *Introducción a la fraseología española. Estudio de las locuciones*. Barcelona: Anthropos.

- Gawel, Agnieszka. 2017. „Zur Ikonizität deutscher Zwillingformeln“. *Linguistik online* 81/2.
- Gísli Jónsson. 1996. Íslenskt mál. *Morgunblaðið* 3. febrúar.
- Grimm. 1991. *Kinder- und Hausmärchen*. Darmstadt: Wissenschaftliche Buchgesellschaft.
- Hermanos Grimm. 1812. *Blancanieves*. Buchwald. <https://www.buchwaldeditorial.com/post/hermanos-grimm-blancanieves-versi%C3%B3n-de-1812>
- Handbuch der Phraseologie. 1982. Ritstýrt af Harald Burger, Annelies Buhofer og Ambros Siam. Vestur-Berlín/New York: de Gruyter.
- Häusermann, Jürg. 1977. *Phraseologie. Hauptprobleme der deutschen Phraseologie auf der Basis sowjetischer Forschungsergebnisse*. Tübingen: Niemeyer.
- Holzinger, Herbert J. 2018. „Unikale Elemente oder phraseologisch gebundene Wörter? Antworten aus korpuslinguistischer Sicht“. *Revista de Filología Alemana* 26, 199–213.
- Jón Árnason. 1993 [1854]. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson sáu um útgáfuna. 6. bd. Reykjavík: Þjóðsaga.
- Jón Hilmar Jónsson. 2012. „Að fanga orðafordann“. *Orð og tunga* 14, 39–65.
- Luque Nada, Lucía. 2017. „Aspectos fraseológicos y culturales de los co-compuestos o binomios léxicos“. *Language Design* 19, 149–204.
- Müller, Hans-Georg. 2009. *Adleraug und Luchsennobr: Deutsche Zwillingformeln und ihr Gebrauch*. Bern: Peter Lang.
- Oddný G. Sverrisdóttir. 2009. „Orð til taks. Af eiginleikum og flokkun fastra orðasambanda“. *Milli mála* 1, 149–172.
- . 2012. „Ein stök orð eða steingervingar tungumálsins. Nokkur stakyrði í föstum orðasamböndum í þýsku“. *Milli mála* 4, 179–192.
- Palm, Christine. 1997. *Phraseologie. Eine Einführung*. Tübingen: Gunter Narr Verlag, 2. útg.
- Pérez-Salazar, Carmela. 2017. „Ni por esas ni por esotras; sin ton ni son. Origen, difusión, autoridad lexicográfica“. *Estudios Filológicos* 59, 129–147.
- Rodríguez Sánchez, Ignacio og Fabiola Ramírez de Jesús. 2015. „Los binomios N y N. Una exploración desde un enfoque guiado por datos“. Í *Estudios de lingüística funcional*. Ritstýrt af Eduardo Patricio Velázquez Patiño og Ignacio Rodríguez Sánchez, 165–196. Santiago de Querétaro: Editorial Universitaria.
- Röhrich, Lutz. 1982. *Lexikon der sprichwörtlichen Redensarten*. Freiburg/Basel/Vín: Herder.
- Stöhr, Anna. 2007. *Zwillingformeln, Paarformeln und Wortpaare in der deutschen Gegenwartssprache*. München: Grin-Verlag.
- Þorvaldur Gylfason. 2019. „Lifa lengur og lengur“, *Fréttablaðið* 25. júlí 2019. <https://www.frettabladid.is/skodun/a-lifa-lengur-og-lengur/>

Orðabækur og gagnagrunnar

- DICE = Diccionario de colocaciones del español. Universidad de Coruña. <http://www.dicesp.com/paginas/> [sótt 15. mars 2022].
- DiLEA = *Diccionario de locuciones idiomáticas del español actual*. 2019. Ritstýrt af Penadés

- Martínez, Inmaculada. Universidad de Alcalá og Universidad de Cádiz. <http://www.diccionariodilea.es/diccionario> [sótt 15. mars 2022].
- DLE = Real Academia Española. Diccionario de la lengua española. Real Academia Española. <http://dle.rae.es> [sótt 15. mars 2022].
- DUDEN = Dudenredaktion. Duden Wörterbuch. <https://www.duden.de/> [sótt 15. mars 2022].
- DUE = María Moliner. 2004. Diccionario de uso del español. Madrid: Gredos.
- Hofmeister, Wernfried. 2010. Sammlung der gebräuchlichen Zwillingsformeln in der deutschen Gegenwartssprache. Graz. <http://zwillingsformeln.unigratz.at/ZWILLINGSFORMELN%20Hofmeister%202025-06-2010.pdf> [sótt 5. mars 2022].
- Instituto Cervantes. Biblioteca fraseológica y paremiológica. Ritstýrt af M.^a Teresa Zurdo Ruiz-Ayúcar og Julia Sevilla Muñoz. Centro Virtual Cervantes. https://cvc.cervantes.es/lengua/biblioteca_fraseologica/default.htm [sótt 15. mars 2022].
- ÍO = *Íslensk orðabók*. 2002. Ritstýrt af Merði Árnasyni. Reykjavík: Edda.
- ÍOS = Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- ÍNO = Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. *Íslensk nútímamálsorðabók*. Ritstýrt af Þórdísi Úlfarsdóttur og Halldóru Jónsdóttur. Árnastofnun. <https://islenkordabok.arnastofnun.is>
- Jón G. Friðjónsson. 1997. Rætur málsins. Reykjavík: Íslenska bókaútgáfan.
- . 2006. Mergur málsins. Íslensk orðatiltæki. Uppruni, saga og notkun. Reykjavík: Mál og menning, 2. útg.
- Jón Hilmar Jónsson. 2001. Orðastaður. Orðabók um íslenska málnotkun. Reykjavík: JPV útgáfa, 2. útg.
- . 2002. Orðaheimur. Íslensk hugtakaorðabók með orða- og orðasambandskrá. Reykjavík: JPV útgáfa.
- . 2004. Stóra orðabókin um íslenska málnotkun. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Jón Hilmar Jónsson og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. *Íslenskt orðanet*. Árnastofnun. <https://ordanet.arnastofnun.is/> [sótt 15. mars 2022].
- Redensarten-Index. Wörterbuch für Redensarten, Redewendungen, idiomatische Ausdrücke, Sprichwörter, Umgangssprache. <https://www.redensarten-index.de/suche.php?useDesktop=1> [sótt 15. mars 2022].

Dagblöð, tímarit, vefrit

- Fiskifrétir. 2022. „Landa fullfermi trekk í trekk“, Fiskifrétir 26. apríl 2022. <https://www.fiskifrettir.is/frettir/landa-fullfermi-trekk-i-trekk/173290/> [sótt 26. apríl 2022].
- Fréttablaðið. 2022. „Íbúum fjölgar og fjölgar í Bláskógabyggð“, Fréttablaðið 23. janúar 2022 [sótt 26. apríl 2022].

ÚTDRÁTTUR

Hönd í hönd, mano a mano, Hand in Hand.

Enn og aftur af orðapörum

Í þessari grein er fjallað um orðapör í íslensku, spænsku og þýsku þar sem sama orðið kemur fyrir í báðum kjarnaliðum. Í fyrstu er fjallað almennt um orðapör, hlutverk þeirra, eðli og einkenni. Þá er vikið að flokkun orðaparanna sem athyglin beinist sérstaklega að, þ.e. þau sem mynduð eru með kjarnaorði X + tengiorði + kjarnaorði X. Nefna má orðparið *lið fyrir lið* í íslensku sem dæmi um slík orðapör, *página tras página* (,blaðsíða eftir blaðsíðu') í spænsku og *Tag nach Tag* (,dag eftir dag') í þýsku. Síðan er gerð grein fyrir orðapörum sem víkja frá þessari byggingu, þ.e. þar sem ekkert tengiorð kemur fyrir í parinu heldur greinarmerki eins og komma, eða þá að orðin standa hlið við hlið án tengingar. Kjarnaorðið er hið sama í orðparinu: *lengi lengi* eða sitt hvort orðið: *naudugur, viljugur*. Dæmi um slík orðapör í spænsku er *todo todo* (,bókstaflega allt') og í þýsku má nefna *schnell, schnell* (,fljótt'). Í lok greinarinnar eru reifuð orðapör eða orðarunur sem víkja á einhvern hátt frá sígildri byggingu orðasambandanna sem eru til umræðu, og sem eru sjaldgæf í málunum þremur. Notkun orðapara hefur alla tíð auðgað tunguna og gert hana kjarnmikla og blæbrigðaríka. Þetta á við um tungumálin þrjú sem hér eru til umfjöllunar.

Lykilorð: fraseológía, orðapör, sama kjarnaorð, íslenska, spænska, þýska

ABSTRACT

Hönd í hönd, mano a mano, Hand in Hand. On binomial pairs once again

This article deals with linguistic binomials in Icelandic, Spanish and German. The study of binomials, a sequence of two words which belong to the same grammatical category and form a pair linked by connectors, belongs to the field of the Phraseology. Here the focus is on the structure where the same word appears in both members. At first, word pairs, their role, nature and characteristics are discussed in general as well as their motivation, structure and function. Then we turn to the classification of the word pairs in focus, i.e. those formed according to the formula X+connecting word+X. Examples of such doublets in Icelandic is *lið fyrir lið*, *þágina tras þágina* ('page after page') in Spanish and *Tag nach Tag* ('day after day') in German. Then there is an account of word pairs that deviate from this construction, that is, where no connecting word appears in the pair, but a punctuation mark such as comma (X, X) or when the words stand side by side without connection (X X). The core word is the same in the binomial: *lengi lengi* ('for a long long time') or not: *naudugur, viljugur* ('forced, willing'). Examples of such word pairs in Spanish are *todo todo* ('literally everything') and in German *schnell, schnell* ('quick'). Finally, linguistic trinomials, or triplets, and linguistic tetranomials and multinomials are mentioned, fixed expressions which are rather rare in the three languages under discussion. The use of word pairs has always enriched the language and made it substantial and nuanced. This applies to the three languages discussed in this article.

Keywords: phraseology, word pairs, Icelandic, Spanish, German

Enskuglettur Káins

Inngangur

Vestur-Íslendingurinn Kristján Níels Jónsson (1860–1936) hefur jafnan verið þekktur undir skáldanafninu Káinn¹ – því hann birti kvæði sín merkt K. N. Þótt Káinn minntist stundum upp-vaxtaráranna á Íslandi þá orti hann fyrst og fremst um reynsluheim sinn í Norður-Ameríku, þar sem hann bjó lengstan hluta ævinnar, og á því máli sem honum var tamt, hvort heldur var á alhreinni og kjarngóðri íslensku – eða enskuskotinni. Hann er þekktastur fyrir góðlátlega kímni, leik sinn að íslensku máli og merkingu, og að varpa iðulega nýju og óvæntu ljósi á viðteknar hugmyndir og afstöðu, ekki síst ef á þeim hvíldi einhvers konar bannhelgi. Enskukunnátta var sjaldgæf á Íslandi fram eftir tuttugustu öldinni og íslenskir lesendur skildu almennt ekki ensk og vesturíslensk innskot skáldsins þannig að sá glettni leikur hans að rása² á milli tungumála var ekki auðskilinn, og það var varla fyrr en á seinni árum sem þau kvæði fóru að geta notið sín.

Kristján Níels fæddist á Akureyri og ólst þar upp, að mestu við afar kröpp kjör vegna ómegðar og ótæpilegrar drykkju fjölskylduföðurins. Fjölskyldan var leyst upp þegar móðirin dó árið 1873 og voru börnin fósturð af skyldmönnum, en frá 15 ára aldri sá Káinn fyrir sér sem smali (Jón Hjaltason 2020, 39–43). Í endurminningum ónefnds frænda frá því að Káinn dvaldi um tíma hjá foreldrum hans

1 Hér verður notað skáldanafnið sem Kristján Níels Jónsson hefur gegnt hér á Íslandi en nafnið Káinn verður beugt eins og „Práinn,“ eins og Böðvar Guðmundsson leggur til í grein sinni „Mínn Káinn“ (2017, 145).

2 Íslensk þýðing mín á enska hugtakinu „code switching“ sem er annars þýtt sem „málskipti“.

rifjaði frændinn upp að Káinn hefði verið „glæðlyndur og gamansamur, og stundum svolítið glettinn við sína líka, bæði í orði og verki. Hann var snemma orðheppinn og skritinn í orðatiltækjum og orðaleik[jum]“. Frændinn benti jafnframt á að Káinn hefði ekki átt langt að sækja skáldgáfur sínar, því faðir hans var bróðursonur Níels skálda, en móðir hans var náskyld Jónasi Hallgrímssyni (N. N. 1915).³

Káinn flutti 18 ára til Winnipeg árið 1878. Þangað hafði eldri bróðir hans, Jón Júlíus, farið tveimur árum áður. Þrjú systkini bættust í hópin árið 1884 og öll tóku þau upp eftirnafnið Julius, eins og Jón bróðir þeirra sem var þá orðinn málsmetandi maður í Winnipeg, með forystu í samfélagi Íslendinga og vel efnaður, en Júlíus var í raun millinafn Jóns. Aðeins ein systir varð eftir á Akureyri (Richard Beck 1945, XII). Fátt er vitað með vissu um skáldið frá árunum 1878–1893, nema að í fyrstu starfaði hann í Winnipeg og að árið 1893 fór hann til Norður-Dakóta frá Duluth í Minnesota.

Árið 1894 gerðist Káinn heimilismaður hjá ekkjunni Önnu Geirs og börnum hennar í Norður-Dakóta. Þar eyddi hann drýgstum hluta ævi sinnar við bústörf. Hann vann í ígripum sem múrari, var lagtækur við það, en hann var jafnframt grafari í kirkjugarðinum í Thingvalla, sem var einn af íslensku smábæjunum á þessum slóðum og sá eini sem var með kirkju og grafreiti. Dr. Rögnvaldur Pétursson minntist þess að hann hefði búið hverjum og einum gröf eins og hann væri að leggja þreyttan vin til hvílu, sem oftast var reyndin (Beck 1945, XIII–XIV; Furstenau 2014, 133).

Það dylst engum sem les kvæði Káins að óðfræði hans gengur oftast í berhögg við hugmyndir um að skáldskapur skuli vera upphafinn, fágaður og flytja mannbætandi siðferðislegan boðskap. Vantrú og jafnvel höfnun á að kveðskapur skuli vera alvörubrúnginn og að hann þurfi að nálgast með djúpri lotningu segja Eburne og Epstein (2014, 2) einmitt vera kjarna málsins í „ludopoesis“ – óðfræði sem kennir sig við leik og er ætlað að vekja þá ánægju, kátínu, fögnuð, og léttvægi sem við tengjum við það að leika sér eða spila leiki. Síaukin

3 Jón Hjaltason (2020, 18, 24, 25) nefnir einnig þessa frændsemi við Níels skálda og Jónas Hallgrímsson ásamt því að fylla í eyðurnar, einkum með því að draga upp ljósar myndir af samtímaviðburðum sem mestu máli skiptu hverju sinni í lífi Vestur-Íslendinga, og varpar oft ljósi á kvæðin.

viðurkenning hefur fengist á mikilvægi leiks á ýmsum sviðum, allt frá lögfræði til tungumálanáms, en David Crystal færði til dæmis rök fyrir því í bókinni *Language Play* (1998) að leikur að máli og merkingu væri ekki aðeins mikilvægur og margvíslegur í tungumálinu heldur væri hann eðlilegur þáttur í daglegri málnotkun. Í tungumálakennslu er ekki lengur gert ráð fyrir að „röng“ eða blendin málnotkun sé merki um laka færni heldur geti hún verið merki um skapandi máltöku (Luk 2013, 236–250).

Allt frá því að fyrstu spurnir bárust á prenti til Íslendinga af kvæðum Káins snemma á tuttugustu öld vann hann sér hylli með leik að máli og merkingu, eins og hér mun verða rakið, en fyrst og fremst byggðist orðspor hans hérna megin hafs á alíslenska kveðskapnum. Orðaleikir Káins á mörkum íslensku og ensku eru þó engu að síður skemmtilegir og bera vott um viðspyrnu þeirra sem telja sig vera í hlutverki undirokaðs þegns gagnvart alvaldi „herraþjóðar“ (Schole 2018). Íslendingar öfunduðu Vestur-Íslendinga af margvíslegri forfrömun en fylgdust um leið með málblöndun þeirra með vandlættingu (Jón Ólafsson 1899, 3). Káinn gafst hins vegar ekki upp fyrir vandlættingunni heldur sýndi hann í kvæðum sínum að vistaskiptin og samskiptin við annað tungumál, enskuna, leystu úr læðingi ný öfl í íslenskri tungu; vesturíslenskan ber vott um þann grallaraskap sem rís hæst í kvæðum hans. Káinn sýndi óbanginn fram á að með því að bæta inn vesturíslenskum og enskum orðum, hugtökum og setningum gat hann lagt undir sig ný og ókönnuð lönd máls, merkingar og skáldskapar á mörkum málanna tveggja, íslensku og ensku.

1. Orðspor Káins og arfleifð

Skáld og fræðimenn hafa heillast af kveðskap Káins allt frá því að Jón Helgason (1915, 177–185) vakti athygli Íslendinga á því í *Íðunni* að „[a]llir, sem dvalist hafa meðal Vestur-Íslendinga um lengri eða skemmri tíma, munu hafa heyrt getið um vestur-íslenska alþýðuskáldið *Cowan* (frb. Káen)“, sem Jón taldi að væri „ensk-ameríska“ skáldanafnið hans, og birti nokkur kvæða skáldsins sem hann hafði safnað á ferð sinni vestanhafs. Magnús Jónsson, ritstjóri *Eimreiðarinnar*

(1918, 24 (3–4), 186), birti tvær vísur Káins og ári seinna birti tíma-ritið *Lögrjetta* (39:2) auglýsingu um að í 3. hefti 1919 af *Eimreiðinni* mætti finna „Æfintýr á gönguför, eftir hinn kostulega Káinn“, svo að hróður hans var þá sýnilega farinn að spyrjast út. Í *Eimreiðinni* (1919, 165–66) kom fyrst út kvæðið um fimmtíu centa „glasið“ / „pyttluna“, sem Íslendingar hafa oft kyrjað hástöfum, en reyndar var það birt eftir minni ritstjórans. Kvæðin komu ekki út í umsjá skáldsins fyrr en í bókinni *Kviðlingar* í Winnipeg árið 1920.

Samkvæmt Jóni Hjaltasyni (2020, 240–59) gekk Káni brösuglega og seint að selja bókina fyrir vestan þótt hún fengi góðar viðtökur beggja vegna hafs. Guðmundur Finnbogason (1930, 35–36) kynnti Káin sérstaklega þegar hann gerði vesturíslenskum kveðskap skil í safnritinu *Vestan um haf* og kvæðin fengu gott rými í bókinni. Guðmundur segir að Káinn hafi innleitt nýja hefð, fetað nýjar leiðir og beint öðrum vesturíslenskum skáldum í sömu átt: „Hér á landi hefur gamanið löngum orðið grátt, örvar fyndninnar eittraðar. En í vísunum Káins er glettnin alltaf góðlátleg; aldrei kuldi í brosinu, heldur hrein gleðin yfir að sýna hlutina í nýju ljósi í gegnum gleraugu orðanna“. Þegar Káinn lést var Sigurður Nordal (1936, 350) meðal þeirra sem minntust hans sem vinar, og lýsti hann gamanseminni þannig: „Hláturinn er vakinn með því að skeyta því óvænta við hið gamalkunna, láta málið hlaupa útundan sér“. Hann nefndi sérstaklega nauðsyn þess að kynna og skýra kvæðin, því mörg þeirra væru tækifærisvísur, en jafnframt þyrfti að hafa með eitthvað af því sem við hafði bæst á sextán árum. Ákalli Sigurðar var svarað með því að Richard Beck sá um útgáfu sem kom út árið 1945 (*Kviðlingar og kvæði*) með verulegum viðbótum og fjölmörgum skýringum á orðfari og tilurð ljóðanna þannig að Íslendingar gætu betur skilið orðaleiki Káins í enskum og vesturíslenskum innskotum og þær aðstæður sem voru tilefni kvæðanna hverju sinni.

Í greininni „Minn Káinn“ telur Böðvar Guðmundsson (2017, 160) það auðsæja vísbendingu um vinsældir Káins á Íslandi hve margir sem fæddir voru um miðja tuttugustu öldina kunni ýmis kvæði hans utanbókar og segist hann sjálfur kunna nærri fjörutíu. Meðal helstu skýringa Böðvars á þessari hrifningu Íslendinga er að áleitnustu yrkisefnin – áfengi, konur og trúmál – hafi fallið fullkomlega að smekk og skopskyni íslenska bændasamfélagsins, sem var karl-

læggt. Hann segir að það sem karlmönnum hafi fundist vera „fyndið var brennivín, slagsmál og kvennafar“ og svo hafi trúargrín fallið í góðan jarðveg því kirkjusókn í dreifbýli hafi verið ómæld uppspretta skoplegra athugasemda, eftiröpunar og útúrslúninga á prédikunum prestsins.⁴ Leikinn að tungumálinu „ásamt einstaklega lipurri hagamælsku“ telur Böðvar þó hafa verið þættina sem „réðu úrslitum um vinsældir“ Káins og bætir við að hagamælska geti verið „aðalsmerki á hefðbundnum skáldskap. Hortittir eru svo sjaldgæfir í kveðskap Káins að með eindæmum er og hortittir fara alltaf fyrir brjóstið á ljóðelskum lesanda“.

Viðar Hreinsson (2017, 176) kemst einmitt að þeirri niðurstöðu í sinni umfjöllun um Káin, sem hann nefnir „Pegasus í fjósinu og kýrassatrú“, að hann hafi verið „skáld. Mikið skáld“, „Góður skáldskapur er nefnilega sterkari en dauðinn“. Viðar byggir sína niðurstöður fyrst og fremst á þversögninni sem hann segir þræða sig í gegnum skáldskapinn:

Hann [...] hafði trausta fótfestu í hversdagsaðstæðum sínum og úr þeirri stöðu ögraði hann þeim skorðum sem skáldskap eru oft settar, öllum venjubundnum hugmyndum um hvað sé góður skáldskapur. Hann hafnaði rómantískri ímynd bóndans eða sveitamannsins en birti og talaði einmitt út frá þeim veruleika, [...] stækkar merkingarviðið, ljær tilverunni, umhverfinu, óvænta merkingu [...].

Viðar (2017, 172, 176) leggur áherslu á að Káinn leiki sér „með þversagnir og óvæntar aðstæður“ – komi á óvart með því að stækka „sjónsviðið inn á við“ en ekki upp til þess sem er háleitt og upphafið.

Allir sem fjalla um Káin eru sammála um að það sé leikgleði hans með mál og merkingu sem heilli og hún er eflaust ástæða þess að vinsældir hans hafa viðhaldist allt fram á þennan dag. Á Íslandi lifa kvæðin í ýmsum útgáfum, auk þess sem tónlistarmenn hafa á undanförunum áratugum samið lög við kvæðin og útsett, en stórtækastur þeirra er óefað Bragi Valdimar Skúlason með hljómsveitinni Baggalút. Flestir eru sammála um að skáldskapur Káins hafi margar

4 Böðvar segist byggja „óvísindalega“ athugun sína á aukinni og endurbættir útgáfu Richards Beck, með einfaldri talningu á efni hvers kvæðis, en hann nefnir jafnframt að hann kunni nokkurn fjölda kvæða eignuð Káni sem ekki séu í bókinni.

hliðar, og stundum sé hann mistækur, enda mörg vísan höfð á hraðbergi sem viðbrögð við aðstæðum sem ekki eru kunnar, en einhvern veginn virðist hann samt tala betur til nútímans en mörg önnur samtímaskáld sem ekki lifa í hugum fólks með sama hætti.

2. Enskuslettur, vesturíslenska og enskuglettur Káins

Vænta má að langt fram eftir síðustu öld hafi þær mörgu vísur þar sem Káinn grípur til enskra og vesturíslenskra orða, setninga og orðtaka ekki skemmt Íslendingum til jafns við þær sem voru alfarið á íslensku. Böðvar Guðmundsson (2017, 155) bendir á að enskukunnátta hafi ekki verið almenn fram eftir tuttugustu öldinni. Máli sínu til stuðnings vísar hann í bréf frá Vestur-Íslendingi frá árinu 1920. Þar segir Þórarinn Stefánsson frá útgáfu *Kviðlinga* Káins:

En sá galli er á mörgum vísnum hans að þeir sem ekki skilja ensku hafa þeirra ekki full not því ensku-slettturnar eru vanalega spaugsyrdi og falla oftast svo neyðarlega inn í og [eru] um leið gott sýnishorn af vesturíslensku. (Böðvar Guðmundsson 2002, 214)

Þessu var Sigurður Nordal (1936, 350) sammála þegar hann taldi þörf á bættri endurútgáfu kviðlinga Káins, því „enskan sem hann blandar inn í, annaðhvort hrein eða eins og landar vestra hafa lagað hana í hendi sér, torveldi að menn geti lesið þá sér til skilnings og notið þeirra. Richard Beck leysti málið með viðbættu útgáfunni *Kviðlingar og kvæði* árið 1945 með skýringum bæði á enskunni og vesturíslenskunni. Af mörgu er að taka í leit að hnyttnum og frumlegum kveðskap á alhreinni íslensku í kveðskap Káins, en vísur sem eru með enskum innskotum eru ófáar og ekki síður forvitnilegar.

Káinn átti það sammerkt með flestum öðrum Íslendingum sem fluttust eða flæmdust (McPherson 2001, 130–142)⁵ til Norður-

5 McPherson gefur góða hugmynd um ófrelsi og ánaud sem flæmdi vinnufólk úr landi. Samkvæmt *Vesturfaraskrá 1870–1914* var stærsti aldurshópurinn öll útflutningsárin fólk á aldrinum 20–29 ára, enda kom vistarbandið í veg fyrir að ungt vinnufólk gæti gifst og alið upp eigin börn. „Vistarbandið og vinnuhjálöggið er án efa sterkasti vesturfarapostulinn, sem til er á Íslandi, sagði *Jón Ólafsson*, ritstjóri „Heimskringlu“, í ræðu, er hann flutti á Íslendingadeginum í Winnipeg síðast liðið sumar,“ segir Einar Sæmundsson í *Þjóðviljanum unga* (1893).

Ameríku á seinni hluta nítjándu og fyrri hluta tuttugustu aldar að standa í fyrstu orðvana frammi fyrir vel þekktum jafnt sem ókunnum veruleika, en með lífi og leikni öðluðust flestir svo nýjan orðaforða og fóru að geta bjargað sér við að nefna upp á ensku það sem þurfti. Í grein sinni „Íslenska í Vesturheimi“ skilgreinir Gísli Sigurðsson (2017) vesturíslensku sem sérstaka mállýsku og skýrir:

Tengslin við Ísland rofnuðu að mestu eftir að vesturferðir lögðust af í byrjun 20. aldar og málnotkun meðal Vesturíslendinga þróaðist því án tengsla við það mál sem talað var á Íslandi. Þess verður greinilega vart í orðaforða sem endurnýjaðist ekki samhliða nýrri tækni vestra. Ensk tókuorð urðu því nær einráð á því sviði eins og rannsóknir á vesturíslensku hafa leitt í ljós.

Ýmislegt sem ekki hafði verið til heima á gamla Íslandi, en var mikilvægur þáttur í daglegu lífi vestra, þurfti jafnframt að nefna. Í sumum tilvikum var ekkert íslenskt orð á takteinum og þá var hentugt að nota einfaldlega enska heitið. En oft var líka gripið til enskunnar þótt íslensk orð væru til, eins og „treinið,“ sem þó var þekkt sem „eimreið“ eins og sjá má af titli tímaritsins *Eimreiðarinnar* (1895–1975), þrátt fyrir að „járnbrautarlest“ eða „lest“ hafi verið orðið sem festist í sessi hérna megin hafs. Reyndar er skáldskapur Káins til dæmis um að lántakan hafi alls ekki verið takmörkuð við stök orð, heldur hafi heilu setningarnar og orðtökin verið fengin að láni. W. H. Paulson (1920, V) segir í kynningu sinni á kviðlingum Káins að það sé fjarri lagi að hann grípi til tökuorða þegar hann verði orðvana á íslensku, „því honum er ekki stírt um íslenskt mál. En hitt er það, að ýmsar kringumstæður og atvik, gera það sem lýst er, ljósara og fyndnara, þegar þessi orð eru brúkuð“. Þetta geta yngri kynslóðir Íslendinga skilið og tekið undir, sem á ef til vill einhvern þátt í viðvarandi vinsældum skáldsins.

Eina rannsóknin á vesturíslenskum tökuorðum frá samtíma Káins er frá árinu 1903 þegar Vilhjálmur Stefánsson (1879–1973) birti grein um ensk nafnorð í daglegu máli Íslendinga í Norður-Dakóta, þar sem hann ólst upp. Rannsóknin beindist að kyni beygingarendinga sem íslenskir íbúar í Dakóta bættu að jafnaði við ensk tökuorð, en hún byggðist á hátt í 500 orða úrtaki. Vilhjálmur segir að jafnvel þótt

byggð Íslendinga í Norður-Dakóta eigi sér orðið 25 ára sögu þá séu margir sem tali hreina íslensku og noti aldrei ensk tökuorð, en hins vegar sé notkun enskra orða komin í fastar skorður hjá meirihlutunum. Framburðinn segir hann aftur á móti vera mjög á reiki, þarna sem í öðrum byggðum íslenskra innflytjenda í Norður-Ameríku, en skiptast í tvo hópa. Sumir aðlagi ensku orðin svo fullkomlega að íslenskum framburði að ógerlegt sé að bera kennsl á upprunalega orðið. En svo sé hópur, jafnan þeirra sem best eru menntaðir, sem beri tökuorðin rétt fram á ensku. Sá hópur noti samt sem áður viðbættar endingar, nákvæmlega eins og hinn hópurinn þar sem glundroði ríkir í framburði, og kynbundnu beygingarendingarnar séu jafnan þær sömu hjá báðum hópum (Vilhjálmur Stefánsson 1903, 354–362).

Káinn skipar sér í hóp hinna betur menntuðu, en eins og Schole (2018, 200–201) bendir á í umfjöllun um andóf tvítyngdra höfunda gegn kröfum um hreintyngi, þá kappkosta þeir jafnan að sýna færni á báðum tungumálunum í orðaleikjum sínum og vekja umhugsun og kæti með því að varpa óvæntu ljósi á mál og merkingu. Oftast merkir Káinn vandlega ensk og vesturíslensk tökuorð með gæsalöppum og aðgreinir jafnvel frá viðbættu íslensku endingunum. Tökuorðin eru jafnframt við hæfi miðað við aðstæður eða draga dóm af þeim aðila eða hópi sem ljóðin túlka.

Rétt er að hafa í huga að ensk og vesturíslensk innskot eru afskaplega sjaldséð í vesturíslenskum skáldskap og þau hafa alls ekki þann gamansama tilgang sem algengastur er í verkum Káins, heldur voru enskuslettur yfirleitt álitnar gefa til kynna einfeldningshátt, firringu eða siðblindu og lélegt vald á íslensku. Frægast er kvæði Guttorms J. Guttormssonar „The Winnipeg Icelander“ þar sem allt þetta fer saman til háðs og aðhláturs. Vísa Guttorms (1920) „Að leikslokum í Winnipeg“ er þó ekki síðra dæmi, en þar lýsir ljóðmælandi upplifun sinni af að horfa á leikuppfærslu á *Fjalla-Eyvindi* Jóhanns Sigurjónssonar í Winnipeg í febrúar 1913. Að sögn B. L. Baldwinson (1913, 4) var hlegið hátt og klappað þegar Halla kastaði syni sínum í klettagljúfur. Guttormur leyfir einum áhorfandanum að lýsa leikritinu og túlka það frá siðblindu sjónarhorni á bjagaðri, enskuskotinni íslensku:

Halla er no good Indíaninn,
 Out in a snowstorm hlaupni bjáninn.
 En say, ég hló mig sick að hinu
 Að sjá hana throwa babyinu.

(1920, 10)

Baldwinson, sem var ritstjóri *Heimskringlu*, sagði leikritið vera siðspillt, koma óorði á Íslendinga sem væru sýndir stjórnast af lægstu, ljótustu og frumstæðustu hvötunum. Kvæði Guttorms gefur aftur á móti til kynna að það sé ekki leikritið heldur sé það Winnipeg-áhorfandinn sem sé firrtur, haldinn sömu siðblindu og komi fram í ríkjandi afstöðu meðal borgarúanna til frumbyggja.

Eitt kvæði Káins birti Einar Sæmundsson í *Heimskringlu* árið 1887 meðal sýnishorna af „ameríkanskri íslenzku. Winnipeg-mál“ sem dæmi um að íslenskan vestanhafs stefni í að verða „hrognamál“ sem Vestur-Íslendingar sjálfir skilji ekki því hún sé að verða að „einhverri hræðilegri málýzku, sem ekkert vit er í, og þannig ósömi fyrir þjóðina í heild sinni“ (1887, 3). Ekki var nóg með að „hrognamálið“ í kvæði Káins, sem er á þeim tíma reyndar nefndur „Kr. Júlíus“,⁶ teldist allri íslensku þjóðinni til ósöma, og væri eflaust flestum Íslendingum óskiljanlegt, heldur kemur einnig fram að vísan hafi orðið til við fjárhættuspil. Til skýringar á vísunni heitir fjárhættuspilið „Horse Race“ eða „Veðreiðar“. Spilað er með venjulegan spilastokk og þrír eða fleiri geta spilað, en ásarnir eru veðreiðahestarnir, og veðjað er um hvaða „hross“ kemst fyrst á leiðarenda (McLeod 2016).

Hér hef ég ása fengið fæv
 og fyrsta hross, ó Díses.
 Bæ the Móses bet your læf
 ég bít þig ol to píses.⁷

6 Vel má vera að Jón bróðir Káins hafi tekið harðast á yfirsjónum hans, fundist hann kasta rýrð á nafn sitt, efnada göðborgarans J. Julius sem var framámaður í Lútersku kirkjunni í Winnipeg. Það gæti skýrt brotthvarf Káins frá Winnipeg og hve köldu andar frá honum í kvæðinu „Gullbrúðkaupskveðju“. Káinn mætti ekki í gullbrúðkaupsveislu bróður síns áratugum seinna heldur bað hann vin sinn fyrir kveðju: „Skilaðu kveðju til Jónínu og Jóns / því ég á ei samleið með þeim / ...“ (Beck 1945, 186).

7 Einar Sæmundsson (1887, 92) kynnir reyndar spilið sem teningaspil. Það er athyglisvert að í hljóðritun gerir Einar greinarmun á hljóðunum *v* og *f* í orðunum fæv (en. *five*) og læf (en. *life*), eins og er skýr regla í enskum framburði, en *f* verður aftur á móti oftast að *v* með íslenskum framburði á orðinu „life“ á ensku. Í raun bendir rímið allt eins til þess að stakan rími samkvæmt íslenskum framburði: „fæv“ – „læv“.

Eins og Daisy Neijmann (1997, 78–79) bendir á, þá vildu Vestur-Íslendingar að þeir væru þekktir sem framúrskarandi á öllum íslenskum jafnt sem kanadískum sviðum og brugðust harkalega við einstaklingum sem vörpuðu skugga á þá ímynd. Það er enginn vafi á því að Káinn hefur orðið fyrir verulegu aðkasti fyrir að hafa niðurlægt samlanda sína með óíslensku málfari og ókristilegu lífernri sem birtist í þessari vísu, því fjárhættuspil áttu sér líklegast stað á knæpum og þótti hvorugt vera góðborgurum sæmandi.

En þá er líka rétt að hafa í huga að í Norður-Ameríku á dögum Káins hvíldi ströng bannhelgi á því að ákalla máttarvöldin; það þótti ósiðlegt og ókristilegt blót að ákalla Jesú og leggja nafn hans við hégóma eða hvetja einhvern til að leggja líf sitt að veði (*bet your life*) fyrir eitthvað auvirðilegt. Orðin „Díses“ og „by the Moses“ töldust vera blótsyrði á ensku þótt þarna væri hliðrað frá bannorðunum, en þau voru þó ásættanlegri en að sverja við Jesús eða Guð með réttu nafni (Quinion, 2000). Blót mætti mikilli dómhörku, taldist skríflegt eins og Richard Beck (1945, 47)⁸ skýrir neðanmáls við annað kvæði. Káinn lét þessa vísu ekki fylgja með þegar hann gaf út kvæðin sín en hann lét heldur ekki af því að yrkja á vesturíslensku.

Vesturíslensku orðin er ekki líklegt að finna í orðabókum í rétttri merkingu.⁹ Stundum eru orðin hnyttin eða bera vott um málbundið sprell þannig að þeir sem eru íslenskumælandi geta orðið svolítið ráðvilltir þegar merking orðanna virðist vera eitthvað ankannaleg. Sem dæmi um þau má nefna að Káinn rifjar upp aðstæður frá landnámsárum Íslendinga á 19. öld í stökunni „Gömul landnámsvísa“ þar sem „bóndinn rær og „grobbar“ en „konan þvær og „skrobbar“ (1945, 77). Bóndinn er enginn monthani, sífellt að grobba sig, heldur lýsir vesturíslenska tökuorðið „að grobba“ erfiðu og seinlegu verki sem landnám í kjarr- og skóglendi krafðist svo að unnt væri að rækta landið, en orðið hafði greinilega tapað þeirri merkingu. Richard Beck (1945, 77) skýrir að sögnin að „grobba“ sé dregin af enska orðinu „grub“

8 Blótsyrðin hér á Íslandi fóru alveg í hina áttina, snerust mest um að ákalla helvíti og myrkurvöldin, en þóttu alveg jafn skrífleg, þannig að viðlíka hliðranir voru notaðar. *Íslensk nútíðarmálsorðabók* gefur upp orðið „bévítans“ og fleiri skyld orð sem töldust vera heldur skárrí eða vægara blót: endemis, skrambans, bölvauður, grábölvauður, ansvíti, bévauður, ólukkans argvítugur, ansvítans, bannsettur. Sjá nánar á <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/5443>.

9 Birna Arnbjörnsdóttir (2006, 61–71) er með gott yfirlit yfir tökuorð úr mismunandi orðflokkum. Sjá einnig Haraldur Bessason (1967, 115–147).

eða grafa upp kjarr með rótum“ og að „skrobba“ sé komið „af enska orðinu „scrub“: skúra (gólf)“. Nýyrðið að „skrobba“ svarar sem sagt til danska tökuorðsins að „skrúbba“. Hnyttið vesturíslenskt tökuorð sem Káinn gerir skil í vísu er „baslari“ sem felur í sér íslenska samhljómun (*e. homonym*) við enska orðið „bachelor“ og framkallar um leið merkingarvíkkun sem gefur til kynna að daglegt líf piparsveina sé meira basl en þeirra sem eru kvæntir (Beck 1945, 242).

Káinn er líka glöggur á að nýta sér tökuorðin til að bregða á leik. Vesturíslenska tökuorðið „að bíta“ er íslensk samhljómun og merkingarvíkkun á sagnorðinu „to beat“ sem merkir „að skara fram úr“ eða „sigra“ eitthvað (Farlex 2015). Káinn notar orðið í vísu þar sem hann segist hlakka til að komast í bakkelsi kvenfélagsins, því „þar verður brauð, sem varla er hægt að „bíta““, að hans sögn, sem nær fram stríðnislegri tvíræðni, hrósi og lasti, eftir því hvort orðið er skilið á ensku/vesturíslensku sem „framúrskarandi“ eða á íslensku sem „svo hart að það er varla ætt“ (Beck 1945, 69). Í annarri vísu segir hann það vera alveg sjálfsagt að fagna trúfrelsi á Mountain, í Norður-Dakóta, „en að heyra börnin bölvá“ og ragna / „bítur“ andskotann“ (1945, 73). Það er sem sagt andskotanum verra að heyra börn blóta en um leið bókstaflega „bítur“ blótið andskotann. Vesturíslenski merkingaraukinn nýtur sín líka vel í stökunni fyrirnefndu um veðreiðaspilið, sem Káinn vinnur með glæsibrag samkvæmt enskunni, sem væri „beat you all to pieces“, en hann segist vera að „bíta“ andstæðinginn í „tætlur“ samkvæmt íslensku merkingunni, sem dregur upp frekar sérkennilega og kátlega mynd af framkomu sigurvegarans.

En svo nýtir Káinn sér líka til hins ítrasta margfaldaða möguleika á rími sem vesturíslenska málnotkunin býður upp á. Sama orðið lýsir stundum mismunandi hlutum – eða sami hluturinn er kallaður mismunandi nöfnum – og tökuorðin má stafsetja og beygja á mismunandi vegu. Dæmi um það er enska orðið „car“ sem gat verið matarvagn sem notaður var á þreskitímanum til að matreiða fyrir verkamennina. Í vísu sneiddi Káinn að ráðskonu sem hafði mestum „kröftum varið“ í að „rækta blóm“ en ekki matseld: „það er orðið „„Home, Sweet Home““ / hjá henni Möngu „car“-ið“ (Beck 1945, 84). Þarna rímar „varið“ og „car“-ið en í eftirmælum um „Jón Sigmar, slátrara“ er rímið heldur flóknara á orðinu „car“ sem þá merkir vagn til nautgripaflutninga: „Þegar ævin endar hér / öllum þrautseigari, sína hinztu ferð hann fer /

með nokkur naut í „**cari**“ (Beck 1945, 107). Í kvæði um trúboða sem koma „að norðan í „**körum**““ en eru „svo fáir í **förum**“ (Beck 1945, 159) bregður Káinn fyrir sig vesturíslenska orðinu „kar“ sem merkir „bíll“, en á íslensku myndi það ekki merkja farartæki heldur einhvers konar ílát eða ker (sykurkar, baðkar).

Annað orð sem Káinn notar um bíla er orðið „motorbíl“ sem er samsuða úr (vesturísl)ensku og íslensku. Það kemur fyrir í tveimur vísum, „Um Tómas Halldórsson“ og „K. N. spurður þess, hvort hann ætti bifreið“:

Halldórsson eg hraustan sá
haltur var af kýli;
eins og fjandinn flugi á
fór á motorbíli.

Eg er ekki alveg „sure“ –
aðeins hefi von um:
Að brennivín og kýli-„cure“
kunni að bjarga honum.
(1920, 101)

Meðan endist æfin hér,
enginn maður sér á mér.
hvorki hryggð né hugarvíl,
þótt hafi' eg ekkert „motorbíl“.
(1920, 164)

Í orðinu „motorbíl“ slær saman enska orðinu „motorcar“ og íslenska tökuorðinu „bíl“¹⁰ en þetta er hvorugkynsorð í vesturíslensku („**ekk-ert** motorbíl“) og rímar við „hugarvíl“, ólíkt íslenska orðinu „bíll“ sem er karlkynsorð. Að hætti vesturíslensku er sögnin „að hafa“ notuð til að tákna eignarhald frekar en sögnin „að eiga“, í samræmi við enska málnotkun um að eiga: „to have a car“. Káinn sýnir með titlinum á seinna kvæðinu að honum er fyllilega kunnugt um að samkvæmt íslenskri málvöndun eru tökuorðin „motorbíl“, „kar“ og

10 Um þetta tökuorð í íslensku segir í *Íslenskri orðifjabóke* (1998): „bíll k. (nísl.) 'bifreið'. To., stytt og sniðið upp úr *automobil(e)*, e.t.v. að danskri fyrirmynd ...

„car“ nákvæmlega jafn „rétt“ – eða „röng“ – orðnotkun. Öll orðin eru fengin að láni úr öðrum tungumálum, ólíkt alíslenska orðinu „bifreið“.

Nafnorðið „borðið“ og sögnin „að borða“ taka á sig óvæntar birtingarmyndir í vesturíslensku og Káinn beitir þeim af þó nokkrum stráksskap. Í kvæðinu „Dýrtíð“ kvartar hann (1920, 127) um að það sé „dýrt að deyja / en dýrara þó að lifa. / Býsna dýrt er borðið / og bjórin hjá honum Sveini; / dýrt er drottins orðið / og dýrt að fara á „train“-i“. Káinn setur engar gæsalappir utan um „borðið“ til að vara íslenska lesendur, sem eru ólæsir á vesturíslensku, við því að þarna sé um að ræða allt aðra merkingu en þeir eigi að venjast um húsgagnið „borð“. Richard Beck (1945, 100) útskýrir aftur á móti í sinni útgáfu að þarna þýði „borðið“ að vera í fæði hjá einhverjum. Merking ensku sagnarinnar „to board“ og nafnorðsmyndin „board“ er yfirfærð á íslensku sögnina „að borða“ og nafnorðið „borð“ og þessum ólíku orðum er gefin samstofna merking þannig að til verður þessi hnyttna viðbót.

Ekki er síður skondin samsetningin um að sjá um eigið fæði, sem Káinn tekur upp með sérstökum hætti. Samkvæmt Guðmundi Jónssyni frá Húsey hljómaði það svona á vesturíslensku: „Þú getur verið á *bordingshúsinu* (boarding house) eða *borðað þig sjálfur*“ (Stefán Einarsson 1937, 22). Þarna er sem sagt komin skýring á afskaplega sérkennilegri sjálfslýsingu Sáms frá Urðarbæli í bragnum „Flutt á samkomu í Duluth“, en hann segir m.a.: „Ég sýndi þá alíslenzkt sálarþrek og dug, / sjálfan mig að eta datt mér strax í hug“ (Beck 1945, 46). Káinn setur ekki gæsalappir á orðalagið „sjálfan mig að eta“, ókunnugum Íslendingum til glöggvunar á að þarna sé vikið frá viðtekinni merkingu orðanna, og Richard Beck gefur heldur ekki neina skýringu, þótt til þess sé ærin ástæða.

Reyndar er þessi bragur frávikíð sem sannar að glettni Káins var ekki alltaf göðlátleg. Sámur frá Urðarbæli kemur ungur, mállaus, vinalaus, allslaus og utanveltu frá Íslandi og má í fyrstu ekki vamm sitt vita en ákveður svo að verða ríkur og hugsar þá um það eitt að græða. Hann safnar sér fé með nisku, sníkjum og þjófnæði: með „kunst „on the sly““ krækir hann sér „í „pie““ og í skugga nætur stelur hann jafnvel sláturúrgangi sem er ætlaður til að gefa fátækum: „á kvöldin og nóttunni kem eg þar við, / er „kill“-a þeir „pigga“ og lömb. / Og garnir og rusl, sem þeir gefa þeim „poor“u / er gott

upp úr súru.“ Sámur stelur áfengisflöskunum frá útúrdrukknum kunningjum sínum: „og gleð mig svo sjálfan í góðvina hreysi / „Gísi kreisi!“¹¹ Hann kaupir sér frakka og er þá strax kosinn forseti félagsins sem heldur samkomuna þar sem bragurinn er fluttur, en ef „orðinu skakkar“ við hann, þá tekur hann eitthvað „skrítið til bragðs“; hann er „þyngstur“ en ekki „stærri“ en allir þarna, sem myndi þýða með ensku tungutaki að hann ráði öllu en sé ekki að sama skapi stórmannlegur í lund (Beck 1945, 45–48). Í þessari dramatísku einræðu Sáms stendur Káinn líkt að verki og snillingar á því sviði, samanber kvæðin „Porphyria’s Lover“ og „My Last Duchess“ eftir Robert Browning og smásagan „The Tell-Tale Heart“ eftir Edgar Allan Poe. Káinn opinberar hversu lítilmótlegur Sámur er með því að láta hann stæra sig af því að koma sér áfram með því að leggjast lágt en spila sig stóran. Hér má ætla að frávik Káins frá reglunni um að merkja tökuorð og tökuorðhluta með gæsalöppum sé samstiga sýnilegri fyrirritningu hans á þeim sem hann uppnefnir Sám frá Urðarbæli.

Ef vesturíslenskur orðaforði er íhugaður með opnum huga í stað vandlætningar verður fljótt ljóst að orðmyndanirnar eru alls ekkert endilega til orðnar upphaflega vegna lélegs valds á íslenskri tungu. Sýnilega er oft tvennt sem býr að baki. Annars vegar er líklegt að myndast hafi orðaforði sem gerði fólki kleift að blóta eða tala opin-skátt um viðkvæm málefni sín á milli án þess að vekja athygli heimamanna. Hins vegar er sjáanleg óþægð eða kankvísi í myndun orðanna og líklegt að vísvitandi hafi verið valin íslensk orð sem hljómuðu líkt og enskan en höfðu ólíka merkingu, og gátu því vakið kátínu í fyrstu, þótt þau yrðu svo eflaust viðtekin orðnotkun. Dæmið um „að vera í borði“ og „að borða sjálfan sig“ er alveg sérlega lýsandi fyrir þetta og sömuleiðis „að bíta“ fyrir „to beat“.

Káinn nýtir sér að fullu sveigjanleika vesturíslenskunnar þar sem hún liggur á mörkum íslensku og ensku. Hann margfaldar merkingu orða, eins og sjá má í mismunandi notkun hans á „að bíta“, og hann

11 „Gísi kreisi“ er afbökun á Jesus Christ, eins og Díses (hér framar). Richard Beck (1945, 48) skýrir þessi sérkennilegu orð þó ekki með öðru en að þetta sé „blótsyrði (skrífsmál)“. Að sögn Séra Magnúsar Jónssonar (1916, 63), sem var um skeið prestur í Íslendingabyggðum í Norður-Dakóta, var orðið fangelsi, „jail“, borið fram sem „geil“ á vesturíslensku, sem er þá sams konar hliðrun á hljóðum. Væntanlega hefur þetta verið til að geta blótað Jesus Christ og talað um fangelsi án þess að enskumælandi fólk skildi hvað um var rætt.

margfaldar rímorð, eins og sjá má í dæmunum um mismunandi farartæki sem kallast „car“ og mismunandi orð fyrir bíl. Svo leyfir hann sér einnig smá hrekki eins og þegar hann merkir ekki með gæsalöppum samsetninguna „sjálfan mig að eta“ í brag þar sem hann merkir önnur frávík frá íslenskrri orðnotkun samviskusamlega, þannig að persónulýsingin sem Sámur dregur upp með raupi sínu um að verða ríkur með því að borða snapaðan eða stolinn úrgang verður enn skelfilegri fyrir bragðið, því allt virðist bera að sama brunni.

3. Margfaldir merkingaraukar

Káinn (1920, 134) segir í kvæðinu „Feðratungan“ að þótt íslenskan flytji ljóð og tjái íslensk náttúruhljóð, þá „er enskan eitthvað mýkri, / með unaðshlýrri blæ / því íslenskt mál á ekki / neitt orð, sem merkir „pie“.“ Og víðar kemur „pie“ fyrir, alltaf óbreytt upp á ensku, eins og í „Borðsálmi Lily litlu“: „Mig vantar „pie“ og „pudding“ / og pipar, salt og smér ...“ (Káinn 1920, 44). Káinn sýnir fram á að málblöndun leysir í snarhasti þann vanda sem kemur upp þegar mál og menning eru ekki samstiga. Ýmis kvæða Káins sýna leynt og ljóst viðleitni hans til að túlka hugtök og reynslu sem honum finnst ekki hafa fundið sér stað í íslensku máli – millifæra hughrif jafnt sem merkingu. En oft deila ljóðin hans einfaldlega með okkur innsýn hans í bráðsniðuga dynti tungumálsins – ekki síst þegar hann setur enskt og íslenskt hljóðkerfi eða málfar í samspil og myndar óvænta merkingarauka. En til þess að það skili sér til fullnustu verður maður stundum að vera vel vakandi og þekkja vel til beggja mál- og menningarheima.

Sum kvæða Káins eru í raun túlkun eða myndlýsing á yfirskrift kvæðisins. Titillinn á ljóðinu „Melankóliska“ er tókuorð, fengið að láni úr Norðurlandamáli en ekki úr ensku. *Íslensk orðsifjabók* (1989) segir orðið vera komið úr dönsku á 16. öld,¹² enda telur Richard Beck svo sjálfsagt að allir íslenskir lesendur skilji þetta orð að hann veitir enga orðskýringu.

12 Þar segir: „melankól(í)skur l. (16. öld) 'þunglyndur; skrytinn í hátterni'. To. úr d. *melankól(i)sk.* Leitt af gr. *melankolía* 'þunglyndi' af gr. *mélas* 'svartur' og *kbólos, kbólé* 'gall', tengt kenningu Hippókratesar um að svart gall ylli þunglyndi.“ Sjá málið.is, vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Gleði sunna glæst er byrgð, –
geislar fáir skína. –
Margt í dapri dauðakyrrið
dreymir sálu mína.

(1920, 13)

Þýðingin „angurværð“ getur varla hentað fyrir sál sem dreymir í „dapri dauðakyrrið“ og hugsanlega ekki heldur öllu nútímalegra orðið „þunglyndi“, heldur er þetta sálarástand meira í ætt við ljóðið eftir Edgar Allan Poe um hrafinn sem varpaði dökkum eilífðarskugga á sál syrgjandi ljóðmælandans. Vísa Káins er eins og íslensk þýðing eða túlkun á hans skilningi á því sálarástandi sem orðið lýsir. Sama viðleitni til túlkunar á hugtaki eða verund, en allt annars eðlis, kemur fram í öðrum vísum. Ljóð sem Káinn kallar „Minding my own business“ lýsir einnig áhugaleysi á umheiminum utan við innra sjálfið, en það er fremur skeytingarleysi þess sem hefur í nógu að snúast og gefur sér ekki tíma til að velta sér upp úr sárindum eða ama sem „orð [og] gerðir hinna“ gætu valdið:

Hérna' í fjandans heiminum
hefi' eg mörgu að sinna;
læt mig varða ekkert um
orð né gerðir hinna.

(1920, 13)

Það er varla hægt að betrumbæta þessa túlkun á orðtaki sem á sér ekki augljósa hliðstæðu á íslensku.

Kvæði sem nefnist „Í Hensel“ túlkar aftur á móti heldur hressilegra ástand: orðtakið um að „mála bæinn rauðan“ sem er bein þýðing á „paint the town red“ eða að gera sér mjög ærlegan dagamun. Merkingin er því vel þekkt og auðskilin á íslensku en Káinn setur hana í nýtt og mjög bókstaflegt samhengi:

Drekka og „fight“-a frískar geð,
fram í opinn dauðann.
Blóði gæti eg manna með
málað bæinn rauðan.

(1945, 79)

Í þessari vísu er það grallarinn Káinn sem bregður nýju ljósi á þekktu hugmynd. Hann hafði ekki orð á sér sem slagsmálhundur á fullorðinsárum, þótt hann segði í vísunni „Lengi muna börnin“ að „drekka og fljúgast á“ væri það helsta sem hann hefði lært á Íslandi og „minnkun ekki þótti þá“ (Beck 1945, 91). Káinn var sagður hafa haft tilhneigingu til þess að vera alla jafna heldur þumbaralegur eða orðfár, vilja helst „mind his own business“ en verða aftur á móti skrafhreifinn og hrókur alls fagnaðar með víni (Jón Hjaltason 2020, 150–151, 260). Hér er hann þó að yrkja í orðastað þeirra sem fóru gagnert á samkomur og í miðbæinn hérlendis sem erlendis til þess að slást þar til blóð flæddi um völlinn og enginn var uppistandandi. Orðalagið „fram í opinn dauðann“ gefur til kynna að höfundur samsami sig ekki við ljóðmælandann, enda er töluverð þversögn eða ólíkindi í því sem „frískar geð“ svo kröftuglega að það leiði menn „allt fram í opinn dauðann“. Reyndar má líka ráða af orðalaginu um það sem hann lærði á Íslandi að ekki hafi „þá“ þótt minnkun af því, þó að „nú“ séu viðhorfin breytt.

Vísa Káins „War-harðindi“ er kveðin í andsvari við „Vorharðindi“ Stephans G. Stephanssonar (Andvökur 1954, 374), en vísan er jafnframt með smellið samspil á milli íslensku og ensku. Stephan orti sitt kvæði árið 1910 þegar honum fannst sjálfstæðisbarátta Íslendinga ekki nógu hraðfara og afgerandi, og spurði hvort ekki færi að vora: „Hvort réttist eigi söngvíst sumarljóðið / úr sultarkeng ins vetrarlanga húms?“ Áeggjan Stephans um það hvort Íslendingar fari ekki að kasta af sér þrælsfjötrum Danaveldis svarar Káinn í fyrri heimstyrjöldinni og segir:

Ekkert „war“ þar er né var,
ei mun vora í skyndi.
En bræður vora „bursta“ þar,
bölvuð „war“-harðindi.

(1945, 130, mínar áherslur)

Í fyrri heimstyrjöldinni minnkaði þjóðarframléiðsla Íslendinga allverulega og vöruflutningar til landsins urðu svo torveldir að sífellt varf meira að. „Snemma árs 1917 sáu yfirvöld í Reykjavík sig knúin til að skammta olíu, kol, sykur, kornmat og fleiri vörur. ... Um

tíma var óttast að fólk hér á landi kynni að svelta vegna matarskorts“ (Gunnar Bjarnason 2018). Þetta voru því „war-hardindin“ sem voru að „bursta“ þjóðina sem ekki átti í neinu stríði, en Richard Beck (1945, 130) skýrir að orðið „bursta“ þýði að „gera gjaldþrota, öreiga“. En inn í þessar samúðarkveðjur Káins fléttast örlítill stríðni varðandi tiltekna framburðarerfiðleika Íslendinga. Fyrst og fremst reynir á *w*-hljóðið í ensku, þannig að „war“ gat hljómað eins og „vor“ í íslenskum framburði, en svo gat „Ekkert war“ líka verið borið fram sem „Ekkert var“ hjá þeim sem minnst gátu lagt sig eftir ensku talmáli og fylgdu ritun í framburði, en þá er merking fyrstu línunnar líka um leið orðin svolítið önnur, eða ekkert „skjól, vörn“. Eignarfornafnið „vora“ og sögnin að „vora“ bætast svo í innrímið í þessari frábæru, margræðu, hringhentu „hljóðkviðu“.

Það er einnig hugkvæmni Káins og samleikur hans á íslenskum og enskum framburði sem gerir kvæðið um dr. Ágúst H. Bjarnason alveg kostulegt. Ágúst var fyrsti prófessorinn með doktorsgráðu við Háskóla Íslands, í heimspeki og sálfræði, og var rektor árin 1918–1928, en eins og Böðvar Guðmundsson (2017, 160) skýrir þá var hann „ætið kallaður Ágúst H.“ og „það nýtti Káinn sér“.

Nú heilsa eg heimspeking frægum
og hneigi mig. – Sæll vert þú –
heiðraði herra Ágúst.

H. – „do you do?“

Við þráðum hér syðra að sjá þig
og setjast hjá þér í „bíl“
og hlusta á þig, herra Ágúst.

H. – „do you feel?“

Það er svo hressandi, heilnæmt,
og heimskuna dæmir í bann,
að hlusta á þig, herra Ágúst.

H. – lærðan mann.

Þeir sem að þekkja þig vita
að þegar komið er haust
heldur þú heimleiðis, Ágúst
H. – vaðalaust.

(1945, 176)

Það er erfitt að gera upp á milli þess hvor er hnyttnari, leikurinn með kurteisiskveðjurnar á ensku eða sá með íslensku orðin, sem hvorir tveggja spretta óvænt út úr nafninu „Ágúst H.“ við lestur. Snilldin skýrir sig sjálf – en þó má bæta við athugasemdum Böðvars Guðmundssonar (2017, 159) um „fundvísi“ Káins á „kímilega málnotkun. Það eru ekki mörg skáld sem hafa ef svo má segja togað í tunguna eins og hann, séð það spaugilega í almæltu máli ...“.

Til skilnings vísunni „Brennan“ þarf lesandinn aftur á móti svólítið menningarsögulegt innsæi, auk enskukunnáttunnar, en í henni kallast á margræð merking. Þar segir frá því þegar Káinn varpaði gamalli og slitinni biblíu á eld:

Nú legg ég hönd á helga bók
og henni í eldinn fleygi.
Drottinn gaf og drottinn tók;
en djöfullinn segir, „holy smoke“
ég hljóður hugsa og þegi.

(1945, 116)

Í amerísku samhengi vekur fyrsta línan ein og sér þá væntingu með orðalaginu að nú eigi að fara að sverja eið í vitnastúku með því að leggja hönd á biblíuna, eins og tíðkast vestanhafs, og því er framhald setningarinnar í næstu línu mjög óvænt, að helgu bókinni skuli vera fleygt á eld. Setningin „Drottinn gaf og drottinn tók“ er bein tilvitnun í fyrsta kafla Jobsbókar og lýkur með orðunum „lofað veri nafn Drottins“. Og nafn Drottins má að sjálfsögðu ekki leggja við hégóma samkvæmt þriðja boðorðinu af tíu, sem segir að annars megi vænta hegningar Drottins. Þess vegna urðu til ýmsar kyndugar samsetningar eins „holy smoke“ sem kom í stað orðanna „Holy Spirit“ eða „heilagur andi“ (Quinion 2000).

Sagan af Job, jafnt sem aðrar sögur biblíunnar, var hluti af dagleg-

um orðaforða og myndmáli fólks sem hafði alist upp við biblíulestur og biblíulíkingar, og að trúarlegir húslestrar og kirkjusókn væru helstu skemmtanirnar. Sagan greinir frá því þegar Satan sviptir Job öllum sínum auðæfum og öllum sínum ellefu börnum í einni svipan, því hann vill sanna fyrir Drottni að þá muni trúfesta Jobs breyta, en guð hafði veitt Satani fullt frelsi til að beita öllum ráðum til að knýja Job til örvæntingar. En Job stenst prófraunina með fleygri þolgæði sinni og staðfastri guðstrú þrátt fyrir allan missi. Káni virðist verða hugsað til ædrulausra orða Jobs þegar hann fleygir biblíunni á eldinn: „Drottinn gaf og drottinn tók.“ Þau eru fastur hluti af kveðjuorðum við jarðarfarið íslensku þjóðkirkjunnar, áminning um ædruleysi gagnvart dauðanum. Eins og í Jobsbók þarf djöfullinn að leggja eitt-hvað til málanna þegar hann mætir á biblíubálför Káins, og segir: „holy smoke!“ Eins og Richard Beck (1945, 116) skýrir þá telst þetta vera blótsyrði í Norður-Ameríku. Samkvæmt orðabókum varð „holy smoke“ þó ekki að blótsyrði á ensku fyrr en undir lok níttjándu aldar; fram að því vísaði það alfarið í heilagan reykingu af brennufórnum sem færðar voru Drottni (Quinion 2000). Vísun í „swearing“ í merkingunni að sverja eið, í fyrstu línu, kallast á við vísun í blótförn í annarri línu og blótsyrði í þeirri fjórðu.

Káinn nær sem sagt að draga upp margræðar og misvísandi myndir af einum og sama atburðinum sem andstæðum en þó tryggilega tengdum athöfnum. Annars vegar er biblíubruninn brennuförn á guðsorði til guðs. En brennuförnir voru svo aftur á móti nefndar „blót“ í okkar menningu til forna og þegar Satan segir „holy smoke“ er hann einmitt að blóta. Þetta er því hugmyndafræðilega, málfarslega, og menningarlega flókin staða og því eðlilegt að Káinn verði hugsi og þegi.

Næmur skilningur og næmt eyra fyrir máli og málsniði er ein-kennandi fyrir skáldskap Káins, sem sýnir sérstakan hæfileika til að opna nýjar og óvæntar tengingar á milli íslensku og annarra mála í örfáum línum. Hann leitast við að koma hugmyndum og hugtökum í orð og auðsætt er að það skiptir hann minna máli til hvaða tungumáls hann grípur en það að orðið eða orðin séu rétt – skili réttir hugmynd eða tilfinningu.

En hugmynda-, mál- og hljóðbrellur Káins þegar hann leikur sér í bilinu, og í tengingunum, á milli mála eru þó það sem mest kætir.

War-hardindin sameina alla þessa þætti listilega og sömuleiðis kvæðið um Ágúst H. Vald Káins á málsniði kemur einnig alveg snilldarlega fram í kurteisísavörpunum. Það var sérvesturíslenskt á fyrri hluta tuttugustu aldar að þúa gest sem hefði átt að vera þéradur samkvæmt íslenskum siðareglum, því hér voru þéringar „algengar fram undir lok sjöunda áratugar síðustu aldar“ (Guðrún Kvaran 2017). Virðingu og kurteisi skortir þó aldeilis ekki – né heldur praktískar og hugvit. Vald Káins á orðræðu tengdri biblíunni, hvort heldur er í samhengi við enska eða íslenska menningu og málhefðir, er svo grunnurinn að marghljómi hugmynda í „Brennunni“.

Niðurlag

Allir sem fara orðum um skáldskap Káins eru sammála um snilld hans í að vekja kátínu með því að bregða óvænt frá málfarslegum og hugmyndafræðilegum væntingum og vana. Afstaða hans til vesturíslenskunnar og tökuorða á ensku jafnt sem öðrum tungumálum víkur sömuleiðis frá því sjónarhorni sem viðtekið var og er. Hann opinberar leikinn sem víða örlar á í vesturíslensku og magnar hann margvíslega upp með því að kalla fram mismunandi merkingarauka og margfalda möguleika á rími. Hann sýnir að það er ekki vankantur heldur forréttindi að geta valið úr hugmyndum, hugtökum og orðum – ekki aðeins á íslensku heldur líka á ensku. Auk þess slæðast stöku dönsk tökuorð með til að ná réttum blæbrigðum í máli og merkingu, eða til að minna á að það sé engin nýlunda að íslenska sæki sér orð við hæfi úr öðrum tungumálum.

Það er auðvelt að samsinna Sigurði Nordal (1936, 351) þegar hann klykkir út með því að það sé „erfitt að hugsa sér, að Íslendingar hætti að hafa gaman af beztu stökum K. N. meðan tungan helzt nokkurn veginn óbrjáluð“. Það sem breytist með tímanum er án efa skoðanir og smekkur á því hvaða stökur Káins séu bestar. Kvennafar, drykkja og trú eru alls ekki þau yrkisefni sem okkar nútími myndi endilega setja efst á blað en í staðinn eru mörg kvæði sem ekki gátu notið sín vegna enskunotkunar orðin aðgengileg. Hugvitssemin, krafturinn, málfærnin, leikgleðin og skyndilegir viðsnúningar í röksemdafærslu Káins eru líkleg til að tala áfram til okkar Íslendinga.

HEIMILDIR

- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. „bíl“. *Íslensk orðsifjabók*. Sótt 6. September 2022 af malid.is, <https://malid.is/leit/b%C3%ADll>.
- Richard Beck. 1945. „Kristján N. Júlíus (K. N.)“. *Kviðlingar og kvæði*, ritstjórn, innangangur og skýringar Richard Beck. Reykjavík: Bókfellslitgáfan. XI–XXII.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2006. *North American Icelandic: The Life of a Language*. Winnipeg: University of Manitoba Press.
- B. L. Baldwinson. 1913. „Fjalla-Eyvindur. Ljótur og siðspillandi leikur“. *Heimskringla* 27. Febrúar, bls. 4.
- Böðvar Guðmundsson, ritstjóri 2002. *Bréf Vestur-Íslendinga II*. Reykjavík: Mál og menning.
- Böðvar Guðmundsson. 2017. „Minn Káinn“. *Són* 15: 145–161.
- Crystal, David. 1998. *Language Play*. Chicago: The University of Chicago Press.
- Daisy Neijmann. 1997. *The Icelandic Voice in Canadian Letters*. Ottawa: Carleton University Press.
- Eburne, Jonathan P. og Andrew Epstein. 2014. „Introduction: Poetry Games“. *Comparative Literature Studies* 51 (1): 1–17.
- „Eimreiðin 3. hefti 1919“ [auglýsing]. *Lögretta* 39: 2.
- Einar Sæmundsson. 1893. *Þjóðviljinn ungi* 16. janúar, bls. 27.
- Einar Sæmundsson. 1887. „Raddir almennings“. *Heimskringla* 1. desember, bls. 3.
- Farlex Dictionary of Idioms*. 2015. „Beat all to pieces“. Sótt 15. apríl 2022 af <https://idioms.thefreedictionary.com/beat+all+to+pieces>.
- Furstenau, Sunna. 2014. „K. N. Júlíus“. *The Icelandic Connection* 66 (3): 133–137.
- Gísli Sigurðsson. 2017. „Íslenska í Vesturheimi“. *Málsgreinar*. Sótt 17. apríl af <http://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=705#>
- Guðmundur Finnbogason. 1930. „Inngangur. 1. Um ljóðin og leikritin“. Í *Vestan um haf*, ritstýrt af Einari H. Kvaran og Guðmundi Finnbogasyni, XXVIII–XXXVIII. Reykjavík: Bókadeild Menningarsjóðs.
- Guðrún Kvaran. 2017. „Barðist Ólafur Ragnar gegn þéringum? Hvenær hættu Íslendingar að þéra?“ *Vísindavefurinn*, 2. febrúar. Sótt 25. apríl 2022 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=73215>.
- Gunnar Þór Bjarnason. 2018. „Hvað er svona merkilegt við árið 1918?“ *Vísindavefurinn*, 13. apríl. Sótt 18. apríl 2022 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=75585>.
- Guttormsson, Guttormur J. 1920. „Að leikslokum í Winnipeg“. *Bóndadóttir*. Winnipeg: Hecla Press.
- Haraldur Bessason. 1967. „A Few Specimens of North American-Icelandic“. *Scandinavian Studies* 39 (2): 115–146.
- Íslensk nútímamálsorðabók. (án ártals.) „bévítans“. *Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*. Sótt 7. september af <https://islenkordabok.arnastofnun.is/ord/5443>.
- Jón Helgason. 1915. „Vestur-íslenzkt alþýðuskáld“. *Iðunn* 2: 177–185.
- Jón Hjaltason. 2020. *Fæddur til að fækka tárur: Káinn: ævi og ljóð*. Akureyri: Völuspá.
- Jón Ólafsson. 1899. „Bókmentir vorar“. *Nýja öldin* 3: 228–250.

- [Káinn] Kristján Níels Júlíus. 1920. *Kviðlingar*, ritstjórn og inngangur W. H. Paulson Winnipeg: Columbia Press.
- [Káinn] Kristján Níels Júlíus. 1945. *Kviðlingar og kvæði*, ritstjórn og skýringar Richard Beck. Reykjavík: Bókfellisútgáfan.
- [Káinn] Kristján Níels Júlíus. 1919. „Æfintýr á gönguför“. *Eimreiðin* 25 (3): 165–166.
- Luk, Jasmine. 2013. „Bilingual language play and local creativity in Hong Kong“. *International Journal of Multilingualism* 10 (3): 236–250.
- Magnús Jónsson. 1916. *Vestan um haf: smávegis um Ameríku og landa vestra*. Reykjavík: Höfundur.
- [Magnús Jónsson] M. J. 1918. „Káinn“. *Eimreiðin* 24 (3–4): 186.
- McCleod, John. 2016. „Horse Race“. *Card Game Rules*. Sótt 16. apríl 2022 af https://www.pagat.com/race/horse_race.html.
- McPherson, Lilian Vilborg. 2001. „Migrant Memory“. *Rediscovering Canadian Difference*. Ritstjóri Gudrun Björk Gudsteins. Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum & NACS, bls. 130–142.
- N. N. 1915. „Vesturíslenska „alþýðuskáldið““. *Íslendingur* 26. nív.
- W. H. Paulson. 1920. „Höfundurinn“. *Kviðlingar*, eftir Káinn, ritstjórn og inngangur W. H. Paulson. Winnipeg: I–III.
- W. H. Paulson. 1920. „Kviðlingarnir“. *Kviðlingar*, eftir Káinn, ritstjórn og inngangur W. H. Paulson. Winnipeg: IV–V.
- Quinion, Michael. (2000). „Holy smoke“. *World Wide Words*. Sótt 4. apr. 2022 af <https://www.worldwidewords.org/qa/qa-hol1.htm>.
- Schole, Gesa. 2018. „Wordplay as a means of post-colonial resistance“. *Cultures and Traditions of Wordplay and Wordplay Research*, ritstýrt af Esme Winter-Froemel og Verena Thaler. Berlin: De Gruyter.
- Sigurður Nordal. 1936. „K. N“. *Dvöl* 4 (11–12): 346–351.
- Sigfús Blöndal. 1920–1924. „melankóliska“, *Íslensk-dönsk orðabók*, bls. 539. Sótt 7. september 2022 af malid.is, <https://malid.is/leit/melank%C3%B3liska>.
- Stefán Einarsson. 1937. „Nokkur sýnishorn af vestur-íslenzku og rannsóknum um hana“. *Lögberg* 23. desember, bls. 18–19, 22–23.
- Stephan G. Stephansson 1954. *Andvökur* II. bindi, ritstjóri Þorkell Jóhannesson. Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs.
- Viðar Hreinsson. 2017. „Pegasus í fjósinu og kýrrassatrú: var Káinn hagrýðingur eða skáld?“, *Són* 15: 164–178.
- Vilhjálmur Stefánsson. 1903. „English Loan-nouns Used in the Icelandic Colony of North Dakota“. *Dialect Notes* 2: 354–362.

ÚTDRÁTTUR

Enskugleddur Káins

Vestur-Íslendingurinn Kristján Níels Jónsson (1860–1936), eða Káinn, K. N., orti um reynsluheim sinn í Norður-Ameríku, þar sem hann bjó lengstan hluta ævinnar, og á því máli sem honum var tamt, hvort heldur var á alhreinni og kjarngóðri íslensku – eða enskuskotinni. Hann er þekktastur fyrir góðlátlega kímni, leik sinn að íslensku máli og merkingu, og að varpa iðulega nýju og óvæntu ljósi á hversdagslegt líf og störf. Íslenskum lesendum fyrri tíma gat gengið illa – eða ekki – að skilja hjálparlaust ensk og vesturíslensk innskot skáldsins, þannig að leikur hans á milli mála var ekki auðskilinn, og það er varla fyrr en á seinni árum sem hann hefur farið að njóta sín, en það er þessi hlið á leikgleði Káins með mál, merkingu og rím sem hér er athuguð.

Lykilord: Kristján Níels Jónsson Julius, Káinn, *Kviðlingar*, tvítyngdir orðaleikir, leikfræði

ABSTRACT

Bilingual Wordplay in Káinn's Poetry

Icelandic-American poet Kristján Níels Jónsson (1860–1936), whose initials, K. N., turned into the pen name Káinn, lived in North America, and wrote about his immediate reality in the language that he commanded exceptionally well, be it in pure and proper Icelandic, or peppered with English and American-Icelandic borrowings. In Iceland, Káinn's poetry claimed immediate attention when it first came out, his playful use of the Icelandic language often casting a new and unexpected light upon common, everyday life, language, ideas, and actions. Due to poor command of English until the late twentieth century, however, Icelandic readers were in general not able to appreciate Káinn's playful expansion of poetic possibilities by the language contact examined in this article.

Keywords: Kristján Níels Jónsson Julius, Káinn, *Kviðlingar*, bilingual wordplay, *ludic* theory

„Tillaga að lífi“: Um örlögin í Norðrinu og endursköpun Agnesar í *Náðarstund* eftir Hönnuh Kent¹

Inngangur

Í bók sinni *The Idea of North* segir Peter Davidson að allir „beri innra með sér sína eigin hugmynd um Norðrið“ og að „sem staðarlýsing sé ‚Norðrið‘ síbreytilegt og erfitt að henda reiður á því“ en jafnframt kalli hugtakið fram „ákveðin og jafnvel ástríðufull viðbrögð hjá flestum“.² Ísland er einungis nokkrum gráðum sunnan við norðurheimskautsbaug, sem liggur reyndar yfir hina norðlægu Grímsey, og því mætti ætla að Ísland falli undir hugmyndir flestra um Norðrið og að landslagið, náttúran, veðrið og árstíðirnar á Íslandi séu dæmigerð fyrir norðlægar slóðir. Norðrið er oft á tíðum túlkað sem öfgafullt, sem „staður hörguls og þurrðar“ og Ísland er sannarlega land andstæðna: elds og íss, myrkurs og ljóss.³ Hér eru veður oft válynd og hættuleg en einnig gefast margir fallegir, hlýir og bjartir sumardagar. Fólk sem bjó til sveita á Íslandi á nítjándu öld og var án allra nútíma þæginda lifði upp á náð og miskunn náttúrunnar

1 Þessi grein er tileinkuð minningu Eggerts Þórs Bernharðssonar (1958–2014). Eggert kynnti mig fyrst fyrir skáldsögu Hönnuh Kent og við áttum oft líflugar og skemmtilegar samræður í kaffistofu Nýja Garðs um mörkin milli sagnfræðilegs „sannleika“ og skáldaðs „sannleika“; þær einkenndust að sjálfsgöngu af mismunandi sköpunum sagnfræðings og bókmenntafræðings.

Greinin byggir að töluverðum hluta á bókarkafla á ensku sem kom út árið 2020 og er birt hér í breyttu formi og á íslensku með leyfi útgefanda þeirrar bókar. Sjá: Ingibjörg Ágústsdóttir, „Reinventing Agnes“.

2 Davidson, *The Idea of North*, 11 og 20.

3 Sama heimild, 17.

og landslagsins, en þessi öfl mótuðu hversdaginn með skýrum hætti. Íslensk sveit á nítjándu öld er sögusvið skáldsögunnar *Náðarstund* eftir Hönnuh Kent (2013, íslensk þýðing 2014), ástralskan rithöfund sem heimsótti Ísland fyrst sem skiptinemi og dvaldi eitt ár á Sauðárkróki.⁴ Agnes Magnúsdóttir var síðasta konan sem tekin var af lífi á Íslandi og líf hennar og örlög eru efniviður *Náðarstundar*. Íslensk fósturfjölskylda Kent sagði henni undan og ofan af Agnesi, morðunum á Illugastöðum og eftirmála þeirra er þau óku um Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu. Innlokunarkenndin og einangrunin sem Kent upplifði á Sauðárkróki, þar sem lítið var á hana sem aðkomumanneskju, eða „Ástralann“, ýtti undir samkennd hennar með Agnesi, og Kent kom til með að líta á Agnesi sem misskilið olnbogabarn fortíðarinnar.⁵ *Náðarstund* er í aðra röndina tilgátuævisaga eða síð-viktorísk skálduð ævisaga, skrifuð í anda endurskoðunarhyggju, og bæði femínísk og póstmódernísk hvað varðar þemu og frásagnartækni. Hin skáldaða rannsókn Hönnuh Kent á ævi Agnesar stefnir leynt og ljóst að því að gera sögu hennar miðlæga og sýna persónu hennar og gjörðir í margræðara ljósi en áður. Til að ná því takmarki beitir Kent aðferðum eins og ólíkum söguröddum og sjónarhornum, sem og vitundarflæði, en einnig birtir hún brot úr sögulegum heimildum sem varðveist hafa um Agnesi og málshöfðunina gegn henni. Þessi marglaga frásögn ólíkra sjónarhorna á Agnesi og gjörðir hennar vinnur gegn og grefur undan staðalímyndinni af hinu illa og morðóða kvendi sem hefur verið áberandi í mörgum sagnfræðilegum og skálduðum útgáfum af sögu Agnesar. Ásamt ofangreindum frásagnar aðferðum beitir Kent áhrifamiklum og ljóðrænum lýsingum á íslensku landslagi, náttúru og árstíðum, en slíkar lýsingar eru mikilvægar til að undirstrika þá mynd sem Kent dregur upp af Agnesi og aðstæðum hennar. Hið óblíða afskekkt Norður, einangrunin og erfið vedurskilyrði, þó stundum blönduð fegurð og hugarfró, endurspeglar og undirstrika hið vonlausar og fyrir fram dauðadæmda líf Agnesar og hennar grimmu örlög. Hér verður fjallað um ofangreind atriði og skáldsaga Kent túlkuð í ljósi endurskoðunar-

4 Friðrika Benónýsdóttir, „Myrkt ástarljóð til Íslands“; Reynolds, „Hannah Kent: From Adelaide to Icelandic noir“.

5 „Discovering Agnes: Hannah Kent on writing *Burial Rites*“, 342; Linda Morris, „The Cold Light of Day“.

hyggju í póstmóðernískum og femínískum sögulegum kvennabókmenntum sem vaxið hefur fiskur um hrygg síðustu áratugi.

1. Tillaga að ævi: afbygging staðalímyndar

Morðin á Illugastöðum þann 14. mars 1828 og aftaka Agnesar Magnúsdóttur og Friðriks Sigurðssonar á Þrístöpum þann 12. janúar 1830 eru flestum Íslendingum vel kunn. En aðdragandi og ástæður að baki þessara atburða eru um margt á huldu, þó að sögusagnir um ástarsamband Agnesar og Natans Ketilssonar hafi orðið lífseigar og markað endursagnir og aðlaganir á sögu þeirra í dægurmenningu, bókmenntum og kvikmyndum. Reyndar er ekki til nein sönnun þess að Agnes og Natan hafi átt í ástarsambandi, eins og Guðbrandur Jónsson bendir á árið 1936 í umfjöllun sinni um dauða Natans.⁶ Einnig er sýnt fram á þetta af bæði Eggerti Þór Bernharðssyni í grein hans um morðin og í nýlegri bók Þórunnar Jörlu Valdimarsdóttur, *Bærinn brennur*, þar sem segir: „Ekkert kemur ... fram í tryggum heimildum um kynferðislegt samband Agnesar og Natans.“⁷ Í athyglisverðri grein um málið heldur Helga Kress því fram að vitnisburður Agnesar við réttarhöldin gefi til kynna að hún og Sigríður hafi ásamt Friðriki heitmanni Sigríðar drepið Natan vegna þess að hann hafi misnotað báðar konurnar kynferðislega.⁸ Vilhelm Vilhelmsson setur þó spurningarmerki við túlkun Helgu á tvímerkingu sagnanna „skamma“ og „laspúvera“ sem hún byggir röksemdafærslur sínar á.⁹ Sagnaritarar á bæði nítjándu og tuttugustu öld draga upp þá mynd að Agnes hafi verið afbrýðisöm vegna sambands Natans við Sigríði og því hvatt Friðrik til morðsins á Natani. Árið 1892 segir Gísli Konráðsson í *Sögummi af Natani Ketilssyni* að Agnes hafi jafnvel tekið beinan þátt sjálf: „en sumir segja að Agnes ynni og á honum, og það ætlum vér satt vera.“¹⁰ Árið 1912 segir Brynjúlfur Jónsson að brennandi ást Agnesar á Natani hafi snúist í brennandi haturlög vegna afbrýðisemi

6 Guðbrandur Jónsson, „Dauði Natans Ketilssonar“, 21.

7 Eggert Þór Bernharðsson, „Friðrik, Agnes, Sigríður og Natan“, 50–53; Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, *Bærinn brennur*, 59.

8 Helga Kress, „Eftir hans skipun“, 106–107.

9 Vilhelm Vilhelmsson, „Stílfært og sett í sambengi“, 20–22 og 28–30.

10 Gísli Konráðsson, *Sagan af Natani Ketilssyni*, 71.

og að í framhaldinu hafi hún sannfært Friðrik um að drepa Natan.¹¹ Mætti því ef til vill segja að Gísli og Brynjúlfur séu upphafsmenn að skrímslavæðingu Agnesar, sem heldur svo velli í flestum þeirra frásagna sem á eftir koma. Í bókinni *Enginn má undan líta* frá 1974 lýsir t.d. Guðlaugur Guðmundsson því hvernig Agnes etur Friðriki áfram gegn Natan, ásakar hann um heigulshátt þegar hann vill hætta við morðið, og notar samanburð við Íslendingasögurnar til að sannfæra hann.¹² Guðlaugur kemst að þeirri niðurstöðu að Agnes hafi verið aðalhvatamanneskjan að morðunum, „leikið sér að tilfinningum þeirra Friðriks og Sigríðar og teflt þeim til og frá eins og mönnum á taflborði“.¹³ Aðrar túlkanir á sögunni í skáldskap eru á svipuðum nótum, t.d. í ljóði Rúnars Kristjánssonar frá 1986. Þar er Agnesi lýst sem „ólganti af heiftarbræði, / og fyllt því hatri hún framdi morð / í frumstæðu hefndaræði“; undir lok ljóðsins segir að „Hún hefði kosið að höggvast ein / því hennar var mesta sökin.“¹⁴ Einnig lýsir leikritið *Dauði Natans Ketilssonar* (1936) eftir dönsku skáldkonuna Eline Hoffmann Agnesi sem aðalhvatamanneskju að morðinu, en hér eru Agnes og Natan látin vera trúlofuð þegar sagan hefst.¹⁵ Staðalímyndin af Agnesi sem afbrýðisömu morðkvendi og kvendjöfli er því lífseig í frásögnum um morðin. Lýsing Þorgeirs Þorgeirssonar á Agnesi þar sem hún bíður dauða síns í bók hans *Yfirvaldið* (1973) er þó órlítið margræðari, en hér er örvæntingu Agnesar, þar sem hún bíður dauða síns, gefið ljóðrænt rými, þó að öðru leyti veiti bók Þorgeirs lesandnum litla innsýn í tilveru og persónu Agnesar.¹⁶ Þess ber einnig að

11 Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi, *Saga Natans Ketilssonar og Skáld-Rósu*, 90.

12 Guðlaugur Guðmundsson, *Enginn má undan líta*, 57.

13 Guðlaugur Guðmundsson, *Enginn má undan líta*, 89.

14 Rúnar Kristjánsson, „Agnes“, 44 og 45.

15 Agnes er hér sú sem fyrst vekur máls á því við Friðrik að drepa Natan: „AGNES Eg veit vel hvað eg myndi gera, væri eg í þínum sporum [...] Eg myndi drepa hann. FRIDRIK (hlær) Nú! [...] Það er þó ekki alvara þín? Það er bara – (horfir skelkaður á hana og færir sig fjer). AGNES Eg meina æfnilega það, sem eg segi.“ Síðar staðhæfir hún við Friðrik, „Þú færð Siggu aldrei, meðan Natan lifir [...] Það er aðeins um eitt að gera fyrir þig [...] og það er að drepa hann, og við skulum gera það bæði.“ Hoffmann, *Dauði Natans Ketilssonar*, 46–47 og 48–49.

16 Skelfing Agnesar er gerð áþreifanleg í lýsingum Þorgeirs í upphafskafila bókarinnar. Agnes æpir upp og reynir að flýja þegar hún heyrir upplestur sýslumanns við aftöku Friðriks; hún reynir svo að finna hugarfró og beina hugsunum sínum frá sýslumanni með því að ímynda sér að hún eigi fallegan skjóttan hest sem stendur rétt hjá: „Nú er hann [sýslumaður] víst hættur að lesa þetta og farinn að horfa á Skjóna minn sem er þrilitur og fjörugur eins og vatnanykur. Það geisla í honum augun. Ekki kann hann að lesa. Þess vegna hefur hann svona góð augu ... Enginn getur hugsað neitt fallegra en svona risastóran skjóttan hest á beit í haganum ... Strax og ég hærri að hugsa um hestinn minn þá fer ég að hugsa svo ljótt. Þá fer mér aftur að finnst ljótt um Yfirvaldið [Blöndal

geta að Agnesi er lýst sem algjörum engli og saklausu fórnarlambi í kvikmyndinni *Agnesi* eftir Egil Eðvarðsson frá 1995; hér kúgar hinn grimmi og kvensami Natan Agnesi og „hún er algjörlega án eigin vilja meðan örlögin hrekja hana miskunnarlaust út á ystu nöf“.¹⁷

Þessar nánast goðsagnakenndu staðalímyndir sem einkenna túlk-anir á sögu Agnesar vöktu áhuga Hönnuh Kent. Þær endurspeglar að hennar mati hvernig konur sem skáru sig úr eða voru á einhvern hátt öðruvísi voru áður fyrr litnar hornauga: „ef þú ert ekki engill, þá hlýturðu að vera djöfull. Það er grimmileg tvískipting“, segir Kent.¹⁸ Að mati Kent er þörf fyrir bæði hlutlægari og tvíræðari mynd af Agnesi þar sem „gráa svæðið“ í túlkun á persónu hennar og gjörðum sé ráðandi.¹⁹ Með skáldsögunni *Náðarstund* leitast Kent við að vinna gegn þessum staðalímyndum og lýsa Agnesi á margræðari hátt, ekki endilega til að sanna sakleysi hennar heldur til að varpa ljósi á marg-brotið, mannlegt eðli hennar.²⁰ Ætlun hennar er að komast nær „til-finningalegum sannleika“ atburðanna sem bundu enda á líf Agnesar og afbygga hefðbundnar staðalímyndir af henni.²¹

Í þessu samhengi er mikilvægt að taka fram að helstu heimildir sem fjalla um sögu Agnesar eru skráðar af körlum, en í inngangi sínum að *The Female Figure in Contemporary Historical Fiction* frá 2012 fjalla Katherine Cooper og Emma Short um hvernig reynslu og lífs-hlaupi kvenna í sögunni hefur einatt verið gerð skil frá karllægu sjón-arhorni í sagnfræðilegum og skáldlegum skrifum gegnum aldirnar.²² Og oft hefur einfaldlega verið skautað yfir eða sneitt hjá reynslu og hlutverki kvenna í sögunni. Þar eru þær ekki þátttakendur og skortir almennt vald. Síðustu tvo til þrjá áratugi hefur verið sívaxandi áhugi meðal kvenrithöfunda á því að endurskapa og endurrita lífshlaup sögulegra kvenna í skáldskap. Þetta er liður í því að rétta hlut kvenna í sögunni, gefa þeim hlutverk og skapa þeim einhver áhrif. Sögulegar skáldsögur sem einblína á reynslu kvenna eru því í raun „femínískt inngríp – aðferð til að setja konur aftur á sinn réttmæta stað í

sýslumann] og prestinn fyrir að hjálpa mér ekki.“ Þorgeir Þorgeirsson, *Yfirvaldið*, 17–19.

17 Reynolds, „Hannah Kent: From Adelaide to Icelandic noir“.

18 „Hannah Kent answers questions from our reading group“, 350–351.

19 Reynolds, „Hannah Kent: From Adelaide to Icelandic noir“.

20 „Hannah Kent Answers Questions From Our Reading Group“, 351.

21 „Hannah Kent Discusses Burial Rites and Speculative Biography“.

22 Cooper og Short, „Introduction: Histories and heroines“, 2–3.

sögunni“.²³ Margar slíkar endurrítanir kallast einnig á við og endurskoða – jafnvel afbyggja – fyrri skáldlegar framsetningar á konum úr sögunni, því oft hafa persónur þeirra og gjörðir verið mistúlkaðar eða skökk mynd dregin upp sem byggð er á kyngervi og afturhalds-sömum hugmyndum um eðli og atferli kvenna.²⁴ Sterk réttlætis-kennnd og löngun til að rétta hlut kvenna sem hafa fengið óréttláta meðferð hefur verið drifkrafturinn að baki skáldverka eins og t.d. *Alias Grace* eftir Margaret Atwood frá 1996, sem líkt og *Náðarstund* Hönnuh Kent segir sögu dæmdu morðkvenndis, Grace Marks.²⁵

Kent skrifaði *Náðarstund* samhliða doktorsrannsókn sinni í ritlist, þar sem hún rannsakaði hvernig morðkvenndum er lýst í samtímabókmenntum.²⁶ Einkum og sér í lagi var Kent innblásin af *Alias Grace* eftir Atwood, og sömuleiðis grein Atwoods, „Í leit að *Alias Grace*“, þar sem höfundur ræðir túlkun sína á sögu Grace Marks sem hún miðlar með skáldsöguforminu.²⁷ Bæði *Náðarstund* og *Alias Grace* endurríta reynslu raunverulegra kvenna og afbyggja fyrri skáldlegar framsetningar á lífi þeirra. Slíkar skáldsögur byggjast á „endurskoðunarhyggju“ og vekja athygli á þeirri kúgun sem konur hafa þurft að þola í mannkynssögunni.²⁸ Slík verk eru einnig meðvituð um póstmóderníska sýn á heiminn líkt og Cooper og Short lýsa, draga í efa vald stórsagna í sögulegum skrifum og „veita svigrúm til að gefa jaðarsettum en raunverulegum persónum aftur sinn sess í sögunni“.²⁹ Póstmódernisminn velur ekki eina útgáfu af fortíðinni fram yfir aðrar; þar er enginn algildur sannleikur og mannkynssagan í raun aðeins mismunandi útgáfur af fortíðinni sem stöðugt keppa hver við aðra.³⁰ Í póstmódernískum heimi er ávallt hægt að túlka fortíðina og söguna á marga mismunandi vegu. *Náðarstund* Hönnuh Kent er póstmódernísk söguleg skáldsaga með femíníska endurskoðun í brennidepli, en um leið er hægt að flokka hana sem „síð-viktoríska skáldaða ævisögu“ samkvæmt skilgreiningu Marie-Louise Kohlke, en

23 Cooper og Short, „Introduction: Histories and heroines“, 3.

24 Cooper og Short, „Introduction: Histories and heroines“, 3–4.

25 Cooper og Short, „Introduction: Histories and heroines“, 4.

26 Reynolds, „Hannah Kent: From Adelaide to Icelandic noir“.

27 „Hannah Kent Discusses Burial Rites and Speculative Biography“.

28 de Groot, *The Historical Novel*, 158.

29 Cooper og Short, „Introduction: Histories and heroines“, 5.

30 Cooper og Short, „Introduction: Histories and heroines“, 5.

Það er „að mestu leyti bókmenntalegar, sviðsettar eða kvikmyndaðar endurskapanir á ævi raunverulegra einstaklinga sem voru uppi á hinni löngu níttjándu öld, þar sem þeir eru í aðal- eða meðhlutverki í textanum sem og miðja frásagnarinnar“.³¹ Kent segir sjálf að *Náðarstund* sé „tilgátuævisaga“ en ekki söguleg skáldsaga, það er að segja „ekki lokaútgáfa sögunnar á nokkurn hátt heldur tillaga að lífi eins og því kann að hafa verið lifað“.³² Hins vegar er sögulega skáldsagan, í víðu samhengi, ekki lokaútgáfa sögunnar, heldur í rauninni skálduð útgáfa af lífshlaupi eða atburðum í fortíðinni, þótt hún sé byggð á þekktum staðreyndum úr sögunni.³³ Hið sama gildir um síð-viktorísku skálduðu ævisöguna.³⁴

Í rannsókn og mótun á tilgátuævisögu sinni um Agnesi studdist Kent við ritaðar heimildir tengdar dómsmáli Agnesar og fangavist hennar. Þetta eru t.d. dóm skjöl, kirkjubækur, eignaskrár og bréf frá sýslumanninum Birni Blöndal. Eðli málsins samkvæmt eru áreiðanlegar heimildir um hið raunverulega líf Agnesar litlar sem engar. Ekki er vitað nákvæmlega hvernig hversdeginum var varið, hvað fólk ræddi sín á milli eða hver voru smáatriðin í daglegu lífi bænda og fátæks þjónustuliðs þeirra. Hinar raunverulegu tilfinningar Agnesar

31 Kohlke, „Neo-Victorian Biofiction“, 4.

32 „Hannah Kent Discusses Burial Rites and Speculative Biography“.

33 Sir Walter Scott (1771–1832) er af mörgum álitinn upphafsmaður sögulegu skáldsögunnar sem eiginlegar bókmenntategundar, en þá hugmynd má rekja til kenninga ungverska fræðimannsins Georg Lukács sem árið 1937 hampaði Scott fyrir að kynna nýja tegund sögulegs raunsæis í fyrstu skáldsögu sinni, *Waverley* (1814). Scott var fyrsti rithöfundurinn sem sá eiginleika samtíðar sinnar í sögulegu samhengi, segir Lukács (*The Historical Novel*, 20), og skáldleg meðferð hans á sögulegum atburðum hafði mikil áhrif á aðra höfunda, t.d. Honoré de Balzac og Leo Tolstoy. Sögulega skáldsagan hefur þróast og breyst gegnum tíðina og Diana Wallace fjallar t.d. á ítarlegan hátt um hvernig hún varð að kvennabókmenntum á tuttugustu öld í *The Woman's Historical Novel: British Women Writers, 1900–2000* (2005). Vinsældir og vegsemd sögulegu skáldsögunnar hafa einnig aukist til muna á þessari öld í samanburði við þá tuttugustu. Jerome de Groot sýnir fram á hversu fjölbreytt sögulega skáldsagan er og kallar hana „blending“, því hér sé um að ræða sögur úr fortíðinni sem falli undir margar skilgreiningar, svo sem glæpasögur, spennusögur, hryllingssögur og fantasíur, og umfjöllunarefnið sem og sagnaformin séu nánast óþrjótandi (de Groot, *The Historical Novel*, 2).

34 Síð-viktorískar skáldaðar ævisögur eru líka undirtegund þeirrar gerðar sögulegra skáldsagna sem almennt eru kallaðar skáldaðar ævisögur („biofiction“ á ensku) og hafa síðustu ár verið í auknum mæli umfjöllunarefni fræðimanna (sjá t.d. nýjustu bók Michael Lackey, *Biofiction: An Introduction*). Ariella Van Luyn fjallar um *Náðarstund* og *Alias Grace* eftir Margaret Atwood og ræðir síðferðileg álitamál þess að skrifa skáldaðar ævisögur um konur sem drýgðu glæpi í fortíðinni. Hún heldur því fram að slíkar konur séu berskjaldaðar af því að þær séu dánar og þ.a.l. óferar um að gefa samþykki sitt fyrir slíkri meðferð. Því beri við slík skrif að líta til margvíslegra þátta, s.s. hversu áreiðanlegar heimildir um konurnar og gjörðir þeirra séu. Sjá Van Luyn, „In(famous subjects“, 67–70.

eru algjörlega á huldu. Eins og Margaret Atwood bendir réttilega á þá finnast mörg smáatriði ekki í sögulegum heimildum og staðreyndum má snúa á ýmsa vegu til að þjóna mismunandi málstað:

Fortíðin er gerð úr pappír [...] Hvað er á pappírnum? Sömu hlutir og eru á pappír núna. Skrár, skjöl, frásagnir í dagblöðum, vitnaleiðslur, slúður og sögusagnir og skoðanir og mótsagnir. Það er [...] engin ástæða til að treysta einhverju sem var ritað á blað þá frekar en nú. Þegar allt kemur til alls þá voru þeir sem skrásettu manneskjur og eru því líklegir til að gera mistök, viljandi eða ekki, sem og að láta undan þeirri mannlegu freistni að ýkja hneykslismál og hagræða hlutunum sér í hag. [...] Ef þú ert á höttunum eftir sannleikanum, öllum sannleikanum með öllum smáatriðunum og engu öðru en sannleikanum, þá verður þér tæplega kápan úr því klæðinu ef þú leggur traust þitt á pappír; en hvað fortíðina varðar, þá er það næstum það eina sem þú hefur.³⁵

Kent birtir útdrætti úr prentuðum heimildum, opinberum bréfum, dóm skjölum, ljóðærindi og fleira í upphafi kafla. Hér skiptir það máli að hin opinberu skjöl virðast vera laus við tilfinningar og vægðarlaus, samanborið við ljóðrænan og lýsandi prósa *Náðarstundar*.³⁶ Þetta undirstrikar einnig muninn á „sannleika“ sögulegra staðreynda annars vegar og „sannleika“ tilfinninga hins vegar. Útdrættir og annað í upphafi kafla sjá skáldsögunni fyrir sögulegum ramma og staðreyndum er þannig haldið til haga um leið og sveigt er hjá „hinum siðferðilega vanda sem þú óhjákvæmilega lendir í þegar þú skrifar um raunverulegt fólk úr fortíðinni“, eins og Kent staðhæfir.³⁷ Ítreka ber þó, eins og Atwood gerir hér að ofan, að hinn sagnfræðilegi rammi er í sjálfu sér í hæsta máta vafasamur. Það er alltaf spurning um hvers útgáfa af sannleikanum er sett fram í sögulegum heimildum en lesandinn hefur fátt annað haldbært þegar mótuð er skoðun á fortíðinni.

Innan þessa sögulega ramma eru langir kaflar, þar sem sögu Agnesar er komið á framfæri í fyrstu persónu frásögn sem sveiflast á milli þanka Agnesar um fortíð sína, og sena þar sem hún segir

35 Atwood, „In Search of Alias Grace“, 1513–1514.

36 Keen, „Hannah Kent's Burial Rites“.

37 „Hannah Kent Discusses Burial Rites and Speculative Biography“.

ungum presti, Þorvarði Jónssyni (Tóta), sögu sína. Hans hlutverk var að veita Agnesi sálgæslu og undirbúa hana andlega undir dauðann; hér velur hann þá leið að veita Agnesi „hinstu áheyrn að sögu hennar einstæðingsævi“.³⁸ Þessi samskipti eiga sér stað á bænum Kornsa í Vatnsdal þar sem Agnes var fangi síðustu sjö mánuði ævi sinnar. Agnes segir Tóta ekki allan sannleikann en trúir Margréti húsfreyju fyrir því sem raunverulega gerðist á Illugastöðum undir lok sögunnar. Prestinum segir hún sögu sína í þröngu rými baðstofunnar þar sem fjölskyldan á Kornsa heyrir til þeirra. Þannig dregst fjölskyldan smám saman inn í frásögn hennar og þau fýsir öll að fræðast um hvað gerðist og hvers vegna hina örlagaríku nótt á Illugastöðum. Vera Agnesar á Kornsa hefur því meiri áhrif á fjölskylduna en ella: þau sogast inn í frásögnina og byrja að hafa samúð með manneskju sem þau fyrirlitu áður. Að lokum áttar fjölskyldan á Kornsa sig á því að Agnes er „hvorki iðrunarfull né nornin sem [þau] höfðu ímyndað sér, en öllu heldur óhrjále og hlédræg manneskja sem er þó með sterkan persónuleika“, eins og Taylor túlkar þá mynd sem dregin er upp í bók Kent.³⁹

Staðalímyndin af hinni illu og blóðþyrstu Agnesi er þannig afbyggð innan frásagnarheims skáldsögunnar og utan hans – þ.e. persónurnar innan sögunnar og lesandinn utan hennar öðlast nýjan og fyllri skilning á Agnesi og sögu hennar. Allt kemur þetta heim og saman við áform Kent um að koma á framfæri margræðari lýsingu á Agnesi, og undirstrikar mikilvægi endurskoðunarhyggjunnar í meðförum hennar á sögunni. Um leið er Agnes líka gerð að miðpunkti sögunnar af morðunum í stað Natans, sem hefur iðulega hlotið meiri athygli eins og Nicholas Birns og Kent benda á.⁴⁰ Sjónarhorn annarra og skoðanir á Agnesi birtast í stuttum köflum þar sem athyglinni er beint að öðrum sögupersónum, einkum konunum á Kornsa, og dýpkar það myndina sem er dregin upp. Að lokum eru fléttaðar inn í frásögnina hugsanir Agnesar í formi vitundarfleðis um atburði, fjarlæga eða nálæga í tíma. Agnes opinberar því ekki öll smáatriði sögu sinnar eða samskipti sín við Natan fyrir hlustendum sínum á bæn-

38 Kent, *Náðarstund*, 178. Allar frekari tilvísanir í þessa heimild eru birtar sem blaðsíðutal innan sviga.

39 Taylor, „Burial Rites by Hannah Kent, review“.

40 Birns, *Contemporary Australian Literature*, 218–219; Friðrika Benónýsdóttir, „Myrkt ástarljóð til Íslands“.

um, en lesandinn öðlast þeim mun meiri innsýn í málið. Jafnframt er mikilvægt að Agnes er alls ekki áreiðanlegur sögumaður, eins og Kent útskýrir hér:

Ákvörðunin að hafa fyrstu persónu rödd Agnesar samhliða þriðju persónu frásögninni var ekki einungis til að draga athygli að innra lífi Agnesar og ljóðrænni sýn hennar á heiminn, heldur líka til að rannsaka óáreiðanleika hennar. Ég hafði áhuga á að rannsaka muninn á því sem Agnes hugsar með sjálfri sér, og því sem hún segir upphátt. Ég vildi – með þessum fjölda radda – gefa til kynna að Agnes sé mótsagnakennd, stjórnsöm og óáreiðanleg, en líka undirstrika að það liggja ríkar ástæður að baki því hvernig hún er.⁴¹

Þessi frásagnartækni skapar rými fyrir ljóðræna framsögn Agnesar, sem Kent segir að hafi „að mestu verið þögguguð niður á hennar tíð“.⁴² Slík framsögn er mikil andstæða hinnar „þurru, valdsmannslegu og blátt áfram“ raddar sagnfræðilegra heimilda.⁴³

Kent vill draga athygli að og ögra hinni klisjukenndu, hefðbundnu mynd af Agnesi og sú ætlun birtist oft í þeim hlutum sögunnar þar sem sjónarhorn Agnesar er ráðandi. Snemma í sögunni veltir Agnes t.d. fyrir sér hvernig hún verði að halda í sitt sanna sjálf þótt aðrir líti hana nú öðrum augum en fyrr:

Þeir þekkja mig ekki. [...] Þeir munu sjá skækjuna, vitfirringinn, morðkvendið, konuna sem af drýpur blóð í grasið og hlær með munninn troðinn af mold. „Agnes“ munu þeir segja og sjá kónguló, norn flækta í sjálfspunninn örlagavef. Þeir kunna að sjá lamb í hrafnageri sem jarmar á móður sína. En mig munu þeir ekki sjá. Ég verð ekki þarna.
[...] Ég skildi að þetta fólk sá ekki *mig*. Ég var tveir dauðir menn. Ég var bær í báli. Ég var hnífur. Ég var blóð. (38 og 45)

Hér sjást mismunandi útgáfur af Agnesi, þ.e.a.s. hvernig hún telur sig birtast í augum annarra; hugsanlega hafa sumir samúð með henni, sjá hana sem fórnarlamb (lamb) sem er upp á náð hinnar grimmu

41 Touitou, „Burial Rites is as much a dark love letter“.

42 Sama heimild.

43 Sama heimild.

veraldar komið (hrafnar eru margendurtekið leiðarstef í sögunni), þó það sé ólíklegasta skoðunin. Eins og Danijela Petković sýnir fram á, þá er Agnes „gerð að dýri“, bæði í eigin frásögn af því sem hún telur aðra hugsa um sig („kónguló“, „lamb“), sem og í ummælum annarra sögupersóna um Agnesi, en henni er t.d. líkt við „lamb undir slátrun“ (56).⁴⁴ Innsti kjarni Agnesar er tekinn frá henni og honum snúið í mismunandi útgáfur af henni, útgáfur sem hún hvorki þekkir né getur samsamað sig við. Frásögnin undirstrikar ítrekað þá tilhneigingu að steypa Agnesi í mót staðalímyndar, eins og t.d. í hugleiðingum hennar um hvernig snúið var út úr fyrir henni við réttarhöldin: „Allt sem ég sagði var frá mér tekið og því umturnað uns sagan var ekki lengur sagan mín“ (110). Í augum annars fólks innan sögunnar er Agnes þegar orðin að einvíðri persónu sem tengist einungis Illugastaðamorðunum. Þannig sýnir Kent fram á hvernig goðsögnin varð til sem sprottin er úr almenningsálitinu um hið hefnigjarna morðkveni.

Önnur sjónarhorn innan sögunnar sem eru Agnesi hagstæðari sýna aðra hlið á henni og vinna á móti staðalímyndinni sem Kent vill afbyggja. Margrét á Kornsa er t.d. mikilvæg hér, þó að við fyrstu kynni beri hún Agnesi saman við konur úr Íslendingasögunum sem „myrtu úr fjarlægð og flekkudu ekki hendur sínar“ (62). Margrét kemst svo að þeirri niðurstöðu að Agnes sé ekki lík konunum sem þannig er lýst heldur sé hún „allslaus vinnustúlka, alin á vellingi úr grösom og örbirgð“ (63). Þessi skoðun Margrétar býr þó til vissa mótsögn því sýnt er fram á skýrar hliðstæður í textanum milli Agnesar og Guðrúnar Ósvífursdóttur í *Laxdælu*, en mat Margrétar nær eigi að síður að fanga kjarnann í áherslum Kent því saga Agnesar er saga mikils harðræðis og skorts allar götur frá barnæsku hennar fram að hinum örlagaríku atburðum á Illugastöðum.⁴⁵ Enda kemur í ljós að eftir því sem Margrét heyrir meira af sögu Agnesar áttar hún sig á því að Agnes er í raun „fórnarlamb feðraveldisins sem hampar stilltum og saklausum konum“, líkt og Paramita Ayuningtyas bendir á.⁴⁶ Við komumst að því að Agnes er vel gefin og metnaðargjörn; hún íhugar

44 Petković, „Like a Lamb Ripe for Slaughter“, 82.

45 Touitou, „Burial Rites is as much a dark love letter“; Finn, „Review: ‚Burial Rites‘“; „Hannah Kent Answers Questions From Our Reading Group“, 352.

46 Ayuningtyas, „Deconstructing the Stereotypes of Women“, 78.

um leið og hún horfir yfir farinn veg: „Ég hélt alltaf að ef ég legði nógu hart að mér þá yrði ég kannski húsfreyja sjálf einn daginn“ (82), og við sjáum að hún batt vonir sínar við þetta þegar hún valdi að starfa fyrir Natan á Illugastöðum. Hún er hins vegar munaðarlaus fátæklingur á sínum yngri árum og síðar þjónustustúlka sem þarf að reiða sig á húsbændur sína. Hún hefur þannig takmörkuð völd yfir eigin lífi, og metnaður hennar er fordæmdur af samfélaginu þar sem slíkar pælingar þykja ekki sæma svo lágt settri konu. Þrátt fyrir augljósa hæfileika Agnesar virðast því tilraunir hennar til að bæta stöðu sína vera dæmdar til að mistakast.

2. Ástarljóð til Íslands: örlögin, landslagið og náttúran

Líkt og rakið hefur verið hér er *Náðarstund* bæði endurskoðun á sögunni og tilgátuævisaga, en hún er einnig skáldsaga um Ísland og Norðrið. Allir þessir fletir á sögunni fléttast saman og eru háðir hvor öðrum en Kent notar söguviðið sem kjarnann í lýsingunni á Agnesi og hennar ólánssama lífi. Því má segja að hinn náttúrulegi heimur Agnesar „fangelsi hana og móti“.⁴⁷ Kent hefur margsinnis lýst *Náðarstund* sem drungalegum ástaróði til Íslands, ástaróði þar sem ætlun hennar er að heiðra landið með sögulega nákvæmri framsetningu og ljóðrænum lýsingum.⁴⁸ Er Kent kom fyrst til Íslands fann hún umsvifalaust fyrir einhvers konar andlegum tengslum við landslagið.⁴⁹ Í huga hennar er Ísland land öfga þar sem landslagið er fjandsamlegt og náttúran er „drottning“ og helsta mótunaraflíð í lífi fólksins sem þar býr.⁵⁰ Þess vegna ættu landslag, veður og náttúra að vera þungamiðjan í skáldsögu sem gerist á Íslandi,

47 „Hannah Kent answers questions from our reading group“, 353.

48 Sjá t.d.: „Hannah Kent answers questions from our reading group“, 353; Toutou, „Burial Rites is as much a dark love letter“; Friðrika Benónýsdóttir, „Myrkt ástarljóð til Íslands“; Hanke, „A dark love letter to Iceland“; Maitzen, „A ‚Dark Love Letter to Iceland‘“.

49 Romei, „Hannah Kent’s debut novel“; „No more than a ghost – Burial Rites“.

50 Hanke, „A dark love letter to Iceland“; Dottinga, „Burial Rites’ author Hannah Kent finds mystery in Iceland“.

Því að á Íslandi hafa þau áhrif á líf þitt á hátt sem þekkest ekki í öðrum löndum [...] persónurnar í þessari skáldsögu eru algjörlega mótaðar af landinu sem þau búa í. En það að skrifa um landslagið, [...] ég vissi að það yrði að hafa mjög sterka nærveru [...] því að [íslenskt] landslag er einstakt og svo áhrifamikil og minnisstætt.⁵¹

Hún vildi jafnframt að „fólk fyndi fyrir kuldunum, myrkrinu og einangruninni, sæi landslagið fyrir sér og fyndi lyktina af sjónum“.⁵² Og vissulega er norðlægu landslagi Íslands, náttúrunni og árstíðunum lýst á eftirminnilegan hátt með ljóðrænum og sláandi lýsingum. Íslenskt landslag og náttúra eru kraftar sem móta og ákvarða líf sögupersónanna, sérstaklega Agnesar, á þann hátt að „nærvera þeirra og skelfileg áhrif eru hvarvetna áberandi“.⁵³ Því má líta á landslagið í *Náðarstund* sem „persónu í sögunni, krefjandi en þó áhugalaust, ríkjandi afl í lífi allra í sögunni“.⁵⁴ Einnig mótast reynsla persónanna af „þeim hömlum sem umhverfið og náttúran leggur á þau með umbreytingum sínum“, eins og W. Tad Pfeffer kemst að orði í umfjöllun sinni um mikilvægi umhverfis í Norðrinu.⁵⁵ Lýsing Kate Soper á hlutverki náttúrunnar almennt á líka vel við *Náðarstund* því líkt og í skilgreiningu hennar þá er náttúran í sögunni

uppspretta munúðarfullrar ánægju og yndis, nærandi faðmur. [...] jafnt áhugalaus um tilgang manneskjunnar og viljugur þjónn hennar, þá fyllir náttúran mann lotningu um leið og hún veitir huggun, vekur skelfingu um leið og hún róar, birtist í senn sem hinn besti vinur og hinn verstí andstæðingur.⁵⁶

Þetta kemur sérstaklega vel heim og saman við íslenska náttúru og hið öfgafulla veðurfar landsins. Í bæði Íslendingasögunum og þjóðsögum birtist náttúran oft „líkt og töfrum hlaðinn dularfullur kraftur [...] og] kröftugt afl sem bæði gefur og tekur“.⁵⁷ Fyrir Agnesi eru landslagið og náttúran tímabundnir vinir sem veita henni ánægju

51 Starke, „In Conversation with Hannah Kent“.

52 Friðrika Benónýsdóttir, „Myrkt ástarljóð til Íslands“.

53 McCabe, „Hannah Kent: Burial Rites“.

54 Romei, „Hannah Kent's debut novel“.

55 Pfeffer, „People and Places in the Far North“, 81.

56 Soper, *What is Nature?*, 71.

57 Katla Kjartansdóttir, „Remote, Rough and Romantic“, 275.

og hugarfró, en þau eru einnig grimm við hana og það í auknum mæli eftir því sem sögunni vindur fram. Að lokum verður landslagið samofið örlögum Agnesar því það er óaðskiljanlegur hluti af framvindu sögunnar og frásögninni af harðneskjulegum aðstæðum aðalpersónunnar, eins og nánar er fjallað um hér að neðan.⁵⁸ Landslag og náttúra eru því þýðingarmikil í framsetningu Kent á margræðum og fjölbreytilegum persónuleika Agnesar.

Notkun Kent á landafræði og lýsingar hennar á ferðum Agnesar milli staða á æviskeiði hennar skipta máli í þessu samhengi. Saga Agnesar hefst í hinum gróskumikla Vatnsdal er hún fæðist á Flögu. Morðið er framið á Illugastöðum, sem er harðgerður staður við ysta haf á vesturhluta Vatnsness, og Agnes endar svo ævi sína á Þrístöpum í mynni Vatnsdals. Þetta eru sögulegar staðreyndir en Kent hagræðir snilldarlega þessum landfræðilegu þáttum í sögu Agnesar og ýjar að ákveðinni hringferð í þróun sögunnar með írónískri vendingu. Í frásögn af barnæsku Agnesar gefur Kent til kynna að sínar bestu stundir hafi Agnes átt er hún dvaldi hjá fósturforeldrum sínum á Kornsá, eða fram að tragískum dauðdaga Ingu, fósturmóður sinnar. Þegar Agnes snýr aftur til Kornsár er staðurinn hins vegar endastöð hennar í lífinu, „mitt endanlega afdrep“ eins og hún hugsar með sér (82). Það eru þó blendnar tilfinningar sem hrærast innra með henni og ást hennar á dalnum og þrá hennar eftir unaðssemndum sumarsins birtast í hugsunum hennar jafnvel áður en hún er flutt að Kornsá: „ég loka augunum og ímynda mér dalinn sumardaginn langan, sólina sem vermir kjúkur jarðarinnar og svanina sem hópa sig á vatninu, skýin sem lyfta sér og opna sýn upp í himinhátt heiðið: skínandi, skínandi blátt, svo blátt að maður gæti grátið (27).“ Ljóst má vera að í huga Agnesar er dalurinn fagur, hlýr og litríkur, þrátt fyrir að í lokin eyði hún síðustu dögum ævi sinnar þar sem fangi.

Eftir komu Agnesar að Kornsá verða lifandi og ljóðrænar lýsingar Kent enn frekar til að undirstrika fegurð og hugsvalandi áhrif staðarins, þar sem hlíðarnar „virtust bleikar og hljóðar“ með skugga sem „liðu um þær er ský rak hjá á himni“, og sæta, raka angan „af senn ljátæku grasi [sem] hékk í svölu lofti dalanna“ (41). Þetta er „[n]orðrið gróðursæla“, hið norðlæga sumar með allri sinni birtu, sætleika

58 Kent útskýrir að landslag „sé örlög“ í meðferð hennar á sögu Agnesar, með vísun í bandaríska rit höfundinn Ron Rash. Sjá Romei, „Hannah Kent's debut novel“.

og fegurð (115). Hér gleymir Agnes sér í heyskap, finnur til nokkurs öryggis og fjarlægist yfirvofandi örlög sín er hún dettur inn í taktinn sem fylgir bústörfunum. Þrátt fyrir að Kornsó sé fangelsi og endastöð þá felst í fyrri hluta dvalar Agnesar þar nokkurs konar hvíld sem veitir henni falska öryggiskennd. Sumur fyrir norðan eru þó stutt og hin bjarta fegurð breytist fljótt í kaldan, dimman, harðan og grimman vetur. Öryggistilfinning Agnesar er skammvinn og mun brátt verða tekin frá henni á grimmilegan og átakanlegan máta. Þetta er gefið til kynna á táknrænan hátt í atriði þar sem Agnes slær gras og er sem ölvuð af fegurð sumarsins. Hér slær hjarta Agnesar í takt við náttúru og umhverfi og lýsingar eru ljóðrænar og háleitar, en um leið er fléttað saman við myrkum og voveiflegum undirtónum:

Ég rugga mér fram og til baka og læt kastþungann færa ljáinn niður og í gegnum grasið uns ég er farin að vagga jafnt og þétt. Uns mér finnst sem ég hreyfi mig ekki sjálf heldur knýi sólin mig. Uns ég er orðin leikbrúða vindsins, orfsins og langra, hægra strokanna sem drífa líkama minn áfram. Uns ég gæti ekki stansað þó ég vildi.

Það er góð tilfinning, að hafa ekki full tök. Að láta sveifla sér mjúklega til og frá þar til gleymt er hvernig er að standa kyrr. [...]

Ég er sem drukkin af sumri og ljósi sólar. Ég vil hremma handfylli af himni og gleypa hann í mig. Meðan ljáirnir strjúka stilkana *hvössum fingrum og grasið sýpur hveljur*.

[...]

Ég læt bolinn sveiflast, ég læt hendur síga. Ég finn kviðvöðvana hnyklast og vindast. Ljárinn rís, hnígur, rís, hnígur, fangar sól á egg sér og *skýtur ljósinu aftur upp í auga mitt – skært augnakast Guðs. Ég hef auga með þér, segir ljárin* þar sem hann skríður um grænt hafið, fangar sólargeisla, slettir þeim aftur í mig. [...] Ég skýt grasi og ljósi í gegnum loftið. *Ég hef auga með þér, segir ljárin*. (113–114, mín skáletrun)

Þrá Agnesar um að gleypa himininn táknar von hennar um að yfirvöld sýni henni miskunn. Takturinn í ljánum sem sveiflast virðist róa hana; hreyfingunni er samt lýst þannig að hún er sterk áminning um hvað bíður Agnesar. Hin táknræna merking ljásins – maðurinn með ljáinn – er augljós, sömuleiðis á það við um þytinn í ljánum þegar grasið er slegið, sem minnir á hljóðið sem heyrir þegar

dæmdur glæpamaður er hálshöggvinn.⁵⁹ Agnes stendur í skugga dauðans sem fylgist með henni og bíður, sýnir enga miskunn. Líkt og gefið er í skyn hér, þá er hin falska tilfinning Agnesar fyrir afléttingu dauðadómsins gerð að engu í næsta kafla er Steina segir henni að sýslumaður hafi farið fram á áfrýjun fyrir Sigu, sem er mun yngri samsæriskona Agnesar, en að slík áfrýjun komi ekki til greina fyrir Agnesi. Hér, líkt og á mörgum öðrum stöðum í sögunni, er veðrið notað til að undirstrika aðstæður aðalsöguhetjunnar eða hugarástand, þar sem Agnes hnígur niður á árbakkann og starir sljóum augum yfir ána í losti eftir fréttir Steinu: „Í þessum svifum lukust dökk skýin upp og skyndileg, ísköld demba kaffærði konurnar tvær“ (136).

Þó að allir staðirnir sem koma við sögu einkennist af hinum erfiðu norðlægu veðurskilyrðum og fólk búi þar oft við einangraðar og jafnvel lífshættulegar aðstæður, þá er Vatnsdalnum lýst sem hlýlegum stað, sérstaklega á sumrin. Það er því greinilegt að Kent kynnir dalinn sem andstæðu við aðra staði sem Agnes dvelur á, sér í lagi Illugastaði sem standa við opið haf og eru harðneskjulegir, stórskornir og fráhrindandi. Hér er glæpurinn framinn og Agnes gengur í gegnum mikla erfiðleika og ógæfu, og því passar það vel við að á Illugastöðum sé ískyggilegt andrúmsloft og óblíð skilyrði. Agnes segir svo frá: „Illugastaðir eru á jafri veraldar, næstum því að segja“ og allt er þar „ólíkt dalnum“ (236), og svo:

Jörðin er varla meira en fjallsrót og flæðarmál. Hún er dálítið nes með grýttu undirlendi sem á er eitt eða tvö slétt tún sem af fæst fóður til vetrarins en annars er allt eintómt grjót kafið sjálfsprottu grasi. Mól er í fjörunni og ógnarflækjur af þangi fljóta á víkinni *eins og hárflóki sjódaudra*. [...] Á björtum degi er staðurinn fagur en annars er allt eins þrúgandi og *grafartekt í rigningu*. Sjávarþoka plagar staðinn. (239, mín skáletrun)

Líkt og Ayuningtyas staðhæfir, þá ríkir „óhugnanlegt andrúmsloft“ á Illugastöðum.⁶⁰ Þær myndir sem birtast í þessari tilvitnun („hárflóki sjódaudra“ og „grafartekt“) draga fram hughrif um hið ókennilega, hryllilega og eyðilega. Slík stemning rímar augljóslega við og segir fyrir um bæði morðin og þá erfiðleika sem Agnes gengur í

59 Á ensku segir: „the cut grass makes a gasping sound“ sem hér er þýtt sem „grasið sýpur hveljur“. Tengingin við aftöku á höggstokk er skýr í báðum tilfellum. Sjá Kent, *Burial Rites*, 103.

60 Ayuningtyas, „Deconstructing the Stereotype of Women“, 77.

gegnum á bænum.⁶¹ Þegar allt byrjar að fara úrskaiðis hjá Agnesi á Illugastöðum og hún áttar sig á að elskhugi hennar, Natan, sængar einnig hjá Sigggu, hinni vinnukonunni á Illugastöðum, getur hún hvergi farið því hún er vinalaus í þessari sveit; þá lýsir hún vinalaysinu sem svo að það sé „ekkert ljós að ganga á í þessu ríki vetrarins“ (262). Eftir að Agnesi og elskhuga hennar lendir svo saman sér hún landslagið á Illugastöðum og Vatnsnesi sem óvinveitt náttúruafl sem markvisst króar hana af:

Með hægd hefði ég getað tekið mitt hafurtask og farið fyrir birtingu en hvert hefði ég átt að fara? Ég þekkti ekkert nema Vatnsdalinn; þekkti grjótvelli hans, þekkti hvítkrýnd fjöllin og vatnið [...] En Illugastaðir voru öðru vísi. Ég átti enga vini. Þekkti ekki landið. Svartir grjótoddar einir hrufluðu fullkominn koss lofts og lagar – hér var ekkert annað og enginn annar. Ekkert hægt að fara. (279–280, mín skáletrun)

Agnes lítur hér til baka þegar hún er fangi á Kornsa að bíða aftöku; lýsingar hennar sýna fram á hvernig hún var fangi landslagsins á Vatnsnesi. Þar var enga hjálp að finna og hún var föst í aðstæðum sem að lokum urðu henni að falli.

Er sumri tekur að halla undirstrika óvenjulegar og ljóslifandi lýsingar hinn grimma veruleika aftökunnar sem bíður Agnesar. Haustið fellur á dalinn í október „eins og önd væri varpað“ og birtan virðist „skjögra inn um gluggann líkt og vegmóð eftir langt ferðalag“ (210). Haustvindinum er líkt við úlf „sem glefsar í hælana“ (214) og þegar vetrar flýr ljósið „þetta land eins og laminn hundur“ (261). Síðan tekur myrkrið völdin, „sest hér upp eins og mar á holdi jarðarinnar“ (269). Að endingu er veturinn sú árstíð sem einkennir líf Agnesar, enda er hann hér dreginn upp sem „árstíð missis og örvæntingar“ og slæmir hlutir henda Agnesi einmitt á veturna.⁶² Þannig yfirgefur móðir Agnesar hana á Kornsa um

61 Höfundur færir greinilega í stílinn hér og ýkir óaðlaðandi eiginleika staðarins til að ná fram þessum áhrifum, því það er í raun mjög falllegt á Illugastöðum og nokkuð gróskumikið undirlendi. Lýsing Guðlaugs Guðmundssonar hljóðar svo: „Á Illugastöðum er landslag sérkennilegt, en falllegt. Afliðandi halli frá fjallsbrún skiptist á við sorfin klettabelti með grænum hjöllum á milli. Ströndin er vogskorin með skerjum og hölmum þar sem æðarflugl verpir og selir flatmaga á hleinum. Eins er falllegt að horfa yfir flóann til Strandafjalla, hára og tignarlegra. Hér var björgulegt ...“ (Guðlaugur Guðmundsson, *Enginn má undan líta*, 27).

62 Vitnað í Geraldine Brooks af Romei, „Hannah Kent's debut novel“.

vetur (122) og hin blíða og góða Inga, fósturmóðir hennar, deyr af barnsförum í miklu óveðri um miðjan vetur. Dauði Ingu er mesta áfallið sem Agnes verður fyrir í barnæsku sinni og áhrif þess eru svo alvarleg að minningarnar um lík Ingu í skemmum og andlát fyrirburans í örmum Agnesar ásækja hana fram á fullorðinsárin. Fleira slæmt gerist að vetri. Séra Tóti veikist skömmu áður en dagsetning aftökunnar er tilkynnt og getur því ekki sinnt Agnesi þegar hún þarfnast hans hvað mest. Það er miður vetur þegar allt gengur á afturfótunum á Illugastöðum og Natan hendir Agnesi nakinni út á guð og gaddinn, og morðin eru einnig framin sama vetur. Síðast en ekki síst er Agnes hálshöggvin í janúar. Síðast töldu atburðirnir eru auðvitað sögulegar staðreyndir og tímasetningu þeirra verður ekki breytt, en aðrir viðburðir í lífi Agnesar eru skálduð framsetning á mögulegum atburðum í lífi hennar.

Kaflinn sem lýsir því þegar Agnes missir fósturmóður sína er sérlega mikilvægur í þessu tilliti. Hér nýtir Kent sér öfgafulla vetrarveðráttuna á Íslandi til að endurspeglar áfallið sem Agnes verður fyrir og tengir um leið náttúruna og veðurfarið við persónuþróun Agnesar í sögunni. Inga deyr við barnsburð í óveðri sem hindrar komu ljósmóður. Einangrunin og kuldinn eru áþreifanleg í túlkun Kent og lýsing Agnesar á veðrinu er hlaðin illum grun sem gefur í skyn hin ömurlegu endalok. Í fyrstu byrjar vindurinn „að berja bæinn [...] ísi“ sem Agnesi finnst vera „skuggalegt hljóð“ (155). Hún heyrir vindinn sækja í sig veðrið og hann „ylfraði sífellt hærra“ (155). Loks opnar hún dyrnar og lítur út:

Það [veðrið] var illúðleg sjón. Dimm ský hvolfdu sér ofan yfir fjallseggiarnar og undir dökkum bakka þeirra þyrlandist grá iða snævar svo langt sem séð varð. Vindurinn var ólmur og stroka hans, máttug og nöpur, skall allt í einu svo hart á hurðinni að ég féll við. [...]

Ég lagðist á hurðina til að loka dyrunum en stormurinn var of öflugur. Ég varð loppin á höndunum af neþunni. Það var eins og vindurinn væri vofa sem vildi koma inn. Svo, allt í einu, datt vindur niður og hurðin skall aftur. Eins og vofan hefði loks smogið í bæinn og lokað á eftir sér. (155–156)

Frásögnin gefur í skyn að það sé eitthvað illt í þessu veðri – „vofa“⁶³ – sem kemur inn og gerir mikinn usla tveimur dögum síðar þegar Inga deyr. Hið skæða veður setur því tóninn fyrir framhaldið og segir fyrir um örlög Ingu og skelfilegt áfall Agnesar þegar hún sér hana látna í rúminu, blóð út um allt og herbergið „mett[að] af blóðdauni“ (160). Atriðið í heild sinni endurspeglar hversu mjög fólk á norðlægum slóðum eins og Íslandi þarf að reiða sig á veðrið og náttúruöflin, og undirstrikar einnig hversu brothætt líf manna er sem mótast af þessum einangruðu og harðneskjulegu aðstæðum. Þegar vindstrokan fellir Agnesi samsvarar það þeim afleiðingum sem dauði Ingu hefur fyrir hana: þessi harmleikur bókstaflega kippir undan henni fótunum og bindur enda á þá tryggu tilveru sem hún bjó við, því Björn fósturfaðir hennar ákveður að flytja suður til Reykjavíkur og yfirgefur hana.⁶⁴ Þar með verður Agnes ómagi og einstæðingur „upp á náð sóknarinnar“ (166). Þegar gráti og hrópum Agnesar í sorginni yfir andláti Ingu er líkt við veðrið er tengingin milli veðurs og mannlegs hlutskiptis undirstrikuð enn frekar: „Ég ýlfraði eins og vindurinn úti“ (159).

Frásögnin heldur áfram á svipuðum nótum er Agnes endurupp-lifir þessa lífsreynslu í draumi og finnst sem hún læðist eftir bæjar-göngunum og heyrir „vindinn *ýlfra úti í nóttinni fyrir utan* og finnst ég heyra fósturmóður mína krafsa í hurðina á skemmumni [...] og í gegnum gnauð vindsins held ég mig heyra krafs og síðan nafnið mitt, Agnes, Agnes, sem einhver kallar. Þetta er Inga að æpa á mig að hleyppa sér út“ (168, mín skáletrun). Er hún opnar skemmuna og sér að Inga er ekki lifandi er örvæntingu hennar og sorg lýst á áhrifamikinn hátt:

...ég græt af því að það er verri en hitt að fá fulla vissu um að hún sé í raun dáin. Fósturmóðir mín er dáin og mín eigin móðir er farin. Og ég sit

63 Í enska textanum er þessu lýst sem „some form of ghoulish demand to enter“ (Kent, *Burial Rites*, 144). Hér nær íslenska þýðingin („vofa“) ekki að fanga nógu vel hryllinginn sem gefinn er í skyn í upprunalegu útgáfunni, en „ghoul“ þýðir „illur andi“ eða „ófrískja sem rænir grafir og étur lík“ (sjá snara.is).

64 Hér er enska útgáfan meira afgerandi í því að tengja beinlínis veðrið við framvinduna í lífi Agnesar: „a great, icy gust of it suddenly blew against the door so hard that it *knocked me off my feet*“ (Kent, *Burial Rites*, 144, mín skáletrun). Vindurinn er þannig gerður að orsakavaldi sem bókstaflega *brindir* Agnesi um koll, rétt eins og dauði Ingu kippir undan henni fótunum og gerir hana að ómaga og einstæðingi.

á gólfinu því fætur mínir hafa gefið sig undan hreinum, alþroska harmi munaðarleysingjans og *vindurinn grætur fyrir mig því tunga mín getur það ekki. Hann brín og brín* og ég sit á troðnu moldargólfinu, frosthörðu. (169, mín skáletrun)

Líkt og hina örlagaríku óveðursnótt er vindurinn þátttakandi í draumnum því hann speglar örvæntingu Agnesar. Hrínanði vindurinn er grátur Agnesar sem sprettur frá sorginni og hinu skelfilega áfalli sem hún upplifði sem barn. Þetta atriði lýsir hryllilegum tilfinningalegum missi og kaflinn í heild sinni sýnir það sem Critic Watch kallar „sláandi hliðstæður“ milli veðurs annars vegar og hins vegar manna gjörða og tilfinninga.⁶⁵

Vetur er því lýsandi árstíð fyrir Agnesi og lífshlaup hennar almennt, og í lokin er hávetur þegar hún fer í sína hinstu för að aftökustaðnum við Þrístapa. Hér fanga landslagslýsingar Kent andrúmsloftið á eftirminnilegan hátt: „í loftinu hanga skýin enn eins og dauðir búkar“ (338) og snjórinn liggur yfir dalnum „eins og lín, eins og náblæja uppreidd fyrir dauða búka himinsins sem héngu höfðum ofar“ (340). Agnes finnur ekki einu sinni fró í því að líkami hennar muni verða vafinn í lín eða fá kristilega útför þar sem dæmdum glæpamönnum hlotnast ekki slík sæmd. Áhrifum þessarar vitneskju er lýst á sláandi hátt í mjög ljóðrænum hluta úr vitundarflæði Agnesar. Hér er Agnes í áfalli eftir að fregna að aftakan verði eftir sex daga og sér fyrir sér náttúru og landslag sem stendur á sama um örlög hennar, þrátt fyrir að eftir dauðann muni hún sjálf verða hluti af landslaginu um leið og holdið sameinast moldinni:

Nú sækir að dökkandi himinn og kaldur vindur sem næðir racleitt í gegnum þig [...] eins og það gildi hann einu hvort þú ert lífs eða liðin, því þú munt hverfa en vindurinn verða eftir [...] og senn verða beinin þín, nú heit af blóði og kakkþykk af merg, skraufþurr og brotgjörn og frjósa og flagna undir fargi svarðarins og hinstu vessa holdsins sýgur grasið aftur upp í ljósið og aftur kemur vindurinn og slær þig til jarðar og slengir í grjótið eða krafsar þig upp í klærnar og ber til hafs í organdi snjóköfi. (334)

65 Critic Watch, „How to Read a Big Book“, 119.

Aftur er vindinum lýst sem náttúruafli sem reynist Agnesi ofviða, og almennt endurspeglast megin minni sögunnar hér: hvernig vetur og snjór tengjast þjáningu og dauða á meðan landslagið, náttúran og veðurfarið eru óhagganleg öfl sem móta dauðlegar manneskjur og lífshlaup þeirra.

Í lýsingu Kent á lífshlaupi Agnesar í *Náðarstund* eru landslag, náttúra og árstíðir því afar mikilvæg. Hér sér lesandinn hið kuldalega Norður þar sem dauðinn sækir Agnesi að lokum og hún verður sannarlega hluti af landslaginu. Lesandinn skynjar einnig grimmd örlaganna, sem í sögunni birtist sérstaklega í merkingarþrungnum draumum og fyrirboðum. Þetta rímar að mörgu leyti við hefðir innan íslenskra bókmennta og þjóðtrúar, en þar má t.d. nefna mikilvægi drauma Guðrúnar Ósvífursdóttur í *Laxdælu*. Einnig er mikilvægt að hröfnum er lýst sem bæði fróðum verum og illum fyrirboðum, en í íslenskum þjóðsögum tákna þeir fyrst og fremst dauða en eru tákn visku og spádóms í heidnum sið.⁶⁶ Þannig eru þeir „[g]rimmir fuglar, hrafnarnir, en vitrir“ í *Náðarstund*, eins og Agnes kemst að orði (47), og þeir geta spáð fyrir um dauða fólks, eins og þegar hrafnninn „settist á gaflburstina, skók gogg sinn í átt að bænum á Bakka og lítill drengur drukknaði síðar í vikunni“ (48). Enn fremur dreymir Natan drauma sem augljóslega spá fyrir um dauða hans, og draumar Agnesar sjálfrar eru lýsandi og segja frá óorðnum hlutum líkt og þegar hana dreymir fyrir sínum eigin yfirvofandi dauða og því hvernig blóð hennar mun vætla um höggstokk böðulsins (128–129). Þegar hún er sextán ára dreymir hana sérlega skýran draum um að vera berfætt á göngu í snæviþökku hrauni.⁶⁷ Leiðarstefi sögunnar um örlögin í landslaginu, kuldinum og norðlægri auðninni er hér skeytt saman við minnið um drauma og fyrirboða. Draumurinn sjálfur segir fyrir um þátt prestsins í aftöku Agnesar, stuðninginn og huggunina sem

66 Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, „Getið þið sagt mér einhverjar þjóðsögur um hrafnninn?“

67 Draumur þessi byggir á heimildum: í *Sögu Natans Ketilssonar og Skáld-Rósu* eftir Brynjúlf Jónsson segir að Agnesi hafi dreymt þennan draum, og einnig er sagt frá honum í bók Guðlaugs Guðmundssonar, *Enginn má undan líta*. Þó eru lýsingar ekki alveg eins og í *Náðarstund* því í hvorugri frásögn er minnst á hraun, heldur gengur Agnes í draumnum „alein og berfætt um klakaða eyðimörk“ (Brynjúlfur Jónsson, *Saga Natans Ketilssonar og Skáld-Rósu*, 118) og „ein og berfætt yfir snævi þakta auðn“ (Guðlaugur Guðmundsson, *Enginn má undan líta*, 31). Því er hraunið greinilega skálduð viðbót Kent í því augnamiði að gera myndmálið varðandi lífshlaup og örlög Agnesar skýrara og meira afgerandi.

hann veitir á meðan hún bíður dauða síns, og hvernig hann að lokum neyðist til að sleppa henni við höggstokkinn:

Til allra átta var ekkert að sjá utan grjót og snjó og sprungur og gjótur í jörðina. Það blæddi úr fótunum á mér en ég varð að halda áfram [...]. En einmitt þegar ég hélt að ég myndi deyja úr ótta birtist ungur maður. Hann var berhöfðaður en hann var með prestsflibba og rétti mér hönd sína. Saman héldum við áfram í sömu átt og áður [...] og jafnvel þó ég væri frávíta af ótta þá hélt hann í hönd mína og það var mér huggun.

Þá allt í einu, í draumnum, gaf jörðin sig undir fótum mínum og hönd mín snerist úr greip unga mannsins og ég féll ofan í sprungu. Ég man að ég leit upp um leið og ég hrapaði ofan í myrkið og sá jörðina lokast fyrir ofan mig. Hún byrgði úti birtuna og ásjónu mannsins [...]. Ég steypist ofan í jörðina, var grafin í þögn og það var óbærilegt og svo vaknaði ég. (196)

Draumurinn er þrunginn merkingu og spáir augljóslega fyrir um örlög Agnesar. Hann táknar hina óblíðu lífsgöngu brostinna drauma, sem er í raun sársaukafull ganga yfir snjóbreiður í úfnu hrauni í átt að sorglegum endalokum. Þetta er landslagið sem örlögin hafa teiknað upp fyrir Agnesi; fegurð þess er villt og harðger með einstaka ljúfum undantekningum, en þegar allt kemur til alls er það kalt, eyðilegt og grimmt.

Lokaorð

Hrikalegt og stórskorið landslagið á Norðurlandi heillaði áströlsku unglingsstúlkuna Hönnuh Kent svo mjög að viðbrögðum hennar mætti líkja við áhrifin sem hugmyndir um Norðrið hafa almennt á fólk samkvæmt skilgreiningu Davidsons.⁶⁸ En það var ekki einungis Ísland sem fangaði hug hennar svo mjög, því sagan af Agnesi Magnúsdóttur heltók hana og hún varði mörgum árum í að rannsaka ævi þessarar dæmdu sakakonur úr fortíðinni. Afrakstur þeirrar vinnu er póstmóðernísk og femínísk skáldsaga þar sem leitast er við að endurskoða söguna og lýsa Agnesi á margræðari hátt en áður hefur tíðkast. Settur er fram skýr sagnfræðilegur rammi og innan hans eru notuð ólík sjónarhorn og ýmsar frásagnarraddir til að vinna gegn algengum staðalímyndum um Agnesi. Hér birtist því margræðari og um leið trúverðugri útgáfa af aðalpersónunni. Í *Náðarstund* er hinu þyrnum stráða lífshlaupi Agnesar lýst á ljóslifandi hátt og hið norðlæga söguvið bæði undirstrikar og endurspeglar ýmsa þætti í lífi hennar. Hér er dregin upp lifandi og eftirtektarverð mynd af Íslandi og Norðrinu, þar sem landslag, náttúra og árstíðir móta aðalpersónuna, marka hennar hörðu tilveru, hneppa hana í fjötra og bera hana á vit örlaganna.⁶⁹

68 Davidson, *The Idea of North*, 20.

69 Höfundur þakkar Degi Gunnarssyni fyrir þýðingavinnu.

HEIMILDIR

- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. „Getið þið sagt mér einhverjar þjóðsögur um hraf-ninn?“ *Vísindavefurinn*, 2006, <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=6393> [sótt 19. júní 2020].
- Atwood, Margaret. „In Search of Alias Grace: On Writing Canadian Historical Fiction“. *The American Historical Review* 103 (5) (1998): bls. 1503–1516.
- Ayuningtyas, Paramita. „Deconstructing the Stereotypes of Women through a Female Voice in *Burial Rites* (2013) by Hannah Kent“. *Lingua Cultura* 9 (2) (2015): bls. 75–80.
- Birns, Nicholas. *Contemporary Australian Literature: A World Not Yet Dead*. Sydney: Sydney University Press, 2015.
- Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi. *Saga Natans Ketilssonar og Skáld-Rósu* [1912]. Selfoss: Sæmundur, 2017.
- Cooper, Katherine og Emma Short. „Introduction: Histories and heroines: The Female Figure in Contemporary Historical Fiction“. Í *The Female Figure in Contemporary Historical Fiction*, ritstýrt af Katherine Cooper og Emma Short, 1–20. Basingstoke: Palgrave Macmillan, 2012.
- Critic Watch. „How to Read a Big Book: The Critical Reception of Hannah Kent’s *Burial Rites* in the Context of Contemporary Trade Book Marketing“. Í *The Return of Print? Contemporary Australian Publishing*, ritstýrt af Aaron Mannion og Emmett Stinson, 115–136. Victoria: Monash University Publishing, 2016.
- Davidson, Peter. *The Idea of North*. London: Reaktion, 2005.
- de Groot, Jerome. *The Historical Novel*. New York: Routledge, 2010.
- „Discovering Agnes: Hannah Kent on writing *Burial Rites*“. Í *Burial Rites*, höf. Hannah Kent, 341–347. London: Picador, 2014.
- Dotinga, Randy. „Burial Rites’ author Hannah Kent finds mystery in Iceland“. *The Christian Science Monitor*, 29. nóvember 2013. <https://www.csmonitor.com/Books/chapter-and-verse/2013/1129/Burial-Rites-author-Hannah-Kent-finds-mystery-in-Iceland> [sótt 19. júní 2020].
- Eggert Þór Bernharðsson. „Friðrik, Agnes, Sigríður og Natan: Heimildagrunnur morðbrennunnar á Illugastöðum árið 1828“. *Saga* LI (2) (2013): bls. 9–56.
- Finn, K. „Review: ‚Burial Rites‘“. *The Oxford Culture Review*, 22. september 2014. <https://theoxfordculturereview.com/2014/09/22/review-burial-rites/> [sótt 19. júní 2020].
- Friðrika Benónýsdóttir. „Myrkt ástarljóð til Íslands“. *Visir.is*, 20. september 2014, <https://www.visir.is/g/2014709209983> [sótt 19. júní 2020].
- Gísli Konráðsson. *Sagan af Natani Ketilssyni* [1892]. Raðbókavefurinn, 2013.
- Guðbrandur Jónsson. „Dauði Natans Ketilssonar“. *Blanda*, 6 (19–22), (1936): bls. 1–36, <https://timarit.is/gegnir/000524519> [sótt 6. apríl 2022].
- Guðlaugur Guðmundsson. *Enginn má undan líta: Sagnfræðilegt skáldrit, sem varpar nýju ljósi á morðmálin í Húnaþingi aðdraganda þeirra og afleiðingar*. Reykjavík: Örn og Örlygur, 1974.
- Hanke, Andrea. „A dark love letter to Iceland: Hannah Kent on ‚Burial Rites‘“.

- Books+Publishing*, 8. febrúar 2013, <https://www.booksandpublishing.com.au/articles/2013/02/08/26248/a-dark-love-letter-to-iceland-hannah-kent-on-burial-rites/> [sótt 19. júní 2020].
- „Hannah Kent answers questions from our reading group“. Í *Burial Rites*, höf. Hannah Kent, 349–355. London: Picador, 2014.
- „Hannah Kent Discusses Burial Rites and Speculative Biography“. *YouTube*, 17. september 2013, <https://www.youtube.com/watch?v=Q8gIC5g19oI> [sótt 19. júní 2020].
- Helga Kress. „Eftir hans skipun: Natansmál í ljósi sagnadansa og eftirmæla Agnesar“. *Saga* LII (1) (2014): bls. 99–118.
- Hoffmann, Eline. *Dauði Natans Ketilssonar. Sögulegt leikrit í 7 sýningum*: Ísl. þýðing Halld. Friðjónsson, Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1928.
- Ingibjörg Ágústsdóttir. „Reinventing Agnes: The Role of Icelandic Landscape, Nature and Seasons in Hannah Kent’s Speculative Biography *Burial Rites*“. Í *What is North? Imagining the North from Ancient Times to the Present Day*, ritstýrt af Oisín Plumb, Alexandra Sanmark and Donna Heddle, 387–405. Turnhout: Brepols, 2020.
- Katla Kjartansdóttir. „Remote, Rough and Romantic: Contemporary Images of Iceland in Visual, Oral and Textual Narrations“. Í *Images of the North: Histories, Identities, Ideas*, ritstýrt af Sverri Jakobssyni, 271–280. Amsterdam og New York: Rodopi, 2009.
- Keen, Suzie. „Hannah Kent’s Burial Rites“. *InDaily*, 19. júní 2013. <https://indaily.com.au/arts-and-culture/books-and-poetry/2013/06/19/hannah-kents-burial-rites/> [sótt 19. júní 2020].
- Kent, Hannah. *Burial Rites*. London: Picador, 2014.
- Kent, Hannah. *Náðarstund*. Ísl. þýðing Jón St. Kristjánsson, Reykjavík: JPV, 2014.
- Kohlke, Marie-Luise. „Neo-Victorian Biofiction and the Special/Spectral Case of Barbara Chase-Riboud’s *Hottentot Venus*“. *Australasian Journal of Victorian Studies* 18 (3) (2013): bls. 4–21.
- Lackey, Michael. *Biofiction: An Introduction*. New York: Routledge, 2022.
- Lukács, Georg. *The Historical Novel*. Ensk þýðing Hannah og Stanley Mitchell, Lincoln og London: University of Nebraska Press, 1983.
- Maitzen, Rohan. „A ‚Dark Love Letter to Iceland‘: Hannah Kent, *Burial Rites*“. *Novel Readings*, 26. maí 2014. <https://rohanmaitzen.com/2014/05/26/a-dark-love-letter-to-iceland-hannah-kent-burial-rites/> [sótt 19. júní 2020].
- McCabe, Brian. „Hannah Kent: Burial Rites“. *Herald Scotland*, 10. ágúst 2013, https://www.heraldscotland.com/arts_ents/13117636.hannah-kent-burial-rites-picador/ [sótt 19. júní 2020].
- Morris, Linda. „The Cold Light of Day: Hannah Kent’s debut reimagines the last woman to be executed in Iceland“. *The Sydney Morning Herald*, 4. maí 2013. <https://www.smh.com.au/entertainment/books/the-cold-light-of-day-20130503-2iyac.html> [sótt 19. júní 2020].
- „No more than a ghost – Burial Rites“. *YouTube*, 3. mars 2017. <https://www.youtube.com/watch?v=2P1xVTwo6kQ> [sótt 19. júní 2020].

- Petković, Danijela. „Like a Lamb Ripe for Slaughter: Female Body, Law and ‚Domestic‘ Animals in Hannah Kent’s *Burial Rites*“. *Gender Studies* 15 (1) (2017): bls. 74–90.
- Pfeffer, W. Tad. „People and Places in the Far North: A Vision of Life, Community and Change“. Í *Images of the North: Histories, Identities, Ideas*, ritstýrt af Sverri Jakobssyni, 81–90. Amsterdam og New York: Rodopi, 2009.
- Reynolds, Mark. „Hannah Kent: From Adelaide to Icelandic noir“. *Bookanista.com*, engin dagsetning. <http://bookanista.com/hannah-kent/> [sótt 19. júní 2020].
- Romei, Stephen. „Hannah Kent’s debut novel is written in cold blood“. *The Australian*, 20. apríl 2013. <http://www.theaustralian.com.au/arts/review/hannah-kents-debut-novel-burial-rites-is-written-in-cold-blood/story-fn9n8g-ph-1226623451767> [sótt 27. febrúar 2018].
- Rúnar Kristjánsson. „Agnes“. *Húnavaka* 26 (1) (1986): bls. 42–46.
- Soper, Kate. *What is Nature? Culture, Politics and the Non-Human*. Oxford: Blackwell, 1995.
- Starke, Ruth. „In Conversation with Hannah Kent“. *Writers in Conversation* 1 (1), febrúar 2014. https://dspace.flinders.edu.au/xmlui/bitstream/handle/2328/27267/Kent_Starke.pdf?sequence=1&isAllowed=y [sótt 19. júní 2020].
- Taylor, Catherine. „Burial Rites by Hannah Kent, review“. *The Telegraph*, 10. september 2013. <https://www.telegraph.co.uk/culture/books/bookreviews/10290906/Burial-Rites-by-Hannah-Kent-review.html> [sótt 19. júní 2020].
- Touitou, Lara. „Burial Rites is as much a dark love letter to the landscape of Iceland as it is to the life of Agnes Magnúsdóttir“. *Feedbooks*, 3. maí 2014. <http://www.feedbooks.com/interview/357/burial-rites-is-as-much-a-dark-love-letter-to-the-landscape-of-iceland-as-it-is-to-the-life-of-agnes-magnusdottir> [sótt 19. júní 2020].
- Van Luyn, Ariella. „(In)famous subjects: representing women’s criminality and violence in historical biofictions“. *New Writing* 16 (1) (2019): bls. 67–76.
- Vilhelm Vilhelmsson. „Stílfært og sett í samhengi. Um heimildargildi vitnisburða í réttarheimildum“. *Saga* LIII (1) (2015): bls. 15–45.
- Wallace, Diana. *The Woman’s Historical Novel: British Women Writers, 1900–2000*. Basingstoke: Palgrave Macmillan, 2005.
- Þorgeir Þorgeirsson. *Yfirvaldið. Skáldsaga eftir bestu heimildum og skilríkjum*. Reykjavík: Íðunn, 1973.
- Þórunn Jarla Valdímarsdóttir. *Bærim brennur. Síðasta aftakan á Íslandi*. Reykjavík: JPV, 2021.

ÚTDRÁTTUR

„Tillaga að lífi“: Um örlögin í Norðrinu og endursköpun Agnesar í Náðarstund eftir Hönnuh Kent

Ástralska skáldkonan Hannah Kent varð heltekin af sögu Agnesar Magnúsdóttur þegar hún dvaldi eitt ár á Íslandi sem skiptinemi. Kent varði mörgum árum í að rannsaka ævi Agnesar og morðin á Illugastöðum árið 1828. Hún skrifaði skáldsöguna *Náðarstund* um Agnesi samhliða doktorsrannsókn í ritlist og vildi þar vinna gegn staðalímyndum sem einkenndu túlkanir á Agnesi og lýsa Agnesi á margræðari hátt. *Náðarstund* er söguleg skáldsaga með femíníska endurskoðun í brennidepli sem setur fram „tillögu“ að mögulegu lífi Agnesar. Stuðst er við ritaðar heimildir, tengdar dómsmáli Agnesar, sem mynda eins konar sagnfræðilegan ramma í frásögninni, en innan hans er sögu Agnesar komið á framfæri í ljóðrænni fyrstu persónu frásögn, ásamt stuttum köflum þar sem sjónarhorni annarra persóna varðandi Agnesi er lýst. Saman vinna þessi mismunandi sjónarhorn gegn staðalímyndinni sem Kent vill afbyggja. *Náðarstund* er einnig skáldsaga sem setur Ísland og Norðrið í forgrunn, en sögusviðið myndar kjarnann í lýsingunni á Agnesi og hennar ólánssama lífi. Bókin er á margan hátt drungalegur ástaróður til Íslands þar sem landslag, veður og náttúra eru þungamiðjan. Þetta eru kraftar sem móta og ákvarða líf sögupersónanna, sérstaklega Agnesar, því þótt þeir veiti Agnesi vissulega ánægju og hugarfró snúast þeir að lokum gegn henni, hneppa hana í fjötra og bera á vit örlaganna. Ýjað er að ákveðinni hringferð í sögu Agnesar, náttúru og umhverfi lýst á þann hátt að gefið er í skyn það sem koma skal, og tengingin milli veðurs og mannlegs hlutskiptis undirstrikuð. Að lokum er minnið um drauma og fyrirboða mikilvægt í meðförum Kent á sögu Agnesar.

Lykilorð: Hannah Kent, Agnes Magnúsdóttir, endurskoðunarhyggja og femínismi, Norðrið, landslag/náttúra

ABSTRACT

**“Suggestion of a life”: Destiny in
the North and the Reinvention of Agnes in
Hannah Kent’s *Burial Rites***

During her year in Iceland as an exchange student, the Australian writer Hannah Kent became fascinated with the story of Agnes Magnúsdóttir. Kent spent years researching Agnes and the Illugastaðir murders in 1828. She wrote *Burial Rites* during her Ph.D. research in Creative Writing and her objective was to work against the stereotypes that characterised historical and fictional representations of Agnes, and thereby present a more ambiguous portrait of her protagonist. *Burial Rites* is a revisionist and feminist historical novel, which presents what Kent terms a “suggestion” of Agnes’s life story. Kent relies on written records related to Agnes’s case, and these provide a historical frame for the narrative, within which Agnes’s story is presented in a poetic first-person narration alongside brief sections with outside perspectives on Agnes. Together these varied perspectives deconstruct the persistent stereotype associated with Agnes. *Burial Rites* is also very much a novel about Iceland and the North, and the setting is integral to Kent’s portrayal of Agnes and her ill-fated life. In many ways the book is a dark love letter to Iceland where the landscape, weather and nature are pivotal elements. These are forces that shape and determine the lives of Kent’s characters, especially Agnes’s, because even though landscape and nature grant some joy and solace to Agnes they eventually turn against her, imprison her and bring her towards her inevitable fate. Kent suggests a circular development to Agnes’s story while nature and environment is described in such a way as to foreshadow coming events; also, it is suggested that weather and human destiny are inextricably linked. Finally, the motif of dreams and portends is important in Kent’s representation of Agnes’s story.

„TILLAGA AD LÍFI“: UM ÖRLÖGIN Í NORÐRINU OG ENDURSKÖPUN AGNESAR Í
NÁÐARSTUND EFTIR HÖNNUH KENT

Keywords: Hannah Kent, Agnes Magnúsdóttir, revisionist feminism,
the North, landscape/nature

Laumast út um bakdyrnar Höfundur og sköpulag konunnar í *A hora da estrela* eftir Clarice Lispector¹

„Ég sver að þessi bók er sett saman án orða. Hún er þögul ljósmynd. Þessi bók er þögnin sjálf. Þessi bók er spurning.“² Hér mælir sögumaður skáldsögunnar *A hora da estrela* (1977), sem kalla má *Stund stjörnnunnar* á íslensku, eftir brasilíska rithöfundinn Clarice Lispector. Kannski mætti ætla að allar bækur séu spurningar, en þeim er alla jafna einnig mætt með ákveðinni kröfu um að þær feli í sér svör og jafnvel að höfundur sögunnar hafi þau á reiðum höndum, þótt hann kunni að halda þeim þétt að sér. Oft er það vissulega lesandinn sem leitar uppi svörin, ljáir þau verkinu eða skapar merkinguna sjálfur. Stundum er honum sýnd en ekki gefin veiðin. Í tileinkun höfundarins (í raun og veru Clarice Lispector – eins og tekið er fram innan sviga) segir: „Þetta er ókláruð bók því hana skortir svar. Svar sem einhver í heiminum gæti gefið mér. Þér?“³

- 1 Dag nokkurn fyrir ekki margt löngu fékk ég óvæntan tölvupóst frá Ástráði Eysteinssyni, prófessor í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands, alla leið frá útlöndum og innihélt hann ljósmynd af fyrstu síðu *Stundar stjörnnunnar*, en ég hafði hvorki komist í kynni við Clarice Lispector né þessa stórmerkilegu skáldsögu. Kann ég Ástráði bestu þakkir fyrir að hafa opnað fyrir mér þær dyr og ekki síður fyrir yfirlestur, umræður og ráðgjöf við ritun þessarar greinar. Einnig ber að þakka nafnlausum ritrýnum á vegum tímaritsins *Milli mála* fyrir góðan og gagnlegan lestur.
- 2 Lispector, *Hour of the Star*, 8. Hér eftir verður vísað til þessarar útgáfu bókarinnar með bladsíðutali innan sviga. Ég hef íslenskað tilvitnanir úr millimálinu, ensku, og þó með frummálið til hliðsjónar. *A hora da estrela* var upphaflega gefin út árið 1977, skömmu áður en höfundurinn lést, og hefur sagan í tvígang verið þýdd á ensku, fyrst árið 1922 af Giovanni Pontiero og síðar árið 2011 af Benjamin Moser. Sá síðarnefndi ritaði nýlega ævisögu Lispector, *Why This World. A Biography of Clarice Lispector*, og hefur komið að fjölda þýðinga á verkum hennar sem þýðandi og ritstjóri. Hér verður fyrst og fremst stuðst við þýðingu hans á verkinu.
- 3 Lispector, *Hour of the Star*, xvi. Einhverjum kann að þykja þessi þérna í lokin einkennileg, en á frummálinu hljóðar þetta svo: „Esta história acontece em estado de emergência e de calamidade pública. Trata-se de livro inacabado porque lhe falta resposta. Resposta esta que alguém no mundo ma dê. Vós?“ Vissulega hefði ég getað haldið mig hér nær ensku þýðingu Mosers (og

Í *Stund stjörnunnar* virðist frásögnin sögumanninum jafn ókunnugleg og lesandanum. „Eitt veit ég fyrir víst, þessi frásögn mun takast á við viðkvæmt mál: sköpun heillar persónu sem er jafn lifandi og ég sjálfur“ (11). Fyrir utan þá glettني sem lýsir stöðu sögumannsins sjálfs sem persónu í skáldverki birtist í þessum orðum einnig ákveðin mynd af foreldrahlutverkinu, sem er ein hlið á verkinu öllu og tvinnast saman við höfundarhlutverkið, skáldskap og sköpun; að skapa einstakling sem er *spurning* í eðli sínu, óskrifað blað og viðkvæmt viðfangsefni, eins konar spámennska. Hold af holdi móður og föður en samt eitt-hvað annað. Er ekki gjarnan talað um ritferlið sem meðgöngutíma skáldverka? Þá er höfundurinn óléttur af sköpunarverki sínu þar til það kemur í heiminn, ekki fullmótað heldur kvik og lifandi spurning sem lesandinn fær í fangið og ljær líf utan móðurkviðs. „Hugsaðu vel um hana því það eina sem ég get gert er að sýna þér hana svo að þú þekkir hana á götu úti, þar sem hún stígur létt til jarðar því hún er svo titrandi grön“ (11).

Í þessari grein mun ég takast á við síðustu skáldsöguna sem Lispector birti á meðan hún lifði, *A hora da estrela*, eða *Stund stjörnunnar*.⁴ Verk sem kalla mætti sjálflýsandi skáldsögu, sjálfsögu eða „sögusögn“⁵ sem tekst beinlínis á við eigin tilurð. Þetta er saga af sögu, því að eitt helsta sköpunarverk Lispector er sögumaðurinn Rodrigo S.M. sem gerist höfundur og skapar persónuna Macabéu og um leið sjálfan sig. Því mætti jafnvel tala um eins konar sköpunar-sögu. Hér verður rýnt í „karlhöfundinn“ innan sögunnar og sköpun

raunar þýðingu Pontiros líka) sem nota orðið „you“, sem fangar vissulega eintölu og fleirtölu lesanda/lesenda en glatar að einhverju leyti þessu formlega ávarpi sem beinist svo gjarnan til almættisins, skaparans. Raunar lýkur tileinkun höfundarins á kristna lokaorðinu sjálfu, „Amen fyrir okkur öllum“, og mætti halda að þar sé talað til okkar allra, höfundar, lesenda, sögumanns, persóna, jafnvel heimsins í heild sinni.

4 Raunar vakna efasemdir um hvort skáldsögu skyldi kalla eða nóvellu eða jafnvel langa smásögu. Ef horft er til lengdarmarkna, eins og gjarnan er gert við aðgreiningu á þessum bókmenntagreinum, þá er heldur erfitt að smella skáldsögustimplinum á *Stund stjörnunnar*, sem er ekki nema rúmar sjötíu síðar að lengd, og því kannski eðlilegast að tala um nóvellu. En þrátt fyrir „smæðina“, frekar afmarkaðan söguheim, leikræna framsetningu og tiltölulega fáar persónur má segja að þetta verk þenjst út á mjög marga vegu og ögri hefðbundnum hugmyndum um hið knappa form. Órúgleikar við að skilgreina þessa skáldsögu sem slíka vekja upp forvitnilegar vangaveltur um hversu erfitt er í raun að henda reiður á frásögn og allri formgerð þessa verks. Þessi skilgreiningarvandi er satt að segja verðugt umfjöllunarefni í sjálfu sér, en sú umræða rúmast ekki hér og bíður betri tíma.

5 Vert er að benda á mjög fróðlega umræðu um hugtakaflóruna í kringum sjálfsmeðvitadaðan skáldskap eða *metafiction* í nýlegri bók Jóns Karls Helgasonar, *Sögusagnir. Þrjú tímanótaverk og einu betur*, sér í lagi bls. 31–60.

söguhetjunnar, kvenpersónu; ferli sem um margt einkennist af sambandi ástar og eyðileggingar, sem flækist enn frekar þegar lesandinn er dreginn inn í það samband ásamt raunhöfundinum, Clarice Lispector.⁶

Í inngangi að enskri þýðingu Benjamins Moser lýsir írski rithöfundurinn Colm Tóibín sögunni meðal annars sem „ákaflega sjálfsmeðvitaðri frásögn sem tekst á við örðugleika og undarlega nautn þess að segja sögu“⁷ og líkir lestri hennar við að fá að skyggjast bak við tjöldin í leikhúsi. Að sjá leikarana sveipa sig gervum sínum, að verða vitni að sviðsetningunni og tilbúningnum, sjá sviðsmennina að verki sem og áhorfendurna hinum megin við sviðið, komast svo að því að það var sýningin öll, skrifuð af „höfundi sem fylgdist enn taugaóstyrkur með, einhversstaðar nærri eða órafjarri, sem kann að vera til eða ekki“.⁸ Benjamin Moser segir aftur á móti að sögumaður *Stundar stjörnunnar* sé vissulega karlmaðurinn Rodrigo S.M., en á bak við hann sé Clarice Lispector enn sýnilegri en vanalega.⁹ Moser virðist raunar lítinn greinarmun gera á raunhöfundi, sögumanni og persónu – og dregur sérstaklega fram hvernig persónan Macabéa og sögumaður verksins, Rodrigo S.M., séu á vissan hátt tvær hliðar á sjálfri Clarice Lispector. Hið sama gerir fyrri þýðandi skáldsögunnar, Giovanni Pontiero, en hann lítur hálfpartinn fram hjá sögumanninum sem Lispector skapar og staðsetur samt sem áður á milli sín og lesanda: „[. . .] þó satt sé að Lispector vilji fá okkur til að trúá á

6 Annað meginmarkmið þessarar greinar er að kynna Clarice Lispector og þetta skáldverk fyrir íslenskum lesendum, en ýmsir kunna að hafa einhver kynni af höfundinum nú þegar. Fremur lítið hefur verið þýtt á íslensku eftir Lispector og í öllum tilvikum er um að ræða smásögur: Árið 1976 birtist „Kjúklingurinn“ í 12. tölublaði *Vikunnar*, og er þýðanda ekki getið. Í desember árið 1981 birtist þýðing Guðbergs Bergssonar, „Hin dulda ánægja“, í *Tímariti Máls og menningar*. Árið eftir, eða 1982, birtist svo önnur þýðing eftir ónafngreindan þýðanda, „Gönguferðin langa“, í 29. tbl. *Lesbókar Morgunblaðsins*. Rúmum áratug síðar birtist loks önnur saga í fyrsta tölublaði tímaritsins *Jón á Bægisá* árið 1994, „Fjölskyldutengslin“ í þýðingu Guðbergs Bergssonar. Síðan hefur ekkert borið á Clarice Lispector í íslenski þýðingu fyrr en með þrekvirkinu sem unnið var með ritröðinni *Smásögur heimsins*, en í bindinu sem tileinkað er Rómönsku-Ameríku birtist sagan „Ást“ í þýðingu Sigrúnar Ástríðar Eiríksdóttur. Það hefur löngum mátt greina umtalsverðan áhuga á „suðrænum“ bókmenntum á Íslandi, hvort sem um ræðir bókmenntir Rómönsku-Ameríku, Spánar eða Portúgals, og því er missir af því litla rými sem Clarice Lispector hefur verið gefið í íslenskum bókmenntaheimi, miðað við mikilvægi höfundarverks sem er satt að segja áriðandi að flytja inn og miðla til lesanda á íslensku.

7 Tóibín, „A Passion for the Void“, inngangur að *Hour of the Star*, viii.

8 Sama heimild, x.

9 Moser, *Why This World*, 374.

karlkyns sögumann, lætur hún ekki af aðild sinni,¹⁰ segir Piontero og nefnir einmitt „tilfinningalegt hlutleysi“ sem ávinning þessarar frásagnaradferðar. Engu að síður virðist Pontiero hreinlega ekki virða Rodrigo S.M. viðlits í umfjöllun sinni, en hann taldi jafnframt að þetta frásagnarbragð væri vankantur á skáldsögunni og að hans álitni misheppnað. Cynthia A. Sloan virðist á sama máli, í það minnsta að því leyti sem þessi aðferð Lispector er tilraun í kynjamörkun (e. *gender marking*); telur hún að sú tilraun hefði verið áhrifameiri og áhuga-verðari „ef Lispector hefði bælt eigin rödd og breytt sjálfskoðandi, lýriskum og afar sjálfsmeðvituduðum ritunarstíl sínum í meira mæli“.¹¹ Sloan bendir jafnframt á tilhneigingu gagnrýnenda til þess að hundsá sögumanninn sem Lispector miðlar frásögninni í gegnum en greinir sögumanninn einmitt sem grundvallareiningu í því sem hún kallar „kynjaleik“ (e. *gender game*) skáldsögunnar: „[Lispector] stígur til hliðar sem ráðandi rödd textans og skapar karlkyns undirsáta (e. *subject*) sem segir frá, Rodrigo S.M., sem holdgerir rödd og strúktúr feðraveldisins og, til viðbótar, limhverf tungumál og ritunarhefðir.“¹²

Í lýsingu Tóibíns á skáldsögu Lispector, sem vísað er til hér að framan, eru sviðsettar ákveðnar kringumstæður sem vert er að glöggva sig á áður en lengra er haldið. Á sviði skáldsögunnar hittum við sem sagt Rodrigo S.M., rithöfund og sögumann verksins, sem jafnframt skrifar sögu Macabéu, fátækrar stúlku frá norðausturhluta Brasilíu, sem lifir á pylsum og starfar sem vélritunarstúlka í Ríó de Janeiro. Hún er nærri því ósýnileg og gæti virst ein af þúsundum umkomulausra stúlkna á götum stórborgarinnar, sem eiga ekkert annað en líkama sína að selja fyrir staðgóða máltíð. „En persónan sem ég ætla að tala um hefur vart líkama til að selja, enginn kærir sig um hana, hún er hrein mey og meinlaus, enginn myndi sakna hennar“ (5–6). Þannig lýsir sögumaður eigin sköpunarverki, stúlku sem hann sér dag einn bregða fyrir úti á götu og verður gagntekinn af, endurskapar og verður loks yfir sig ástfanginn af. En hann snýr lýsingunni einnig upp á sjálfan sig: „Ennfremur – nú átta ég mig á því – myndi enginn sakna mín. Og meira að segja það sem ég er

10 Pontiero, „Testament of Experience. Some Reflections on Clarice Lispector’s Last Narrative „A Hora Da Estrela““, 15.

11 Sloan, „The Social and Textual Implications of the Creation of a Male Narrating Subject in Clarice Lispector’s „A hora da estrela““, 98.

12 Sama heimild, 91.

að skrifa gæti einhver annar skrifað. Karlhöfundur, það er að segja, því kona kynni að gera þetta allt ósköp væmið og velgjulegt“ (6). Með þessari vísun til þess sem kvenhöfundur *kynni að gera* í þessum aðstæðum er vakin athygli á því að það sé í raun kvenhöfundur á bak við frásögnina, að það sé hún sem skrifar þessi orð. Þar með verða orðin „væmið“ og „velgjulegt“ umsvifalaust grunsamleg og hugsanlega allt sjónarhorn Rodrigos S.M. – sem verður engu að síður förunautur lesandans bókina á enda. En kynferði hefur hér verið virkjað sem merkingarþáttur í skáldsögunni og allri sögumiðluninni. Franski rithöfundurinn Hélène Cixous segir: „Hamskipti eiga sér stað á undan ritun textans. Clarice mun skrifa sem karlmaður. Allar konur hafa gert það, en hjá henni er það af frjálsum vilja, bæði í leik og alvöru.“¹³ Og lesendur eru ekki einungis minntir á að raunhöfundur verksins sé kona, heldur leiða þeir sennilega hugann að því hvernig afstaða hennar birtist í verkinu. Lesandinn skimar þá sem sagt eftir hinum innbyggða höfundi sem á sér misskýrar birtingarmyndir, enda hefur hann aldrei orðið og alls óvíst er að sögumaðurinn né nokkur persóna sé málþípa hans. Í þessu tilviki má gera ráð fyrir að núningur myndist milli söguhöfundar og sögumanns sem gerist höfundur. Í samanburðargreiningu sinni á *Stund stjörnuunar* og annarri sögu Lispector, *Um sopro de vida*, greinir Maria José Somerlate Barbosa þessa beitingu á rödd karlkyns sögumanns eða höfundar sem paródíu frásagnarvalds: „Með írónískri meðhöndlun höfundarmennsku skopstælar Clarice Lispector sögumennina [...] og grefur undan kerfinu sem hefur alltaf skipað karlkyns rithöfundum og sýn þeirra á heiminn framar öðrum innan bókmenntahefðarinnar.“¹⁴ Barbosa bendir enn fremur á hvernig Lispector grefur undan höfundarrödd og valdi Rodrigos S.M. í tileinkun verksins þar sem hún lýsir yfir

13 Cixous, *Reading with Clarice Lispector*, 148. Þess má geta að Cixous átti dágóðan þátt í útbreiðslu verka Clarice Lispector út fyrir Brasilíu og portúgalska tungumálið, sér í lagi til frönsku- og enskumælandi menningarheima, með langtíma sambandi sínu við verk hennar, sem hófst á níunda áratug 20. aldar og fól í sér einkar skapandi og dýnamískan lestur, túlkun og samræðu. Anna Klobucka segir að Cixous hafi dregið fram og varpað ljósi á verk Lispector sem afbragðs dæmis um écriture féminine eða kvenleg skrif, en hugtakið sprettur einmitt úr frægri ritgerð Cixous, „Le Rire de la Méduse“ eða „Hlátur Medúsu“, sem birtist árið 1975 og hafði umtalsverð áhrif. Það er vert að benda á að Lispector skrifaði að mestu leyti um konur, frá sjónarhóli kvenna, og því er athyglisvert að velta fyrir sér *Stund stjörnuunar* og hamskiptum hennar í karlkynssögumann sem écriture féminine. Um skrif Cixous um Lispector, sjá áhugaverða umfjöllun Önnu Klobucka, „Hélène Cixous and the Hour of Clarice Lispector“.

14 Barbosa, „„A hora da estrela“ and „Um sopro de vida“: Parodies of Narrative Power“, 116.

eignarhaldi sínu á þessum texta og afhjúpar sjálfa sig sem hinn sanna höfund innan sviga. „Með því að afhjúpa mótsagnir textans kollvarpar Lispector og grefur undan fullyrðingum Rodrigues.“¹⁵ Marta Peixoto segir enn fremur: „Höfundurinn er kona sem tekur á sig karlkyns grímu og sögumaðurinn grímu kvenkyns höfundar.“¹⁶

Hér er um að ræða skáldsögu sem fjallar með beinum hætti um skáldskap og varpar töfrandi ljósi á ást og sköpun, líf og dauða, veruleika og sköpunarverk. En í grundvallaratriðum er um að ræða verk sem skrifað er af kvenhöfundi og fjallar um karlhöfund sem skapar kvenpersónu um leið og sjálfan sig og úr verður forvitnilegt ástarsamband sem hrífur lesandann með sér.

Andartak sköpunar

Skáldsagan hefst á sköpun heimsins:

Allur heimurinn hófst á orðinu já. Ein sameind sagði já við aðra og þá kviknaði líf. En á undan forsögunni var forsaga forsögunnar og svo það sem aldrei var og þar leyndist jáið. Þannig var það ávallt. Ég veit ekki hvers vegna, en ég veit þó að alheimurinn hófst aldrei. (3)

Allt sem þurfti til var að ein sameind játaðist annarri. Hér er meðal annars lýst sköpun í jarðsögulegum skilningi en líka hinni hversdagslegu sköpun einstaklings, þar sem tveir einstaklingar renna saman og nýtt líf springur út. Reyndar er hér öll möguleg sköpun til umræðu, því um leið og lýst er sköpun alheimsins er um að ræða upphaf skáldsögunnar sem lesandinn hefur fyrir augum. Heimur skáldsögunnar fæðist með þessu jái, frá einni tákmynd til annarrar, frá einu orði til annars, svo að úr verða setningar, málsgreinar verða að efnisgrein og að lokum stendur uppi merkingarbær, heildstæður og þó brotakenndur nýr heimur.¹⁷

„Skáldskapur er skapaður úr tungumálinu, þeim miðli sem skilar

15 Sama heimild, 117.

16 Peixoto, *Passionate Fictions*, 92.

17 Áhugavert er að *Nærri villta hjartanu* hefst einnig á heimssköpun sem beintengd er við skáldskap, þar sem heimurinn fær á sig mynd úr hljóðum, úr glamrinu þegar faðir lítillar stúlku slær á ritvél sína, og af hverjum slætti er eins og fæðist fleiri og fleiri hljóð og heimurinn kviknar. Raunar fæst Lispector tíðum við slíka heimssköpun í skáldsögum sínum, þar sem heimur skáldsögunnar virðist taka á sig mynd með hverju orði, hljóði, brotum, hálfpartinn eins og maður vakni í hálf-dimmu herbergi og skynji hvern hlut í kringum sig þegar maður deplar augunum og nuddar stírnar burt.

mannverum til menningar og lögbundins samfélags. Jafnframt grefur þó skáldskapur sífellt undan áreiðanleika þessa miðils; dregur táknerfi hans í efa, bregður á leik með það,¹⁸ segir Ástráður Eysteinnsson og beinir sjónum að tungumálinu sem efniviði og miðli skáldskapar sem og veruleika í afar forvitnilegu, dýnamísku og stundum írónísku sambandi. „Já, en ekki gleyma því að til þess að skrifa verð ég að nota orðið sem meginefnivið. Og þess vegna verður þessi saga búin til úr orðum sem safnast saman í málsgreinar og síðan stafar af þeim dulín merking sem býr handan við orð og setningar“ (6). Hér rímar skáldskapurinn við sköpun alheimsins, við samslátt sameinda, sameiningu orða þar til merkingin brýst fram, sem þó liggur handan við miðilinn, tungumálið. Höfundurinn lítur heiminn augum, skyggnist handan við ásýnd hlutanna og dregur fram í texta sinn eitthvað dulið.

Sköpunin er Rodrigo ekki auðveld, hann hefur gengið með þessa sögu í maganum í dágóðan tíma, hún hrjáir hann eins og þrálátur tannverkur; sögunni fylgir stöðugur trommuþytur sem hljóðnar þó um leið og hann skrifar. „Nei, það er ekki auðvelt að skrifa. Það er jafn erfitt og að brjóta steina. En það gneistar af og flísarnar fljúga eins og leiftrandi stál (10),“ segir sögumaður sem veltir í sífellu fyrir sér hvers vegna hann skrifi, hvað hann ætli að skrifa og hvernig. „Og það er þegar ég hugleiddi að skrifa um raunveruleikann, þar sem raunveruleikinn var svo fjarri mér. Hvað sem „raunveruleiki“ þýðir“ (9). Á vissan hátt skrifar hann sögu Macabéu til að yfirstíga eigin takmörk og nálgast óræðan veruleika sinn með skrifunum.

„Áður en þessi ritari skaut upp kollinum í lífi mínu, var ég maður og meira að segja nokkuð sáttur, þrátt fyrir lítilfjörlega velgengni mína í bókmenntum“ (9). Þessi vélritandi persóna ryðst svo að segja inn í tilveru hans og umturnar henni. Líkt og ástfanginn maður er hann frá sér numinn af vesælli stúlku sem hann sá eitt sinn bregða fyrir á götu úti. „Ég fann ekki upp á þessari stúlku. Hún þvingaði tilveru sinni upp á mig (21),“ segir hann og gerir tilraun til að firra sig ábyrgð á sköpunarverki sínu en viðrar um leið hugmyndir um skáldskap sem framsetningu á veruleikanum sem hvílir öðrum þræði á því að sjá í gegnum ásýnd hlutanna: „Stúlkan er sannleikur sem ég kærði mig ekki um að vita. Ég veit ekki hvern ég á að ásaka en ein-

18 Ástráður Eysteinnsson, „Hefur maður ást á skáldskap? Vangaveltur um konuna í textanum“, 454.

hver hlýtur að hafa gert þetta“ (31). Macabéa virðist hafa orðið honum eins konar vitrun, eða jafnvel valdið rofi á veruleika hans, hugljómun sem snýr heimi höfundarins á hvolf.¹⁹ „Eins og ég mun nú útskýra verður þessi saga afleiðing stigvaxandi sýnar [...] Það er sýn þess sem er yfirvofandi. Hvað er það? Kannski kemst ég að því síðar. Rétt eins og ég skrifa á sama tíma og ég er lesinn“ (4).

Sögumaðurinn Rodrigo S.M. er ekki áreiðanlegur og þess vegna tekur lesandi því með fyrirvara þegar hann segist enga stjórn hafa á sköpunarverki sínu; að textinn, frásögnin, tungumálið, persónan hafi hrifað af honum taumana. „Ég ber enga ábyrgð á því sem ég skrifa núna (63);“ segir hann þegar dregur nærri endalokum skáldsögunnar, en andartökum síðar, þegar Macabéa liggur dauðvona á götunni, skýtur hann því að innan sviga að hann „gæti enn spólað til baka og byrjað aftur þar sem Macabéa stóð á gangstéttinni“ en bætir þó við að hann hafi þegar gengið of langt og geti „ekki snúið við úr því sem komið er“ (70). Sögumaður gerir sig að lesanda sögunnar sem hann sjálfur skrifar, að viðtakanda og skapara í senn. Þetta birtist meðal annars í því hvernig hann vefur skáldskap sinn úr veruleikanum og svo þvert á móti hvernig skáldskapurinn mótar veruleika hans. Þessi frásögn hefur í för með sér umbreytingu hans og loks dauða. Persónurnar sem hann skapar hafa allar því sem næst líkamleg áhrif á hann, hann verður óþreyjufullur, ergilegur og finnur til ógleði og sektarkenndar. Hann örmagnast, einangrar sig frá umheiminum og samsamar sig persónu sinni eins og hægt er. Hann sér stúlku á götu úti og setur sig í hennar spor, ímyndar sér veruleika hennar og endurskapar, hann les umheiminn og þýðir í frásögn sem fær á sig slíkan skriðþunga að ómögulegt er fyrir sögumann/höfund að hemla, jafnvel þótt hún feli í sér hans eigin dauðdaga sem og persónunnar sem hann skrifar um. „Hún var loksins laus við sjálfa sig og okkur. Ekki óttast, dauðinn er andartak, líður hjá sisvona, ég veit það vegna þess að ég dó rétt í þessu með stúlkunni. Ég vona að þú fyrirgefir mér þennan dauða. Því ég gat ekki að því gert“ (76).

Það er að minnsta kosti hluti af sjónhverfingum sögumannsins,

19 Cynthia A. Sloan bendir á þetta sem eitt viðbragða sögumannsins við veruleika Macabéu og óhjákvæmilegum árekstri við málefni fátæktar, sem tilraun til að fjarlægja sig frá sögupersónu sinni, að gera lesandanum ljóst að hann hafi ekki leitað þetta viðfangsefni uppi heldur hafi það (hún) þröngvað sér upp á hann. Sjá „The Social and Textual Implications of the Creation of a Male Narrating Subject in Clarice Lispector’s „A hora da estrela“, 94–95.

Rodrigos S.M., hvort sem hann missir raunverulega stjórnina, lætur sem hann geri það, eða trúir því jafnvel sjálfur að óskapnaðurinn sleppi frá honum.

Þess vegna veit ég ekki hvort sagan mín verði – verði hvað? Ég veit ekki neitt, ég hef ekki enn fengið mig til að skrifa hana. Mun eitthvað gerast? Já ýmislegt. En hvað? Það veit ég ekki heldur. Ég er ekki að reyna að byggja upp í þér einhverjar kvalafullar og ósedjandi væntingar: ég veit í alvörunni ekki hvað bíður mín, ég er með ansi kvika persónu í höndunum sem hrekkur mér sífellt úr greipum og væntir þess að ég bjargi sér. (13)

Þvert á það sem sögumaður segir hér hefur hann þegar ljóstrað því upp innan sviga að hann viti nákvæmlega hvað muni verða og vísar í einn af undirtitlum sögunnar, sem reynist vera hinstu orð Macabéu, eða „Hvað framtíðina varðar“.²⁰ Sagan er skrifuð í rauntíma en hefur þó einnig átt sér stað. Sögumaður lýsir henni sem frásögn eða greinargerð undanfarandi atburða en jafnframt sem afleiðingu stigvaxandi sýnar þess sem er yfirvofandi. Á vissan hátt er þetta meðganga sem lýkur í senn með getnaði, fæðingu og dauða, frásögn sem bítur ekki bara í skottið á sér og lýkur á eigin upphafi eins og *Finnegans Wake* eftir James Joyce, heldur innbyrðir sjálfa sig í heilu lagi.

Hér má greina viss einkenni *sjálfgetnu* skáldsögunnar, afbrigði sjálfsgagna sem sameinar þroskasöguna og listamannssöguna en hefur „það sérkenni að lýsa einnig sinni eigin forsögu“.²¹ Í hefðbundnum skilningi væri erfitt að lýsa *Stund stjórnunnar* beinlínis sem *Bildungsroman*, þroskasögu eða listamannssögu,²² jafnvel þótt hún feli í sér viss einkenni þeirra bókmenntagreina. Rodrigo stígur fram

20 *Stund stjórnunnar* ber ekki aðeins einn titil heldur þrettán sem þjóna sem leiðarstikur og sóttir eru í frásögnina sjálfa og mynda saman eins konar formála eða dyr að verkinu. Þess má geta að þessir þrettán titlar eru eflaust ekki svo margir fyrir hendingu, heldur hefur talan þrettán mögulega haft mystíska eða táknræna merkingu fyrir höfundinn, en undirskrift hennar gengur þvert yfir titlana líkt og hún rjúfi þar á milli söguheims og raunheims á einhvern undarlegan ekki síður en skemmtilegan og athyglisverðan hátt. Sjá Moser, *Why This World*, 375. Einnig er vert að benda á áhugaverða greiningu Hélène Cixous á titlunum þrettán í *Reading with Clarice Lispector*, 145–148.

21 Jón Karl Helgason, *Sögusagnir*, 114.

22 Þroskasaga (þý. *Bildungsroman*) er skilgreind sem frásögn af þroskaferli einstaklingsins eða sögu-hetjunnar í frásögn sem teygir sig jafnan frá æsku til mótaðrar sjálfsmyndar, listamannsaga er afbrigði þroskasögu sem tekur sérstaklega mið af mótun listamanns, eða höfundar. Sjá nánar t.d. Moretti, *The Way of the World: The Bildungsroman in European Culture*. Einnig má finna þrýðilega skilgreiningu í *Hugtök og beiti í bókmenntafræði*, ritstj. Jakob Benediktsson.

á sviðið svo að segja fullmótaður. Í frásögninni felst umbreyting hans í *annan* um leið og hann skapar persónu sem er jafn lifandi og hann sjálfur. „Atburðarás þessarar sögu mun ljúka með umskiptum mínum í einhvern annan og að lokum verð ég að hlut“ (12).

Þessi frásögn er sköpun sem á sér stað í rauntíma; skáldskapur í hreinni líðandi sem ýmist virðist alfarið á valdi höfundarins, Rodrigos, og bundin vitundarstreymi hans eða brýst um innra með honum og verður hreinlega að fá útrás. Sköpunarverkið brennur raunar svo á honum að hann þarf stöku sinnum á málhvöld að halda, stundarkorni til að ná andanum. Stundum er eins og hann gangi hreinlega í gegnum hriðir, en við lestur þessarar sögu vakna einmitt gjarnan upp hugmyndir um sköpun í formi getnaðar, meðgöngu og fæðingar.

Ást við fyrstu sýn

Stund stjörnunnar sprettur af ást við fyrstu sýn. Ástin er drifkraftur sögunnar sem Rodrigo S.M. skrifar. Hann segist eitt sinn hafa séð stúlku tilsýndar og fundið sig knúinn til að skrifa hana, skapa hana og móta í frásögn. Höfundurinn er þungaður af veruleika stórborgarinnar sem blasir við en er þó handan einhverrar hulu; hann sér fátæktina, eymdina, glötunina í augum þeirra þúsunda stúlkna sem flykkjast til stórborgarinnar og veslast þar upp, umkomulausar og vanræktar. Hann skapar persónu sína úr svipmynd sem hreif hann eitt sinn á götunni. „Já, ég er ástfanginn af Macabéu, minni kæru Möcu, ástfanginn af ljótleika hennar og algeru nafnleysi, því hún tilheyrir engum. Ástfanginn af veikburða lungum hennar“ (59). Nafnleysi Macabéu skiptir sköpum; hún er líkt og bókin þögul ljósmynd, spurning. Um leið og veikburða lungu hennar fela í sér þögn vísar nafnleysið í auðan striga. Það er höfundar að gefa henni nafn, líkt og föður að gefa afkvæmi sínu nafn.²³ Nafnleysi Macabéu fær á sig aðra vídd þar sem faðir hennar og móðir hafa hreinlega horfið í algleymi, hún hefur gleymt nöfnum þeirra, þau eru atóm sem tilheyra forsögu forsögunnar.

23 Faðirinn er að sjálfsögðu ekki alráður í nafngiftinni, en í þessu tilviki er einkum átt við eftirnafnið, ættarnafnið, eða eins og tíðkast hér á landi, föðurnafnið. Mér kemur til hugar saga úr lífi bandaríska rithöfundarins Jack Kerouac sem kynntist dóttur sinni seint og um síðar og vildi ekki viðurkenna faðernið, en þó kom loks að því að hann sagði við hana, þegar hún ætlaði til Mexíkó að skrifa bók: Notaðu nafnið mitt. Þar með gekkst hann við henni, á einhvern undarlegan hátt, og skrifaði undir auðu síðuna.

Hún á sér í raun ósköp daufa sjálfsmynd, mjög takmarkaða sjálfsvitund:

„Hún hafði aldrei hugsað: „Ég er ég“. Mig grunar að hún hafi ekki trúað að hún hefði rétt til þess, hún var hending. Fóstur vafið í dagblað sem fleygt var í sorptunnuna. Eru þúsundir hennar líkar? Já, og einnig þær eru ekkert annað en hendingar“ (28). Orðið *hending*²⁴ vekur upp hugmyndir Heideggers um *Geworfenheit*: lesanda er kastað inn í (sögu)heiminn, hvort sem er í skáldskap eða veruleika. Í áhugaverðri grein sinni „„Hagið yður að hætti förumanna“ – um tvíhyggjuna í ferðabókum Thors Vilhjálmssonar“ heldur Guðmundur S. Brynjólfsson því fram að hugtak Heideggers sé upphaflega gnóstískt og vitnar í Hans Jonas: „Í skrifum gnóstíkera er þessi hugsun gegnumgangandi: lífinu hefur verið varpað inn í heiminn, ljósinu í myrkrið, sálinni í líkamann.“²⁵ Samkvæmt gnóstískri tvíhyggju er heimurinn illur staður sem okkur er fleygt inn í, líkami okkar efnisheimur í sjálfu sér sem sálinni er skotrað í. „Mennskan er barátta í óvinveittum heimi. Orðið – eða tungumálið, textinn í tilfelli rithöfundar – er baráttutækið sem maðurinn hefur og það vopn er honum lagt í hendur af guði.“²⁶

Hendingin nær sjálfsagt sömuleiðis yfir þá tilviljun og óreiðu sem líf mannsins er undirorpið, og í þeirri heimsmynd mætti jafnvel greina eins konar örlagahyggju sem felst í valdaleysi sjálfsverunnar gagnvart kaosinu. En höfundur er sá sem tekur sér penna í hönd og sleppur undan „hendingunni“, eða berst gegn heiminum, því það að skrifa er verknaður sem felur í sér nærri því guðlegt vald, vald yfir tungumálinu, sameindunum sem heimurinn sprettur af. „Það er þá sem ég kemst í snertingu við mín innri öfl, ég finn Drottin þinn í sjálfum mér“ (28), segir Rodrigo en viðurkennir síðan að hann viti ekki hvers vegna hann skrifi og honum líði stundum eins og hann

24 Á frummáli hljóða línurnar sem vitnað er í þannig: „Nunca pensara em “eu sou eu”. Acho que julgava não ter direito, ela era um acaso. Um feto jogado na lata de lixo embrulhado em um jornal. Há milhares como ela? Sim, e que são apenas um acaso.“ Í þýðingu hefur orðið *hending* orðið fyrir valinu hér fyrir orðið *acaso* í frumtexta og *fluke* í enskri þýðingu. Kannski hefði orðið *tilviljun* hentað betur, en *bending* rímaði hreinlega svo vel við að fleygja einhverju í sorptunnuna, og sömuleiðis að vera kastað inn í heiminn, sbr. umræðuna sem fylgir á eftir, að hjá því varð vart komist að halda í *bendinguna*.

25 Guðmundur S. Brynjólfsson, „„Hagið yður að hætti förumanna“ – um tvíhyggjuna í ferðabókum Thors Vilhjálmssonar“, 107.

26 Sama heimild, 107.

sé einhver annar, svo ókunnugur sjálfum sér að hann óttist að hitta sig fyrir.

Kannski er það eftir allt saman einhver ókunnug hönd sem heldur um pennann, eða eitthvert afl eða eind sem vinnur í gegnum höfundinn. Kannski er það eitthvað á borð við guð, söguhöfund eða jafnvel raunhöfund, og Rodrigo er því í þeim skilningi alls ekki undanþeginn hendingunni eða örlögunum, frásögninni, lífinu. „Staðreyndin er sú að ég hef örlög í höndum mér en finnst þó eins og ég sé ekki nógu voldugur til að skálda nokkuð upp með frjálsum hætti: ég fylgi hulinni, örlagaþrunginni línu [...] Ég skrifa vegna þess að ég hef ekkert annað að gera í heiminum: Ég var skilinn eftir og það er enginn staður fyrir mig í heimi manna“ (12).

Höfundurinn á í tilvistarkreppu, sinni eigin sjálfsmyndarkrísu sem fylgir sköpunarþörfinni og upphfest þegar hann lítur stúlkuna augum í fyrsta sinn. Fyrirmynd persónunnar sem hann skapar kemur af stað ferli sem setur í uppnám sýn hans á umheiminn og sjálfan sig. Sjálfsmynd hans er að segja má alfarið bundin við starf rithöfundarins – sem þó er kollvarpað á vissan hátt með ritun þessarar sögu og annarlegrar vitundar um að skáldskapurinn sé ekki alveg á hans valdi heldur tilheyri jafnvel „öðrum“ – og hið sama má að vissu leyti segja um Macabéu. Hún starfar sem vélritunarstúlka og það vegur þungt í hennar hugmynd um sjálfa sig: „Vegna þess hve vankunnandi hún var þurfti hún að vélrita hægt staf fyrir staf – það var frænka hennar sem kenndi henni á ritvél. Og stúlkan hafði af því sæmd: hún var loksins orðin vélritunarstúlka“ (7). Þannig speglar höfundurinn sjálfan sig í persónu sinni; hann skrifar að því er virðist á valdi einhvers annars, jafnvel eigin sköpunarverks, og lýsir verki sínu tíðum sem skrásetningu atburða og staðreynda, jafnvel þótt hann dragi aldrei dul á að um skáldskap sé að ræða.²⁷ Sem ritari skrifar Macabéa upp eftir yfirmanni sínum, þó að hún sé í raun ekki fullfær um það og skrifi rangt eftir „fagurri og ávalri rithönd síns ástkæra yfirmanns“ (7), annaðhvort vegna misskilnings, vanþekkingar eða vísvitandi.

27 Vélritunarstúlkan speglar einnig á áhugaverðan hátt hluta af *Eyðilandi* T.S. Eliots, eða frásögnina af Tiresiasi, sem Eliot lýsir sem öldungi „með uppbornuð konubróst,“ sem þjónar á vissan hátt sem sjáandi sem dæmdur er til að verða vitni að allskostar ástarlausum atlotum vélritunarstúlku og ungs manns sem „reynir að koma henni til“ og „hún hafnar því ekki, vill samt ekki neitt“, og „inn ryðst hann, rauður og þrúttinn, án fyrirvara“. Tiresias „sá þetta allt, vissi hvað gerast átti –/ og beið eftir gestinum sem vænta mátti“. Sjá T.S. Eliot, *Eyðilandið*, 20–23.

Þetta er einnig til marks um það hvernig Macabéu er neitað um aðgang að tungumálinu, en það birtist einnig í því hvernig höfundur hennar skiptir hér snögglega um stefnu, líkt og svo oft þegar frásögn hans um Macabéu virðist ætla á skrið, og beinir athyglinni aftur að sjálfum sér: „Fyrirgefðu mér en ég ætla að halda áfram að tala um mig sem er ókunnugur mér sjálfum, og um leið og ég skrifa kemur mér á óvart að ég eigi mér örlög“ (7).

Um leið og sögumaður speglar ímynd sína í sögupersónu sinni, mállausum líkama án sjálfsvitundar, beinist augnaráðið að spegilmynd þar sem höfundur, sögumaður, sögupersóna og lesandi renna saman. „Ég sé stúlkuna að norðaustan líta í spegil og – trommuþytur – í speglinum birtist mitt eigið þreytulega og órakada andlit. Svo hæglega má skipta okkur út“ (14). Lesanda er gefin sýn á söguheiminn og sögupersónurnar með augum þessa sögumanns, en hér rennur saman augnaráð allra þriggja (ef ekki fjögurra, að meðtalinni Lispector sjálfri) og það beinist að sjálfu sér og inn á við. Mikilvægt er að hafa í huga miðlun frásagnar hér í þessu atriði og þann kynjaleik sem liggur undir frásögninni: Macabéa horfir í spegil en þjónar í senn sem spegill, eða kannski er skuggsjá hæfilegra orð í þessu tilviki, fyrir bæði sögumann og lesanda. Auk þess þjónar hún sem spegill á samfélagið og tákn fyrir skáldskap í mímetískum skilningi.²⁸ Hér kann hugurinn jafnvel að hvarfla til Virginíu Woolf, en í *Sérberbergi* sínu segir hún: „Konur hafa í allar þessar aldir þjónað eins og speglar sem eru gæddir þeim töfrandi og unaðslegu eiginleikum að stækka mynd karlmansins um helming [...] Því að byrji hún að segja sannleikann skreppur karlmaðurinn í speglinum saman; lífshæfni hans minnkar.“²⁹ Í þessu ljósi má sjá sögumann *Stundar stjörnunnar* skapa þessa persónu sem hyldýpið sem hann horfir ofan í og varpar til baka ásýnd hans sjálfs, og áhugavert er að líta til þess hvernig sögumaðurinn, skapari Macabéu, lætur henni aldrei eftir að segja sannleikann. Macabéa er hrópandi þögn.

Í mjög áhugaverðri grein, „Lispector, the Time of the Veil“, tekst Cory Stockwell í viðum, táknrænum skilningi á við „blæjuna“ í skáldsögu Lispector. Ekki þó blæju í bókstaflegum skilningi heldur

28 Hér er vitaskuld vísað til hinnar hefðbundnu hugmyndar um skáldskap sem eftirlíkingar veruleikans, sem er þó ekki einhlít eftirlíking, heldur þjónar oft sem spegilmynd.

29 Woolf, *Sérberbergi*, 52–53.

eins konar hulu sem skilur á milli lesanda (og að einhverju leyti sögumanns) og persónu Macabéu. Hann segir markmið skáldsögunnar að komast að kjarna Macabéu, að nekt hennar, í skáldsögu sem virðist streitast á móti því: „Því skáldsagan virðist halda því fram, aftur og aftur, að beinn aðgangur að Macabéu sé ómögulegur; hún heldur staðfast fram eins konar ósýnileika, eða kannski raddleysi, sem hæfir Macabéu, jafnvel í sjálfri frásögninni sem gefur sig út fyrir að segja sögu hennar.“³⁰ Þessi ósýnileiki, þessi spegill, þessi þögla ljósmynd er forvitnileg og ákaflega áhrifarík í þeirri sviðsetningu kvenpersónunnar og margslungnum leik að sjónarhorni sem á sér stað í *Stund stjörnunnar*.

Sýningarsalur, svið og áhorf

En sýn veltur á sjónarhorni og sjónarhorn *Stundar stjörnunnar*, eða öllu heldur hinnar innri skáldsögu verksins, er um margt bundið hinu fallíska augnaráði sem kjarnast í því að karlar hafi ávallt „skilgreint konur með augnaráðinu og markað þeim stað með *glápi*. Þannig séu þær speglun af ímyndun þeirra, eftirlíkingar af konum í stað þess að vera þær sjálfar, líkamar án sjálfsvitundar. Með augnaráðinu leggja karlarnir þær undir sig og gera að kynferðislegum viðföngum“.³¹ Samkvæmt Helgu Kress má líta á sviðsetningu kvenna á sjálfum sér sem viðbragð við glápinu og þá sérstaklega vegna þess að það útilokar þær frá tungumálinu. „Vegna þess að þær hafa hvorki aðgang að því, eru með í því né á þær hlustað verða þær að sýna sig.“³² Þrátt fyrir að eiga sér þann draum að verða að skínandi stjörnu, sýnir Macabéa sig raunar ekki heldur er hún fremur sýnd og sett á svið. Hér er við hæfi að leggja áherslu á upphaf sköpunar, eða þá „ást“ við fyrstu sýn sem fjallað hefur verið um, en sú „sem birtist sem aðalsöguhetjan er kona sem er svo smá, svo vesæl, svo mjó að hún kæmi ekki að nokkru einasta gagni ef hana hefði ekki borið fyrir augu höfundar *Stundar stjörnunnar*“, segir Hélène Cixous en bætir síðan við að það sé rangt þar sem hún varð ekki undirlögð. „Kannski var það hún sem fann upp á höfundinum.“³³

30 Stockwell, „Lispector, the Time of the Veil“, 247–248.

31 Helga Kress, „Dæmd til að hrekjast“, 71.

32 Sama heimild, 71.

33 Cixous, 145.

Snemma í frásögninni er líkt og hún sé borin á borð tiltekinna herra-manna, sögumaður ávarpar þar söguþega og setur þá um leið í sviðsljósið ásamt sköpunarverki sínu. Hann spyr fyrir hönd söguþegans hvernig standi á því að hann viti allt það sem verða vill í sögunni, þar sem hann hefur ekki upplifað það sjálfur, og ber fyrir sig lífsreynslu og samkennd. „Ég veit líka ýmislegt því ég er lifandi. Allir sem lifa vita, meira að segja þótt þeir viti ekki að þeir viti. Svo að þið herra-menn vitið meira en þið haldið og látið bara eins og þið vitið ekki neitt“ (4). Með öðrum orðum er konan, og frásögnin, lögð fyrir eins konar dómnefnd sem samanstendur eingöngu af *herra-mönnum*, sem markar henni stað og skilgreinir – ímynd sem er óþægilega kunnugleg úr sögu okkar sem og samtíma – og lesanda er um stund skipað á sama bekk.

Kannski er sá bekkur jafnvel í bíósal, því myrka rými sem ein-kennist alfarið af áhorfi, en kvikmyndin gegnir stóru hlutverki í frásögn Lspector, ekki síst til þess að miðla augnaráðinu, sjónrænni sköpun, áhorfi og lestri. Í formála sem eignaður er raunhöfundinum³⁴ segir til að mynda að þessi saga sé í *Technicolor* – vel þekktri tækni við framleiðslu kvikmynda í lit. Þannig er skáldsagan tengd beint við framleiðslu kvikmynda í lit. Þannig er skáldsagan tengd beint við framleiðslu kvikmynda, en þau tengsl koma einnig fram í afar sjónrænni framsetningu sem einkennist ekki aðeins af augnaráði, heldur ber keim af kvikmyndatöku, klippingu og leggur sérstaka áherslu á sýn og áhorf – á *glápið*. Stundum er sem sögumaður og lesandi sitji hlið við hlið í bíósal og fylgist með grunlausri sögupersónunni á tjaldinu.

Macabéa sjálf hefur unun af kvikmyndum og þá helst söngleikj-

34 Svo það fari ekki á milli mála setur Clarice Lspector nafn sitt í sviga fyrir aftan formálann og tekur fram að það sé „í raun og veru“ hún sem er höfundur bókarinnar. Það er reyndar ekki í eina skiptið sem nafni Clarice Lspector bregður fyrir í hjátextum, en undirskrift hennar rennur í gegnum „undirtitlana“, sjá nmgr. 20.

35 Þess má til gamans geta að *Stund stjórnunar* hefur verið aðlöguð að hvíta tjaldinu í samnefndri kvikmynd í leikstjórn Suzana Amaral, en þar er frásögnin af Macabéu sjálfri í forgrunni og ytri sagan af skapara hennar og sköpunarferlinu sett til hliðar. Kvikmyndagagnrýnandinn Pauline Kael fjallaði um kvikmyndina og virðist sjálf ekki meðvitað um þátt Rodrigos S.M. í bókinni sem myndin byggir á, í það minnsta minnst hún ekki á hann. En það er áhugavert hvernig Kael dregur fram samruna leikstjóra og sögupersónu: „Og að einhverju leyti vinnur Amaral innan úr húð viðfangs síns. Sagan tengist í margvíslegum þráðum lífi konu sem langaði í æsku að verða kvikmyndastjarna og hefur, eftir að hafa alið nýu börn og skilið við eiginmann sinn til tuttugu ára, orðið að stjörnu í heimi kvikmynda [...]“ Í þessu fangar Kael (hvort sem það er meðvitað eða ómeðvitað) samband höfundar og sköpunarverks, sem liggur til grundvallar skáldsögu Lspector, og horfir um leið í gegnum innri höfund sögunnar og til raunhöfundarinnar, Clarice Lspector. Sjá Pauline Kael, *Hooked*, 270.

um og hrollvekjum, kvikmyndagreinum þar sem konan er gjarnan viðfang kynferðislegrar löngunar eða dauðaprár – eða hvort tveggja í senn, að minnsta kosti í þeirri síðarnefndu – sem vekur óhjákvæmlega spurningar um masókisma og sadomasókisma.³⁶ Þar að auki elur Macabéa með sér þrá um að verða kvikmyndastjarna – sem sýnir fram á vilja kvenpersónu karlkynshöfundar til sviðsetningar, hlutgervingar og jafnvel dauða. „Hið ráðandi karllega augnaráð varpar órum sínum á ímynd konunnar sem mótuð hefur verið eftir því. Hefðinni samkvæmt er konan sýningargripur, á hana er horft á sama tíma og hún er til sýnis.“³⁷ En konan stendur einnig sem „táknmynd „annars“ gagnvart sjálfri karlsins“ og er „bundin á klafa táknlega kerfisins þar sem karlinn getur, í krafti tungumálalegs valds, varpað hugarórum sínum og þráhyggjum á þögla ímynd konunnar sem enn er undirselð merkingu sem hún á sjálf engan þátt í að skapa“.³⁸ Eins og áður segir, þá lýsir sögumaður yfir ást sinni, sköpunarverkið kviknaði af ást við fyrstu sýn, en næfurþunn lína er á milli ástar og eyðileggingar í *Stund stjörnunnar* sem og í *Tímaþjófnum* eftir Steinunni Sigurðardóttur. Þau mörk eru meðal annars til umræðu í greininni „Á frátekna staðnum fyrir mig“ þar sem Alda Björk Valdimarsdóttir greinir *Tímaþjófinn* í ljósi sálgreiningar, og samkvæmt henni mætti tala um ödipíska þrá sem söguhetjan yfirfærir á ástmann sinn. „Hún er dæmd til þess að deyja en lætur sig dreyma um hið ómögulega, að setta lífið og dauðann, verða lifandi í dauðanum, eignast það sem hún girnist í dauðanum [...] Það gerir hún með hinni eilífu sameiningu dauðans og elskhugans.“³⁹ Í *Stund stjörnunnar* er Macabéa frá upphafi dæmd til að deyja en höfundur hennar lætur sig dreyma um að bjarga henni

36 Árið 1991 birti Linda Williams afar áhugaverða grein um klámmyndir í sambengi við hrollvekjur og „vasaklútamyndir“ sem varpar sérstaklega ljósi á framsetningu, birtingarmyndir og virkni kvenlíkamans, sem og líkamlegar og tilfinningalegar viðtökur áhorfandans, og birtist íslensk þýðing Guðrúnar Elsu Bragadóttur á þessari grein í *Ritinu* árið 2016. Sjá Linda Williams, „Líkamur kvikmyndanna, kyn, grein og ofgnótt“. Einnig er vert að benda á ákveðna vísun til þessara afbrigða lostans í einkennisstöfum sögumanns, Rodrigo S.M. – sem og jafnvel til höfundar hinnar alræmdu níttjándu aldar skáldsögu *Venus í þelsi*, sem sé Leopold von *Sacher-Masoch*. Marta Peixoto dregur þessa sadomasókísku skírskotun einnig stuttlega fram: „[...] (að gefnu þessu sambengi grimmdar er efritt að leiða ekki hugann að sadomasókismanum sem þessir einkennisstafir tákna stundum)“. Sjá Peixoto, 91.

37 Mulvey, „Sjónræn nautn og frásagnarkvikmyndin“, 334.

38 Sama heimild, 331.

39 Alda Björk Valdimarsdóttir, „Á frátekna staðnum fyrir mig. Ást og dauði í *Tímaþjófnum* í ljósi sálgreiningar“, 155.

og reynir jafnframt að sannfæra lesandann um það. Því að saman við drauminn um ástina og hamingjurík endalok tvinnast þráin um að „verða lifandi í dauðanum“ og eignast það sem *hann* girnist í dauðanum. Ekki sínum eigin dauða, heldur dauða sögupersónunnar sem hann elskar svo mjög.

Rodrigo virðist ekkert ráða við persónu sína, enda þótt hún sé auðsveip og undirgefin, líkt og leir í höndum hans. Sköpunarferli *Stundar stjörnumnar* kviknar af ást við fyrstu sýn og sýnir hugarástand karlkyns skapara sem er gagntekinn af sköpunarverki sínu – sem hefur ekki minnsta áhuga á honum, sem veit raunar ekki einu sinni af honum. Ást höfundarins er margvísleg. Greina má föðurlega ást, guðlega ást skaparans, brúðumeistarans og elskhugans, en þegar allt kemur til alls er hún óendurgoldin. Hún veit ekki af honum. „Ég verð að segja að stúlkan veit ekki af mér, ef hún vissi af mér þá hefði hún eitthvað að ákalla og það fæli í sér bjargræði. En ég er mjög meðvitaður um hana: í gegnum þessa ungu manneskju hrópa ég hrylling lífsins. Lífsins sem ég elska svo mjög“ (25). Höfundur Macabéu orðar hér hugmynd um sjálfan sig sem skapara og guð sem fylgist með Macabéu, óséður en þó yfir og allt um kring.⁴⁰ Í lýsingunni má einnig greina öllu skuggalegri mynd sem minnir jafnvel á gluggagægi eða eltihrelli, en í þessu einhliða ástarsambandi höfundar og persónu má greina góðvild, meðaumkun og samúð, sem og kvalalosta. Höfundur Macabéu segist vilja henni allt hið besta, hann kennir í brjósti um hana, hann elskar hana sem faðir og elskhugi í senn, en ákveðin togstreita felst í því að hann vill sömuleiðis sjá hana veslast upp, þjást og kveljast.

Macabéa er á vissan hátt aukapersóna í eigin lífi, leiksoppur ytri aflla, valdalaus með öllu og upp á náð og miskunn annarra komin,

40 Fleiri fræðimenn hafa túlkað þessa æðri stöðu sögumannsins í verki Rodrigues gagnvart sköpunarverki sínu, Macabéu, á forsendum samfélagsádeilu eða spegils sem varpar ljósi á, ögrar og rífur niður viðteknan hugmyndir um valdajafnvægi kynjanna, eða þannig að sögumaður sé tákmynd karlveldisins og Macabéa sé ekki aðeins tákmynd konunnar heldur hinna undirokuðu í heild sinni, bæði hvað varðar kyn, stöðu og stétt. En einnig í samhengi frásagnarfræði og bókmenntahefðarinnar. Til sumra slíkra greina er vísað í þessari grein, en hér skal viðurkenna ákveðnar hömlur sem stafa af vanþekkingu á tungumáli því sem mikill meirihluti fræðiskrifa um Clarice Lispector er skrifaður á, eða portúgölsku. Sjá t.d. Cynthia A. Sloan, „The Social and Textual Implications of the Creation of a Male Narrating Subject in Clarice Lispector’s „A hora da estrela““; Cinthya Torres, „On Poverty and the Representation of the Other in „The Hour of the Star“ by Clarice Lispector“; Maria José Somerlate Barbosa, „„A hora da estrela“ and „Um sopra de vida“: Parodies of Narrative Power“, og Marta Peixoto, *Passionate Fictions. Gender, Narrative, and Violence in Clarice Lispector*.

sér í lagi skapara síns: „Tilvist hennar er rýr. Já. En af hverju ætti ég að vera með samviskubit? Og reyna að losa mig við þá byrði að hafa í reynd ekkert gert til að hjálpa stúlkunni?“ (15). En hvað með lesandann? Gerir hann nokkuð til að hjálpa stúlkunni? Hann getur það varla en textinn knýr hann samt sem áður til að velta því fyrir sér, bregður spegli fyrir hann og spyr hann áleitinnar spurningar um hans eigin þátt í sköpun þessa verks, þessarar persónu, þessa (sögu)heims. Marta Peixoto veltir þessu fyrir sér í riti sínu *Passionate Fictions. Gender, Narrative, and Violence in Clarice Lispector* (1994): „Að lesa fórnarlambið, eins og að skrifa fórnarlambið, felur í sér táknræna þátttöku í áþjám lífs hennar. Sú þátttaka er tvöfalt óþægileg, tvöfalt tortryggileg, í hlutverkinu sem textinn ætlar lesandanum: samkennd sígur í þjáningu og aftenging í beitingu illvilja valds.“⁴¹

Lesandinn er ekki alltaf saklaus vegfarandi, sjónarvottur. Hann á virkan þátt í merkingarsköpun textans og í því ljósi skapar hann persónu Macabéu með Rodrigo S.M., og sjálfan sig líka, í samvinnu og samlífi við skáldverkið sjálft. En í tilfalli *Stundar stjörnunnar* er jafnvel um enn flóknara ferli að ræða þar sem gera má ráð fyrir tvöföldum innbyggðum lesanda, og tala má um „innra“ samband *söguþega* og Rodrigos og „ytra“ samband *lesanda* og söguhöfundar. Formgerð frásagnarinnar er slík að hinn eiginlegi lesandi verksins tvístrast á vissan hátt og þarf jafnvel að leika tveimur skjöldum. Annars vegar er það söguþegi skáldsögunnar innan skáldsögunnar, og hins vegar er það innbyggði lesandinn sem söguhöfundur ögrar og hvetur til mjög gagnrýnnar afstöðu. Þetta er afar margbrotið ferli og veltur vitaskuld á þeirri stöðu sem lesandi tekur sér þegar honum er kastað inn í söguheiminn:

„Gefum okkur (þrátt fyrir allt) að þegar skáldverk er lesið af nautn eigi sér stað einskonar ástarævintýri. Það sem gerist í ástarævintýri er að maður tekur ýmiskonar áhættu og maður veit ekki betur en maður skapi *sérheim* með Öðrum.“⁴² Þegar við stígum inn í skáldsögu þá göngum við inn í ákveðið samband, lesandinn lofar sjálfum sér í verkið, stendur með því í blíðu og stríðu þar til yfir lýkur. „Maður byrjar að hrærast í einhverju fersku elementu sem virðist bjóða uppá ótal möguleika. Og maður er alls ekki eins fastheldinn á sjálfsmynd

41 Peixoto, 97.

42 Ástráður Eysteinnsson, „Hefur maður ást á skáldskap?“, 455.

sína og ætla mætti. Þetta er vöfundarhús þrúinnar.⁴³ Höfundurinn Rodrigo S.M. gengur inn í sjálfsmíðað vöfundarhús og tekur hinn tvöfalda innbyggða lesanda verksins með sér, og þannig verður til skringilegur ástarþríhyrningur, í senn skapandi og eyðileggjandi, sem grefur undan sjálfsmynd hans og knýr hann til að sjá heiminn öðrum augum. „Stundum fær lesandi ást á persónu í skáldverki og skilur ekki hvernig hann eigi að komast af án hennar. Aðrir telja sig nátengda vissum höfundum og upplifa sambandið við þá sem tveggja tal,“ segir Ástráður Eysteinnsson, en hæglega mætti skipta þarna út lesanda fyrir höfund, hvort sem það er innbyggður höfundur, sögu- maður eða jafnvel raunhöfundur, og kannski sérstaklega í *Stund stjörnunnar* þar sem Rodrigo er höfundur og persóna í verkinu og á sér raunar ekki stað án persónu sinnar, því um leið og hann skapar hana skapar hann sjálfan sig og að vissu leyti lesandann, sem lendir „í sérstökum tengslum, einskönar samlífi, symbíósu“ við þetta verk og við vitum „ekki betur en verkið hreinlega yrki okkur, vinni og virki í okkur einhverja skynjun eða tilfinningu sem annars hefði kannski alltaf legið í doða.“⁴⁴ Hér er gott að líta til þess að Líspector leyfir engum í þessu sambandi neina þægindastöðu, eins og Marta Peixoto bendir á og hún lýsir aðilum sem *dramatis personae*, líkt og við værum öll persónur og leikendur í harmleik sem við lesum og skrifum í senn, sem þátttakendur og viðtakendur, gerendur og þolendur.⁴⁵

Samkvæmt Ástráði mætti líta á lestur sem samband, í allra besta falli langt og farsælt ástarsamband, en jafnframt listgrein í sjálfu sér, rétt eins og listina að elska. Hann nefnir sérstaklega, í sambandi við það sem hann kallar erótískt bókmenntalíf, ástríðufullan lestur sem „er þá ekki fágúð og mannbætandi reynsla í þeim skilningi að maður líkt og leggi verkið inn á sinn húaníska reikning og sé víðsýnni og skilningsríkari fyrir vikið. Lestur er fremur, rétt eins og hvert annað skapandi viðvik, í senn ögrandi og tættandi, hann opnar bæði og einangrar.“⁴⁶

43 Sama heimild, 455.

44 Sama heimild, 454.

45 Peixoto, 97.

46 Sama heimild, 455.

Spákona, Marilyn Monroe og Stund stjörnnunnar

Því á dauðastund verður manneskjan að skínandi kvikmyndastjörnu, það er dýrðarstund hvers og eins og hún kemur þegar þú heyrir hvínandi veinin líkt og kórsöng (20).

Sagan nær hámarki þegar Macabéa heimsækir spákonu sem segir henni sína eigin fjölskrúðugu ævisögu áður en hún sest yfir spil stúlkunnar. Sögumaður heldur áfram að skjóta sér inn á milli, en hér er líkt og völd hans yfir sköpunarverki sínu dvíni lítið eitt þegar spákonan er komin inn í myndina, nærri því eins og annar sögumaður í lífi Macabéu. En spáum í spilin: „Macabéa skipti stokknum með skjálfandi hendi: í fyrsta sinn á ævinni myndi hún eiga sér örlög. Madame Carlota (sprenging) var hápunktur í lífi hennar. Hér streymdi líf hennar allt í hringiðu og sogaðist inn í þessa stórkostlegu dömu sem glitrandi vangaliturinn léði slétta plastáferð“ (66).

Loksins átti Macabéa að eiga sér eitthvað annað en þá rýru tilvist sem skapari hennar bjó henni, nú voru örlög í spilunum, jafnvel merking í stað tilgangsleysis. En hún var þó nokkuð sáttt við lífið, enda hafði hún ósköp lítið velt því fyrir sér. Eins og skapari hennar orðar það: „Stúlkan vissi ekki að hún væri það sem hún var, rétt eins og hundur veit ekki að hann er hundur. Svo hún var ekki óhamingjusöm. Það eina sem hana langaði var að lifa“ (19). Það er ekki fyrir en einhver annar færir það í orð sem hulunni er svipt af lífi hennar: „Macabéa fölnaði: aldrei hafði henni komið til hugar að líf hennar væri svo slæmt“ (66).

En stuttu áður en spákonan varpar ljósi á líf stúlkunnar spyr hún hvort hún geti talað tæpitungulaust, hvort stúlkan sé hrædd við orð. Macabéa játar því og þar er enn hamrað á valdi tungumálsins yfir veruleikanum. „Maca, hins vegar, sagði aldrei setningar, fyrst og fremst vegna þess að hún var ekki ýkja málgefin persóna. Og svo vill til að hún hafði enga meðvitund um sjálfa sig og kvartaði alls ekki, hún hélt meira að segja að hún væri hamingjusöm“ (60). Enn og aftur er ljósi varpað á efniviðinn og enn fremur á hendur og hug þeirra sem færa heiminn í orð, á vald orðanna og þeirra sem taka þau sér til brúks. En um leið eru einnig dregin fram mjög sterk tengsl á milli tungumáls, sjónar og sköpunar í þessu verki sem grundvallast á því hvernig skaparinn sér heiminn og endurskapar hann og hvernig

sköpunarverkið veitir eða speglar ákveðna sýn á skapara sinn.

„Maddaman hittu naglann rակleitt á höfuðið þegar kom að fortíð Macabéu, hún vissi meira að segja að hún hefði aldrei þekkt föður sinn og móður og verið alin upp af ættingja sem var eins og vonda stjúpmodir. Macabéa var furðulostin yfir þessari opinberun: hingað til hafði hún trúað því að frænka hennar hefði veitt henni tilsögn í því augnamiði einu að gera hana að góðri stúlku“ (67). Maddaman dregur ekkert undan en eðli *málsins* samkvæmt hlýtur lesandi að draga í efa allt sem hún segir, jafnvel þótt Macabéa sjálf gleypi við því öllu. Ekki síst vegna þess að „list“ spákonunnar er gjarnan tekið með fyrirvara, en einnig vekur hin spegilsléttu plastáferð óhjákvæmilega hugmyndir um að hún sé fölsk. Macabéa er eftir allt saman mállaus og undirorpin valdi þeirra sem málið hafa. Og þegar spákonan hefur á vissan hátt endurskrifað upplifun Macabéu af eigin lífi, þá ljær hún henni öllu glæstari framtíð:

[...] líf þitt á eftir að umturnast! Og það sem meira er: það mun snarþvástast um leið og þú stígrar út úr þessu húsi! Þér á eftir að líða allt öðruvísi. Þú mátt vita það, litla blómið mitt, að meira að segja kærastinn þinn mun koma aftur og biðja þig að giftast sér, hann sér eftir öllu saman! Og yfirmaðurinn mun láta þig vita að hann hefur hugsað málið og ætlar ekki að reka þig! [...]

Og meira til! Þú átt eftir að eignast heilmikla peninga sem þér verða færðir að nóttu til af útlenskum manni. Þekkirðu einhvern útlending? (67)

Spákonan sparaði ekki fögru fyrirheitin, slíka spá yrðu flestallir fegnir að fá en um leið yrðu þeir fremur reiðir ef kærastinn léti síðan ekki sjá sig, enga atvinnu væri að fá og engir útlendingar færðu þeim pening að nóttu til. En spákonan sver að þetta sjái hún, hún myndi ekki ljúga að henni og til marks um það hafi hún spáð stúlkunni á undan snörpum dauðdaga. En vissulega hljómar þetta of gott til að vera satt.

Þannig að völván var annaðhvort svona ægilega glámskyggn eða þá að hún hefur logið að Macabéu. Svo virðist sem greina megi í senn togstreitu og tengsl á milli spákonunnar og söguhöfundarinnar. Spákonan verður óvænt valdamikill aðili innan frásagnarinnar og þjónar sem *miðill* aristótelískra kennsla og hvarfa í skilningi klass-

ískrar frásagnarfræði, og eins og áður segir þá virðist sem hún dragi til sín völd Rodrigos S.M. yfir frásögninni – jafnvel þótt hún sé persóna í verki hans. Spádómurinn felur jafnframt í sér meðvitund um að ófyrirsjáanleiki spámennskunnar felist í því að skapa persónu í skáldsögu – maður veit ekki hvað af henni verður í sköpunarferlinu, eða í huga lesandans. Slík sköpunarverk öðlast þó visst frelsi – sem fylgir ákveðin áhætta. Hvorki sögumaður né spákonan virðast hafa fullt vald yfir því frelsi sem persónan Macabéa býr yfir – það er gjöf söguhöfundarins. Og Lispector, raunhöfundurinn, er líklega mjög meðvitað um að hún hefur ekki heldur fullt taumhald á þeim söguhöfundi sem hún skapar með verki sínu. Alltént opnar spákonan Macabéu sýn á eigið líf, gefur henni framtíð og endurskrifar sögu hennar. Kannski er það eingöngu til að hún geti selt henni eitthvað, kannski svo að Macabéa gangi glöð um dauðans dyr. En er spákonan kannski annars konar miðill hér og miðlar einfaldlega vilja skaparans? Kannski er það Rodrigo hér rétt í blálokin sem ljáir henni sýn, drauma, von, framtíð ... og sviptir hana svo lífi. Það væri annaðhvort grimmilegt, kvalalosti sem skaparinn deilir þá með lesandanum, eða þá lygi sprottin af ást og meðaumkun. Kannski er það raunhöfundurinn, sú sem felur sig á bak við sögumanninn, eins og Pontiero segir.⁴⁷ Kannski er það einvörðungu til að ljá lífi Macabéu meiri merkingu í dauðanum, enn meiri áhrif í frásögninni, djúpstæðari harm.

Macabéa var svolítið ringluð og vissi ekki hvort hún færi yfir götuna því lífi hennar hafði þegar verið breytt. Og breytt með orðum – við höfum vitað frá tímum Móses að orðið er guðdómlegt. Meira að segja með því að fara yfir götuna var hún orðin önnur manneskja. Þunguð af framtíð. Hún fann innra með sér von jafn ofsafengna og þá verstu örvæntingu sem hún hafði fundið fyrir. Ef hún var ekki lengur hún sjálf þá væri sá missir í raun og veru ávinningur. Rétt eins og maður getur verið dæmdur til dauða, þá hafði spákonan dæmt henni líf. (70)

Það skiptir auðvitað ekki máli hvort spádómurinn sé fögur lygi, svik og prettir, eða síðasta svipuhöggið. Hann er sannleikur fyrir Macabéu, og í þessum kaldhæðnu örlögum kórónast harmleikur

47 Pontiero, 15.

hennar svo fullkomlega og kemur jafnvel aftan að lesandanum sem hrifist hefur með. Hann veit frá upphafi að harmleiknum getur ekki lokið nema á einn veg. Marta Peixoto bendir á að í verkum Lispector krefjist frásögnin fórnarlamb, rétt eins og fórnarlambið krefst frásagnar.⁴⁸ Hér má hafa í huga tilurð sögupersónunnar Macabéu, stúlku sem Rodrigo S.M. sér úti á götu, stúlku með brostin augu, stúlku sem krefst þess af honum að skrifa sig. Höfundur Macabéu fer ekkert í felur með það. Hann er í sömu sporum og lesandinn. Báðir þykjast þeir eða ímynda sér í það minnsta að þeir ætli að gera allt hvað þeir geta til að afstýra óumflýjanlegum dauðdaga Macabéu, en báðir þrá þeir einnig að sjá hann verða að veruleika. Þessi þrá getur orðið lostafengin og dauðinn orðið að kynferðislegri útrás. En skömmu fyrir (spá)dóm Macabéu segir höfundur hennar:

Ég hugsa um sköp Macabéu, mállaus en svo óvænt þakin þykkum og ríkulegum svörtum hárum – sköp hennar voru eini áþreifanlegi votturinn um að hún væri á lífi.

Hún bað ekki um neitt en sköp hennar gerðu sínar kröfur, líkt og sólblóm sem fæðist í gróf. (61)

Macabéa er hrein mey, bæði höfundur hennar og kærasti taka það sérstaklega fram og er það nokkuð veigamikið stef í frásögninni. Hér hugsar höfundurinn beinlínis um sköp sköpunarverksins, sem eru, öfugt við höfuð hennar, þakin ríkulegum hárum, og færir þau fyrir augu lesandans. Kynfæri hennar eru „mállaus“, rétt eins og hún sjálf, og það kynferðislega málleysi skírskotar jafnframt til kynbundins valds yfir tungumálinu. Rodrigo hefur þegar látið í ljós að persóna hans sé hrein mey og sköp hennar séu enn fremur ófær um að skapa líf; „eggjastokkar Macabéu voru skrælnaðir sem soðinn sveppur“ (50). En þrátt fyrir „málleysið“ krefjast sköp Macabéu einhvers sem hún kann ekki skil á né getur fært í orð. Eini votturinn um að hún sé í raun og veru á lífi birtist í dráttum skapara hennar sem líkamleg löngun, kynhvöt, náttúrulegur frumkraftur sem Rodrigo dregur fram sem frjósemistákn innan dauðatákns. Ást, kynhvöt og losti

48 Peixoto, 82.

renna saman við dauðaprá, í raun bæði hjá skaparanum og sköpunarverkinu: „Ætti ég að segja að hún var vitlaus í hermenn? Jæja, hún var það allavega. Í hvert sinn sem hún kom auga á einn slíkan þá velti hún fyrir sér, þannig að ánægjan hríslaðist um hana: mun hann drepa mig?“ (27). Þetta birtist einnig í áður nefndri ást Macabéu á hrollvekjum og söngleikjum, en henni „líkaði sérstaklega vel þegar konur voru hengdar eða skotnar í hjartað“ (49). Hér er gott að hafa í huga hversu hæglega má skipta sögumanninum út fyrir sögupersónu, skapara fyrir sköpunarverk, eins og hann sjálfur minnst á. Það er hann sjálfur sem ruglar þessum hvötum saman innra með henni, hann deilir þeim mögulega með henni og lesandanum líka. Skapar hann ekki þessa sögupersónu sem er jafn lifandi og hann sjálfur, líkt og guð almáttugur skapaði manneskjuna í eigin mynd?

Meyjarhaftið fær á sig aðra og aukna merkingu í þessu samhengi sem ákveðinn fjötur (alltént gegnum augnaráð sögumanns) þar sem Macabéa er hrein mey og enn fremur ófær um að skapa líf, sköp hennar eru hljóð líkt og sólblóm sem fæðist í gróf. Hér bráðna saman kynlíf og dauði, sköpun og endalok eru felld í eina mynd sem geymir dauðadóm persónunnar. Dauða sem ber að nærri því um leið og hún stígur út frá skapanorninni sem hefur gefið henni þrá, von og líf.

Dauðapráin birtist einnig í eina drauminum sem Macabéu sjálfri tekst að færa í orð: „– Veistu hvað mig langar mest af öllu í heiminum? Að vera kvikmyndastjarna. Ég fer bara í bíó á útborgunardegi. Ég vil heldur fara í lítil kvikmyndahús, það er ódýrara. Ég elska kvikmyndastjörnur. Vissir þú að Marylin var alveg bleik?“ (45).⁴⁹ Í draumi Macabéu um að verða kvikmyndastjarna má á vissan hátt greina kjarna dauðaprárinnar. En Marilyn Monroe er hálfgerður holdgervingur hins fallíska augnaráðs, sviðsetningar og sköpunar konunnar, eftirmynd og fyrirmynd í senn. Hún er eitt þekktasta kyntákn kvikmyndasögunnar og ein allra skærasta stjarnan, ekki

49 Það er forvitnilegt að Lispector, eða kannski er það Rodrigo, skuli stafsetja nafn Marilyn Monroe sem Marylin og draga þannig fram Maríunafnið – hina heilögu jómfúru og móður. Enn forvitnilegra er að fyrir þýðandi verksins á ensku, Giovanni Pontiero, virðist hafa túlkað það sem innsláttarvillu, alltént leiðréttir hann nafn leikkonunnar, meðan Benjamin Moser, sem fylgir frumtextanum enn nánar eftir, kys að halda „rangri“ stafsetningu. Auðvitað hlýtur maður að velta fyrir sér hvaða skilning skuli leggja í þessa stafsetningu, hvort þetta sé í raun villa sem sloppið hafi hjá prófarkalestri eða viljaverk. En viljaverk hvers? Er þetta til marks um framburð Macabéu eða hennar eigin tilhneingingu til rangrar stafsetningar í starfi sínu sem ritari? En hún skrifar þó ekki verkið. Er það þá til marks um að Rodrigo sé mögulega jafn(ó)vígur á lyklaborðið og persóna sín?

eingöngu sem ímynd kvenlegrar fegurðar og leikkona, heldur var hún líka þekkt fyrir ótímabæran dauðdaga sinn, 37 ára að aldri. Einnig missti Marilyn fóstur og reyndist því á vissan hátt, líkt og Macabéa, ófær um að skapa líf. Draumur Macabéu um að verða kvikmynda-stjarna, að líkjast Marilyn Monroe, snýst ekki um frægð og frama, fegurð og glæsileika. Það er draumurinn um að deyja sem rennur saman við kynhvötina. Þetta birtist á magnaðan hátt þegar hún bregður sér á klósettið í vinnunni og setur á sig skærrauðan varalit til að ná þokkafullum áhrifum leikkonunnar: „Þegar hún var búin stóð hún og horfði í spegilinn á veruna sem horfði furðulostin á móti. Því í stað varalitar leit út fyrir að þykkt blóð hefði frussast af vörum hennar eftir kjaftshögg sem mölvaði tennur og sprengdi hold“ (53).

Dauði Macabéu hvín og veinar, kórsöngur hljómar, þegar hún stígur út á götuna fyrir utan hús spákonunnar, og „feiknarlegur sem flutningaskip keyrði Benzinn á hana (70)“. Hún er ekki sorgmædd, hún hefur nægan tíma til að átta sig á því hversu fínn bíll keyrir á hana. Að því leytinu hafði spákonan á vissan hátt rétt fyrir sér. Það var að rætast úr þessu. „Dagurinn í dag, hugsaði hún, dagurinn í dag er fyrsti dagur lífs míns: Ég fæddist“ (71). Á vissan hátt springur hún út, sólblómið sem fæddist í gróf lýkst upp í dauða sínum. Þetta er hennar stjórnustund. Hún verður sýnileg þar sem hún hniprar hún sig saman líkt og í fósturstillingu á götunni. „Og síðan – þar sem hún lá – sveif á hana makalaus og vot hamingja“ og „það var eitthvað svo nautnalegt við það hvernig hún hnipraði sig saman. Eða er það vegna þess að for-dauði líkist ofsalegum unaðskippum“ (74).

Er Rodrigo kannski bak við stýrið á þessum risavaxna Mercedes Benz? Er hann útlendingurinn sem spákonan spáði fyrir um að Macabéa yrði samstundis ástfanginn af? Eða er það lesandinn? Í því ljósi verður áreksturinn að ofsakenndum ástaratlotum höfundar og persónu, sem lýkur í senn með fullnægingu, fæðingu og dauða. Skapari Macabéu nýtur hér ásta með sköpunarverki sínu og drepur það um leið, áður en hann sjálfur „laumast út um bakdyrnar“.⁵⁰ Orðalagið gæti hæglega átt við um morðingja jafnt sem ástmann,

50 Hér er vísað til síðasta undirtíls skáldsögunnar (ef undirtítil skyldi kalla fremur en t.d. *blíðar-títil*, *bjátítil* eða *aukatítil*) sem hljómar á frummálinu, með hástöfum, þannig: SAÍDA DISCRETA PELA PORTA DOS FUNDOS og í enskri þýðingu Benjamins Moser: DISCREET EXIT THROUGH THE BACK DOOR.

höfundur Macabéu er hvorttveggja og hann hefur lokið sér af – og lætur sig hverfa, þó ekki orðalaust heldur með einkar jákvæðri kveðju:

Og nú – nú get ég ekkert gert nema kveikt mér í sígarettu og farið heim.

Guð, skyndilega man ég að við deyjum. En – en ég líka?!

Ekki gleyma því að nú er jarðarberjatíð.

Já.⁵¹ (77)

51 Það er ekki um að villast – hér lýkur skáldsögunni einmitt á sama orði og hún hefst, á orðinu sem sköpun alheimsins veltur á í upphafi. Það er varla hægt að líta framhjá textatengslunum við *Ulysses* eftir James Joyce, en þeirri skáldsögu lýkur einnig á þessu orði, því eina sem nauðsynlegt er að ein sameind tjái annari. Sjá James Joyce, *Ulysses*, 644.

HEIMILDIR

- Alda Björk Valdimarsdóttir, „Á frátekna staðnum fyrir mig. Ást og dauði í *Tímaþjófnum* í ljósi sálgreiningar“. *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar*, 2 (2006): 143–162.
- Amaral, Suzana, *A hora da estrela*. Raiz Produções Cinematográficas, 1985.
- Ástráður Eysteinnsson, „Hefur maður ást á skáldskap? Vangaveltur um konuna í textanum“. *Umbrot. Bókmenntir og nútími*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999: 453–459.
- Barbosa, Maria José Somerlate, „*A hora da estrela* and *Um sopro de vida*: Parodies of Narrative Power“. *Cbasqui* 2 (1991): 116–121.
- Eliot, T.S., *Eyðilandíð*. Þýdd af Sverri Hólmarssyni. Reykjavík: Iðunn, 1990.
- Cixous, Hélène, *Reading with Clarice Lispector*. Þýdd af Verenu Andermatt Conley. Minneapolis: University of Minnesota Press, 1990.
- Guðmundur S. Brynjólfsson, „Hagið yður að hætti förumanna“ – um tvíhyggjuna í ferðabókum Thors Vilhjálmssonar“. *Tímarit Máls og menningar* 3 (2015): 103–126.
- Helga Kress, „Dæmd til að hrekjast“. *Tímarit Máls og menningar* 1 (1988): 55–93.
- Jón Karl Helgason, *Sögusagnir. Þrjú tímamótaverk og einu betur*. Reykjavík: Dimma, 2020.
- Jakob Benediktsson, ritstj. *Hugtök og beiti í bókmenntafræði*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008.
- Joyce, James, *Ulysses. The Corrected Text*. Ritstj. Hans Walter Gabler, Wolfhard Steppé og Claus Melchior. New York: Vintage Books, 1986.
- Kael, Pauline, *Hooked. Film Writings 1985–1988*. London, New York: Marion Boyars, 1990.
- Klobucka, Anna, „Hélène Cixous and the Hour of Clarice Lispector“. *Substance* 73 (1994): 41–62.
- Lispector, Clarice, *Hour of the Star*. Þýdd af Benjamin Moser. London: Penguin, 2014.
- Lispector, Clarice, *The Hour of the Star*. Þýdd af Giovanni Pontiero. Manchester: Carcanet, 1992.
- Lispector, Clarice, *Near to the Wild Heart*. Þýdd af Alison Entrekin. London: Penguin, 2014.
- Moser, Benjamin, *Why This World. A Biography of Clarice Lispector*. London: Penguin, 2014.
- Mulvey, Laura, „Sjónræn nautn og frásagnarkvikmyndin“. Þýdd af Heiðu Jóhannsdóttur. *Áfangar í kvikmyndafræðum*, ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík: Forlagið, 2003: 330–341.
- Peixoto, Marta, *Passionate Fictions. Gender, Narrative, and Violence in Clarice Lispector*. Minneapolis: University of Minnesota Press, 1994.
- Pontiero, Giovanni, „Testament of Experience. Some Reflections on Clarice Lispector’s Last Narrative „A Hora Da Estrela““. *Ibero-amerikanisches Archiv*, 1 (1984): 13–22.

- Sloan, Cynthia A., „The Social and Textual Implications of the Creation of a Male Narrating Subject in Clarice Lispector’s „A hora da estrela““. *Luso-Brazilian Review* 1 (2001): 89–102.
- Stockwell, Cory, „Lispector, the Time of the Veil“. *CR: The New Centennial Review* 3 (2012): 245–268.
- Torres, Cinthya, „On Poverty and the Representation of the Other in „The Hour of the Star“ by Clarice Lispector“. *INTI* 85/86 (2017): 193–203. <https://www.jstor.org/stable/45129667>.
- Tóibín, Colm, „A Passion for the Void“, inngangur að *The Hour of the Star* eftir Clarice Lispector. London: Penguin, 2014: vii–xii.
- Williams, Linda, „Líkamar kvikmyndanna, kyn, grein og ofgnótt“. *Ritið* (2) 2016: 151–176.
- Woolf, Virginia, *Sérherbergi*. Þýdd af Helgu Kress. Reykjavík: Svart á hvítu, 1983.

ÚTDRÁTTUR

Laumast út um bakdyrnar
 Höfundur og sköpulag konunnar í
A hora da estrela eftir Clarice Lispector

Í þessari grein er tekist á við síðasta skáldverkið sem brasilíski rithöfundurinn Clarice Lispector birti á meðan hún lifði, *A hora da estrela*, eða *Stund stjörnunnar*. Margbrotið skáldverk, þó smátt sé í sniðum, sem kalla mætti sjálflýsandi skáldsögu, sjálf sögu eða „sögusögn“ sem tekst beinlínis á við eigin tilurð. Þetta er saga af sögu, því að eitt helsta sköpunarverk Lispector er sögumaðurinn Rodrigo S.M. sem gerist höfundur og skapar persónuna Macabéu og um leið sjálfan sig. Því mætti jafnvel tala um eins konar sköpunarsögu. Bókin segir einum þræði frá sambandi höfundar og sköpunarverks, skapara og persónu, og veltir upp flóknum og áleitnum spurningum um sköpunarferlið, skáldskapinn og hina hliðina á speglinum; veruleikann, samfélagið, heiminn. Þetta er saga sem fjallar með beinum hætti um skáldskap og varpar töfrandi ljósi á ást og sköpun, líf og dauða, veruleika og sköpunarverk. Hún varpar sérstöku ljósi á þau ýmsu frásagnarsvið sem skáldsagan er ofin úr, þar sem mörkin á milli þeirra eru dregin inn í skáldskapinn sjálfan og raunhöfundur, innbyggður höfundur, söguhetja og lesandi rekast á og renna nánast saman. Í grundvallaratriðum er um að ræða verk sem skrifað er af kvenhöfundi og fjallar um karlhöfund sem skapar kvenpersónu um leið og hann skapar sjálfan sig svo að úr verður forvitnilegt ástarsamband sem hrífur lesandann með sér. Hér verður rýnt í „karlhöfundinn“ innan sögunnar og sköpun söguhetjunnar, kvenpersónu; ferli sem um margt einkennist af sambandi ástar og eyðileggingar og verður enn flóknara en ella þegar lesandinn er dreginn inn í það ásamt raunhöfundinum, Clarice Lispector.

Lykilorð: Clarice Lispector, *Hour of the Star*, brasilískar bókmenntir, sjálf sögur, bókmenntagreining

Abstract

A Discreet Exit Through the Back Door
The Author and the Creation of Woman in Clarice
Lispector's *A hora da estrela*

This paper deals with the last work of fiction, written by Brazilian author Clarice Lispector in her lifetime, *A hora da estrela*, or *Hour of the Star*. A complex work of fiction, though small in size, which might be termed a metafictional novel, a self-conscious narrative, or a story of a story which addresses directly its own creation. This is a story of a story, for one of Lispector's main creations is the narrator Rodrigo S.M. who becomes the author, creates the character of Macebéa and at the same time himself. Therefore, one could even talk about a kind of Genesis. The book revolves in part around the relationship between the author and creation, creator and character, and raises complex and persistent questions about the creative process, fiction and the other side of the mirror; reality, society, the world. This is a story that deals directly with fiction, casting a magical light on love and creation, life and death, reality and creativity. It casts a special light on the various levels of narrative on which the novel is built, where the boundaries between levels are drawn into the fiction themselves, where the author, implied author, protagonist and reader collide and nearly merge. At heart it is a work written by a female author about a male author who creates a female character at the same time as he creates himself. This article examines the "male author" within the story and the creation of the protagonist, a female character; a process marked by the relationship between love and destruction, which is further complicated when the reader is drawn into that relationship along with the real-life author, Clarice Lispector.

Keywords: Clarice Lispector, *Hour of the Star*, Brazilian literature, meta-fiction, literary analysis

Þegar þýtt er úr millimáli – Neyðarbrauð eða nauðsyn?

Nóbelsverðlaun í bókmenntum eru stundum veitt á grundvelli þýðinga úr millimáli, ekki síst þegar um er að ræða verk sem ekki eru upprunnin á Vesturlöndum eða á öðrum miðlægum svæðum.¹ Þýðingar á þýðingum geta því haft mikið menningarlegt vægi og ekki er auðvelt að sjá fyrir sér svokallaðar heimsbókmenntir án þeirra. H. C. Andersen hefði líklega ekki orðið jafn kunnur og raun ber vitni ef ekki hefðu komið til þýðingar af þeim toga og þá ekki Halldór Laxness. Það þykir þó ekki til fyrirmyndar í seinni tíð að þýða úr millimáli, enda mælir UNESCO ekki með því í viðmiðum sínum um þýðingar.² Bókaútgefendur reyna yfirleitt í lengstu lög að láta þýða úr frummáli núorðið en stundum er þó óhjákvæmilegt að gefa þessu viðmiði langt nef, t.d. vegna þess að nauðsynleg tungumálakunnátta er ekki fyrir hendi.

Mörg dæmi eru um að vel hafi tekist til við að þýða úr millimáli hér á landi. *Paradísarmissi* Johns Miltons þýddi Jón Þorláksson úr dönsku og þýsku³ og úr varð stórbrotið listaverk á íslenskrí tungu: „Blíður er árblær / blíð er dags koma / fylgja henni tónar / töfrafullir / árvakra fugla, / sem er eyrna lyst.“⁴ Þetta brot er ekki síðra en upprunalegi frumtextinn⁵ og sumum gæti jafnvel þótt það taka honum

1 Washbourne, „Nonlinear narratives: Paths of Indirect and Relay Translation“, 608–609, 621.

2 Sama heimild, 610.

3 Ástráður Eysteinnsson, „Þjódráð: Formáli að ritgerð um *Paradísarmissi*“, 19.

4 John Milton, *Paradísar missir*, 109. Stafsetning hefur verið færð til nútímavegar.

5 Hugtakið frumtexti er margslungið í þessu sambengi vegna þess að fyrir þau sem þýða úr millimáli gegnir millimálsþýðingin hlutverki frumtexta. Þegar þýðingar eru ræddar í tengslum við millimál í þessari grein er talað um upprunalega textann eða upprunalega frumtextann, þann sem höfundurinn orti, til aðgreiningar.

fram: „Sweet is the breath of Morn, her rising sweet, / With charm of earliest birds; pleasant the Sun / When first on this delightful land he spreads / His orient beams, on herb, tree, fruit, and flower.“⁶ Þó að Jón taki þá umdeilanlegu ákvörðun að nota gerólíkan bragarhátt, fari úr stakhendu í fornyrðislag, er mikill fengur að þessu mikla og innblásna ljóði um syndafallið sem hlýtur að hafa verið hinum íslenska klerki býsna hugleikið enda hafði hann tvisvar misst hempuna vegna barneigna utan hjónabands. Í ritdómi um þýðingu Jóns sagði Rasmus Christian Rask að verkið væri verulega gallað sem þýðing, ekki síst vegna þess að þýtt væri úr millimálum, en sem sjálfstætt listaverk teldi hann það hins vegar stórfenglegt.⁷

Enn koma allmargar bækur út hér á landi sem hafa verið þýddar úr millimálum, jafnvel bækur eftir Nóbelsverðlaunahafa. Gera má ráð fyrir því að útgefandanum hafi þótt til vinnandi að þýða úr millimáli. Yfirleitt hefur því samt sem áður ekki verið flaggað mikið á undanförunum áratugum að þýtt væri úr millimáli eins og menn hafi óttast að bókin gjaldfélli við að „ljóstra“ því upp.⁸ Meira að segja í bókmenntafræðilegri umræðu er þess sjaldan getið ef um millimálsþýðingu er að ræða. Það er líka sjaldan tilgreint úr hvaða millimáli var þýtt og enn sjaldgæfara að þess þýðanda sé getið þó að verk hans sé ígildi frumtexta. Meðvitund um þetta virðist reyndar vera að aukast og má sjá þess merki hjá nokkrum forlögum hérlandis.

Mörg lykilverk heimsbókmenntanna hafa verið þýdd úr millimálum og margur höfundurinn hefði ekki náð að verða heimilsvinur víða um lönd ef þýðingar úr millimálum hefðu ekki komið til. Sögur H. C. Andersens hafa þegar verið nefndar en þær voru þýddar yfir á kínversku úr millimáli og höfðu þannig áhrif á kínverskar bókmenntir. Þá hefur sjálf *Biblían* iðulega verið þýdd úr millimáli, sér í lagi *Gamla testamentið* sem var upphaflega ritað á hebresku en fljótlega þýtt yfir á grísku og úr henni yfir á aðrar þjóðtungur. Biblía sem Svíar notuðust við fram á 20. öld var þýdd úr millimáli⁹ og bæði

6 Milton, *Paradise Lost*, 97.

7 Ritdómurinn birtist upprunalega í *Literatur bladed*, nr. 20, 1829. Hér er vitnað eftir Ástráði Eysteinsyni í „Þjóðráð: Formáli að ritgerð um Paradísarmissi“, 20.

8 Þetta á líka við erlendis, sbr. Li, „The Complexity of Indirect Translation: Reflections on the Chinese Translation and Reception of H. C. Andersen's Tales“, 182.

9 Ringmar, „Roundabout Routes“: Some remarks on indirect translations“, 1.

Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar frá 1540 og *Guðbrandsbiblía* frá 1584 voru að miklu leyti þýðingar á þýskri Biblíuþýðingu Martins Lúthers. Næstu Biblíuþýðingar þar á eftir studdust ýmist við danskar eða þýskar þýðingar.¹⁰ Millimál hafa líka iðulega nýst litlum þjóðum vel og auðveldað þeim að koma bókmenntum sínum á framfæri við heiminn.¹¹ Mörg dæmi eru um það úr íslenskum bókmenntaheimi, allt frá verkum Halldórs Laxness til verka núlifandi höfunda. Þannig þýddi Ernst Harthern á 5. áratug síðustu aldar fimm skáldsögur Halldórs á þýsku í gegnum sænsku og/eða dönsku enda kunnir hann lítið í íslensku.¹² Samkvæmt upplýsingum frá Miðstöð íslenskra bókmennta hafa enskar, franskar og þýskar útgáfur á bókum eftir íslenska samtímahöfunda verið þýddar á tyrknesku, albönsku, spænsku og arabísku á undanförunum árum. Þessar millimálsþýðingar hafa jafnframt þegið styrk héðan.

Meðal merkra bókmenntaverka sem hafa verið þýdd á íslensku úr millimáli á undanförunum árum og áratugum má nefna bækur eftir Haruki Murakami og Nóbelsverðlaunahafana Isaac Bashevis Singer, Naguib Mahfouz og Olgu Tokarczuk. Nokkrar af bókunum í hinum vinsæla bókaklúbbi Angústúru hafa verið þýddar úr millimálum, s.s. bækur upprunnar í Íran, Sírlandi, Japan og Norður-Kóreu, og hafa þær yfirleitt verið þýddar úr ensku eða ensku og tveimur öðrum málum. Talsvert hefur verið þýtt af ljóðum úr millimálum, s.s. rússnesk ljóð og japanskar hækur.¹³ Þá þýddi einn af okkar merkustu þýðendum, Helgi Hálfðanarson, mikið úr millimálum, m.a. *Kóraninn* sem og gríska harmleiki og austurlenska ljóðlist.

Í ljósi þess hve algengar og mikilvægar þýðingar úr millimálum eru má teljast undarlegt hve lítið þær hafa verið rannsakaðar. Enn er mörgum spurningum ósvarað, t.d. varðandi gæði þeirra í samamburði við þýðingar úr upprunalega frummálinu. Fræðimönnum er að vísu nokkur vorkunn því að þetta þykir erfitt rannsóknasvið sem krefst mikils tíma, fjármagns og sérþekkingar enda þarf að skoða texta á

10 Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli – þýðingar og bókmenntir*, 55.

11 Li, „The Complexity of Indirect Translation: Reflections on the Chinese Translation and Reception of H. C. Andersen’s Tales“, 182.

12 Ringmar, „Roundabout Routes“: Some remarks on indirect translations“, 6. Sjá einnig Halldór Guðmundsson, *Halldór Laxness – Evisaga*, 557.

13 Sjá Demidov, „Rússneskur kveðskapur á Íslandi“, 189–90.

nokkrum tungumálum til að meta slíkar þýðingar af einhverju viti.¹⁴ Hér á eftir mun ég fara ofan í ýmis atriði sem varða bókmennta-þýðingar úr millimálum, vitna til rannsókna erlendra fræðimanna jafnframt því að tína til dæmi af innlendum vettvangi.

Helstu ástæður þess að þýtt er úr millimáli

Ástæður þess að þýtt er úr millimáli geta verið nokkrar. Sú sem oftast er tjaldað er skortur á tungumálaþekkingu. Þannig bendir Wenjie Li á að ekki hafi margir Kínverjar kunnað jaðartungumál, eins og hann kallar þau, á borð við dönsku og norsku á árum áður og því hafi þurft að þýða ævintýri H. C. Andersens og leikrit Ibsens úr miðlægari málum á fyrri hluta síðustu aldar og slíkt tíðkist reyndar enn í nokkrum mæli þar eystra.¹⁵

Aukin eftirspurn eftir verkum úr ákveðnu málsamfélagi getur einnig orðið til þess að þau sem eru í stakk búin til að þýða beint úr frummáli anni því ekki og því sé gripið til millimáls. Finnarnir Laura Ivaska og Outi Palopski hafa bent á að þýðingum úr millimáli sé iðulega hafnað af finnskum útgefendum nú til dags en séu stundum teknar til útgáfu hafi þær verið unnar upp úr fleiri en einni millipýðingu eða í samvinnu við einhvern sem kann frummálið.¹⁶ Vinnubrögð af þessu tagi hafa verið ástunduð hérlendis og má þar nefna ritröð sem greinarhöfundur ritstýrði ásamt tveimur öðrum, *Smásögur heimsins*, eins og síðar verður fjallað um.

Annað sem getur ýtt undir þýðingar úr millimálum eru valda-hlutföll milli menningarheima og tungumála. Það er algengt þegar bæði mál upprunalega frumtextans og markmálið (málið sem þýtt er á) eru frá litlu málsvæði að þýtt sé úr ráðandi tungumáli. Það hefur verið orðað svo að samskiptin milli jaðarhópa fari oft í gegnum miðjuna, þ.e. að miðlægt millimál sé nýtt til að þýða úr og á lítil

14 Rosa, Pieta og Maia, „Theoretical, methodological and terminological issues regarding indirect translation: An overview“, 123.

15 Li, „The Complexity of Indirect Translation: Reflections on the Chinese Translation and Reception of H. C. Andersen’s Tales“, 185.

16 Ivaska og Palopski, „Attitudes towards indirect translation in Finland and translators’ strategies: Compilative and collaborative translation“, 38, 42.

tungumál.¹⁷ Sögulegar ástæður geta legið að baki því hvaða millimál er ráðandi. Þannig hafði franska lengi virðingarstöðu sem alþjóðlegt samskiptamál og varð þá iðulega helsta millimálið í Vestur-Evrópu, t.d. gagnvart Þýskalandi.¹⁸ Við Íslendingar könnumst við þetta því að okkar millimálsþýðingar voru gjarnan úr dönsku þegar hún var ráðandi á okkar svæði en eru yfirleitt úr ensku í seinni tíð vegna aukinna tengsla við hinn engilsaxneska heim og miðlægrar stöðu ensku sem samskiptamáls í samfélagi þjóðanna. Einnig eru dæmi um að pólitískar ástæður ráði vali á millimáli. Það er talin vera ástæða þess að á tímum Sovétríkjanna notuðu mörg austantjaldsríki rússnesku sem millimál enda var hún almennt kennd í skólum þar eystra. Þá hafði rússneski textinn farið í gegnum ritskoðun og fengið pólitíska blessun.¹⁹

Líkur á að þýtt sé úr millimáli aukast séu tungumálin ólík og langt á milli þeirra landfræðilega.²⁰ Þetta sjáum við t.d. þegar kemur að því að þýða verk úr kínversku, japönsku, kóresku og arabísku á íslensku. Það getur líka reynst þrautin þyngri að finna upprunalega frumtextann þegar slík málsvæði eiga í hlut sem verður þá til þess að gripið er til millimáls. Fyrir kemur að þýðing úr millimáli sé svo vel heppnuð og virt að hún laði að sér þýðendur frá öðrum málsvæðum og um slíkt eru dæmi erlendis frá. Rússnesk þýðing á kvæðum Schillers varð t.d. svo miðlæg á sínum tíma að úkraínskur þýðandi notaði hana sem millimál fremur en að þýða beint úr frummáli.²¹

Þá er þess að geta að þýðingar úr millimálum geta gegnt mikilvægu hlutverki þó að þýtt sé úr upprunalega málinu. Þannig hef ég eins og fjöldi annarra þýðenda, íslenskra og erlendra, iðulega haft aðrar þýðingar til hliðsjónar, einkum danskar og þýskar, þegar ég hef þýtt úr ensku sem frummáli. Þá er hin þýðingin í rauninni eins konar viðmið, ætlað að koma í veg fyrir misskilning og veita innblástur að þýðingalausnum. Þetta eykur vinnuálagið en getur hugsanlega

17 Heilbron, „Towards a Sociology of Translation: Book Translations as a Cultural World-System“, 435. Sjá einnig Rosa, Pięta og Maia, „Theoretical, methodological and terminological issues regarding indirect translation: An overview“, 114.

18 Ringmar, „Roundabout Routes“: Some remarks on indirect translations“, 5.

19 Sama heimild, 7.

20 Rosa, Pięta og Maia, „Theoretical, methodological and terminological issues regarding indirect translation: An overview“, 114.

21 Washbourne, „Nonlinear narratives: Paths of Indirect and Relay Translation“, 612.

fækkað hreinum þýðingavillum. Um leið getur þessi aðferð reyndar afvegaleitt ístöðulausan þýðanda, t.d. þannig að hann fari að taka of mikið mið af þýðingu sem var unnin á forsendum annars menningarheims.²² Sem dæmi um háska þýðandans í þessu samhengi má nefna þýðingar á titli bókarinnar *As I Lay Dying* eftir William Faulkner. Á dönsku er hann *I min sidste time*, á sænsku *Medan jag låg och dog* og á þýsku *Als ich im Sterben lag*. Ekki þarf að horfa lengi á titlana til að sjá hve ólíkar leiðir þessir þýðendur hafa farið. Ef greinarhöfundur hefði tekið mið af einhverjum þeirra hefði titillinn vel getað orðið allt annar en *Sem ég lá fyrir dauðanum*.

Spyrja má hvers vegna stundum séu gefnar út þýðingar úr millimáli þó að þýðandi úr frummáli sé tiltækur. Martin Ringmar varpar fram þeirri skýringu að í sumum tilfellum kunni að vera þægilegra og áhættuminna að semja við reyndan þýðanda um að þýða úr millimáli en að fá óreyndan þýðanda til að þýða úr frummáli.²³ Mín reynsla af ritstjórn er líka sú að þegar samið er við óreyndan bókmenntaþýðanda, sem þó kann frummálið vel, geti þurft að verja meiri kröftum í að ritstýra þýðingunni.

Vandinn við að þýða úr millimálum

Þýðingar úr millimáli eru enn flóknara og margslungnara fyrirbæri en þýðingar úr frummáli þó að verkefni þýðandans sjálfs sé að miklu leyti það sama og þegar þýtt er beint úr frummáli. Þýðing úr millimáli getur verið komin um langan veg, stundum kann að vera um að ræða þýðingu á þýðingu á þýðingu og eins kunna tvö eða fleiri millimál að hafa verið höfð til hliðsjónar við þýðingarvinnuna.²⁴ Það síðarnefnda höfum við oft séð á Íslandi, t.d. við þýðingu Árna Óskarssonar á skáldsögu Nóbelsverðlaunahafans Olgu Tokarczuk, *Drag plóg þinn yfir bein hinna dauðu*, sem kom út árið 2022. Þar er þess

22 Lítið dæmi um það hvernig þýðingar laga sig stundum að menningarheimi markmálsins: Danskur þýðandi Íslendingasagna breytti endingunni „son“ í íslenskum mannanöfnum í „sen“. Jón Karl Helgason, *Rewriting Njáls Saga*, 100.

23 Ringmar, „Roundabout Routes“: Some remarks on indirect translations“, 6–7.

24 Sumar Biblíuþýðingar eru t.d. fyrra markinu brenndar. Sjá Washbourne, „Nonlinear narratives: Paths of Indirect and Relay Translation“, 610. Þá bendir Martin Ringmar á að íslenskar þýðingar á finnskum bókum hafi ídulega nýtt danska millimálþýðingu sem hafi aftur verið þýdd úr sænsku: „Roundabout Routes“: Some remarks on indirect translations“, 8.

getið fremst í bókinni að þýtt hafi verið úr ensku en dönsk og norsk þýðing jafnframt verið höfð til hliðsjónar; allar þýddar úr frummáli og allra þýðendanna getið. Helgi Hálfðanarson, sem beitti sambærilegri aðferð talsvert, gerir grein fyrir vinnulagi sínu í eftirmála að þýðingum sínum á grískum harmleikjum: „Ekki kunni ég önnur ráð en að sanka að mér svo mörgum þýðingum sem ég komst yfir og þóttist skilja, bera þær saman og láta samhljóðan þeirra ráða ferðinni í lengstu lög, en velja og hafna þar sem á milli bar.“²⁵

Á ensku eru þýðingar úr millimáli gjarnan kallaðar óbeinar þýðingar (e. *indirect translations*). Eins og Wenjie Li bendir á eru slíkar þýðingar óbeinar í tvennum skilningi. Í fyrsta lagi eru þær óbeinar vegna þess að ekki er þýtt úr upprunalega frummálinu, stundum séu m.a.s. tvö eða þrjú mál nýtt eins og áður sagði. Í öðru lagi þarf að túlka textann sem þýddur er og þar hafa viðmið annars eða annarra menningarheima en upprunalega frummálsins sitt að segja. Viðtakan fer m.ö.o. fram að einhverju leyti í gegnum linsu annars eða annarra tungumála en upprunalega frummálsins eða millimálsins, sem getur haft áhrif á þýðingalausnir. Þar við bætist að verkið sem um ræðir var valið til þýðingar til þess að fullnægja annars konar smekk en þeim sem leiddi til samningar þess og viðtöku í upprunalandinu.²⁶ Wenjie Li heldur því fram að kínverskar þýðingar á ævintýrum H. C. Andersens hafi glatað vissum sérkennum af þessum sökum og nefnir þar sem dæmi að Andersen hafi líkt hundsaugum við Sívala turninn í Kaupmannahöfn en þeim hafi einfaldlega verið líkt við turn í kínversku þýðingunni eins og í millimálsþýðingunni. Kínverski textinn verður þá ekki eins staðbundinn eða danskur sem getur að mati Lis hafa stuðlað að þeim vinsældum sem ævintýrin öðluðust á heimsvísu. Þar að auki getur túlkun þýðandans, hvort sem hún felst í þýðingalausnum eða því sem hann segir eða ritar um verkið, mótað að miklu leyti hugmyndir heillar þjóðar um tiltekið verk eða jafnvel heilt höfundarverk eins og Li hefur sýnt fram á hvað verk H. C. Andersens áhrærir í Kína.²⁷

Gjarnan er gert ráð fyrir því að þýðing úr millimáli verði ónákvæmari en bein þýðing úr frummáli – þá með hliðsjón af

25 Helgi Hálfðanarson, *Grískir harmleikir*, 1197.

26 Venuti, *The Scandals of Translation*, 11.

27 Li, „The Complexity of Indirect Translation: Reflections on the Chinese Translation and Reception of H. C. Andersen’s Tales“, 197–98 og 192–194.

upprunalega textanum – og að ný þýðing beint úr upprunalega frummálinu verði betri en sú gamla. Bæði Wenjie Li og Martin Ringmar vekja þó athygli á því að þetta sé ekki einhlítt, það séu mörg dæmi um vel heppnaðar og virtar óbeinar þýðingar sem og misheppnaðar beinar þýðingar. Þýðing úr upprunalegum frumtexta getur stundum orðið ónákvæmari en þýðing úr millimáli, einkum þegar þýðendur eru ekki kunnugir menningarheimi upprunalega textans. Í slíkum tilfellum geta millimálsþýðingar af hendi þýðenda sem eru nær menningarheimi upprunalega textans, eins og á t.d. við um enska þýðendur Andersens, leitt til þess að upprunalega merkingin skili sér betur og komið í veg fyrir misskilning sem stundum vill verða í beinþýðingu þeirra sem eru langt frá málheimi upprunalega textans. Þó að þýðingar úr millimáli auki óhjákvæmilega fjarlægðina frá upprunalega frumtextanum má því í slíkum tilvikum veita hana upp með því að þýða vel heppnaða millimálsþýðingu.²⁸

En hvernig veit þýðandi hvort millimálsþýðing er á vetur setjandi? Oft veit hann það áreiðanlega ekki, hefur hreinlega ekkert val. Þegar hann hefur val, t.d. um tvær þýðingar á sama millimáli, velur hann væntanlega þá nýjustu eða þá sem honum finnst betri. Hér kann virðingarstaða þýðanda og þýðingar raunar að spila inn í líka. Sú sem virðist betri þarf hins vegar ekki að vera nákvæmari. Wenjie Li tilfærir slíkt dæmi af þýðingum á verkum H. C. Andersens á kínversku. Þar vegsamaði þýðandinn liprari millimálsþýðinguna, sagði hana áreiðanlega, þó að hún virðist alls ekki hafa verið nógu nákvæm miðað við dæmin sem Li tilfærir.²⁹ Hafi þýðandi aðgang að fleiri þýðingum kann hann að einhverju leyti að geta metið gæði þýðingarinnar sem hann hefur til hliðsjónar, en hann kann líka að komast að því að þýðingarnar séu ólíkar í veigamiklum atriðum. Ein getur t.d. verið nákvæm en skort listræna nálgun. Það getur verið munur á einstökum þýðingalausnum sem og á meginnálgun þýðendanna. Þegar ég þýddi *As I Lay Dying* eftir William Faulkner komst ég t.d. að því að mikill munur var á dönsku og þýsku þýðingunum á

28 Ringmar, „Roundabout Routes”: Some remarks on indirect translations”, 6; Li, „The Complexity of Indirect Translation: Reflections on the Chinese Translation and Reception of H. C. Andersen’s Tales”, 197–98 og 192–194.

29 Li, „The Complexity of Indirect Translation: Reflections on the Chinese Translation and Reception of H. C. Andersen’s Tales”, 189–90.

verkinu. Sú þýska var ofurnákvæm, stundum helst til nákvæm, en sú danska hins vegar mjög frjálsgleg, fullfrjálsgleg fyrir minn smekk. Ef ég hefði þýtt bókina úr öðru þessara mála hefði þýðing mín því orðið á ýmsa lund öðruvísi. Martin Ringmar tekur lítið dæmi af þýðingum á *Sölku Völku* á tyrknesku og grísku til að sýna hvernig menn reida sig á millimálstextann. Í báðum tilfellum halda þýðendurnir eftir viðbót úr franskri millimálsþýðingu þar sem bætt hafði verið aftan við bókartitilinn orðunum *petite fille d'Islande*.³⁰

Hér spilar einnig inn í að sinn er siður í hverju landi og á hverjum tíma og þýðingahefðir því mismunandi. Þær kunna að hafa haft áhrif á nálgun danska og þýska þýðandans sem ég vísaði til. André Lefevere hefur rannsakað þýðingar á hinu þekktu leikriti Aristófanesar, *Lýsisströtu*, og komist að því að afstaðan til kynferðismála á hverjum tíma hafi haft afgerandi áhrif á það hvernig þýðingum á bersöglismálum reiddi af. Var þar oft svo mikill munur á að Lefevere þótti sýnt að þýðingar væru endurrítanir sem afhjúpuðu „sam tímis hugmyndafræði tiltekins tíma, samfélags og/eða einstaklings“, líkt og Gauti Kristmannsson orðar það í inngangi að íslenskri útgáfu á bók Lefeveres.³¹ Finna má dæmi um að þýðendur hafi sveigt þýðingar sínar undir ákveðna hugmyndafræði eða jafnvel fordóma og unnið þannig gegn frumtextanum eða gert lítið úr menningarheimi hans. Stundum þarf þýðandi ekki að velja nema eitt orð umfram annað til þess að hugmyndafræðileg slagsíða komi á skipið.³² Það skiptir líka máli hve skyld eða óskyld tungumál og menningarheimar eru, stundum er engin leið að koma merkingu jafnvel hversdagslegustu orða fullkomlega til skila eins og Walter Benjamin benti á. Hann tók brauð sem dæmi, skírskotanir orðanna *Brot* í þýsku og *pain* í frönsku væru býsna ólíkar enda brauð í þessum löndum ekki alveg sama varan.³³ Ef við færum í persnesku, gjörólíkt mál, kæmi enn önnur skírskotun með orðinu.

Staða millimáls á alþjóðavísu getur einnig haft veruleg áhrif á ákvarðanir þýðenda og útgefenda. Enska er svo miðlæg nú til dags

30 Ringmar, „Roundabout Routes“: Some remarks on indirect translations“, 8.

31 Gauti Kristmannsson, *Þýðingar, endurritun og hagræðing bókmenntaarfsins*, 15.

32 Sjá dæmi í Venuti, *The Scandals of Translation – Towards an Ethics of Difference*, 4; Håkanson, *Dolda gudar – en bok om allt som inte går förlorat i en översättning*, 192–193.

33 Benjamin, „Verkefni þýðandans“, 191.

að hún hefur afl til þess að færa bækur af jaðrinum inn að miðjunni. Til að hljóta brautargengi á alþjóðavísu þarf bók þar af leiðandi helst að vera þýdd á ensku sem aftur leiðir iðulega til þess að útgefendur í öðrum löndum ákveða að veðja á hana líka.³⁴ Í vissum skilningi getur enskan þá orðið að eins konar frumtexta, svo mikið vægi fær hún í bókmenntakerfinu. Það má jafnvel tala um heimsvaldastefnu enskunnar í þessu sambandi, hún sé í ráðandi stöðu og drottnei yfir öðrum tungumálum. Þessi yfirburðastaða getur síðan orðið til þess að útgefendur og þýðendur í hinum enskumælandi heimi taki sér meira ritstjórnarvald yfir textanum og lagi hann þá að væntingum og viðmiðum hins engilsaxneska heims á róttækari hátt en gengur og gerist þegar tungumál sem færri tala eru annars vegar. Skemmst er að minnast uppnáms sem varð út af þýðingu hinnar bresku Deborah Smith á *The Vegetarian* (채식주의자 / *Chaesikjuuija*) eftir Han Kang sem varð fyrsta kóreska bókin til þess að vinna alþjóðlegu Man Booker-verðlaunin. Þýðingin var dásömuð af mörgum en aðrir gagnrýndu þýðandann fyrir að vera ekki nógu trúr frumtextanum. Í *The New York Review* var þýðingin sögð flöt og langt frá því að vera glæsileg, auk þess sem þýðandinn ætti oft í brasi með málsnið og málfar. Þetta sagði gagnrýnandinn án þess að kunna kóresku og benti jafnframt á að enginn í dómnefnd Man Booker-verðlaunanna kynni málið heldur. Gagnrýnandinn Charse Yun, sem kunnir málið, taldi þýðinguna vera frábæra þó að Smith ýkti nauman og lágstemmdan stíl Han Kang og skreytti hann með atviksorðum, hástigsorðum og öðrum tilfinningahlöðnum orðum sem væri hvergi að finna í frumtexta. Stundum væru tilsvör og athafnir líka eignuð röngum persónum. Þá væru tónninn og röddin allt öðruvísi en í kóreska frumtextanum. Hann hafði jafnframt eftir fyrirlesara á ráðstefnu að 10,9% af fyrsta hluta skáldsögunnar væru full af þýðingarvillum (e. *mistranslated*) og að 5,7% af texta Han Kang hefði verið sleppt, hvernig svo sem þetta nákvæmar niðurstöður fengust. Líkti Yun því við að Raymond Carver hefði verið látinn tala eins og Charles Dickens. Smith svaraði fyrir sig með því að segja að hún hefði lagt sig eftir að ná anda verksins. Hún benti á að núorðið væri víða litið á þýðingar sem skapandi skrif á öðru tungumáli og væri þá beitt

34 Sbr. Heilbron, „Towards a Sociology of Translation: Book Translation as a Cultural World-System“, 429–444.

ýmsum túlkunaraðferðum. Þýðandinn yrði að fórna einu til að halda tryggð við annað. Þetta síðasta kannast margir þýðendur við en spurningin er hvort Smith hafi fórnað of miklu, textinn sé of mikil endurritun. Á hinn bóginn má spyrja hvort þessar aðferðir hennar hafi orðið til þess að bæði hún sem þýðandi og höfundur bókarinnar fengu Man Booker-verðlaunin, hún hafi m.ö.o. lagað textann svo vel að engilsaxnesku bókmenntakerfi að hann gekk í augun á enskumælandi lesendum. Yun fannst að sá ávinningur vægi þyngra en mistök þýðandans.³⁵ Þessi þýðing Deborah Smith hefur svo verið þýdd á önnur mál, m.a. íslensku undir heitinu *Grænmetisætan*, og þar með hafa aðferðir hennar fengið framhaldslíf.

Valda- og virðingarstaða millimálsins getur þannig haft ýmis áhrif sem taka þarf með í reikninginn. Við það bætist að þýðandi kann meðvitað eða ómeðvitað að taka sér meira „skáldaleyfi“ þegar þýtt er úr millimáli en frummáli. Sú tilgáta byggir á því að millimálstextinn, sem hefur þegar verið þýddur einu sinni, ef ekki oft, hafi ekki sömu virðingarstöðu og upprunalegi textinn. Hér getur reyndar skipt máli hvort höfundurinn hafi haft afskipti af millimálsþýðingunni en þá er þýðandinn líklegri til þess að bera meiri virðingu fyrir henni.³⁶ Hafi höfundurinn lagt blessun sína yfir þýðingu getur slíkur texti nálgast að vera jafngildur upprunalega textanum eins og á við um enskar þýðingar á bókum Murakamis og seinni bækur Milans Kundera sem sagði frönsku og tékknesku útgáfunar jafngildar.³⁷

Af þessu öllu má ráða að miklu skiptir úr hvaða millimáli er þýtt og hvernig sú þýðing er úr garði gerð. Meðal þess sem þykir einkenna góða þýðingu er tryggð við frumtextann sem felst t.d. í því að einstök orð og hugtök séu rétt skilin, að reynt sé að endurskapa stílsnið textans, að öllum köflum sé komið til skila, engu bætt við og ekkert fellt úr. Meta má þýðingu án samanburðar við frumtexta og þá er sjónum iðulega beint að því hve lipur hún er, sem þýðir að hún er metin á forsendum markmálsins einvörðungu, og þannig var hrifning Rasmusar Rasks á þýðingu Jóns Þorlákssonar til

35 Parks, „Raw and Cooked“; Armitstead, „Lost in (mis)translation? English take on Korean novel has Critics up in arms“; Yun, „How the bestseller ‘The Vegetarian,’ translated from Han Kang’s original, caused an uproar in South Korea“; Doo, „‘The Vegetarian’ translator speaks out“.

36 Ringmar, „Roundabout Routes“: Some remarks on indirect translations“, 11.

37 Woods, „Original and Translation in the Czech Fiction of Milan Kundera“, 211.

komin forðum. En einungis með samanburðarrýni má meta tryggð þýðanda við frumtexta og það hvaða grundvallarnálgun búi að baki þýðingarvinnunni.³⁸ Ef rýna skal þýðingu úr millimáli þarf að bera hana saman við millimálsþýðinguna, sem er ígildi frumtexta í því tilviki, og upprunalega textann, auk þess sem bera þarf millimálsþýðinguna saman við upprunalega textann. Það er ekki hlaupið að þessu vegna þess að þetta krefst staðgóðrar þekkingar á a.m.k. þremur tungumálum og þar fyrir utan væri þess sjaldnast getið hvort og þá hvaða millimálsþýðing var lögð til grundvallar. Á málum sem margir tala eru stundum til nokkrar þýðingar á sama textanum og getur þá verið handleggur að glöggva sig á því hver þeirra var notuð, ef það var þá nokkur ein. Martin Ringmar bendir á að þegar þýtt hefur verið úr millimáli sé ólíklegra en hitt að þess sé getið, aftur á móti sé stundum tekið fram ef þýtt hafi verið úr frummáli og þá til að lesandinn haldi ekki að um þýðingu úr millimáli sé að ræða.³⁹

Nálgun millimálsþýðandans skiptir meira máli en halda mætti að óathuguðu máli enda geta margs konar öfl haft áhrif á það hvaða pól hann tekur í hæðina eins og að framan greinir. Margir þýðendur reyna t.d. að skapa það sem kallað hefur verið áhrifajafngildi og felur í sér að „ná fram áhrifum á lesandann sem jafngilda þeim sem frumtextinn hefur á sína lesendur“.⁴⁰ Þetta kann að hljóma eins og sjálf-sagður hlutur en þegar betur er að gáð, og Lawrence Venuti bendir á í bókinni *The Translator's Invisibility*, getur slík nálgun falið í sér kröfu um að textinn verði lesinn eins og hann sé ekki þýddur, þ.e. að verka þýðandans sjái vart stað vegna þess að hann hafi sveigt þýðinguna undir viðmið markmenningarinnar. Það getur að mati Venutis falið í sér að ýmislegt sé máð úr þýdda textanum sem er öðruvísi en lesendur markmálsins eiga að venjast, nánar tiltekið menjar hins málsins og þess menningarheims sem það er hluti af. Svo róttæka heimfærslu (e. *domestication*) kallar hann ofbeldi, það sé gert lítið úr málheimi frumtextans með því að gera viðmiðum markmálsins hærra undir höfði.⁴¹

38 Hér hefur einungis verið stiklað á stóru hvað mat á gæðum þýðinga varðar. Hvert atriði sem hér hefur verið tínt til er margfalt í roðinu og um þau öll hefur verið skrifað mikið. Tryggð við frumtexta má t.d. nálgast eftir mörgum leiðum. Sjá nánar í t.d. *Tvímælum* Ástráðs Eysteinsonar og *Translation Criticism – The Potentials and Limitations* eftir Katharinu Reiss.

39 Ringmar, „Roundabout Routes“: Some remarks on indirect translations“, 9.

40 Ástráður Eysteinson, *Tvímæli*, 91.

41 Venuti, *The Translator's Invisibility*, 20–21.

Þessa tilhneigingu ættu margir íslenskir þýðendur að kannast við og sjálfur hef ég skrifað um það hve mjög jafngildisnálgunin getur þrengt svigrúm þýðandans til þess að koma sérkennum frumtextans til skila.⁴² Þýðandi þarf því að spyrja sig, og kannski bókmenntasamfélagið allt, hvort hann vilji búa til lesmál sem lítur út eins og það hafi verið frumsamið á íslensku eða hvort hann vilji að lesandinn finni vel fyrir því að um sé að ræða þýddan texta sem á rætur í öðrum menningarheimi. Meðal aðferða sem gjarnan er beitt í síðarnefnda tilvikinu er svokölluð útlenskunarþýðing eða framandgerandi þýðing (*e. foreignization*) en hún miðar að því að halda sem flestu eftir úr frumtexta, t.d. með því að þýða menningartengd atriði án útskýringa og jafnvel taka þau óþýdd inn í þýdda textann. Þýðing felur líka í sér að afstaða er tekin til efnisins, s.s. í gegnum túlkun, og gagnvart því getur þýðandi úr millimáli þurft að vera á varðbergi. Sérstaklega viðkvæmt getur í því samhengi verið þegar þýtt er efni frá löndum sem voru áður nýlendur enda spila valdahlutföll þar inn í, ekki síst þegar um er að ræða þýðingu yfir á mál fyrrverandi eða núverandi herraþjóðar. Kann þá að koma fram tilhneiging til að skilgreina menningu hinnar undirskipuðu þjóðar sem óæðri. Enn fremur geta trúarleg atriði flækst inn í þýðingarferlið eins og við sáum þegar bók Salmans Rushdies, *Satanic Verses*, kom út og leiddi til þess að þýðendum var hótáð og a.m.k. einn þeirra myrtur.⁴³ Það segir sig því sjálfst að miklu skiptir fyrir þýðanda úr millimáli að átta sig á því, ef þess er nokkur kostur, hvaða leið hefur verið farin af hálfu millimálsþýðandans og hvaða öfl orkuðu á hann.

Í seinni tíð færast mjög í vöxt að enskar þýðingar á verkum frá minni málsvæðum séu notaðar sem millimálstextar. Og jafnvel þótt þýtt sé á önnur mál beint úr frummáli er enska þýðingin iðulega notuð sem mælikvarði á það hvort tiltekið verk sé þess virði að þýða það eins og Martin Ringmar hefur bent á. Hann veltir einnig fyrir sér hvort það muni færast í vöxt að þýða úr ensku vegna stöðu hennar á alþjóðavísu og að heimurinn verði í auknum mæli síaður í gegnum þá tungu.⁴⁴ Enska er jú það mál sem mest er þýtt úr í heiminum, úr henni eru þýddar næstum sex sinnum fleiri bækur en

42 „Svigrúm þýðandans – með hlíðsjón af þýðingum á verkum J. M Coetzee, 84–96.

43 Baker og Saldanha, *Routledge Encyclopedia of Translation Studies*, 138.

44 Ringmar, „Roundabout Routes“: Some remarks on indirect translations“, 12.

úr frönsku, sem kemur þar á eftir, en aftur á móti er mun minna þýtt á ensku, hún er í fjórða sæti yfir markmál með næstum helmingi færri þýðingar en þýska sem trónar á toppnum.⁴⁵ Þarna skapast mikið valdaójafnvægi sem veldur því m.a. að í hugum margra fylgir enskri þýðingu visst lögmæti sem gerir hana að gjaldgengum millimáls-texta. Smærri tungur hafa ekki slíkan sess. Sum okkar gætu orðið hissa ef Íslendingur nýtti færeysku sem millimál, alveg óháð gæðum færeysku þýðingarinnar. Með minnkandi áhuga á tungumálanámi, öðru en ensku, víða um lönd,⁴⁶ eða með minnkandi framboði á tungumálanámi við háskóla, hvort sem veldur, má líka búast við að færri geti í framtíðinni þýtt úr öðrum málum og að við verðum enn háðari enskum þýðingum frá framandi löndum – og þar með úr íslensku.

Dæmi úr *Smásögum heimsins*

Á árunum 2016 til 2020 kom út ritröðin *Smásögur heimsins* í ritstjórn okkar Kristínar Guðrúnar Jónsdóttur og Jóns Karls Helgasonar. Þar getur að líta smásögur úr öllum byggðum álfum, samtals 94 sögur frá 75 löndum, þýddar úr 16 tungumálum, þ.á m. japönsku, kóresku, taílensku, arabísku og búlgörsku, málum sem eru flestum Íslendingum framandi. Ekki tókst í öllum tilfellum að finna þýðanda sem gat þýtt beint úr frummáli; sex sögur voru þýddar úr millimálum og í flestum tilfellum var þá fengin manneskja sem var læs á bæði málin til þess að bera þýðinguna saman við upprunalega frumtextann. Stundum skilaði það fáum eða engum athugasemdum en í öðrum tilfellum komu fram veruleg frávik.

Kínverska sagan var þýdd úr ensku en gátuð af íslenskumælandi Kínverja sem fann nokkur frávik í ensku þýðingunni, aðallega hvað niðurlagið snerti. Þar vantaði hvorki meira né minna en sex efnisgreinar aftan á söguna sem hafði í för með sér að amman í sögunni, sem dó í kínversku frumgerðinni, var enn á lífi. Einhver virðist hafa ritstýrt eða breytt sögunni með þeim afleiðingum að hún fékk mun opnara niðurlag. Vissulega kann að hafa verið um handvömm að

⁴⁵ UNESCO's Index Translationum.

⁴⁶ Sjá t.d. McIntyre, „Students lose interest in modern foreign language degrees“.

ræða, það er jú ekki óalgengt að málsgreinar og jafnvel heilar efnisgreinar falli milli skips og bryggju, en ensku þýðingunni lýkur á svo vel völdum stað að erfitt er að trúá því. Það komu einnig upp álitamál varðandi tíðir. Enska þýðingin er öll í þátíð og í íslensku þýðingunni er því fylgt. Hins vegar felst engin tíðaskírskotun í kínverskum sögnum og þarf því að ákvarða tíðina út frá samhenginu. Á það reynir strax í fyrstu setningu. Átti að þýða í þátíð eða nútíð? Það virtist að hluta til valkvætt og sýndist sitt hverjum, þýðandanum, gátaranum og ritstjórunum.

Í tilfalli taílensku sögunnar fundust líka ýmis frávik. Íslenski þýðandinn, sem þýddi beint úr taílensku, tók eftir því þegar hann skoðaði enska þýðingu á sögunni að sá þýðandi lengdi íðulega málsgreinar með því að steypa saman tveimur málsgreinum úr frumtexta. Þýðandinn átti reyndar líka til að sleppa úr ákveðnum efnisatriðum og bæta öðrum inn sem ekki áttu sér stoð í frumtexta. Enn fremur hafði hann greinaskil á öðrum stöðum en í frumtextanum sem okkar manni fannst líka sérkennilegt, því að þótt ekki séu sams konar greinarmerki í taílensku og við notum liggur setningaskipan ljóst fyrir. Allt verður þetta til þess að hrynjandin breytist og því er talsvert annar blær á enska textanum en á þeim íslenska eins og eftirfarandi dæmi úr annarri efnisgrein sögunnar er til marks um:

Chammongsri L. Rutnin:

The man had been downhearted from the moment he pushed away from the market pier. His full boatload of heavy, green watermelons had brought him a sum so pitiful that he couldn't bring himself to buy the cheap lace blouse that his wife had asked him to bring her from the market – not the blouse, not even a small toy for his little daughter.⁴⁷

Hjörleifur Jónsson:

Báturinn hafði verið fullur af vatnsmelónum en maðurinn fékk þó ekki nema smáræði greitt fyrir þær. Því var hann orðinn niðurlátur áður en hann hafði svo mikið sem ýtt bátnum aftur frá bryggjunni við markaðinn. Ekki keypti hann ódýru blúndublússuna sem konan hans hafði beðið um. Ekki heldur ómerkilegt leikfang handa dóttur þeirra.⁴⁸

47 Thammachot, *Thai P.E.N. Anthology of Short Stories and Poems of Social Consciousness*, 1.

48 Tammatsjót, *Smásögur beimsins – Asía og Eyjadalía*, 103.

Hér sjáum við strax að röð efnisatriða er ekki sú sama í fyrstu tveimur málsgreinunum og að málsgreinum virðist hafa verið steipt saman í ensku þýðingunni. Enska þýðingin er tvær málsgreinar en sú íslenska fjórar málsgreinar. Þetta breytir ýmsu og því er ljóst að enska þýðingin hefði verið lögð til grundvallar íslensku þýðingunni hefði útkoman orðið allt önnur.

Í bindinu eru tvær sögur sem þýddar voru úr kóresku, hvor frá sínu landinu. Svo merkilega vill til að sagan frá Norður-Kóreu kom einnig út hjá Angústúru um svipað leyti og þá í þýðingu Ingunnar Ásdísardóttur sem vann sína þýðingu upp úr enskri þýðingu áðurnefndrar Deborah Smith. Ef þýðing Jóns Egils Eyþórssonar á sögunni „Aldjefli“ (heitir „Djöflamusteri“ hjá Ingunni) beint úr kóresku er borin saman við þýðingar Smith og Ingunnar kemur margt í ljós:

Deborah Smith:

Though she tried to sigh out the ache inside her, it remained stubbornly lodged in her chest. Her five-year-old grand-daughter's broken leg was obviously painful, but Mrs. Oh had her own sufferings to contend with, the bandage around her lower back forcing her to lie rigid in the same uncomfortable position.⁴⁹

Ingunn:

Hún reyndi að anda djúpt til að losa um kvölinu innra með sér en hún sat rígföst í brjóstinu. Það var greinilegt að litla stúlkan, sem var ekki nema fimm ára, fann til í brotna fætinum en frú Oh var líka þjökuð af sársauka og umbúðirnar um mjóbakið neyddu hana til að liggja alveg stjórf og alltaf í sömu óþægilegu stellingunni.⁵⁰

Jón Egill:

Frú Ó stundi, en dofinn fyrir brjóstinu lagaðist ekki. Þótt stúlkubarnið fyndi til mikils sársauka voru kvalir bónda hennar enn sárari. Hann lá spelkaður og gat sig lítið hreyft.⁵¹

49 Bandi, *The Accusation*, 121–122.

50 Bandi, *Sakfelling*, 155.

51 Bandi, *Smásögur beimsins – Asía og Eyjaálfa*, 205.

Hér er talsverður munur, bæði hvað efnisatriði og framsetningu varðar. Þýðing Jóns Egils er ekki einungis styttri heldur er allt annar taktur í henni enda eru málsgreinarnar ekki eins langar. Ljóst er að eitthvað hefur skolast til varðandi meiðsli sögupersóna; í þýðingum Smith og Ingunnar er sagt að stúlkan hafi fótbrotnað en það kemur ekki fram í texta Jóns Egils fyrr en löngu síðar. Hjá Smith og Ingunni er frú Oh sögð vera með umbúðir um mjóbakið en í þýðingu Jóns Egils er ekkert minnst á þær. Hjá Jóni er bóndi gömlu konunnar aftur á móti sárkvalinn, með spelku og getur lítið hreyft sig. Síðar kemur fram í öllum þýðingunum að hann hafi farið úr mjaðmarlið.

Í eftirfarandi dæmi má sjá enn meiri mun á þýðingu Ingunnar og Jóns Egils:

Ingunn:

Og sú var líka raunin, því frú Oh var stöðvuð fjórum sinnum og yfirheyrð áður en hún var einu sinni komin fimmtán *ri* áleiðis. Hún gerði sér grein fyrir því að aldurinn væri hennar eina vörn og reyndi að notfæra sér það út í æsar í hvert skipti. Hvað hefði hún annað átt að gera? Hvernig átti hún að geta verið heiðarleg eða einlæg þegar engin leið var að vita hvað gæti komið fyrir hana ef hún væri ekki stöðugt á verði. Hún notaði klækjabrögð sem hún hafði aldrei vitað til að hún kynni, hún þóttist meira að segja vera heyrnarsljó og hváði hvað eftir annað þó að hún heyrði í rauninni alveg ágætlega.⁵²

Jón Egill:

Á um það bil sjö kílómetra vegarspotta var hún stöðvuð fjórum sinnum og yfirheyrð. Frú Ó vissi að hennar eina vörn og skjöldur væri aldurinn. Hún brá honum í hvert sinn fyrir sig og var sér þess meðvitandi að ef hún héldi ekki sínu striki færi ekki vel fyrir henni. Hún hafði ekki haft hugmynd um að hún ætti til slík bellibrögð. „Ha? Hvað?“ spurði hún ítrekað þótt hún heyrði ósköp vel.⁵³

Eins og sjá má á þessum dæmum úr sögu Bandis er verulegur munur á þýðingunum, bæði hvað hrynjandi og einstakar þýðingalausnir varðar, svo ekki sé talað um lengdina. Þýðing Ingunnar fylgir þeirri

52 Bandi, *Sakfelling*, 170.

53 Bandi, *Smásögur beimsins – Asía og Eyjaálfa*, 214.

ensku grannt eins og við er að búast. En þegar enski textinn og íslenska þýðingin sem á honum byggir eru borin saman við þýðingu Jóns Egils er að sjá sem línun sé ýmist sleppt eða bætt inn í fyrirnefndu textana tvo. Efnisatriði virðast reyndar að mestu þau sömu en samt er stundum talsverður munur á því hvernig þeim er komið fyrir. Málgreinar standast ekki alltaf á og þýðingareiningar því ekki alltaf þær sömu. Stöku sinnum er röð efnisatriða heldur ekki sú sama og hjá Smith og Ingunni er óbein ræða þar sem bein ræða er notuð hjá Jóni Agli. Einnig eru dæmi um að efnisgreinum sé steipt saman ef marka má þýðingu Jóns Egils. Þýðingar Smith og Ingunnar eru e.t.v. heldur liprarir á okkar mælikvarða, falla betur að þeim viðmiðum sem vestrænir lesendur hafa um læsilegan texta; þýðing Jóns Egils er iðulega hnitmiðaðri og annað mál- og stílsnið á henni. Stundum kunna lausnir hans að sýnast stuttaralegar og jafnvel ögn sérvisku- legar í samanburði. Fyrir vikið virðist mér sem þýðing hans sé heldur framandlegri, bæði hrynjandi hennar og orðfæri, eins og hún beri keim af gjörólíku máli. Hann hafi alltént forðast heimfærslu eða ekki stundað hana í eins miklum mæli. Munurinn á þessum þýðingum er annars svo mikill að þetta er varla sama verkið, a.m.k. ekki stíllega, enda er frumtexti Ingunnar ekki sá sami og Jóns Egils. Það má því segja að í ofangreindum dæmum kristallist margt af því sem nefnt var í kaflanum um vandann við að þýða úr millimáli.

Er réttlætjanlegt að þýða úr millimáli?

Þýðingar úr millimálum vekja margar spurningar, s.s. um verklag, gæði, menningarlegt forræði, sæmdarrétt þess sem á millimáls- þýðinguna og jafnvel rétt hans eða hennar til höfundarréttar- greiðslna. Þau dæmi sem hér hafa verið nefnd gefa tilefni til að spyrja hvort þau sem þýða á ensku taki sér meira „skáldaleyfi“ en gengur og gerist til að færa textana nær viðmiðum enskra bók- mennta svo að lesendur þeirra studist síður af framandleika þeirra og eigi auðveldara með að innbyrða þá.⁵⁴ Þjóðir hafa jú mismikið þol gagnvart því framandlega. Úr verður þá viss aðlögun eða heim-

54 Sjá Spirk, *Censorship, Indirect Translations and Non-translation: The (fateful) Adventures of Czech Literature in 20th-century Portugal*, 129.

færsla sem sumum gæti þótt stappa nærri menningarlegum yfirgangi. Við þekkjum kenningar um „ofbeldi“ tungumála og þýðinga úr skrifum þýðingafræðingsins Lawrence Venuti⁵⁵ sem og úr eftirlendufræðum, en frekari rannsókn er þó þörf til að komast til botns í þessu og þar með því hvort það menningarlega forræði sem fylgir gjarnan stóru málunum verði til þess að þýðendur og útgefendur þar á bæ taki sér meira ritstjórnarvald yfir textanum en almennt tíðkast. Venuti nefnir dæmi um slík vinnubrögð hjá bandarískum þýðanda Jorge Luis Borges, sá hafi gert afgerandi breytingar á spænska textanum til þess að gera hann aðgengilegri fyrir bandaríska lesendur.⁵⁶ Höfundar geta jú átt mikið undir því að vera þýddir á stóru málin, sérstaklega ensku, og það vita þýðendur þeirra og útgefendur. Þetta getur skapað vissan freistnivanda. Á hinn bóginn mætti líka líta á slíkar breytingar sem eðlilega viðleitni til að koma til móts við nýjan markhóp, að því gefnu reyndar að það sé gert í samráði við höfundinn ef hann er á lífi. Það er ekki ólíklegt að freistingin geti verið enn meiri hjá sumum þegar höfundurinn er látinn og verk hans jafnvel komin úr rétti. Allt hefði þetta síðan áhrif á þriðja málið.

Vel má vera að margir taki undir með Deborah Smith þegar hún segir að það verði að fórna einu til að halda tryggð við annað. Í tilteknu bókmenntakerfi kann að vera ákveðin hefð fyrir því. Spurningin er hverju er fórnað og hvort það sé örugglega góð leið til þess að halda tryggð við „annað“; við vitum að stundum getur þurft að fara óvæntar leiðir til að ná jafngildi ef það er markmiðið. Við vitum líka að hér á árum áður var mun algengara að þýðendur færu frjállega með. Það reyndi ég sjálfur þegar ég þýddi smásöguna „Rip Van Winkle“ eftir Washington Irving sem áður hafði verið þýdd fyrir *Vikuna* rúmri hálfri öld fyrr. Í eldri þýðingunni var iðulega farið svo langt frá frumtexta að í nútímaskilningi teldist miklu frekar vera um að ræða endursögn en þýðingu.⁵⁷ Ekki kom fram hvort sagan hafði verið þýdd úr frummáli eða millimáli en vel get ég ímyndað mér að þýðandinn hafi ætlað sér að færa sniðið á henni nær þeim frásagnarstíl sem Íslendingar voru vanir á þeim tíma – til að halda tryggð við „annað“. Ef þýðingin var unnin upp úr millimáli

55 Venuti, „From ‚Translation as Cultural Politics: Regimes of Domestication in English‘“, 546–547 og víðar.

56 *The Scandals of Translation*, 4–5.

57 Sjá grein mína og þýðingu í *Milli mála* 2021.

kann þýðandi millimálstextans að hafa hugsað á svipuðum nótum. Íslenski þýðandinn taldi sig eflaust vera að gera markhópnum greiða með því að færa þýðinguna nær viðmiðum hans. Þekkt er að lengi vel voru ljóð þýdd yfir á hið séríslenska fornyrðislag þó að bragarháttur frumtextans væri allt annar eins og dæmið um *Paradísarmissi* sýnir. Enn er heimfærsla stunduð í einhverjum mæli, t.d. er mælieiningum iðulega breytt sem og staðarnöfnum, auk þess sem þéringum er gjarnan snúið í þúanir. Sú algenga nálgun þýðenda að leitast við að ná fram áhrifafangildi felur síðan í sér óhjákvæmilega aðlögun að bókmenntakerfi markmálsins eins og áður greinir. Allt getur þetta haft afgerandi áhrif á það hvaða stefnu þýðandinn tekur og sá eða sú sem þýðir úr millimáli þarf að gera sér grein fyrir því um leið og viðkomandi hlýtur að laga þýðinguna úr millimálinu að einhverju leyti að sínum markhóp. Við þessu má á vissan hátt bregðast með því að hafa þýðingar á öðrum millimálum til hliðsjónar, þó að það geti reyndar skapað önnur vandamál í leiðinni.

Þegar öll kurl koma til grafar verður seint fram hjá því komist að millimálsþýðing er þýðing á þýðingu. Þar með eru fleiri tungumál komin til sögunnar, vegalengdin frá upprunalega textanum orðin meiri, og hvort sem okkur líkar betur eða verr flytur hvert tungumál með sér sinn menningarheim sem hefur margslungin áhrif á þýðingarferlið og það á báðum endum. Þau áhrif geta flækst fyrir enda þarf þýðandi að lifa sig inn í heim sögunnar sem glímt er við.⁵⁸ Þetta hefur aftur orðið til þess að víða á Norðurlöndum hafa þýðingarsjóðir neitað að styrkja slíkar útgáfur.⁵⁹ Ef sú yrði raunin hér færum við á mis við bókmenntaverk frá ótal löndum, m.a.s. Evrópulöndum. Við eigum ekki einu sinni fólk sem er þjáfað í að þýða bókmennta-texta af sumum af fjöltöludustu málum heimsins, hvað þá hinum. Meðan svo er auðga þýðingar úr millimálum bókmenntir okkar og veita okkur innsýn í marga menningarheima sem ella hefðu legið óbættir hjá garði. Það er heldur ekki sjálfgefið að þær skili einkennum upprunalega textans verr en beinar þýðingar og auðvitað geta þær verið og eru oft þrýðileg bókmenntaverk sé tekið mið af millimálsþýðingunni sem lá til grundvallar.

58 Lydia Davis, rithöfundur og þýðandi, ræðir þessa innlifun í ritgerðinni „Twenty-One Pleasures of Translating (and a Silver Lining)“, *Essays Two*, 11.

59 Alvstad, „Arguing for indirect translations in twenty-first-century Scandinavia“, 150.

HEIMILDIR

- Alvstad, Cecilia. „Arguing for indirect translations in twenty-first-century Scandinavia“. *Translation Studies*, 10:2, (2017): 150–165.
<https://www.tandfonline.com/doi/pdf/10.1080/14781700.2017.1286254?needAccess=true>
- Armitstead, Claire. „Lost in (mis)translation? English take on Korean novel has Critics up in arms“. *The Guardian*, 15. janúar, (2018).
<https://www.theguardian.com/books/booksblog/2018/jan/15/lost-in-mistranslation-english-take-on-korean-novel-has-critics-up-in-arms>
- Ástráður Eysteinnsson. *Tvímæli – þýðingar og bókmenntir*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun/Háskólaútgáfan, 1996.
- Ástráður Eysteinnsson. „Þjóðráð: Formáli að ritgerð um *Paradísarmissi*“. *Jón á Bægisá* 1. tbl. (1994): 10–21.
- Baker, Mona og Gabriela Saldanha, ritstj. *Routledge Encyclopedia of Translation studies*, 2. útg. London og New York: Routledge, 2011.
- Bandi. *The Accusation*. Deborah Smith þýddi. London: Serpent’s Tail, 2017.
- Bandi. *Sakfelling*. Ingunn Ásdísardóttir þýddi. Reykjavík: Angústúra, 2018.
- Benjamin, Walter. „Verkefni þýðandans“. Ástráður Eysteinnsson þýddi. *Fagurfræði og miðlun 185–201*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008.
- Davis, Lydia. *Essays Two*. New York: Farrar, Straus and Giroux, 2021.
- Demidov, Natalia. „Rússneskur kveðskapur á Íslandi“. *Milli mála* 6, (2014): 185–195. <https://timarit.is/page/6326204?iabr=on#page/n175/mode/2up/search/milli>
- Doo, Romy. „‘The Vegetarian’ translator speaks out“. *The Korea Herald*, 15. júní, (2016). <http://www.koreaherald.com/view.php?ud=20160615001082>
- Fan, Jiayang. „Han Kang and the Complexity of Translation“. *The New Yorker Magazine* 27. mars, (2022). <https://www.newyorker.com/magazine/2018/01/15/han-kang-and-the-complexity-of-translation>
- Håkanson, Nils. *Dolda gudar – en bok om allt som inte går förlorat i en översättning*. [Útgáfustaður ekki tilgreindur] Nirstedt/Litteratur, 2021.
- Halldór Guðmundsson. *Halldór Laxness – Ævisaga*. Reykjavík: JPV útgáfa, 2004.
- Heilbron, Johan. „Towards a Sociology of Translation: Book Translations as a Cultural World-System“. *European Journal of Social Theory*, nr. 2 (4) (1991): 429–444. https://www.researchgate.net/publication/275485831_Towards_a_Sociology_of_Translation_Book_Translation_as_a_Cultural_World-System
- Helgi Hálfdanarson. *Grískir harmleikir*. Reykjavík: Mál og menning, 1990.
- Irving, Washington. „Rip Van Winkle – Eftirlátin skrif Diedrichs Knickerbrockers“. *Milli mála* 2021: 268–284. <http://millimala.hi.is/wp-content/uploads/2022/01/2021-13-Washington-Irving.pdf>
- Ivaska, Laura og Outi Paloposki. „Attitudes towards indirect translation in Finland and translators’ strategies: Compilative and collaborative translation“. *Translation Studies* 11 (1) (2018): 33–46. <https://doi.org/10.1080/14781700.2017.1399819>

- Jón Karl Helgason. *The Rewriting of Njáls Saga: Translation, Ideology and Icelandic Sagas*. Clevedon, Buffalo, Toronto, Sydney: Multilingual Matters Ltd., 1999.
- Lefevere, André. *Þýðingar, endurritun og bagræðing bókmenntaarfsins*. María Vigdís Kristjánsdóttir þýddi. Reykjavík: Þýðingasetur Háskóla Íslands, 2013.
- Li, Wenjie. „The Complexity of Indirect Translation: Reflections on the Chinese Translation and Reception of H. C. Andersen’s Tales“. *Orbis Litterarum* 72 (3) (2017): 181–208.
- McIntyre, Fiona. „Students lose interest in modern foreign language degrees“. *Research Professional News*. 4. feb., (2021).
<https://www.researchprofessionalnews.com/rr-he-student-trends-2021-2-students-lose-interest-in-modern-foreign-language-degrees/>
- Milton, John. *Paradise Lost*. New York: Holt, Rinehart and Winston, 1951.
- Milton, John. *Paradísar missir*. Jón Þorláksson þýddi. [Útgefanda ekki getið]: Kaupmannahöfn, 1828. <https://baekur.is/bok/000272009/0/126/Paradisarmissir#page/n125/mode/2up>
- Parks, Tim. „Raw and Cooked“. *The New York Review*, 20. júní, (2016). <https://www.nybooks.com/daily/2016/06/20/raw-and-cooked-translation-why-the-vegetarian-wins/>
- Reiss, Katharina. *Translation Criticism – The Potentials & Limitations*. Erroll F. Rhodes þýddi. Manchester: Jerome Publishing, 2000.
- Ringmar, Martin. (2006). „Roundabout Routes”: Some remarks on indirect translations“. *Selected Paper of the CETRA Research Seminar in Translation Studies 2006*. Leuven: Katholieke Universiteit Leuven, 2007. <https://www.arts.kuleuven.be/cetra/papers/files/ringmar.pdf>
- Rosa, Alexandra Assis, H. Pieta, og R. B. Maia. „Theoretical, methodological and terminological issues regarding indirect translation: An overview“. *Translation Studies*, 10:2, (2017): 113–132.
- Rúnar Helgi Vignisson, Kristín Guðrún Jónsdóttir og Jón Karl Helgason, ritstj. *Smásögur heimsins – Asía og Eyjaálfa*. Reykjavík: Bjartur, 2018.
- Rúnar Helgi Vignisson. „Rip Van Winkle og Washington Irving“. *Milli mála*, 2021: 263–267. <http://millimala.hi.is/wp-content/uploads/2022/01/2021-12-Ru%CC%81nar-Helgi-Vignisson.pdf>
- Rúnar Helgi Vignisson. „Svigrúm þýðandans – með hliðsjón af þýðingum á verkum J. M. Coetzee“. Whelpton, Matthew, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, M. Regal, ritstj. *An Intimacy of Words / Innileiki orðanna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2015.
- Spirk, Jaroslav. *Censorship, Indirect Translations and Non-translation: The (fateful) Adventures of Czech Literature in 20th-century Portugal*. Newcastle-upon-Tyne: Cambridge Scholars Publisher, 2014. <https://ebookcentral.proquest.com/lib/landsbokasafn/reader.action?docID=1790901>
- Tammatsjót, Atsiri. „Á vatnsborðinu um náttmál“. Hjörleifur Jónsson þýddi. Rúnar Helgi Vignisson, Kristín Guðrún Jónsdóttir, Jón Karl Helgason, ritstj. *Smásögur heimsins – Asía og Eyjaálfa*. Reykjavík: Bjartur, 2018.
- Thammachot, Ussiri. „Nightfall on the Waterway“. Chamnongsri L. Rutnin þýddi.

- Thai P.E.N. Anthology of Short Stories and Poems of Social Consciousness*. [Útgáfustaður ekki tilgreindur]: Thai Center, 1984.
- UNESCO's Index Translationum. http://portal.unesco.org/culture/en/ev.php-URL_ID=7810&URL_DO=DO_TOPIC&URL_SECTION=201.html. Skoðað 7.7. 2022.
- Venuti, Lawrence. *The Scandals of Translation – Towards an ethics of difference*. London og New York: Routledge, 1998.
- Venuti, Lawrence. „From ‘Translation as Cultural Politics: Regimes of Domestication in English’“. Weissbort, Daniel og Ástráður Eysteinnsson, ritstj. *Translation – Theory and Practice: A Historical Reader*, 546–557. Oxford: Oxford University Press, 2006.
- Venuti, Lawrence. *The Translator's Invisibility: A history of translation*. London og New York: Routledge, 2005 [1995].
- Washbourne, Kelly. „Nonlinear narratives: Paths of Indirect and Relay Translation“. *Translators' Journal*, 58. bindi, nr. 3. (2013): 608–609.
- Woods, Michelle. „Original and Translation in the Czech Fiction of Milan Kundera“. *Translation and Literature*, 2001, 10. bindi, Nr. 2 (2001): 200–221. <https://www.jstor.org/stable/pdf/40339870.pdf>
- Yun, Charse. „How the bestseller ‘The Vegetarian,’ translated from Han Kang’s original, caused an uproar in South Korea“. 7.9.2017. <https://www.latimes.com/books/jacketcopy/la-ca-jc-korean-translation-20170922-story.html>

ÚTDRÁTTUR

Þegar þýtt er úr millimáli Neyðarbrauð eða nauðsyn?

Í viðmiðum UNESCO um þýðingar er ekki mælt með því að þýða úr millimáli, þ.e. að þýða þýðingu. Eigi að síður er það enn stundað víða um heim og telst enn vera ein af meginstöðum svokallaðra heimsbókmennta. Í greininni eru skoðaðar helstu ástæður þess að bókmenntatextar eru þýddir úr millimáli og nefnd dæmi um slíkar þýðingar, bæði íslenskar og erlendar. Þá er gerð grein fyrir þeim vanda sem við er að etja þegar þýtt er úr millimálum og því sem þýðendur þurfa helst að varast. Þar getur nálgun millipýðandans skipt miklu máli, s.s. hvort hann aðhyllist framandgerandi þýðingar eða heimfærslu. Að lokum er spurt hvort þýðingar úr millimálum séu réttlætanagerar enn í dag og er niðurstaða greinarhöfundar sú að þær séu óhjákvæmilegar í litlu málsamfélagi, eins og því íslenska, enda geti þær verið vel heppnaðar sem bókmenntaverk.

Lykilorð: þýðingar úr millimáli, bókmenntaþýðingar, þýðingarýni, áhrifafangildi, ráðandi staða ensku

ABSTRACT

**Indirect Translation:
A Necessity or a Last Resort?**

UNESCO recommends that as a general rule, translations should be made from the original work. Nonetheless, indirect translations, i.e., translations of translations, are still quite common around the world and count as one of the prerequisites of so-called world literature. In this paper, the main reasons for indirect translations are discussed and several translations of that sort are mentioned, Icelandic as well as international. The main focus of the article is, however, on the problematics of indirect translations, such as how the approach of the translator can shape the indirect translation and lead for instance to foreignization or domestication. Finally, the author asks whether indirect translations are justifiable in this day and age and comes to the conclusion that they are inevitable for small languages such as Icelandic. As literary texts they need not be inferior to direct translations either.

Molière¹

Það er mér sönn ánægja að fá tækifæri til að tala um Molière, sem er án efa merkasta gamanleikjaskáld Frakka og eitt af merkustu leikskáldum heimsbókmenntanna. Enn í dag þekkir hvert einasta grunnskólabarn í Frakklandi nafn hans. Vissulega hrakar þekkingu á klassískum höfundum í Frakklandi (þ.e. skáldum 17. aldar, eins og Molière sem fæddist árið 1622 og dó 1673). Ólíkt minni kynslóð, og kynslóðinni sem kom á undan mér, geta nemendur í efri bekkjum grunnskóla og í menntaskóla farið í gegnum námið án þess að lesa eina línu eftir Pierre Corneille eða Jean Racine, hin miklu harmleikjaskáld 17. aldar sem mynda, ásamt Molière, þríeyki hinna frönsku nýklassísku leikskálda. Aftur á móti hefur hver einasti nemandi lesið a.m.k. eitt atriði úr leikriti eftir Molière á námsferli sínum. Þessari stöðu deilir Molière með Jean de La Fontaine og dæmisögum hans.

Það er ekki erfitt að skilja hverju þetta sætir. Leikrit Molières vekja gleði sem tengist siðferðislegum sjónarmiðum á margslunginn hátt án þess að vera íþyngjandi. Það á líka við um dæmisögur La Fontaine. Leikverk Molières eru auk þess innbyrðis afar fjölbreytt. Þegar á 17. öld höfðu bókmenntafræðingar þeirra tíma greint og jafnvel stillt upp sem andstæðum a.m.k. þremur ólíkum gamanleikjahefðum sem hafa veitt skáldinu innblástur:

Fyrst er það farsinn eins og í leikritinu *Les Fourberies de Scapin* (*Hrekkjabrógð Scapins*) þar sem húsbóndi einn er hýddur af þjóni sem lætur sem hann beri ekki kennsl á hann. Þessi tegund gamanleikja

1 Erindi þetta var flutt þann 12. október 2022 á málþinginu „Molière í 400 ár“ sem haldið var í tilefni þess að 400 ár voru liðin frá fæðingu franska leikskáldsins Molière (1622-1673). Málþingið var skipulagt í samvinnu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Þjóðleikhússins og franska sendiráðsins á Íslandi

á rætur að rekja til latneska leikskáldsins Plautusar. Hún naut sín í franska farsanum, sem var vinsæl leikhefð á 17. öld, og í *commedia dell'arte*-leiksýningum.

Þá kemur gamanleikja-ballettinn (*comédie-ballet*), leikritaform sem Molière fann upp árið 1661 til að skemmta konunginum og hirð hans á hátíðum sem haldnar voru við hirðina. Leikinn söguþráðurinn er brotinn upp með tónlistaratriðum og dansi sem leikpersónurnar ýmist horfa á eða taka þátt í.

Að lokum eru það skapgerðargamanleikirnir (*comédie de caractère*), sem voru einnig nýtt leikform úr smiðju Molières. Þeir hverfast í kringum eina persónu (eða hóp persóna eins og í *Les Précieuses Ridicules* eða Broddlóurnar broslegu, 1659) og þann skapgerðarbrest sem hún er látin standa fyrir. Í þessum verkum fylgir Molière lærðum skilgreiningum á leiklist sem eiga rætur að rekja í rit um skáldskaparfræði. Gamanleikir sýna lesti venjulegs fólks, þeir bregða upp mynd af þeim í einkalífinu til þess að áhorfendur geti skoðað þá og leiðrétt sömu lesti í eigin fari. Siðferðilegur og samfélagslegur ávinningur er það sem stefnt er að. Gamanleikir eru því eins konar siðgæðisdómstóll og hlátur áhorfenda er sú refsing sem þeir uppskera sem gerast sekir um löstinn sem fjallað er um. Hugmyndin er að áhorfendur séu þannig hvattir til að gerast „heiðarlegt fólk“ og þannig er gamanleikurinn framlag til reglu í samfélaginu. Þetta kann að sæta furðu því mörg leikrita Molières ollu hneyksli. Andstæðingar þeirra mátu þau svo að þau væru ógn við samfélagið. Víkjum að því síðar.

Ólíkt skapgerðargamanleikjunum snúast farsarnir um að vekja hlátur án þess að á þeim hvíli krafa um samfélagslegan ávinning. Þeir eru þekktir fyrir að falla lýðnum í geð. Þeim er ekki gert að lúta lögmálinu um trúverðugleika á leiksviði og það er ekki ætlast til að þeir séu speglar samtímans. Þeir geta verið grimmilegir og enda ekki alltaf vel út frá siðferðislegu sjónarmiði. Þannig er með leikritið *George Dandin*, þar sem aðalpersónan, hinn auðugi bóndi George Dandin, hefur kvænst ungri, fátækri stúlku af aðalsættum í þeirri von að hljóta sjálfur aðalstign. Honum mistekst að sanna fyrir tengdforeldrum sínum að eiginkona hans sé honum ótrú vegna þess að þau eru bæði hrokafull og þröngsýn. Þau vildu hann sem tengdason vegna auðæfa hans en líta í raun niður á hann. Í lok leikritsins er ekki útséð um að hann taki eigið líf í örvæntingu sinni.

Gamanleikja-ballettarnir voru ætlaðir konunginum og hirð hans sem er hin fullkomna andstæða við áhorfendahóp farsanna. Þó var þeim sannarlega og ekki síður ætlaði að vekja kátínu. Munurinn á milli innblásturs farsans og innblásturs gamanleikja-ballettanna er reyndar ekki alltaf jafn greinilegur og ætla mætti.

Hins vegar er mikill munur á skapgerðargamanleikjunum, sem ritaðir voru í bundnu máli, og prósagamanleikjunum, sem voru skrifaðir á hröðu og óformlegu máli. Þeir fyrrnefndu eru fremur óaðgengilegir í dag eins og allur texti í bundnu máli frá 17. öld. Þeir síðarnefndu státa af ómótstæðilega fyndnum atriðum, sem svipar mikið til farsanna. Þeir eru því mjög aðgengilegir og eru ritaðir á fallegu og blæbrigðaríku máli og eru auk þess fullir af orðaleikjum og leikjum með tungumálið (golfrönsku). Sem kennslutæki eru þessir textar gullnáma. Þar sem skopið í þeim byggir gjarna á hreyfingum og endurtekningum eru þeir sérlega vel fallnir til leikrænnar tjáningar. Þeir gera kennurum kleift að laga sig að ólíkum aðstæðum í kennslu og leggja fyrir nemendur af öllum þjóðfélagsstigum auðskilda en þó krefjandi texta. Og þar sem Molière er mikið leikinn í frönskum leikhúsum er auðvelt að fara með nemendur á leiksýningu í tengslum við kennsluna.

Burtséð frá námi og kennslu hafa leikrit Molières óumdeilda menningarlega þýðingu í Frakklandi, án efa til langframa. Frönsk tunga er stundum kölluð „tungumál Molières“, kannski vegna þess að Molière átti það til að nota ólík málsnið og fjölbreytilegan orðaförða í verkum sínum. Það er gaman að geta þess að hann lék sér mikið með erlend tungumál, raunveruleg og uppspunnin, sem og latínuskotið mál menningarvitanna. Þess utan hafa nöfn ýmissa leikpersóna Molières orðið að samnöfnum yfir viðkomandi lesti. Talað er um „Harpagon“ þegar átt er við fégráðugan mann, en það er nafn nirfilsins í *Aurasálinni*. Talað er um „Don Juan“ þegar átt er við flagara sem safnar véluðum konum. Í því tilfelli var Molière undir áhrifum frá öðrum höfundum, ekki síst spænska leikskáldinu Tirso de Molina sem fyrstur setti á svið goðsögnina um Don Juan árið 1630. Að sjálfsögðu varð ópera Mozarts til þess að breiða út um alla Evrópu ímynd persónu gerandans, kaldhæðins og hrifandi. En fyrir flesta Frakka er Don Juan fyrst og fremst persóna í leikriti Molières. Og það má til sanns vegar færa að sérkenni Don Juans í meðförum

Molières er tungumálið. Hann blekkir ekki aðeins konur, hann blekkir alla með snilldarlegu orðfæri sínu. Þjónn hans, Sganarelle, er sá eini sem hann fær ekki blekkt. Don Juan sýnir honum siðleysi sitt bæði í hátterni og hugsun, siðleysi sem hann tjáir af svo mikilli andans list að það vegur að grunnstoðum heilbrigðrar skynsemi. Samskipti hans við Sganarelle, leikpersónu af alþýðuættum, sem fær mikið vægi í leikriti Molières, eru því háalvarleg og skopleg í senn.

Einnig er stundum talað um „Herra Purgon“² eða „Diafoirus“³ þegar átt er við fávísan lækni sem er líklegri til þess að gera út af við sjúkling heldur en að lækna hann. Þá er hægt að líkja sumum hversdagslegum atvikum við fræg atriði úr leikritum Molières. Dæmi um þetta er herra Jourdain í *Le Bourgeois gentilhomme* (Uppskafningurinn) sem verður yfir sig hrifinn þegar það rennur upp fyrir honum að hann tjáir sig í óbundnu máli. Herra Jourdain er maður af borgarastétt sem hefur komist í álnir og reynir að líkjast aðlinum með því að herma í einu og öllu eftir aðalsmönnum við hirðina. Hann er þó meðvitaður um fáfræði sína og verður sér úti um einkatíma í heimspeki. Lærimeistarinn kennir honum nokkur undirstöðuatriði í málfræði og upplýsir hann sem sagt um að hann tjái sig í óbundnu máli þegar hann talar. Þannig má segja „eins og lausamálið hans herra Jourdain“ til þess að gera gys að þeim sem uppgötvar einhverja almenna og augljósa þekkingu eins og um nýmæli væri að ræða.

Þessi eiginnöfn sem orðin eru að samnöfnum í franskrri menningu geta þó hindrað dýpri nálgun að leikritum Molières. Þegar talað er um að einhver sé „Tartuffe“ er átt við hræsna sem maður gæti freistast til að leggja traust sitt á þar sem hann gefur sig út fyrir að vera framúrskarandi vandaður maður. Þið munið að Tartuffe er trúmaður utan kirkjunnar sem kemur sér fyrir á heimili efnaðrar fjölskyldu af borgarastétt og heillar heimilisföðurinn, Orgon, með því að gera sér upp ákafa trúrækni. Hann tekur upp á því að „leiðbeina“ heimilisföðurnum (þ.e. stjórna honum) í þeim tilgangi að kvænast dóttur hans – og að lokum að hafa af honum aleiguna. Honum tekst ekki ætlunarverk sitt, en kemst þó nærri því þrátt fyrir rökstudd andmæli allra fjölskyldumeðlima Orgons. Það þarf íhlutun konungs-

2 Skáldað nafn dregið af sögninni *purger* sem þýðir að hreinsa, tæma eða láta laxera.

3 Skáldað nafn samsett úr nafnorðinu *diarrhée* sem þýðir niðurgangur og sögninni *foirer* sem er óformlegt málsnið og þýðir að klikka eða mistakast.

valdsins til að leiða málið til lykta á farsælan hátt. Gamanleikurinn, sem var ádeila á skinhelga menn, gaf tilefni til heiftarlegrar ritdeilu og Molière var sakaður um að gera atlögu að trúnni. Deilan gekk svo langt að andstæðingar leikskáldsins sáu til þess að leikritið var bannað. Tartuffe hermir eftir guðræknum tilfinningum og áhorfendur sjá illvirki hans með augum allra fjölskyldumeðlima Orgons. En hann hermir *mjög vel* eftir þeim – of vel. Vissulega *skrökvar* hann, en hann skrökvar á þann hátt að það er erfitt að heyra ekki í máli hans orðræðu trúrækinna manna – sem var einmitt það sem olli hneyksli.

Bókmenntafræðingar hafa lengi séð að *Tartuffe* – eins og sumir aðrir gamanleikir Molières – jaðrar við harmleik. Skapgerð aðalpersónunnar tengist skapgerð heimilisföðurins, Orgons, sem er bókstaflega dáleiddur af Tartuffe, næstum því ástfanginn, og þar með mætti segja að samband hans við Guð einkenndist af eins konar skurðgoðadýrkun. Orgon elskar Guð í öllu því jarðneska er Tartuffe viðkemur og telur það vera rétta leið til frelsunar.

Árið 1995 kom hin merka leikstýra Ariane Mnouchkine með sína túlkun á gamanleiknum og hún lagði ekki höfuðáherslu á hræsnina í fari Tartuffe. Í hennar meðförum var Tartuffe ekki að öllu leyti „*tartuffé*“. Hann var klæddur í trúarlegan, svartan kufl sem tengja mátti hvort heldur gyðingdómi, kristni eða íslamstrú. Þannig varð leikpersónan á sviðinu holdgervingur ólíkra öfgatrúarhópa. Fyrst og fremst virtist Tartuffe raunverulega einlægur í trúarlegri orðræðunni. Hann beitti blekkingum *vegna þess að hann trúði á málstaðinn* og var því ljóslifandi dæmi um máltakið sem kveður á um að tilgangurinn helgi meðalið. Í þessu tilfalli var tilgangurinn ekki persónulegur heldur markmið stjórnmalalegs og trúarlegs hóps sem vinnur á bak við tjöldin eins og strangkapólska leynifélagið *la Compagnie du Saint-Sacrement* gerði á 17. öld. Molière beindi gagnrýni sinni að honum. Í leikstjórn Ariane Mnouchkine runnu lygar Tartuffes saman við trúarhitann. Leikpersónan holdgerði því öfgatrú og ofstækistrúarmann, fremur en skinheilagan hræsnara. Í uppsetningu hennar var Tartuffe sannarlega guðrækinn maður sem setti trúarlegan siðaboðskap ofar venjulegu siðgæði. Fyrir honum var allt leyfilegt svo að flokkur Guðs mætti sigra. Þegar Orgon sannfærðist loks um að Tartuffe væri að gera hosur sínar grænar fyrir eiginkonu sinni mátti leggja bókstaflegan skilning í sjálfsásökun Tartuffes. Áhorfendur gátu trúað því að hann viðurkenndi synd sína, að hann hefði misst fótanna í ástar-

þránni í trássi við trúna. Það sem var stórkostlegt í þessari harmrænu og ógnvekjandi túlkun á gamanleik Molières var að ekki þurfti að aðlaga textann á neinn hátt. Öll orðin hljómuðu nákvæmlega rétt.

Þetta rennir stöðum undir hið algilda í leikritum Molières, sem mikið hefur verið rætt um og ritað. Þó virðist mér nærri lagi að draga fram sveigjanleika Molières. Allar aðstæður sem hann tekur fyrir eru leikrænar. Fyrir honum, eins og fyrir mörgum samtímamönnum hans, er „heimurinn leikhús“. Shakespeare valdi þetta stóíska spakmæli úr fornöld einnig sem sín kjörorð. Og leikhúsið sjálft, og ekki síst gamanleikurinn, er auðvitað sá vettvangur sem hentar best til að sýna fram á hið leikræna í mannlegum samskiptum, til að sýna að heimurinn sé leikhús. Molière tengdi þessi tvö „leikhús“ með sinni skörpu sýn á þau álitamál sem voru í deigluinni. Hann var fræðandi án þess að vera þunglamalegur og bjó yfir stórkostlegu hugmyndaflugi og sköpunarkrafti. Hann lék sér ávallt að því að umturna aðstæðum og spegla þær með leikþáttum inni í ramma leikritsins, blanda saman grafalvarlegum tónum og leikandi léttum og flétta raunsæi inn í hina mestu fantasíu.

Líf Molières var sjálft eins konar allsherjar leikhúsgjörningur. Hann var leikari og lék bæði í harmleikjum og gamanleikjum. Samtímamenn hans voru sammála um að hann nyti sín ekki í harmleikjunum, hins vegar virðist hann hafa verið stórkostlegur gamanleikari. Hann notaði stundum grímur, eins og ítölsku leikararnir gerðu gjarna á þeim tíma, og lét leikarana í leikhópnum sínum leika með grímur, ekki síst til að túlka lækna (læknirinn er ein týpan í persónugalleríi *commedia dell'arte*-leikhefðarinnar). Hann gat líka ýkt andlitsdrætti sína eins og hann væri með grímu, gefið andliti sínu hvaða svip sem var og breytt honum á örskotsstundu, og hann hikaði ekki við að ranghvolfa í sér augunum. Hann var jafn flinkur og loftfímleikamaður. Hann stjórnaði leikhópnum og var leikstjóri. Hann lagði mikla áherslu á búninga og leikmynd og stjórnaði tjáningu hvers og eins leikara af mikilli nákvæmni. Það kom þó ekki í veg fyrir að hann gæfi þeim svigrúm fyrir spuna. Hann var vís til að spinna við sinn eigin texta á leiksýningu ef áhorfendahópurinn gaf tilefni til slíks.

Gamanleikir hans sækja í allar leiklistarhefðir og spila með allar skáldskaparfræðilegar reglur þeirra tíma. Stóru gamanleikirnir hans

lúta hinum frægu reglum frönsku nýklassíkurinnar um einingarnar þrjár (einingu í tíma, rúmi og atburðarás). Þeir lúta einnig kröfunni um trúverðuga framsetningu leiksýningarinnar. Þessi regla, sem á rætur að rekja til Aristótelesar, felur í sér að áhorfendur eiga að geta gleymt stað og stund. Þeir eiga að trúá, eða geta trúað, að þeir séu vitni að raunverulegum atburðum. Leiksviðið og áhorfendasalurinn eru, samkvæmt þessari hefð, ekki raunverulega aðskilin. Það er eins og leikararnir viti ekki af því að verið sé að horfa á þá, rétt eins og hinu raunverulega lífi er lifað án þess að nokkur sé að fylgjast með. Molière lék sér að þessari forskrift á ýmsan hátt og átti það til að gera áhorfendur að þátttakendum í leiksýningunum. Í leikritinu *Les Femmes savantes* (Lærðu konurnar) gerir Molière gys að þekktum monthana að nafni Cotin sem varð fyrirmynd leikpersónunnar Trissotin í gamanleiknum. Ljóð eftir Cotin sjálfan var lesið upp á sviðinu til þess eins að vera gert að athlægi. Annað dæmi um hvernig skilin milli leiksviðsins og raunveruleikans renna saman er að finna í *Aurasálinni*. Þegar Harpagon uppgötvar að fjárkistli hans, sem hann hafði falið í garðinum, hefur verið stolið, kemur hann á sviðið, viti sínu fjær af reiði og örvæntingu. Í einræðu sinni talar hann til áhorfenda og þykist sjá í þeim þjófinn. Svo vísar hann í hláturinn sem hann heyrir í áhorfendasalnum.

Mikið hefur verið rætt og ritað um þetta atriði, og strax á 18. öld var það orðið skýrasta skólabókardæmið um það þegar rammi innra heims leikhússins er brotinn upp. Það sem mér persónulega finnst vera svimandi tilhugsun er sú skelfilega áskorun sem þetta atriði er fyrir leikarann sem leikur Harpagon – sem var upphaflega Molière sjálfur. Leikarinn verður að leika þannig að áhorfendur hlæi, annars fellur textinn um sjálfan sig! Hver einasti leikari sem tekst á við þetta hlutverk hlýtur að finna anda Molières líða hjá þegar hann fer með þetta eintal, sem er auðvitað prófsteinn á list leikarans.

Að lokum var Molière höfundur að atvinnu, sem var langt frá því að vera sjálfsagður hlutur fyrir leikskáld þeirra tíma. Hann lagði mikla alúð við útgáfu leikrita sinna, eins og sjá má af formálunum sem hann skrifaði. Hann gaf út leikrit sín, var meðvitaður um mikilvægi hins ritaða orðs og vildi ná til sem flestra með því að bæta lesendum við áhorfendahópinn, í þeirri von að ná til komandi kynslóða. Það ætlunarverk hefur honum sannarlega tekist.

Leikhúsmannsins Molières er einnig minnst fyrir að deyja næstum því á leiksviðinu þegar hann var að túlka sötthrædda manninn, Argan, í síðasta gamanleik sínum, *Ímyndunarveikinni*. Í því leikriti er að finna vísanir í hans eigin persónu og heilsuleysi í svimandi samtali við áhorfendur. Merki um vægi Molières sem holdgervings hins lifandi leikhúss í öllum sínum víddum er að hægindastóll hins sötthrædda, hægindastóllinn sem Molière sat í á síðustu leiksyningu sinni, er orðinn eins konar helgigripur. Hann er tekinn fram og látinn standa á leiksviðinu í helsta leikhúsi Frakka, *la Comédie française*, á hverju ári á afmælisdegi Molières.

Þá vík ég aftur að þeirri spurningu sem ég lét ósvarað hér áðan. Hvernig má það vera að Molière, sem sagðist fylgja þeirri skilgreiningu að leikhúsværur væru siðferðileg bókmenntagrein í þágu almannaheilla, hafi orðið skotspónn biturra ritdeilna? Hvernig var hægt að ásaka hann um siðleysi, vega að æru hans og persónulegu lífi? Hvers vegna voru sum leikrita hans bönnuð eða harðlega gagnrýnd?

Í fyrsta lagi má nefna að á 17. öld ríkti ákveðinn virðingarstigi innan leikbókmenntagreinanna. Í því kerfi er harmleikurinn æðsta formið og setur á svið konunga og prinsna. Hann dregur upp mynd af ríkishagsmunum af pólitískum og trúarlegum toga og af háleitum ástríðum eins og ástinni sem í harmleiknum er gædd andlegu inntaki. Gamanleikurinn er óæðra form og fjallar um venjulega þjóðfélagslega hagsmuni, þ.m.t. ástir og kynlíf. Leikpersónur gamanleikjanna eru úr röðum „alþýðunnar“: sveitafólk og fólk úr borgarastétt, þ.e. fólk sem ekki er aðalsættar. Á milli harmleikjanna og gamanleikjanna í virðingarstiganum var tragi-komedían en hún setur á svið ástríður kónaga og prinsna án þess þó að ríkishagsmunir séu í húfi í leikritinu.

Á fyrri hluta 17. aldar hafði leikskáldið Pierre Corneille auk þess lyft gamanleiknum á æðra plan. Í gamanleikjum hans hverfist söguþráðurinn um ástir fólks af aðalsættum eða því sem næst, heidursfólk, kannski úr stétt embættismannaaðalsins, eða góðborgara úr nánasta umhverfi aðalsins. Gamanleikir Corneilles voru ekki ætlaðir til þess að vekja hlátur og það er einnig þess vegna sem þeir eru á miðjum virðingarskala leikbókmenntagreinanna. Því hláturinn þótti lítilmótlegur og tilheyra alþýðumenningu. Þó máttu aðallinn og konungurinn hlæja en þeirra hlátur beindist einmitt að *alþýðunni*.

Molière fann upp gamanleiki sem gjörbyltu þessum greinarmun. Annars vegar setti hann hvorki á svið konunga né prinsu heldur staðsetti leikpersónur gamanleikja sinna (sem skilgreiningunni samkvæmt einkennast af löstum) ofar í þjóðfélagsstiganum, þ.e. sumir gamanleikir hans, t.d. *Mannbatarinn*, sýna persónur sem lifa og hrærast við hirðina. Don Juan er tigginn aðalsmaður og hagar sér sem slíkur en þjónn hans segir hann vera „tigginn herra, vondan mann“! Mascarille, í leikritinu *Les Précieuses ridicules*, er vissulega ekki nema þjónn sem gefur sig út fyrir að vera markgreifi og samkvæmisljón – en honum ferst það vel úr hendi, svo vel að gamanleikurinn umsnýst og fer út í það að vera háðsádeila á markgreifa í samkvæmislífinu. Svipað er hægt að segja um sjálfumglæða eftirlíkingu herra Jourdain á aðlinum í *Le Bourgeois gentilhomme*. Þarna er ekki farið mjúkum höndum um aðalinn heldur er hann gagnrýndur og gert að honum grín. Molière setur einnig á svið lögmenn, sem voru því sem næst opinberir embættismenn, lækna og jafnvel lækna konungs. Hann setur ekki á svið biskupa eða kardínála – en Tartuffe er næstum því kirkjunnar maður. Í stuttu máli sagt færa þessar leikpersónur áhorfendur nær hinu opinbera sviði þjóðfélagsins og þá fyrst og fremst hirðinni. Aðalsmaður við hirðina þurfti nefnilega að leika hlutverk á svipaðan hátt og sviðslistamaður því honum bar að fylgja ákveðnum reglum í framkomu sinni gagnvart konunginum. Þó er hið opinbera, samkvæmt skáldskaparfræðinni, ekki viðfang gamanleiksins heldur harmleiksins.

Hins vegar notar Molière fjölbreytt málsnið og ritstíl. Viss tilsvör – t.d. þegar Alsest í *Mannbatanum* tjáir afbrýði sína – eru þess eðlis að halda mætti að þau væru eintöl úr raunverulegum harmleikjum, ef þau væru tekin úr samhengi. Þau vekja hlátur vegna þess að þau stinga í stúf við sambengið sem þau eru sögð í. En þetta er stæling á bókmenntastíl frekar en afskræming. Molière gerir í þessum tilvikum aðför að harmleiknum með því að sýna að hann sé falskur, uppskrúfaður og jafnvel yfirgengilegur.

Reyndar tengja leikrit hans hið háleita og hið lágkúrulega vegna þess að þau fjalla um kynlíf, en ekki endilega á niðrandi hátt. Í leikritinu *Les Femmes savantes* (Lærðu konurnar) er gert grín að Armande, sem býður við tilhugsuninni um kynlíf, en ekki að systur hennar sem langar til að ganga í hjónaband með öllu því líkamlega samneyti sem

það hefur í för með sér. Molière gaf konum mjög óvenjulegan sess í leikritum sínum, stöðu sem ekki hafði áður þekkt í gamanleikjum. Það var ekki með því að undirstrika rétt kvenna til að elska, því það var þekkt, heldur með því að sýna fram á rétt þeirra til að taka frumkvæði í ástum, til að hafa frelsi til að þróa.

Að lokum – og það var enn önnur leið til að lyfta gamanleiknum á æðra stig – fann Molière upp á nýrri típu af leikpersónu. Það er týpan sem hefur gaman af að skeggræða hlutina. Spekúlantinn sem veltir vöngum yfir álitatriðum vekur ekki hlátur áhorfenda heldur er röksemdafærslum hans ætlað að varpa ljósi á kjarna málsins. Spekúlantinn tengist oft persónu þjónustustúlku eða þjóns, ef það er þá ekki þjónustustúlkan sjálf eða þjónninn í leikritinu sem er holdgervingur skynseminnar, eins og til dæmis í *Hrekkjabrögðum Scapins*.

Molière víkkaði út umfang gamanleiksins á enn annan hátt, ekki beint niður á við heldur í átt að hinu *almenna*. Flestir lestirnir sem hann sýnir í verkum sínum jaðra við geðbilun. Mjög sértækir skapgerðareiginleikar eru uppmálaðir sem týpur (aurasálin, karlfauskurinn) og eru svo ýktir að það veldur óhug. Brjásemi Harpagons í *Aurasálinni* og Arnolphes í *L'École des femmes* (Eiginkvennaskólanum) er á köflum svo mikil að þeim liggur við óráði. Í þeim tilfellum tengist hlátur áhorfenda ekki lengur bara skrípalátum. Hægt er að finna til með leikpersónunum í þjáningu þeirra og örvæntingu. Það er jafnvel hægt að hugsa sér að tónar í brjásemi þeirra geti allt í einu birst hverjum og einum áhorfanda sem gamalkunnugt stef, af ástæðum sem þá eina varðar.

Gamanleikir Molières finna alltaf það sem er algilt í mannlegum veruleika, handan við þjóðfélagsleg sérkenni. Uppskafningurinn og hinn ímyndunarveiki eru eins og hluti af frumbersku okkar allra. Þeir þróa hið ómögulega og enda á því að trúá einhverjum skáldskap sem fær þá til að ímynda sér að þeir geti allt. Sú staðreynd að bæði leikritin, *Le Bourgeois gentilhomme* og *Ímyndunarveikin*, eru gamanleikjallettar styrkir hugmyndina um þennan sameiginlega reynsluheim. Dansatriðin sem skotið er inn í gamanleikina setja alla þá sem þeirra njóta á sama stall: áhorfendur *jafnt* sem aðrar leikpersónur á sviðinu.

Mig langar að lokum til að minnst á nýlega tilgátu sem bókmenntafræðingurinn Georges Forestier hefur varpað fram. Hann dregur í efa atriði um líf Molières sem allir ævisöguritarar hans

hafa hingað til haldið á lofti: að hann hefði verið veikur þegar hann skrifaði og setti upp *Ímyndunarveikina*. Ég hef alls staðar lesið að Molière hafi verið sárþjáður og að dauða kominn – dauða sem bar að þegar hann var á sviðinu á fjórðu sýningu á gamanleiknum. Georges Forestier telur þetta ekki vera rétt. Hann skrifar: „Molière dó fyrir slysi úr fylgikvillum umgangspæstar.“⁴

Það sem hann hefur fyrir sér í þessu eru fyrst og fremst vitnisburðir samtímamanna. Hann teflir þeim á móti öðrum vitnisburðum sem ævisöguritararnir höfðu hingað til byggt sögu sína á. Niðurstaða hans er að Molière hafi ekki verið „oftar veikur en samtímamenn hans, á tímum þar sem hinn minnsti hiti, ef maður slapp lifandi frá honum, kostaði margar vikur af rúmlegu“.⁵ George Forestier telur sig þannig hafa rifið niður grímu, afhjúpað godsögu. En ég er ekki sannfærð.

„Hinn minnsti hiti“, „margar vikur af rúmlegu“? Þessi staðhæfing þolir enga rýni. Þó ekki sé tekið nema eitt dæmi: Hermaður á stríðsvellinum barðist jafnvel þótt hann væri veikur – og aðalsmenn vörðu a.m.k. helmingi ævinnar á stríðsvellinum.

Skilin milli veikinda og heilsu voru í raun mjög óljós. Þetta þýðir að enginn vitnisburður gat verið óumdeilanlegur á þessum tíma og það af tveimur ólíkum ástæðum. Annars vegar brugðu menn veikindum iðulega fyrir sig til að koma sér hjá því að fara í heimsókn, í veislu eða hitta ákveðinn aðila. Allir vissu að veikindi voru oft uppgerð en fyrst svo auðvelt var að grípa til þeirra hlýtur það að þýða að þau gátu verið meinlaus og einkenni þeirra óljós. Á sama tíma var fólk oft veikt, og jafnvel mjög veikt, og hvaða sjúkdómseinkenni sem var gat táknad upphafið að endalokunum. Afleiðingar veikinda voru ófyrirsjáanlegar. Það þýðir að fólk lifði í ævarandi ótta við að deyja á sviplegan og ófyrirsjáanlegan hátt. Það þýddi líka að ímyndunin var næstum því óumflýjanlegur fylgifiskur veikinda.

Að lokum gefa þau atriði þar sem Molière hæðist að læknum (sérstaklega í leikritunum *L'Amour médecin* eða Ástin læknar og *Monsieur de Pourceaugnac*) tvennt til kynna. Læknar voru ekki færir um að greina sjúkdóma og þess vegna var gert svo mikið grín að þeim og

4 Molière, *Œuvres complètes*, I–II, París, Gallimard, ritröð Bibliothèque de la Pléiade, ritstj. Georges Forestier, 2. bindi, 2010, bls. 1544.

5 Sama rit, bls. 1543.

þeim líkt við skottulækna. Þeim var einnig ofviða að hughreysta sjúklinginn. Orðræða þeirra virtist ekkert hafa með sjúkdómseinkennin að gera og það í sjálfu sér var mjög kvíðvænlegt. En samt leit-
 uðu menn til lækna því án þeirra voru veikindin enn uggvænlegri.

Það er óhætt að gera ráð fyrir því að Molière hafi verið veikur, án þess að veikindi hans hafi verið *óbyggjandi* – eins og gjarna vill verða. Við getum reiknað með að veikindi hans hafi ekki verið óbyggjandi, hvorki fyrir hann sjálfan né fyrir aðra, svo lengi sem hann stóð í báðar lappir. Molière tjáir í gamanleik sínum upplifun sem er augljóslega sönn. Ég læt mér nægja að minnast á 5. atriði í 3. þætti. Argan, eða öllu heldur Beralde mágur hans, í hans stað – hefur neitað að þiggja stólrípuna sem herra Fleurant lyfsali hafði tekið til handa honum og þar með hefur hann ekki hlýtt læknisráðum herra Purgon. Sá síðastnefndi stormar inn og upphefur eins konar læknisfræðilega bölvun, spáir fyrir Argan heilli flóðbylgju af banvænum sjúkdómum með ógnvænlegum nöfnum („*bradypepsie*“,⁶ „*dyspepsie*“,⁷ „*apepsie*“,⁸ „*lienterie*“,⁹ „*dysenterie*“,¹⁰ „*hydropisie*“¹¹) sem öll hafa endingu sem rímar við „sviptingu lífs“ („*privation de la vie*“). Spaugið í þessu atriði er ómótstæðilegt og byggir á svimandi hrynjandinni í uppspunanum, dauðadómnum og því hvernig hinn auðtrúa Argan brotnar niður og hrópar upp yfir sig: „Ó, góður Guð, ég er dáinn.“ Argan er sannarlega myndinn á leiksviðinu. En handan hins stórkostlega orðaflaums sem kemur okkur til að hlæja dátt að vitleysunni í honum gætum við hæglega fundið í okkur sjálfum óttann sem þessi sama brjálsemi gæti valdið okkur ef við værum ekki sett í aðstæður áhorfenda í heimi leikhússins. Það þyrfti ekki annað til en að verða, líkt og Argan, fyrir formælingum einhvers fulltrúa læknávisindanna. Við hlæjum að skottulækninum vegna þess að við horfum á hann utan frá, með gagnrýnum augum. En gamanleikurinn sýnir einnig starfsstéttina sem hefur líf og dauða í hendi sér – eins konar djöfullegt vald, holdgert innan samfélagsins.

Töfrandi og sláandi formælingin veldur ofsahræðslu hjá Argan en

6 Hæg melting.

7 Meltingartruflanir.

8 Parmalömun.

9 Iðrasótt.

10 Annað orð yfir iðrasótt.

11 Vatnssótt.

vekur hlátur hjá okkur. Hláturinn verður til þess að slíta okkur frá skelfingunni og „hreinna“ okkur af henni. Þannig getur gamanleikurinn framkallað tilfinningalega útrás (kaþarsis). Gamanleikurinn sjálfur er besti læknirinn.

Því þegar öllu er á botninn hvolft hefur þetta leikrit enn fremur þá sérstöðu að sýna á leiksviðinu áhrifin af þeirri tilfinningalegu útrás sem leikurinn hefur á Argan. Argan er alltaf jafn einfaldur og trúir því að dóttir hans sé dáiin þegar hún hrópar í þeim tilgangi að sleppa undan refsiprikinu: „Æ, pabbi, þú meiddir mig. Bíddu, ég er dáiin“ og svo „þykist þú vera dáiin“.¹² Síðar í leikritinu verður hann áhyggjufullur þegar þjónustustúlkan Toinette hvetur hann til að látast vera dáiinn til að sannreyna tilfinningarnar sem eiginkona hans ber til hans: „Er ekki hættulegt að þykjast vera dáiinn?“¹³ Argan lærir sem sagt að leika sér að dauðanum með því að leika dauðann.

Með þessum gamanleik framfylgir Molière þeirri grundvallarkenningu stóumanna að maður geti vanist dauðanum með því að hugsa um hann og þannig áunnið sér frelsi. Hann umturnar þráleitinni tilhugsuninni um dauðann með því að tengja martröðina og skelfinguna sem henni fylgir við þá vellíðan og gleði sem skapast með leiklistinni.

Hvað mig varðar, það sem ég heyri, það er hvernig Molière háði baráttu á landamærum lífs og dauða, gleði og ótta, þegar hann skrifaði *Ímyndunarveikina* – og það á þann ákafasta og hugmynda-ríkasta hátt sem hægt er að hugsa sér. Það er þessi barátta sem ævisöguritarar Molières vegsama þegar þeir leggja áherslu á hetjulega framgöngu leikarans sem lék hlutverk sitt bæði í andstöðu við og í nánú samneyti við eigin persónu, í leik sem enn í dag rýfur mörkin milli leiksviðs og áhorfendasalar, á fjórum leiksýningum áður en hann dó. Það er þessi barátta sem tilgáta Georges Forestier afneitar. En þá tilgátu er ekki hægt að sanna.

Guðrún Kristinsdóttir þýddi úr frönsku.

12 Sama rit, *Le malade imaginaire*, 2. þáttur, 8. atriði, bls. 687.

13 Sama rit, *Le malade imaginaire* (leikgerð frá árinu 1682), 3. þáttur, 11. atriði, bls. 737.

Blíður leitar Amor ljúfra söngva: Um Mímnermos

Um ævi forngríska skáldsins Mímnermosar er margt á huldu. Talið er að hann hafi fæðst á fyrri hluta 7. aldar fyrir okkar tímatal. Fornmenn vissu ekki sjálfir hvaðan hann var og eru þrjár borgir tilgreindar í heimildum sem fæðingarstaður hans en þær eru Kólofon, Smyrna og Astýpalaja (Fornaborg). Telja fræðimenn nú um mundir víst að hann hafi verið frá Smyrnu.

Smyrna átti í útistöðum við Lýdíumenn á 7. öld og virðist Mímnermos hafa í kvæðum sínum hvatt sitt fólk til dáða en jafnframt harmað að það hafi þurft undan að láta. Alýattes konungur í Lýdíu sat um borgina og lagði hana í rúst og bar hún ekki barr sitt eftir það. Frægari var þó Mímnermos fyrir ástarkvæði sín en tæpum sex öldum eftir hans dag bar rómverska skáldið Sextus Propertius (ca. 50–15 f.o.t.) hann saman við Hómer og sagði *plus in amore valet Mimnermi versus Homero; / carmina mansuetus lenia quaerit Amor* (I.9.9–10) eða „í ástinni er lína Mímnermosar Hómeri sterkari; / blíður leitar Amor ljúfra söngva“. Samtímamaður Propertiusar, skáldið Quintus Horatius Flaccus (65–8 f.o.t.), hafði Mímnermos einnig í metum sem höfund ástarkvæða og hafandi borið sjálfan sig saman við gríska skáldið Alkajos og Propertius við Kallímakkos bætti hann um betur og lagði til að Propertius mætti jafnvel kalla sig Mímnermos (*Epist.* II.2.100–102).

Kvæði Mímnermosar voru samin undir elegískum hætti (eða tregalagi) og eru meira og minna á sama skáldamáli og kvæði Hómers. Þau virðast annaðhvort hafa verið samin eða tekin saman í tvær bækur sem báru titlana *Smyrneis* eða *Smyrnukvæði* annars vegar

og hins vegar *Nanno*, en skáldið *Hermesianax* frá Kólofon (4. öld f.o.t.) upplýsir að *Nanno* hafi verið flautuleikari og ástkona skáldsins. Varðveitt brot bera aftur á móti engan vott um persónuleg ástar-kvæði en af þeim er ljóst að í kvæðum skáldsins kenndi ýmissa grasa.

Mímnermos

Um elli og æsku

Brot 1¹

Hvaða líf, hvaða unun er án gylltrar Afróditu?
Ég deyi! Þegar mér er ei lengur um þetta hugað,
launást og ljúfar gjafir og rekkju.
Þau æskunnar blóm eiga hug
karla jafnt sem kvenna — en er yfir færirst aumleg
elli, sem lýti gefur og fögrum guma,
mæða ávallt illar raunir hjartað hvaðanæva.
Ei gleðst hann þá á sólar ljós að líta,
drengjum fjandsamlegur og sómalaus hjá konum.
Svo þungbæra hefur guð gert ellina.

Brot 5²

En sem draumur verður skammlíf
og dýrmæt æska. Þungbær og ljót að líta
hangir ellin óðara yfir höfði,
fjandsamleg og sómalaus; afskræmir mann
og skaðar bæði sjón og sinna með faðmi sínum.

1 Varðveitt í Stobajosi 4.20.16.

2 Varðveitt í Stobajosi 4.50.69.

Brot 8³

Lát sannleikann ríkja
milli þín og mín — af öllu er hann hin réttlátasta eign.

Geir Þ. Þórarinnsson þýddi úr forngrísku

3 Varðveitt í Stobajosi 3.11.2.

Um Ísaak Babel, *Riddaraliðið* og „Pan Apolek“

Ísaak Babel, 1894–1940, var gyðingur og fæddist inn í sæmilega Ístæða kaupmannsfjölskyldu í borginni Odessu. Babel lauk grunnskólagöngu í heimaborg sinni en sótti framhaldsskóla í Kænugarði. Að því loknu fór hann til Pétursborgar að reyna sig sem rithöfundur.

Líkt og fleiri ungir menn sem vildu láta ljós sitt skína í bókmenntaheiminum leitaði Babel til Maksíms Gorkí eftir fremur árangurslitlar heimsóknir á ritstjórnir blaða og tímarita. Babel segir: „Og sjá – ég á allt þessum fundi að þakka og alla tíð síðan mæli ég nafn Aleksejs Maksímóvítsj¹ með ást og lotningu.“² Fyrstu sögur Babels komu út í tímariti Gorkís, *Letopís*. Þegar í ljós kom að reynslu rithöfundarins unga af lífinu væri ábótavant, að enn vantaði nokkuð upp á að eitthvað yrði úr þessu bókmenntabrölti „og að [ég] skrifaði ótrúlega illa,“ segir Babel, „sendi Aleksej Maksímóvítsj mig út á meðal fólks“.³ Lífsreynslu-förin stóð í sjö ár. Ekki bara einhver sjö ár, heldur voru þetta mikil hamfaraár í sögu Rússlands og Sovétríkjanna, 1917–1924. Um þetta segir Babel:

Á þessum tíma var ég hermaður á rúmensku vígstöðvunum, síðan var ég í þjónustu Tsjeka, í nefnd um menntamál, tók þátt í matarúthlutunarferðum, var í Norðurhernum gegn Júdenítsj, í Fyrsta Riddaraliðinu [...] Það var ekki fyrir en árið 1923 að ég lærði loks að koma hugsunum mínum skýrt til skila og ekki í of löngu máli. Þá tók ég aftur til við skriftir.⁴

1 Eigin- og fðurnafn Gorkís.

2 Исаак Бабель, *Сочинения*, 1. bindi, 31.

3 Sama heimild, 32.

4 Sama heimild, 32.

Fyrstu sögurnar í smásagnasafninu *Riddaraliðið* (rússn. *Конармия*) komu út í tímaritinu *Lef* árið 1923. Sögurnar í safninu birtust flestar í blöðum og tímaritum á árunum 1923–1924. *Riddaraliðið*, sem innihélt 34 sögur, kom út árið 1926, en tvær sögur bættust við á fjórða áratugnum. Sögurnar nutu vinsælda, voru endurútgefnar og þýddar á t.d. ensku, frönsku, ítölsku, spænsku og þýsku. Babel varð því fljótt þekktur rithöfundur utan Sovétríkjanna, einkum í Evrópu.

Babel unni smásögunni og helstu fyrirmyndir hans voru Maupassant og Tsjekhov. Honum var það metnaðarmál að hafa sögur sínar eins stuttar og kostur var og allur óþarfi var miskunnarlaust hreinsaður burt. Babel segir sjálfur að ástæðan fyrir því að sögur hans eru svona stuttar og stíllinn knappur sé sú að hann hafi alla tíð þjáðst af astma og geti þess vegna ekki skrifað langar setningar.⁵

Þessi list rís hvað hæst í sögunum af riddaraliðinu þar sem grimmd stríðsins, sorg og sigrum er lýst með fremur hlutlausum en skýrum hætti. Stysta sagan er hálf blaðsíða og þær lengstu, eins og „Pan Apolek“, um það bil sex blaðsíður. Í þessum laustengdu sögum eru dregnar upp ágengar myndir af misheppnaðri herför Rauða hersins inn í Pólland árið 1920 undir forystu Semjons Búdjonnyj.⁶ Herförin var farin á tímum borgarastríðsins í Rússlandi og átti að vera liður í útbreiðslu heimskommúnismans. Uppistaðan í riddaraliðinu sem sent var í þennan leiðangur voru kósakkar sem í meðförum Babels verða óttalausir stríðsmenn sem hvorki bregður við eyðileggingu, limlestingar, föðurmorð eða dráp á almennum borgurum. Líkt og Babel sjálfur er aðalsögumaðurinn, Ljútov, menntaður gyðingur „með gleraugu á nefinu“,⁷ og hann er sendur með kósökkunum sem fréttaritari. Hann er alls staðar utanveltu, berst fyrir lífi sínu og reynir að sanna sig í þessari harðsnúnu sveit bardagamanna, jafnframt því sem hann harmar og veltir fyrir sér örlögum þjóðar sinnar – en gyðingar urðu illa úti í þeim átökum sem lýst er. Sjálfur hefur hann engin svör aðeins spurningar og byltingarfrasa.

Sögurnar í *Riddaraliðinu* eru ekki sannsöguleg heimild um þá atburði sem fjallað er um. Babel hafði meira áhuga að nota raun-

5 Пирожкова и Юргенева, *Воспоминания о Бабеле*, 30.

6 Hershöfðingi og síðar marskalkur og meðlimur í miðnefnd Kommúnistaflokksins. Hann var lítið hrifinn af sögum Babels í *Riddaraliðinu* og gagnrýndi þær harkalega.

7 Исаак Бабель, *Сочинения*, 2. bindi, 32. Úr sögunni „Мой первый гусь“ (Fyrsta gæsin mín).

verulega atburði sem bakgrunn fyrir skáldskap fremur en að lýsa atburðum sem í engu hvikuðu frá raunveruleikanum. Lesendum getur þó virst sem sögurnar séu gögn um raunverulega atburði; þær eru settar fram í skýrsluformi, sem bréf og frásagnir. Dagsetningar eru mikið notaðar, sögulegar persónur koma fyrir sem og staðir sem sannarlega eru til. Ekki er þó hægt að treysta því að bæir sem nefndir eru séu staðsettir á sama stað og haldið er fram í sögunum, eða að riddaralið Búdjonnyjs hafi nokkurn tíma komið þangað. Allt verður afstætt og áhrifin skipta mestu máli.

Babel var afar vandvirkur og margskrifaði sögurnar áður en hann var ánægður. Sjálfur sagðist hann vera sneyddur öllu ímyndunarafla og að hann yrði að þekkja öll smáatriði út í æsar, annars gæti hann ekki skrifað: „Þess vegna skrifa ég svona hægt og lítið. Þetta er mér verulega erfitt“.⁸ Hver saga er þó eins og hröð expressjónísk skissa eða ljósmynd þar sem ekkert er falið eða fegrað, en lýsingin og sviðsmyndin verða aðalatriði. Atburðirnir minna á heimsendi, ragnarök, þar sem sólin losnar af festingunni og jörðin opnast. Grimmindin, miskunnarleysið og þjáningarnar einar og sér virðast ekki nægja til að ná fram þeim áhrifum sem óskað er eftir. Það er einkum á grunni sviðsmyndarinnar og lýsingarinnar, táknum himins og jarðar, sem hugmyndin um fall mannsins og allsherjar uppgjör verður áþreifanleg. Drunur og óp dynja í eyrum lesandans sem hverfur í loga og myrkur.

Sagan um Pan Apolek er sú fimmta í safninu. Miklum hörmungum hefur verið lýst, drápum, deyjandi fólki, hestum sem örmagnast, föðurmorði, vanhelgun kirkna, eyðileggingu og ringulreið, og í þeim aðstæðum er sögumaður staddur. En svo er skipt um takt. Í „ringulreið rústanna“⁹ sér sögumaður ekki eyðileggingu og ofbeldi heldur tákni um einhvers konar heilagleika. Mitt í hamförunum er staldrað við, setið á hljóðskrafi í ilmandi eldhúsi og sögð sagan af Pan Apolek, naíva farandlistamanninum sem gerir hina syndugu að dýrlingum og ferðast ásamt vini sínum, Gottfried, um jörðina, með pensla og liti undir handleggnum og höfuðið fullt af sögum og draumum sem stækka veröldina og hjörtu mannanna.

Velgengni Babels var talsverð fram eftir þriðja áratugnum en svo fór að halla undan fæti líkt og hjá fleiri rithöfundum í Sovétríkjunum.

8 Прожкова og Юргенева, *Воспоминания о Бабеле*, 27.

9 Исаак Бабель, *Сочинения*, 2. bindi, 18. Úr sögunni „Pan Apolek“. Sjá einnig bls. 191, hér á eftir.

Hann var handtekinn árið 1939 og tekinn af lífi árið 1940. Að Stalín látnum fengu margir rithöfundar uppreisn æru og Babel var þeirra á meðal.

HEIMILDIR

Пирожкова, А. Н., og Н. Н. Юргенева. *Воспоминания о Бабеле*. Moskva: Книжная палата, 1989.

Бабель, Исаак. *Сочинения*. Tveggja binda útgáfa. Moskva: Художественная литература, 1990.

Pan Apolek¹

Töfrandi og spaklegt líf *pan*² Apoleks steig mér til höfuð eins og gamalt vín. Í ringulreið rústanna í Novograd-Volynsk, bæ sem tekinn hafði verið í skyndiáhlaupi, köstuðu örlögin að fótum mér guðspjalli sem heiminum hafði verið hulið. Umvafinn falslausu skini geislabauga sór ég þess eið að fylgja dæmi *pan* Apoleks. Og sætleika draumkenndrar illsku, beiskri fyrirlitningu á hundum og svínum mannkyns, eldi þögullar og heillandi hefndar – fórnaði ég á altari hins nýja loforðs.

* * *

Í íbúð prestsins í Novograd, sem lagt hafði á flóttu, hékk íkon hátt á vegg. Á honum var áletrun: „Daði Jóhannesar skírara.“ Ég var ekki í vafa um að í Jóhannesi greindi ég drætti manns sem ég hafði einhverju sinni séð.

Ég man: Milli beinna og bjartra veggjanna stóð fínofin kyrrið sumarmorguns. Við fótstall myndarinnar hafði sólin lagt beinan geisla. Í honum þyrlandist skínandi ryk. Beint niður til mín, úr bláu, djúpu skotinu steig löng fígúra Jóhannesar. Svört sláin hékk hátíðlega á þessum stífa, skelfilega horaða líkama. Blóðdropar glitruðu á kringlóttum sylgjum kuflsins. Höfuð Jóhannesar hafði verið skorið skáhallt af hruflluðum hálsinum. Það lá á leirfati og stórir, gulir fingur hermans héldu því föstu. Andlit hins dauða fannst mér kunnuglegt. Ég var snortinn af fyrirboða leyndardóms. Á leirfatinu lá andvana höfuð, teiknað eftir andliti *pan* Romualds, aðstoðarmanns prestsins sem lagt

1 Þýðingin er gerð samkvæmt, Исаак Бабель, *Сочинения*, 2. bindi, 18–25. Moskva: Художественная литература, 1990.

2 „Herra“, pólska.

hafði á flótta. Úr glottandi munni hans hékk agnarsmár snáksbolur með glitrandi litfagurt hreistur. Lítið höfuð hans, ljósbleikt og iðandi af lífi, blikaði tignarlega á djúpum grunni kuflsins.

Ég undraðist list málarans, drungalegan tilbúning hans. Því undarlegri þótti mér, næsta dag, guðsmóðir með rauðar kinnar, sem hékk yfir hjónarúmi *pani*³ Elízu, ráðskonu gamla prestsins. Sami pensill hafði farið um báða strigana. Holdmikið andlit guðsmóðurinnar var andlit Elízu. Og þarna komst ég nær lausn gátunnar um Novograd-íkonana. Lausnin leiddi mig í eldhúsið til *pani* Elízu, þar sem á ilmandi kvöldum komu saman skuggar hins gamla, þýlynda Póllands með heilagan kjána í líki listamanns í fararbroddi. En var hann heilagur kjáni, *pan* Apolek, sem fyllti úthverfaborpin af englum og tók í heilagra manna tölu halta trúskiptinginn Janek?

Hann kom hingað með Gottfried blinda fyrir þrjátíu árum einn venjulegan sumardag. Félagarnir, Apolek og Gottfried, gengu að krá Shmerels, sem er við Rovenski-þjóðveginn, tvær verstur frá borgarmörkunum. Í hægri hendi hélt Apolek á kassa með litum, með þeirri vinstri leiddi hann blindan harmonikkuleikara. Kliðmjúkt fótatak þýsku, negldu klossanna þeirra ómaði af rósemd og von. Um mjóan háls Apoleks hékk heiðgular klútur, þrjár súkkulaðilítar fjaðrir vöggðu á tírólahatti hins blinda.

Á kránni lögðu komumenn litina og dragspilið í gluggakistuna. Listamaðurinn vafði af sér klútin, sem var óendanlegur eins og bordi sjónhverfingamanns á markaði. Síðan gekk hann út í húsa-garðinn, afklæddist og hellti ísköldu vatni yfir bleikan, grannan og hruman líkamann. Kona Shmerels færði gestunum rúsínuvodka og skál með ilmandi, hrísgrjónafylltum kjötbollum. Þegar Gottfried var orðinn saddur setti hann harmonikkuna á beinaber hnén. Hann andvarpaði, kastaði höfðinu aftur og hreyfði fingurna. Tónar Heidelbergsvöngvanna ómuðu um reykmettaða vegggi gyðingakrárinnar. Apolek tók undir með blindingjanum skjálfandi röddu. Allt leit þetta út eins og komið hefði verið með orgelið úr Kirkju heilagrar Indegildu og á því sætu gyðjur í einni röð með marglita vattklúta og í negldum, þýskum klossum.

Gestirnir sungu til sólseturs, settu litina og dragspilið í striga-

3 „Frú“, pólska.

poka og með djúpri hneigingu afhenti *pan* Apolek Brajnu, eiginkonu kráareigandans, pappírsörk.

– Náðuga *pani* Brajna, sagði hann, veitið viðtöku frá farandlistamanninum, sem skírður var því kristna nafni Apollínaríus, þessari andlitsmynd af yður, sem tákn um auðmjúkt þakklæti vort fyrir dýrðlega gestrisni yðar. Ef Jesús Guð ætlar oss fleiri ævidaga og eflir list mína mun ég snúa aftur og litskreyta myndina. Hári yðar hæfa perlur og á brjóst yðar málum vér hálsfesti úr smarögðum.

Á dálitla pappírsörk hafði með rauðum blýanti, blýanti sem var rauður og mjúkur eins og leir, verið dregin upp mynd af hlējandi andliti Brajnu, sveipuðu koparlitum lökkum.

– Peningarnir mínir! hrópaði Shmerel, þegar hann sá andlitsmynd konu sinnar. Hann greip staf og hélt á eftir kráargestunum. En á leiðinni mundi Shmerel eftir bleikum og votum líkama Apoleks, sólinni í litla húsagarðinum og lágværum ómi dragspilsins. Kráareigandinn komst í andlegt uppnám, lagði frá sér stafinn og sneri aftur heim.

Næsta morgun sýndi Apolek prestinum í Novograd prófskírteini frá listaakadémiunni í Munchen og stillti upp fyrir framan hann tólf myndum við efni úr Biblíunni. Myndirnar voru málaðar með olíu á þunnar plötur úr sýprusviði. Á borði sínu sá presturinn logandi purpuramöttla, skínandi smaragðsakra og blómum skryddar ábreiður sem kastað hafði verið yfir sléttur Palestínu.

Dýrlingar *pan* Apoleks, þessir fagnandi og einfeldningslegu gömlu menn, gráskeggjaðir og rjóðir í kinnnum, voru umvafðir flaumi silkis og máttugra kvölda.

Þennan dag fékk *pan* Apolek pöntun um að skreyta nýju kirkjuna. Og yfir benediktusarlíkjörunum sagði presturinn við listamanninn:

– Heilög María, sagði hann, – kæri *pan* Apolek, úr hvaða undravíddum kom yfir oss yðar mikla gleðilega blessun ...?

Apolek vann af kappi og strax eftir mánuð var nýja kirkjan full af jarmandi hjörðum, rykugri gyllingu sólarlaga og strágulum kýrjúgrum. Buffalóar með slitna húð drógust áfram í sameyki, hundar með bleik trýni hlupu á undan hjörðinni og bústin ungabörn rugguðu í vöggum sem hengdar höfðu verið í þráðbein pálmatré. Brúnir töttrar fransiskanamunka umkringdu eina vögguna. Vitringaskarinn var sundurskorinn af glitrandi sköllum og hrukkum sem voru blóðrauðar líkt og sár. Í hópi vitringanna brá fyrir refsglotti á kerlingar-

andliti Leós XIII., og sjálfur Novograd-presturinn fitlaði með annarri hendinni við kínverskt talnaband og blessaði með hinni nýfætt Jesúbarnið.

Í fimm mánuði skreið Apolek, bundinn í tréstól, um veggi, hvelfingar og útskot.

– Þér hafið dálæti á kunnuglegum andlitum, kæri *pan* Apolek, sagði presturinn eitt sinn, þegar hann hafði borið kennsl á sjálfan sig í hópi spámannanna og *pan* Romuald, í afhoggnu höfði Jóhannesar. Hann brosti, gamli presturinn, og sendi bikar af koníaki til listamannsins þar sem hann vann í hvelfingunni.

Síðan lauk Apolek við síðustu kvöldmáltíðina og grýtingu Maríu Magdalenu. Einn sunnudaginn afhjúpaði hann myndskreytta veggina. Nafntogaðir betri borgarar, sem presturinn hafði boðið, þekktu Janek, halta trúskiptinginn, í Páli postula og í Maríu Magdalenu sáu þeir gyðingastúlkuna Elku, dóttur óþekktra foreldra og móður margra götubarna. Hinir nafntoguðu betri borgarar kröfðust þess að málað yrði yfir þessi helgisþjöll. Presturinn hótaði guðlastaranum öllu illu en Apolek málaði ekki yfir myndskreytta veggina.

Þannig hófst hið dæmalausastrið milli völdugs líkama kaþólsku kirkjunnar annars vegar og áhyggjulausa guðsmálarans hins vegar. Stríðið stóð í þrjá áratugi. Við lá að þessi atburður gerði flækinginn hógværa að upphafsmanni nýrrar trúvillu. Og þá hefði hann orðið torræðastur og hlægilegastur allra þeirra stríðsmanna sem stormasöm saga rómversku kirkjunnar, með öllum sínum hálfkveðnu vísnum, hafði komist í kynni við, stríðsmaður sem fór um jörðina í sæluvímu með tvær hvítar mýs í barminum og sett af hárfínnum penslum í vasanum.

– Fimmtán zlotý fyrir guðsmóðurina, tuttugu og fimm zlotý fyrir hina heilögu fjölskyldu og fimmtíu zlotý fyrir síðustu kvöldmáltíðina með öllum ættingjum kaupandans. Óvin kaupandans er hægt að mála sem Júdas frá Ískaríot, fyrir auka tíu zlotý. Þetta kunngerði *pan* Apolek bændum í nágrenninu þegar hann hafði verið rekinn burt úr kirkjunni sem var í smíðum.

Enginn skortur var á pöntunum. Og ári síðar, þegar sendinefnd á vegum erkibiskupsins í Zhitomír, sem presturinn í Novograd hafði kallað á vettvang með hamslausum erindisbréfum, kom á staðinn fann hún í vesælustu og verst þefjandi kotum þessar ægilegu fjöl-

skyldumyndir, óguðlegar, barnalegar og litskrúðugar. Jósepar með apalgrátt hár skipt í miðju, Jesúsar með roða í kinnum, sveita-Maríur, margra barna mæður, sem sátu gleitt – þessir íkonar héngu í helgimyndahornum, umkringdir pappírblómsveigum.

– Hann hefur tekið ykkur í dýrlingatölu í lifanda lífi! hrópaði fulltrúi biskupsins af Dúbno og Novokonstantínov þegar hann svaraði lýðnum sem kom Apolek til varnar. – Hann hefur gætt ykkur ósegjanlegum eiginleikum hinna heilögu, ykkur sem í þrígang hafið fallið í synd óhlýðni, launbruggara, miskunnarlausa okrara, ykkur sem vigtið falskt og seljið sakleysi ykkar eigin dætra!

– Yðar heilagleiki, sagði þá við fulltrúann Vítold halti, stórtækur þýfiskaupandi og kirkjugarðsvörður, – í hverju sér hinn almiskunnsami *pan* Guð sannleikann, hver upplýsir sauðsvartan almúgann um það? Og er ekki meiri sannleik að finna í myndum Apoleks, sem efla stolt okkar, en í orðum yðar sem eru full af formælingum og yfirlætisfullri reiði?

Hróp fjöldans stökktu biksupsfulltrúanum á flótta. Uppnámið í þorpunum ógnaði öryggi kirkjunnar þjóna. Listamaðurinn, sem ráðinn var í stað Apoleks, áráddi ekki að mála yfir Elku og Janek. Og enn í dag má sjá þau á hliðarveggjum kirkjunnar í Novograd: Janek sem postulann Pál, óttasleginn kryppling með úfinn, svartan skegghýjung, trúskipting sveitarinnar, og svo hana, syndugu hórkonuna frá Magdölum, vesæla og kjánalega, með dansandi líkama og innfallnar kinnar.

Stríðið við prestinn stóð í þrjá áratugi. Síðan ruddi kósakkaflóðið gamla munkinum úr ilmandi steinhreiðrinu hans og Apolek, ó, hverfulu örlög! settist að í eldhúsi *pani* Elízu. Og hér sit ég, gestur um stund, og drekk af víni samræðna hans á kvöldin.

Samræður – um hvað? Um rómantíska tíma pólska aðalsins, um ofstækisfulla heift kvenfólksins, um listamanninn Luca dello Robbio og um fjölskyldu smíðsins frá Betlehem.

– Mig langar að segja yður dálítið, *pan* skrifari ... tilkynnti Apolek mér leyndardómsfullur fyrir kvöldmatinn.

– Já, svaraði ég, já, Apolek, ég hlusta ...

En kirkjuþjónninn *pan* Robatskí, harðlyndur, óheflaður, beinaber og eyrnastór sat allt of nálægt. Hann breiðir úr trosnuðu líni þagnar og andúðar fyrir framan okkur.

– Mig langar að segja yður *pan*, hvíslar Apolek og leiðir mig afsíðis, – að Jesús, sonur Maríu, var kvæntur Deboru, stúlku af lágum stigum frá Jerúsalem ...

– *O, ten człowiek!*⁴ – hrópar *pan* Robatskí í örvæntingu. – Þessi maður ekki deyjá í rúmið sitt ... Fólki myrða þessi maður ...

– Eftir kvöldmatinn, hvíslar Apolek lágum rómi, – eftir kvöldmatinn ef það hentar *pan* skrifara ...

Það hentar mér. Innblásinn af upphafi sögu Apoleks geng ég um gólf í eldhúsinu og bið óskastundarinnar. Úti stendur nóttin eins og svört súla. Fyrir utan gluggann kólnar lifandi og dimmur garðurinn. Undir mánanum flæðir gatan eins og skínandi mjólkurstraumur heim að kirkjunni. Jörðin er lögð rökkurskyni, perlufestar úr sjálflýsandi ávöxtum skreyta runnana. Angan liljanna er hrein og sterk eins og spíritus. Þetta ferska eitur læsir sig í feitan, ósandi andardrátt eldaveðlarinnar og deyfir gljásvarta mollu frá grenigreinum sem liggja á víð og dreif um eldhúsið.

Apolek, með bleikt hálstau og í snjáðum, bleikum buxum, dundar sér í horninu sínu eins og blíðlynd og göfug skepna. Borið er þakið leir og litum. Gamli maðurinn vinnur með fínum og hröðum hreyfingum og hljóðlátur, melódískur sláttur berst úr horninu. Gottfried gamli slær taktinn skjálfsandi fingrum. Blindinginn situr hreyfingarlaus með sköllótt ennið í gulu olúskini lampans. Álútur hlustar hann á óendanlega tónlist blindu sinnar og muldur Apoleks, síns eilífa vinar.

– ... Og það sem þeir segja herranum, prestarnir og guðspjallamaðurinn Markús og guðspjallamaðurinn Mattheus, er ekki sannleikurinn ... En ég get opinberað yður sannleikann, *pan* skrifari, og fyrir fimmtíu mörk er ég tilbúinn að mála af yður mynd í líki heilags Frans með gróður og himin í bakgrunninum. *Pan* Frans var afar látlaus dýrtingur. Og ef *pan* skrifari á unnustu í Rússlandi ... Konur unna heilögum Frans, en þó ekki allar konur, herra ...

Þannig hófst sagan af brúðkaupi Jesú og Deboru í horninu, sem angaði af greni. Stúlkan átti sér biðil, eftir því sem Apolek sagði. Unnusti hennar var ungur Ísraeli sem verslaði með flabein. En brúðkaupsnótt Deboru lauk í örvinglan og táraflóði. Konan varð gripin skelfingu þegar hún sá eiginmann sinn nálgast rekkju sína. Hiksti

4 „Æ, þessi maður!“, pólska.

þandi út kok hennar. Hún spjó upp úr sér öllu sem hún hafði etið í brúðkaupsveislunni. Skömm féll á Deboru, föður hennar og móður, og alla ætt hennar. Eiginmaðurinn yfirgaf hana, hæddist að henni og kallaði saman alla gestina. Þegar Jesús sá raunir konunnar, sem beið manns síns og hræddist hann, klæddi hann sig í fót brúðgumans, og fullur meðaumkunar sameinaðist hann Deboru þar sem hún lá í spýju sinni. Síðan gekk hún til gestanna hávæð og sigri hrósandi eins og kona sem er hreykin af hrösun sinni. Og Jesús stóð einn á lengdar. Dauðasviti spratt út á líkama hans, býfluga sorgarinnar stakk hann í hjartað. Óséður yfirgaf hann hátíðarsalinn og hélt af stað til lands eyðimerkurinnar, austur af Júdeu, þar sem Jóhannes beið hans. Og Debora ól frumburð sinn ...

– Hvar er hann? hrópaði ég.

– Prestarnir földu hann, sagði Apolek ábúðarfullur og færði léttan og kaldan fingurinn að drykkjumannsnefi sínu.

– *Pan* listamaður, hrópaði Robatskí skyndilega, þar sem hann reis upp úr myrkrinu og grá eyru hans blöktu, – hvað þér segja? Þetta ekki satt ...

– *Tak, tak*, Apolek hnipraði sig saman og greip í Gottfried, – *tak, tak, panie*⁵ ...

Hann dró blindingjann að útganginum, en á þröskuldinum dokaði hann við og benti mér til sín með fingrinum.

– Heilagur Frans, hvíslaði hann og deplaði augum, – með fugla á ermunum, dúfur eða þistilfinkur, allt eftir því sem herrann kys ...

Og hann hvarf á braut ásamt sínum blinda og eilífa vini.

– Ó, þvílíkur vitleysa! sagði þá kirkjuþjónninn Robatskí. Þessi maður ekki deyja í rúmið sitt ...

Pan Robatskí glennti upp ginið og geispaði eins og köttur. Ég kvaddi og fór heim að sofa, heim til gyðinganna minna sem höfðu misst allt.

Heimilislaus máinn slæptist um þorpið. Ég slóst í för með honum og vermdi innra með mér drauma sem aldrei rætast og hjáróma söngva.

Rebekka Þráinsdóttir þýddi

5 „Já, já, herrar mínir“, pólska.

Höfundar, þýðendur og ritstjórar

Arnór Ingi Hjartarson (f. 1989) er doktorsnemi í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands, þar sem hann lauk meistaraþrófum í sömu grein ásamt hagnýtri ritstjórn og útgáfu. Rannsóknir hans beinast fyrst og fremst að mótmodernisma og 20. aldar bókmenntum. Netfang: *aib@bi.is*

Erla Erlendsdóttir (f. 1958) lauk doktorsprófi í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barselóna og er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands.

Netfang: *erlaerl@bi.is*

Geir Þ. Þórarinnsson (f. 1978) lauk MA-prófi í klassískum fræðum og heimspeki fornaldar frá Princeton-háskóla í Bandaríkjunum og er nú aðjunkt í klassískum málum við Háskóla Íslands.

Netfang: *gtt@bi.is*

Guðrún Björk Guðsteinsdóttir (f. 1954) er prófessor í enskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi frá Alberta-háskóla, Kanada, í enskum bókmenntum 1993 með breskar, bandarískar og kanadískar bókmenntir sem sérsvið.

Netfang: *gsteins@bi.is*

Guðrún Kristinsdóttir-Urfalino (f. 1968) er nýdoktor við Háskóla Íslands. Hún lauk MA-prófi í frönskum fræðum frá Háskóla Íslands og doktorsprófi í frönskum fræðum við Háskóla Íslands og Sorbonne Nouvelle-háskólann í París.

Netfang: *guk45@bi.is*

Hélène Merlin-Kajman (f. 1954) er prófessor emerita við Sorbonne Nouvelle-háskólann í París. Hún er sérfræðingur í frönskum bókmenntum 17. aldar en hefur einnig rannsakað sögu, tungumál, miðlun þekkingar, kennslu og menntamál.

Hólmfríður Garðarsdóttir (f. 1957) lauk doktorsprófi í spænsku, með áherslu á bókmenntir Rómönsku-Ameríku, frá Texas-háskóla í Austin árið 2001. Hún er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands.
Netfang: *holmfr@hi.is*

Ingibjörg Ágústsdóttir (f. 1970) lauk doktorsprófi í skoskum bókmenntum frá Háskólanum í Glasgow og er dósent í breskum bókmenntum við Háskóla Íslands.
Netfang: *ingibjoa@hi.is*

Ísaak Babel (1894–1940) var rússneskur rithöfundur.

Mímmernos (7. öld f.o.t.) var forngrískt skáld.

Núria Frías Jiménez (f. 1987) lauk MA-prófi í kennslu spænsku sem erlends máls frá Háskóla Íslands, Deusto-háskóla í Bilbao og Háskólanum í Barselóna. Hún er doktorsnemi og stundakennari í spænsku við Háskóla Íslands.
Netfang: *nfj@hi.is*

Oddný G. Sverrisdóttir (f. 1956) lauk doktorsprófi í þýskum fræðum, málvísindum og norrænu frá Westfälische Wilhelms-háskólanum í Münster og er prófessor í þýsku við Háskóla Íslands.
Netfang: *oddny@hi.is*

Rebekka Þráinsdóttir (f. 1968) lauk meistaraprófi í rússnesku og rússneskum bókmenntum frá Ríkisháskólanum í Sankti Pétursborg og er aðjúnkt í rússnesku við Háskóla Íslands.
Netfang: *rebekka@hi.is*

Rúnar Helgi Vignisson (f. 1959) lauk BA-prófi í ensku frá Háskóla Íslands, M.A.-prófi í bókmenntum frá Iowa-háskóla og stundaði doktorsnám í bókmenntum og ritlist við sama skóla. Hann er prófessor á sviði ritlistar í íslensku- og menningardeild.
Netfang: *rhv@hi.is*

Þórhildur Oddsdóttir (f. 1953) lauk MA-prófi í dönsku með áherslu á kennslufræði tungumála frá Háskóla Íslands og er aðjunkt í dönsku við sama skóla.

Netfang: *thorbild@hi.is*